16. Nu faraz þeir i moti konungarnir, ok hafdi Theodosius miklu minna lid, þvíat hans traust var eigi undir sverdi eðr skilldi ne mannföldu helldr undir gudi ok helgum monnum. En þa er hann kom i nand fiollum þeim, er Alphe heita, þa verdr hann þar varr vid niosnir Eugenij, þvíat þeir leynduz þar i fyrir satum. Nott ena næstu eptir vakir konungr Theodosius ok er a bænum ok bidr gud ser sigs ok tenadar ok helga menn arnadarordz ok fulltings. Af bænenni sofnar hann ok i svefninum vitraz honom .ii. dyrligir menn ok segia honum sva: «Vid erum postolar drottins Johannes ok Philippus sendir til þin af gudi ok þat þer at segia, at Ambrosius byskup bidr fyrir þer bædi nætr ok daga til guds, at hann gefi þer sigr. Nu veitir gud þat hans bænum, at vid komum til þin ok munum vid ganga i bardaga



med þer i gegn ovinum þinum, ok þottu siair ockr eigi i orrostunni, þa skalltu þvi ifanlaust trua, at vid skulum þar vera ok þer fullting veita.« Eptir þetta vaknar konungr ok þackar gudi huggan þessa ok vitron, er honum var veitt. Enn næsta dag eptir finnaz þeir

5 Theodosius ok Eugenius, ok tekz aköf orrosta med þeim þegar ok sva hörd hrid, at Grickir opodu a hæl. Nu sier Theodosius sina menn hlida, þa geingr hann fra ok a hamar einn ok fellr a kne til bænar ok segir sva: «Minnztu min, drottinn, syndugs mannz, ok se at ek beriumz fyrir retta sök.» Þetta ser ok heyrir iarl

10 hans einn, höfþingi hersihs ok enn mesti kappi, tréystiz nu guds fulltingi ok bæn konungs, eggjar nu sidan a adra iarla ok hertuga til framgongu. Risa þa vid allir i annat sinn ok sva öruggir i hug, at annathvort skulu þa allir falla edr fa sigr ella. Þa tekz en hardazta orrosta i odru sinni þedi af höggum ok skotum,

15 ok þa lystr a oda vedri i moti þeim Eugenio, sva at þeir Arbogastes enn mesti kappi ok Flavianus ok annat lid þeira mattu eigi i gegn vega. Einn mikill höfþingi ok hetia i lidi Theodosij, er het Bavarius, ryfr fyst fylking þeira Eugenius med akafa vedrins; ok þo at þeir skyti i moti spiotum edr steinum, þa bar vedrit

20 þat allt apra a þa, ok gerdi þeim þat mikinn mannskada, en i odru lagi vöpnagangr sinna ovina. Nu megu þeir eigi vid halldaz ok snua undan, þviat vedrit veitti ödrum agang ok bana en odrum framgang ok frama. Nu ser Eugenius sik sigradan ok snarar a fund Theodosio ok fellr til fota honum ok bidr ser liknar ok lifs;

25 en vinir Theodosij vissu hann vera liknsaman en trudu illa Eugenio, þa bidu þeir eigi svara konungs ok hiuggu hann þegar fyrir fotum honum. Nu slitr bardagann, ok sendir Theodosius konungr bref Ambrosio, segir honum tíþindin ok þackar gudi ok honum sigrinn. Byskup lætr ser eeki annat iafnskyllt en frida fyrir

30 þeim, er undan höfdu komiz or bardaganum, ok sendir diakn sinn med brefum med þessum eyrindum a fund konungs. Nockuru sidar ferr hann sialfr til Aqvilegia borgar, ok finnr hann þar konung, ok ens sama eyrindis enn fyrir monnum at frida, en þat geingr honum audvelliga vid konung. Konungr fellr þegar til fota honum,

35 er þeir funduz, ok qvad hans bænir ok verdleik ser sigr hafa veitt. Fam stundum sidar tekz konungr sott ok andaz, en byskup lifdi .iii. vetr sidan. Frafall hans harmar byskup miog; um hann gerir hann langan pistil edr sendibref. I þeim pisli grætr byskup miog ok lofar konung umframm um alla adra keisara, qvedr

40 eingan fædaz munu i verolldina þvilikan keisara sem hann var.

## Her eru iarteinir ens helga Ambrossij byskups.

17. Enn varð sa atburðr i Florentisborg i husi gófugs mannz eins, at sonr hans het Pansopius ok var a unga allðri diófulodr, en af optligri bæn byskups varð hann græddr ok heill. Stundu sidar tekr hann sott ok andaz, en modir sveinsins kann illa dauda hans, hon hittir prest einn byskups ok rædir við hann, hversu at hon skyllði með fara, qvez bidia mundu byskup, at hann gæfi lif syni hennar. Prestr leggr þat rad til, at hon skyllði leggja lik sveinsins i reckiu byskups, meðan hann væri geinginn til nattsöngs, ok vitá hvat hann tæki þa til, er hann kæmi apr. Sva gerir hon, sem hann gaf rad til. Byskup kemr til reckiunnar ok ser lik sveinsins, bidr hann bæn sinni blidliga yfvir sveininum ok tekr a honum ok knyr hann sva sem til voknunar, ok segir þetta þrysvar: «Ris upp þu.» En við þetta akall hans sez sveinninn upp heill ok lifandi, sva sem hann vaknadi or svefni. I þeiri borg enni sömu lætr byskup kirkiu gera yfir helga doma þeira Vitalis ok Agricole guds piningarvotta; þeir hófdu iardadir verit i millum Gyþinga i Bononiensis borg, ok vissu óngir groft þeira, adr þeir vitrudu byskupi, hvar þeir lagu. Nu voru þeir þadan færdir ok undir allteri þessar kirkiu nidr lagdir með morgum iarteinum ok allra manna fagnadi.

18. Þat hafði enn verit, er iarlinn Arbogastes hafði bariz við sina þiód Frankismenn ok hafði marga drepit en suma a flotta rekit, þa var hann spurdr æ veizlu einni, hvort hann kynni nöckut Ambrosium byskup. En (hann) qvezt vist kunna hann ok vera vinr hans ok qvezt opt at hans borde verit hafa. «Eigi er þa undarligt,» segia þeir er spurdu, «þottu sigrizt þi i ardogum, er þu ert i þess mannz vinattu, þar er solinni sagdi sva: stattu ok stod hon þa.» En þetta er fyrir þvi sagt, at af þessu ma marka, hveðrar frægdar hann var i ónnur lond. Enn lætr Ambrosius upp taka or iordu helgan dom Nazarie martiris ok færa til postola kirkiu i Romam. Þa er sia enn helgi madr var upp tekinn, þa var blod hans i grofenni sem nyblætt væri, ok höfud hans, þat er guds ovinir hófdu af honum höggvit, var sva heillt með holldi ok hari ok skeggi fundit, sem þat væri nyþvegitt edr nylagit i molld, ok sannadiz þar ok syndiz drottinligt fyrirheit, at eigi eitt har mundi fyrirfarazt af höfði þeira. Wid upptöku þessa pindz mannz varð dyrligri hilmr en3 gros edr iurtir mætti slikan gera. En er sia

heilagr domr var færdr til postola kirkiu þeirar, er fyrrmeir var yfir þeira helgum domum reist, ok þa er byskup taladi þar fyrir monnum, þa tekr ohreinn andi at kalla fyrir einn odan mann ok qvez sik qvaldan vera af Ambrosio. Byskup sneri til hans ok sagdi: «Þegi þu diófull, þviat eigi qvelr þik Ambrosius byskup helldr craptr þessa enna helgu manna ok ófund þin, þviat nu sier þu mennena þangat upp ganga, sem þu vart fra rekinn.» En ad sva mællto þagnar enn odi ok fellr nidr i omatt ok skildiz sva vid vanheilsu sina.

19. Eptir frafall Theodosij ens goda konungs taka ríkit eptir hann Archadius ok Honorius synir hans. En er Honorius er staddr i Melansborg ok hann þingar þar vid folkit, ok hafdi hann haft dyr morg utan af londum til skemtanar monnum, þa var sendr riddara flockr af Stilico iarli ok af radum Eusebius greifa at taka mann nöckurn, er Crisconius het. En hann komz a kirkiugrid, en þeir rada i kirkiuna eptir honum ok taka hann iafnt fra allterino or hondom byskupi ok klerkum hans, þviat þeir voru fair fyrir. Fara þeir i brott med gleymingi miklum, en byskup eptir med hörmungu legz nidr fyrir allteri til bænar. Riddararnir komu aptr til motstefnunnar ok hælduz miðg. En i þvi bili eru dyrin laus latin til leiks ok skemtanar monnum, þau er leopardi heita, þau eru lik oörgum dyrum, en þegar er þau verda laus, þa gera þau för at þeim monnum, er kirkiuna höfdu hneista, ok drepa þa undir sik ok leku þungliga flesta edr meiddu, ok mundi af daudum ganga sumum, ef eigi nyti mannfolda vid. En er iarlenn Stiliko ser þetta, þa idraz hann bods sins ok vikz til satta vid byskup ok gefr aptr mannenn. En med þvi at sia madr var þungra hluta sekr, þa ferr hann or landi, þviat hann matti eigi annars kostar sitt mal bæta, ok kemr aptr sidan i sætt.

20. Þat var enn i þann timá, at einnhvern dag geingr byskup ok hans menn til hallar sinnar, en byskup skridnar ok fellr nalega. En Theodorus, er þa var ritgerdarmadr hans en sidan byskup Mutinensis cristni, hann brosir at falle byskups, en byskup litr vid honum ok segir sva: «Varaztu fyst, at eigi fallir þu.» En i þvi bili fellr hann, sva at honum vard meint vid; atti sa þa sitt fall at harma, er adr hafdi hlegit at annars falli.

A enni somu stundu kemr bref med virduligum giöfum ok sendimonnum af drottningu einne, er Fritigil het, utan or londum til Ambrosium. Hon hafdi tru tekit af einum cristnum manni,



rethorikam, þat er malsnilldar íþrott; en þeir fa til þeirar farar Augustinum, er þa var kænstr i þeiri íþrott; ok ferr modir hans med honum, er Moníca het, hon var cristin. Augustinus var i villu Manichiorum, hann var kvænnamadr mikill. Modir hans  
 5 ferr opt a fund Ambrosius ok harmar son sinn ok bidr byskup arna honum leidrettu. A einum hatidardegi bidr Moníca akastiga son sinn Augustinum, fara med, ser til kirkiu ok heyra tolu Ambrosius. Þat fær hon af (honum) loks, ok koma þau þar, en Ambrosius byskup talar ok greinir alþy(d)liga tru ok brytr fagrliga saman et  
 10 forna lögmal ok et nyia. En vid tolu hans vitiar craptr ok miskunn heilags anda hiarta Augustini, ok komz hann vid niög, ok skiptiz allt hugarfar hans. Ambrosius ser ok, at hans er vitiat af gudi, ok vard feginn ok lofar gud med þessum ordum Te deum laudamus, en Augustinus svarar Te eternum patrem. Sva  
 15 mælaz þeir vid med veřsaskipti til loka. Eptir þat tekr Augustinus tru ok ferr sidan ut i Affricam ok vard enn æzti kennandi ok byskup.

23. Sia enn helgi byskup Ambrosius var meinlætamadr mikill, hann fastadi hvern dag nema drottinsdag edr þvottdag edr  
 20 ena haleituztu messudaga; iduliga var hann a bænum bædi nætr ok daga; avallt er annarra naudsynia vard, a milli; þa ritadi hann ok dictadi helgar bækr. Ahyggia hans var mikil fyrir allri cristinni. I gudligri þionustu var hann sva kostgæfr ok fram-  
 25 qvæmdarsamr, at hann skirdi ok cristnadi fleiri menn en .v. enir næstu byskupar sidan eptir hann; mikill umhyggiumadr var hann fataekum monnum ok utlendum monnum, gull ok silfr ok gersimar, þær er hann atti fyrir vixlu sina, gaf hann upp kirkiu edr fataekum monnum, ok sva þorp, þat er hann atti, gaf hann til kirkiu ok let  
 30 þo systur sina taka skulld af til atvinnu ser. Hann var sva huggodr madr, at hann var fagnandi med fagnendum en gratandi med grátendum; sva ok þa er menn geingu til skripta med hann, þa komz hann vid, unz hann kom hinum med ser til tara. Hann harmadi edr gret miog avallt, er hann fra andlat presta edr byskupa, ok er klerkar hans undruduz þat, þa sagdi hann sva, at  
 35 hann qvaz eigi þat grata, er sa var framfariinn, er þa var andadr sagdr, helldr hitt at hann var honum fyrri framfarenn, ok sva þat at torvelldiga; finnz sa kennemadr, er gudi ma algerliga lika. Hann sagdi fyrir sinum monnum andlat sitt ok qvaz med þeim vera

mundu til paska. Oafatliga harmadi hann þat, er hann sa rot allz eus illa upp renna ok þroz milli manna, þat er agirne, su er eigi sedz af gnott ne minkaz af voladi, ok qvad hann hana aumliga a milli allra, en þo miklu aumligzta medal lærðra manna. Þat var fam dögum fyrr en hann legdiz i reekiu, at hann dictadi skyring um Deus auribus nöstris. Þa kom yfir hann logi med skialldar vexti ok leid sva inn i munn honum, sva sem þa er höfþinginn geingr inn i höll sina, en vid þetta vard andlit hans biart sem snior; stundu sidar tok hann yfirlit sin en sömu. Þann dag gerdi hann enda a dicti sinum ok riti, þviat sa salmr vard eigi fylldr edr luktr, er þa var upphafdr.

24. Þionustumadr iarlsins Stilico hafdi gerr lygibref nöckur til talar vid þa menn, er kirkiu sottu edr tidir Ambrosius. En iarlenn villdi eigi hegna þat mal, er hann (vard) varr vid. En er þetta mal kom fyrir byskup, þa kallar hann þenna mann til sin ok berr a hendr honum þetta mal, ok er hann matti eigi undan komaz ok vard sannreyndr at, þa segir byskup sva: Þat byriar honum, at hann se andskota selldr i tion likamans, at eigi þori neinn slika uheft upp at taka sidan. Þegar a sömu stundu er byskup hafdi þetta talat, þa vard hinn diöfulodr. Sia atburdr feck öllum mikils ottá ok hræzlu, þeim er vid voru staddir. Margir menn feingu heilsu diöfulodir a þeim dögum af hans bænum ok yfirsöngum.

25. Madr het Nicecius göfugr, hann var sva fothrumr, at hann matti eigi i fiölmenni vera; en a einum hatidardegi, þa er hann skyllði innar ganga þionustu at taka, þa vard honum bægt af fiölmenninu, sva at hann fell, ok vard hann undir fotum trodinn af byskupi sialfum, ok litr byskup til hans ok mælir: «Ris upp þu ok ver heill hedan fra.» Sva vard ok, sem hann mællti, ok kendi hann ser alldregi fotar meins sidan.

26. Fam dögum sidar, þa er (hann) hafdi vigdan byskup til Ticino borgar, þa tekr hann sott, ok er iallenn Stilico fregn vannatt hans, þa tekr hann sva til ordz: «Ef þenna tek(r) fra oss, þa ferr þar forysta ok upphalld allz Italialandz.» Jarlenn kallar til sin allá ena göfgöztu menn borgarinnar ok vini hans, hann bad þa til med blidmælum ok baud þeim med stridmælum, at þeir færi a fund erkibyskups ok bædi hann þess, at hann þægi af gudi leingra lif. En er þeir koma fyrir hann ok bidia þessa, þa svarar hann sva: «Sva at eins hefi ek med ydr verit, at mik tregar ecki leingr at lifa, ok eigi ottumz ek ok at deya, þviat vær eigum milldan

drottin ok miskunnsaman.« Miðg a enni sömu stundu voru staddir i forhusinu fyrir framan, þar er hann hvíldi, diaknar hans .ii. ok rædduz vid hliodliga, hverr byskup mundi verda eptir Ambrosium, en þeir höfdu mest i ætlun til þess Simplicianum. En þa er 5 þeim var sem tidaz um þetta at ræda, þa svaradi byskup mali þeira, sem hann væri vid staddr ok heyrdi ord þeira, en þat matti þo eigi at likindum vera, þviat þeir hvísludu lagt, en hann var fiarri, ok andsvaradi hann sva, þa er þeir nefndu Simplicianum: «Gamall ok þo godr.» Þrysvor mællti hann þetta. En þeir verda 10 ihugafullir ok leggja i brott þegar diaknarnir. En þetta berr þo sva at, at sia var til byskups kosinn eptir hann, sem hann hafdi merktan ok kalladan gamlan ok godan, þviat Simplicianus var all dri orpinn.

27. Fam dogum adr hann andadiz ok a einni stundu, þa er 15 hann badz fyrir, þa sa hann Crist sialfan koma til sin ok læia vid ser. Aptan þann er hann andadiz, fra elliftu tid ok til andlatz hans, þa lagdi hann hendr sinar i cross ok badz fyrir; sa allir menn, at einart rærduz varrir hans til bænar, en óngir namu orda skil. Honoratus prestr hafdi til svefnis lagiz i lopti einu þar hia, 20 þa var a hann kallat þrim sinnum ok mællt sva: «Ris upp þu, skundadu, þviat byskup er nu buinn til framfarar.» Id þridia sinn sprettr hann upp vid kallit, þott hann vissi eigi, hverr kalladi, fer hvatliga þangat til, er byskup hvilir, ok gefr (honom) þegar corpus domini. Her var dyrligt ok fagrligt samþycki, þviat iafn- 25 skiott sem hann tok corpus domini i sinn likam, þa gaf hann þegar óndina i moti. Nu hafdi ónd hans þetta farnest af verólldunni med ser til samneytis heilagra manna ok eingla, ok gladdiz hon nu i samlagi Helias, (þviat hann) ottadiz all(d)ri rettinde at boda hofþingium edr rikismonnum, sva vægdi sia ok neigdi all dri af 30 rettu helldr fyrir keisurum en aumingium. Þat var sialf paskanottin, er hann andadiz a. Ok var nu borit lik hans til kirkiu, fyrr en dagr kom. Margir ungir menn ok þa nyskirdir sögdu frændum sinum edr fedrum, at þeir sæi hann ganga i kirkiunne i skruda sinum. Sumir sa stiörnu biarta yfir liki lans, en þeir 35 einir sa, er nyskirdir voru. En er lysa tok paskadag, þa var lik hans borit til höfudkirkiunnar, er nu er köllut Ambrosiana, ok fylgdi otaligr lydr bædi göfugra ok fataekra, karla ok qvenna, eigi at eins cristinna helldr ok gyþinga ok heipingia, ok urpu menn dreglum edr gyrdlum yfir likit, þar sem borit var, til heilsobotar 40 monnum. Dióflar kölludu fyrir munn odra manna ok sögdu

qveliaz af navistum hans. A enum sama degi liflatz hans vitradiz hann ok syndiz austr i londum i claustru einu brædrum, ok var a bæn med þeim ok gaf þeim blezan.

28. I Tucia i borg einni, er Flórenciana heitir, var einn hēilagr byskup, er Zenobius het, hann hafdi bedit Ambrosium, ok hann het honum ok því, at hann mundi þangat koma optliga hans at vitia; þa efnir hann þat sva andadr, at i þeiri kirkiu, er hann hafdi gera latit, er ok var Ambrosiana kōllud, syndiz hann hia allteri optliga. I þeiri borg vard ok sa atburdr, at hōþpingi einn edr vikingr, er Redigaisus het, hafdi setz um borgina med herlidi sinu, ok borgarmenn þottuz uppgefnir, þa ber sva at a ena næstu nott i husum þeim i borginni, er Ambrosius hafdi haft fyrr meirr, at hann vitraz þar i svefni einum manni ok heitr borgarmonnum fulltingi næsta dag eptir. Hann segir vitron þessa borgarmonnum ok styrkiaz borgarmenn i huga sinum. Eigi geingr i tauma fyrirheit hans: um daginn eptir kemr iarlinn Stilico til borgarennar med miklu lidi ok vinnr sigr a vikingonum<sup>1</sup>.

Macezel het einn hōþpinge, hann var i herfor kominn moti þeim hōþpingia, er Gilldu het. Nu hafdi Macezel lid minna, ok órvænti hann ser sigrs; hann var vinr Ambrosius, nu skorar hann a hann i sinum bænum til fulltings. Um nott eptir hefir hann vitron i svefni, hann þottiz sia Ambrosium med elldiligu æliti ok staf i hendi, ok þa er hann þottiz til fota honum (falla), þa laust hann nidr stafinum þrysvar, ok sem hann markadi stadinn æ vellinum, ok mæltti sva: «Her her her.» Hann þottiz skilia i svefninum, at i þeim stad mundi hann sigraz a Gilldo(n)e, sem byskup laust nidr stafinum. Sva vard ok a .iii. degi þadan, ok fellr Gilldo i þeim sama stad, en Macezel feek fagran sigr.

Sa atburdr vard enn i Naunio heradi, at heidnir menn hōfdu drepit .ii. guds vini Alexandrum ok Sisinnium, en helgir domar þeira voru færdir til Melansborgar. En i því bili var einn blindr madr i annarri sveit, honum var vitrad, at a einni<sup>2</sup> nott sa hann skip at landi fara, þar voru margir menn a, ok voru allir i hvitum clædum; hann þottiz fregna, hverir þar væri, en honum var svarat, at þar væri Ambrosius ok foruneyti hans. Hann bad, at hann blezadi honum ok gefi honum syn. Hann sagdi: «Fardu til Melansborgar ok renn i mot brædrum minum, þeim er þa munu þangat koma - nefndi hann a dag um þat - ok muntu þa fa syn

<sup>1</sup> 2 vikingionum Cd.    <sup>2</sup> 2 einri Cd.



þina. « Enn blindi madr gerir sem honum var bodit, fer til Melansborgar ok kemr þar þann dag sama, er helgir domar þeira Alexandri ok Sisinnij voru til kirkiu bornir. En er hann snart kistu þa, er i voru helgir domarnir, þa tok hann syn sina ok sagdi allt, hversu farit hafdi.

En þat er at segia, at gud fylldi þat er hann sagdi spamonnum sinum a þessa lund: Sedentem adversum fratrem tuum et ocellte detrahentem hunc persequer, þann mun ek hegna, qvad drottinn, er setz i moti brodur sinum en finnr at honum i liodi. Enn  
 10 mællti hann sva: Noli detrahere diligere, ne eradiceris, elskadu eigi aleitni, at eigi gerir þu þic upp. Nu ok sa hverr, er hann veit sik hluttakara vera þessa skauplastar, at hann se aleitinn edr atfundull, þa ihugi hann þat, er eptir ferr, ok lati ser annars viti at varnadi. Madr het Donatus, hann var æzskadr or Affrika  
 15 ok var þa prestr i Melansborg, hann var staddr i samsæti konungsmanna einn dag, ok vard rætt um Ambrosium; en er allir lofudu hann, þa snyz hann vid prestr ok leitar a hans rad. Hann vard þegar lostinn bradasott, sva at hann vard til reckiu at bera, en litlu sidar or rekkju til gravar. Annars stad(a)r vard ok vidlikr  
 20 atburdr i borg þeiri, er Cartago heitir. Þar var virdulig veizla bædi at manna skipan ok vidbunadi at diaens eins gófugs, er Fortunatus het. At þeiri veizlu var Vincencius byskup ok Murannus byskup ok Paulinus fostri Ambrosius byskups, er sögu þessa hefir saman setta ok sidan var heilagr, ok margir adrir byskupar ok  
 25 klercar. Verdr þar ok umræda til Ambrosius, Murannus byskup er i aleitni vid hann, en Paulinus segir, hversu presti for Donato. En þessa sögu med odrum reynir a ser Murannus byskup, þviat iafnskiott sem sagan er sögd, þa er hann sleginn oda meini, sva at þegar vard hann til hvilu bera, ok lukti sia dagr hans lifi, ok  
 30 vard sia hans enn efsti. Ollum feck sia atburdr otta, þeim er vid voru staddir, ok sva þeim er frettu þat, at sia vard endir þeira manna, er Ambrosio hallmællto. Mun nu ok endir þessar frasögu med þeim formala, at sa, er ritadi ok sagdi, ok sva hverr, er lyddi, hafi arnan ens helga Ambrosius ser til syndalausnar ok eilifs  
 35 farnadar, en af almatkum gudi hialp ok frid ok fagnad bædi nu ok leingdar, þeim er var ok er ok vera mun eilifr gud veitandi viliandi megandi alla hluti goda um allar alldir allda. Amen.

## APPENDIX.

(Beklippet Pergamentblad 655 qv. xxviii A. Levning af en gammel Codex.  
Jvf. ovenfor 34<sup>7</sup>—37<sup>27</sup>.)

*Forsiden.*

kia bvin i lokhvilu nokurri ok þa er hann hafði til svefnis lagiz, 5  
 þa kemr Justi[na ok] legzt vndir fót honum i nattserk einom ok  
 hefir við hann þyðleti ok bliðu. En hon sag[ði sva] siðan orð  
 hans: «lat mik sofa, sagði hann, en þu varaz þat er liggr i mille  
 okar.» [En hon] hyggr at ok ser, at þar hreykviz hæggormr i millom  
 þeirra. Nu verðr hon h[reðd] ok sprettr ur rekionni sem skiotaz. 10  
 En sia tiltekia hennar(!) at hon villdi gera hann sa[kne]man ok  
 siðan sva færa til vtlegðarinar helldr en firir girnðar sakir til . . .  
 A annari stundu ber sva til, þa er Justina ok hirð hennar sato  
 undir drykiobor[ðom, at] matr allr a borðonom varð at drekom ok  
 hoggormum ok poddum en drykrin at bl[öði. Allir] undruðoz ok 15  
 ottuðuz. Menn eru sendir til hallar B. ok spyria, hvi þessi vndr  
 ge[gnðo]. Segit er sva Arrius mænnum, qveðr hann, ællom þeim,  
 er eigi heifa(!) postoliga trv [ok almenn]iliga, verðr æll fæzla ohrein,  
 sva sem þeir eti orma, eptir því sem segir P[avlus postoli]  
 Allir hlvtir ero hreinom hreinir, en særgum ok trulæsom er allt 20  
 særukt. [Nv er] slikt synt i þessom vndrom. Margir toko tru af  
 þessom atburð. En af slikom [hlu]tom, sem nu ero sagðir, hofz sanctus  
 Ambrosius eigi upp i metnaðr(!), helldr lægði hann [sik] því meirr  
 firir deo, sem hann var meir upp hafðr af mænnum; þroadiz  
 hann h[vern] dag i ast ok i tru firir deo et hominibus. Menn voru 25  
 tver(!) vinir ok hæfvð ver[ðir] Gracianus ok fasteknir i villoni; ein  
 dag er B. talaði, fa þeir honom vanda sp[urn]ing of hollgon Krist,  
 sva at hann þottiz eigi i stað mega or leysa; byðr þeim [an]nan  
 dag eftir til kirkiu at heyra orlæsn hans, ok þeir heto at koma.  
 Nu kemr [dagr] annar, ok er nu B. i kirkiu komin ok fiol- 30  
 menni at heyra þeirra viðspell. En þessir æ[mu] menn gefa eigi  
 gæm at heitorði sinu, eigi guði, eigi B., eigi folkinu, er beið  
 i kirkiu, ok m[in]az eigi ok orða drotins sva melanda: hverr  
 semt †<sup>1</sup> ein af enum minstvm minum [þa] byriar at æsnoligr  
 steinn bindiz við hals honum ok drekiz hann i sēfar divp. 35  
 Þeir st[iga] upp i reiðsleða ok aka a bræt or borgini eyrenda

1 Det til dette Mærke hørende Marginaltillæg er bortklippet.

sina at biðanda B. ok folk[ino] i kirkionni. Þeirrar farar varð allr senn endir ok ogorligr atburðr. Nu er minz[t] varir sleyngvir þeim or sleðanvm ok komo baðir daðir a iærð. B. i aðrum st[að vi]ssi eigi hvat titt var, ok er honom þotti langt  
 5 at biða, þa talar hann firir mannum [vm þetta] mal ok losar fvlliga ok fagrliga vm þetta vannmæli, er þeim v . . . . . A þessvm stundom ris upp hafðingi sa er Maximus heitir, hann var ko[min] fra Maximiano enom versta keisera, hann var firir herliði miklo ok ferr [af Ro]ma til Bretlanz ok letr ser gefa keisera  
 10 nafn, ok ferr hann síðan ok leggr [hann un]dir sik Saxland. Þat fregn keiseri Gracianus ok sendir a mot honom t[va konunga] með mikit fiolmenni annan Gna[rvm] Hvna konung en . . . . . cta konung. Þeir koma til Colni ok setiaz um borgina . . . . . gat Vrsula dottir Divnvti konungs með .xi. þusundir . . . . .  
 15 þer villdo ei samþykiaz hermønnum . . . . . þer hægva. Maximus for annarstaðar ok lagði v . . . . . ok kugaði þa með sullt at risa i mot Valens . . . . . ok gefa honom agirni sina at s . . . . . ga af heimi . . . . .

20 *Bagsiden.*

[ra n]afn en sa heitir Theodosius magnvs ok felr honum a hendi astr la[nd] all til geizlo(!). Þeodosius hefnir síðan draps keiserans ok a marga bar[daga] við þiðir þessar Gothos Hvnos Alanos Sarmatas ok sigrar þer. [hann l]et gera borg mikla ok ageða i nand  
 25 við a þa er Danubius heitir, su [er m]est a i heiminvm er Evropa heitir; sex tigur stor a falla i hana, en hon [kem]r i sia staðum til sefar. Sia borg heitir af hans nafni Theodosia. Þa [er] Gracianus keiseri var staddr i Lugðuna borg i Vallandi, þa hefir drotningin [farit] i aðrar sveitir a kynis leið(!) at finna frændr sina. En  
 30 þa er hennar var [aptr] van, þa geyrðu borgarmenn keiseran varan við. Keiserin gek i moti drotning[ini] fiolmeðr, ok þo betr viðbuin þa kossu en vapnum. Vagnum var þar [ekit] tiollduðum. Keiserin hverfr at þeim vagninvm er virðuligastr var ok lypti tialld[inu] ok villdi hverfa til drotningiar(!). Þa skretta(!)  
 35 þar menn vr vagninum ok verpa af [ser] kvenfatum, en undir voro brynior ok brugðin vapn. Þar var Maximus komin [ok menn] hans, bera þeir vapn a Gracianvm ok drepa hann. Jarlin Adrogatius var i þessum svi[kum ok velræ]ði með Maximo. En

Maximus setr' andvegi ríkis síns í Treveris borg. Nu ger[iz] slikt þar þa um hann sem segir í sǫgu Martini episcopi. Hafðingi ok umboðsmadr Graci[anus he]t Macedonius. Einhvefio síni þa er Macedonius skyldi dǣma um sakar manna, en [Am]brosius ferr til þinghussins ok villdi tóa mali einshvers mans. En hann ver[ðr] 5 var]r við Macedonius ok vissi eyrendi hans ok villdi byrgia þinghusit. B. kemr at [hú]rðu ok komz eigi inn, hann tekr sva til orðz: Nokverio sinno(!) muntu til kirkíu koma ok [u]þ lokin hennar dyrr muntu eigi finna. Þat kom nu fram, er Gracianus var drepin. [M]acedonius komz undan fyrst ok villdi a kirkíu gríð; kirkian var opin en hann 10 fann eigi [dy]rrin, var hann þar drepin. Eftir drapit Gracianvs sendir Ambrosivs bref Maximo [tysvar] at na likunum til graptar. fund þeirra þar saman B. ok Max. ok boðar B. honom til [kirkíu ok] qvez þar hafa meira valld til allra stormala. M. s. Eigi fer ek þangat, meļðu her [slik]t er þu vill. Ma ek, segir B., banfæra 15 þik her, ef þu vill eigi skript taka. M. [sva]rar: Vil ek taka skript. Syn þu í því iðran þina, segir B., attu legg niðr keisera [nafn] ok ber eigi corono ok haf hertoga nafn sem fyrr. Þetta ma ek eigi gera, segir M., í moti [tign] minni. B. s. ef þu matt þetta eigi gera lostigr, þa skalltu þat sama skamz bragz gera 20 [næði]gr ok þat ríki er þu hefir at rǫngu tekít. (!) Nu ef þu vill sattr verða við guð, [þa ta]k þu iðran eða ella banfæri ek þik þegar, er þu hefir drepit þin herra. M. [villdi] eigi ganga undir skriptina firir metnaði sinum. En B. gerir hann fraskila postoligrí [kristni ok al]lo sam]neyti kristinna manna. En sva er sagt, at þaðan í 25 fra ber . . . . . likamligri heilso ok anligrí ok fer þo síðan suðr um fíall . . . . . ok þa var keiseri orðin eptir Gracianum . . . . . eptir því sem Martinus b. hafði honom . . . . . ok liði, en M. vikingr leggr un . . . . . eigi allom vetri 30 síðar þa drogu þeir Theodo . . . . . en M. ser ofrið . . . . . fylgð ef er . . . . .

## ANTONIUS SAGA.

(Codex 234 folio. Sagaen, hvis Begyndelse mangler, tager fat midt i den latinske Originals 6te Capitel.

- 5 [Antonius var født i Overægypten af fornemme og fromme Forældre, havde af disse erholdt en religiøs Opdragelse. Efter disses Død delte han sin store Formue mellem de Fattige, anbragte derpaa sin Søster hos fromme Kvinder, men søgte selv Ensomhed, hvor han hengav sig til et strengt asketisk Liv under stadige Fristelser og mange Anfægtelser af Djævelen. Nætterne tilbragte han som oftest
- 10 under Bøn, spiste kun en Gang om Dagen efter Solens Nedgang; undertiden kunde han tilbringe to ja tre Dage uden at tage Næring til sig; denne bestod i Brød og Salt med en Slurk Vand til. Sin Søvn nød han paa flettet Siv iført en Haarskjorte, stundom tjente ogsaa den bare Jord ham til Leie.]
- 15 Sva tamði hann sitt eiginlikt holdd með meinlættvm, at æ honvm fylltizt orð postolans, er hann segir sva: Þæ er ek verð sivkr, em ek sterkari. Þæ sagði hann hvgs koti(t) verða hofsamt ok avndina sterka, er maðr þravngvir með avllv likamligvm teyg- ingvm ok beiðni. Þetta rað var ok harða heilsamlikt. Starf
- 20 hreinlifvis ok heilagrar bindendi villdi hann eigi fyri ætla með mæling akveðins tima, helldr með ast ok orvggleik ætlaði hann þat til endalyektar at varðveita; eigi taldi hann eða virði erfði liðinnar tíðar, helldr var hann nv sterkari ok hræstari, sva sem þetta væri vpphaf hans þravtar, en bio sik meira ok avflgara til
- 25 varðveizlv okominnar stvndar, sva sem postolinn mælti: Liðnvm lvtvm gleymi ek, sagði hann, en styrkivmzt i mot oordinni freistni. Varðveitti hann ok með ser spamanzins orð sva segiandi: Gvð er lifvandi, i þess avgliti stoð ek i dag. Þessa geymði hann, þat vitandi, at spamaðrinn nefndi eigi i dag merkiandi liðna tíð, helldr
- 30 nv verandi stvnd. Skyndi hann nu sia(1)fván sik slikan gvði at forna, sem rettlatvm manni byriar at vera i gvðs avgliti, þat er með reinv hiarta ok bvinn at þiona hinvm hæsta gvði ok engvm avðrvm, hvgsaði hann ok her með þann vera rettan mvnk, er lifði eptir dæmvm ok atferð hins mikla spamanz Helie.

7. Antonivs með þessvm hætti styrktr ok lærðr for a brot af þeim stað, er hann hafði verit vm stvnd, i annat herað eigi miok fiarlægtt. Þar fann hann hauga nackvara forna harðla. I einn af þeim geck hann inn ok bio ser þar herbergi. Einnhverr maðr valðiz til ok vandizt at færa honvm bravð. Antonivs var einn 5 saman vm nætr i þessv herbergi ok byrgði vándliga dyrr. Hinn forni havggormr þolði þetta eigi at vera sva haðvliga fyrilitinn af einvm vngvm manni, ottaðiz hann nv, at þessi Antonivs mvndi bratt vilia fara i eyðimork til einsetv. Ok at saman kavllðvm sinvm illzkvþionvm<sup>1</sup> bravt hann vpp æ navckvarri not hvsvdyrnar 10 ok hliop æ hinn helga Antonivm með sinvm fianzligvm grimleik, ok mæddi hann með morgvm kvavlvvm ok sarvm, sva at þria daga la hann eptir a golfvinnv mallavss ok avrvita. En er sæ maðr kom eptir vanda, er honvm færði fæzlu, geck hann inn ok fann Antonivm grimliga særðan a iorðv liggianda. Sia maðr tok hann 15 vpp ok flvtti i brvtt til hinnar næstv borgar ok lagði hann niðr i miðri kirkiv þess staðar. Ok þegar er þessi tidenði frettvzt i borginni, safnaðizt saman til kirkivnnar þeirar, er Antonivs læ, mikit fiolmenni bæði hans frændr ok annat folk af þeim stað. Giorðizt þæ af mavrgvm, sem vannt er, hormvngar atbvrdvm mikil 20 sorg ok akafigr grattr. Allr þessi lyðr, þviat þæ tok at kvellda, settizt þar vm nottina i kirkivnni. Enn með gvðligv fvltingi endrlifnaði hinn sæli Antonivs nær miðri nott. Ok nv er hann hof vpp havfvtt ok avgv, sæ hann mikit folk bæði karla ok kvænna ok alla fast sofvandi, ok þann einn mann sæ hann vakanda ok 25 engan annan, er hann hafði þangat flvtt, kallaði hann þenna þegar til sin ok bað hann flytia sik i þann stað ok herbergi, sem hann hafði aðr verit, sva at engi yrði varr við. Ok er sa maðr heyrði þetta, flvtti hann Antonivm þegar aptr, þott hann vndraðizt orvgg-leik hans ok staðfesti harðla miok, ok lagði hann niðr i hit sama 30 herbergi, sem hann var fyrr; byrgði síðan dyrr eptir vanda, aðr hann færi i bravtt. Enn helgi Antonivs baz nv fyri staðfastliga liggiandi æ iorðvnni, þviat akaflig ohægendi af storvm sarvm talmvðv, at hann mætti standa vpp. Ok eptir lycktaða bænkallaði hann með mikilli ravdd ok avitaði fiandann með þessvm orðvm: 35 «Eigi skelfva mik ognir þinar, eigi kvalar þinar eða sar ok eingi otti; nv em ek her kominn ok bvinn, nv skal ek hvergi flyia, þo at þv rifvir ok slitir likam minn; æingi sarleikr ok eingi meizll

<sup>1</sup> illzkv þioðvm Cd.

mega mik fra skilia ast drottins mins, ok þott þer bvit mer i moti, sem psalmaskalldit savng, mikinn fiolða herbvða, man eigi ottazt hiarta mitt.

8. Þa er hinn sæli Antonivs hafði þessa lvti sagtt, varð  
5 fiandinn með samfelavgvm sinnar illzkv miklvm otta sleginn, er hann sæ trv hans sterka ok oskadda; slæfvaðizt hann þo eigi enn sva sem sigraðr, helldr vakði hann vpp með sinni slægð annat nyfvndit pislarkyn ok hræzlv i gegnn þionostvmanni gvðs Antonio. Kallaði hann nv saman þræla sinnar ofdirfðar ok avitaði þa fyrst  
10 sva segiandi: «Hvar er nv aræði yðartt ok dirfð, eða hvar er kraptr yðarr, hver erv grimðarfvlv verk yðr, hvar(t) siai þer eigi styrkleik eins þionostvmanz Kristz, eða vili þer gleyma, er otalligr fiolði væarra sveitvnga er sva miok sigraðr? Með engvm kvavlvum ok engvm sarleik eða meingiorðvm megvm ver hann vndir briotæ,  
15 helldr er hann mycklv sterkari en i fyrstv, ok hædir at oss sva sem hegomligvm ok herfviligvm. Nv þa bregðvm æ oss likavm ymisligra dya eða kvikvenda, ok veitvm honvm atgavngv, at hann kenni i nockvrvm lvt aflv vart ok olmleik « Þa er fiandans ærir, þeir er ecki vetta er omattvligtt illtt at giora, vorv sva eggiaðir,  
20 flycðvzt þeir saman með mikilli sveit, ok at liðinni hinni fyrstv stvnd nætr veittv<sup>1</sup>. Þeir aras Antonio með sva myklvm gny ok hræðiligvm storm, at sva matti synazt, sem herbergit hans, fiollin ok sialf iorðin mvndi af akafligvm skialfta með avllv vm snvazt. Gengv þegar at grimliga ok brvtv víða hvsveggina; tok þa miok  
25 at falla þetta hit litla herbergi ok vpp at lvkazt. Eptir þat gengv vbreinir andar i syn við hinn helga Antonivm i likavmvm ymisligra skogdya; sæ hann þar bæði leones ok pardos, hin grimmvztv dyr er sva heita, bia(r)ndyr, navðrvr ok þa eitorma, er regvli kallaz, ok morg avnnvr skaðsavm ok eittfvll kvikvendi af ymis-  
30 ligv kyui. Avll þessi skrimsl forv remiandi, hvertt eptir sinni nattvr ok ravst ok með gapanda gin, sva sem þav þyrsti avll til bloðs þessa rettlata manz ok hann at svelgia. Enn þott osigraðr gvðs kappi Antonivs staddr i ognn nyligrar freistni væri miok mæddr af hinvm fyrrvm kvolvum, hafði hann efvalavsliga ser i  
35 briosti i þessi margfalldri ok haskafvllri þravt [osigrat vigi<sup>2</sup>, þat er nafnn Kristz, i gegn avllvm diofvligvm skeytvum. Stoð hann nv snarpliga i gegnn þessvm hinvm grimmazta diofvls her sva segiandi: «Ef nackvarr kraptr er með yðr, þa mvndi ecki

meirr en einn af yðarri sveit ganga mer i mót mik at hræða eða skelfva; enn fyri því at eingi er sannleikr með yðr hvarki krapz ne likamligra mynda, er sialfr gvð giorir vanmegna ok aflavsa með himneskvum krapti, því kostgæst er mik at skelfva eigi með stríðleik eða affi helldr með syn ok otta margmyndaðra skrimsla; er þat ok hit sannazta mark yðars ostyrkleiks, er þer ervð svmir i dyra liki ok æsionvr.<sup>1</sup> Nu ef nockvrr er sannleikrinn með yðr, ok ef þer hafvit valld æ mer með akafligvm gny ok remian, en raðit eigi a mik; enn þat velldr, at þer megtv eigi, því at þer ervt ostyrkir ok afl(l)avsir. En sterk trv var til gvðs er hit orvggazta vigi vart, mark sigvrs ok hialpar várrar«. Ok er diofvlls ærir þottvz liottliga vera hæddir af honvm i þessvm orðvm, giorðvzt þeir æ því grimvari i sinni illzkv ok reiði.

9. En er hvorirtveggiv þreyttv með þessvm hætti, vitiadi drottinn þionostvmanz sins. Ok er Antonivs hof vpp avgvm(l), sæ hann eina stiornv skinaði með miskvnnssamligv liosi. Leið þetta ofvan i herbergit, sva at þat skein allt innan af þessi birti. Við þenna atbvrð flyðv brvtt skiottliga allir dioflar; hvst var nu ok endr bætt ok alheilitt, enn mikill verkr likamligra sara miok i brvttv. Þæ er Antonivs skilði, at drottinn var honvm nalægr, fylltizt hann vpp miklvm fagnaði, ok mællti til synar þeirar, er honvm birtizt: «Heyrðv, drottinn, heyrðv, hinn goði Jesv, hvi fyrleztv mik, hvi syndir þv þik eigi mer þegar i vpphafvi, at þv linaðir meinlætvminvm ok græddir sar mín?» Þæ heyrði hann ravdd ser svarandi með þessvm hætti: «Antoni, her var ek hia þer, ok beið ek, at ek mætti sia þravt þina ok trv. En fyri því at þv ert eigi sigraðr, man ek þer ævallt fvlting veita ok giöra þitt nafnn frægtt a avllv iarðriki.» Ok er Antonivs heyrði þessa lvti, reis hann vpp af iorðvnni lofvandi ok blezandi nafnn drottins ok styrkizt sva miok, at hann var nu myklv hravstari ok sterkari, en aðr hann. feingi þessa vitran. Þæ var hann halfertvgr at allðri.

10. Hinn helgi Antonivs, framarr treystandi en fyrr gvðs miskvnn, for eptir þriaa daga liðna til þess hins gamla ok hreinlifva mannz, er ver savgvðvm fyrri<sup>2</sup> fra, ok bað, at þeir mvndv fara baðir samtt i eyðimork at byggia þar. Enn er Antonivs skilði, at hann villdi eigi fyri sakir mikils allðrs ok þess staðar, er hann hafði aðr leingi vanizt at vera, for hann einn samtt i eyðimorkina

<sup>1</sup> æsionvr *Cd.* <sup>2</sup> *Lat. cap. 3:* Erat in agello vicino senex quidam, vitam solitariam a prima sectans ætate: hunc Antonius cum vidisset, æmulatus est ad bonum.



til fiallz nockvrs. En er vvinrinn sæ trv hans ok astvndan, ok at hann var æ leið kominn, villdi hann talma ferð hans ok goða fyrriætlan, skipti hann nv asionv ok syndizt sva sem einn silfrdiskr, la hann a miðri gavtv, þar sem Antonivs skyldi fara til fiallzins.

5 Ok er hiun helgi Antonivs sæ diskinn liggjanda fyrri ser, nam hann staðar ok litaðiz vm, hvgsaði hann, hverssv þat mætti vera, at nackvarr maðr hefði tynt eða niðr felltt þenna silfrdisk, með því at engi var bygd i þeim stað eða manna ferð. Skildi hann nv skiott, at hinn versti fiandi var svinn i þessa silfrs mynd at

10 dvelia ferð hans. Mætti hann nv sva sem við þenna disk: «Þetta er silfr þitt, fiandi, eigi mantv nv fau talmat gavtv mina ok fyrriætlan, enn þetta man vera til vitnis glatanar þinnar.» Þæ er Antonivs hafði þetta mæltt, hvarf diskriinn i bravtt. Ok er hann hafði enn farið vm stvnd, var honvm eigi gior sionhverfving sem

15 fyrr, helldr fann hann a gavtvnni satt ok ofalsat gvll. En þat er eigi vitað, hvart fiandinn hafði þat þangat flvtt, eða drottinligr kraptr at reyna hinn helga Antonivm, til þess at dioflinvm væri þat sannliga syntt, at gvðs þionostvmaðr Antonivs hafnaði eigi at eins hans falsi, helldr fyrleit hann ok sialft gvllit. Vndradizt

20 Antonivs fegrð ok mikileik þessa gvllz, at eigi at siðr flyði hann, sva sem þat væri elldr brennandi helldr en gvll. Flyði hann ok þenna stað, sva sem hann ottaðizt þar leingr at vera, ok for nv til fiallz þess, sem hann hafði aðr fyrri ætlat.

II. Antonivs miok mædr af langri ferð kom þar, er hann

25 fann einn harla fornan kastala eyddan af allri manna bygd ok fvllan af havggormvm. Ok er hann hafði vandliga skyniat þenna stað, fal hann sik þar. Allir havggormarnir flyðv þegar skiott ok fyrletv staðinn, sva sem þeir væri af nockvrvm bravtt keyrðir. Eigi hafði hann meira bravð en sex manaða fæzlv, þæ er hann

30 byrgði sik i þessvm kastala. Margir aðrir siðlatir menn af Thebaida sottv þenna stað, dvavlölv svmir litla stvnd, en svmir satv alla .xii. manaði, ok forv siðan i brvtt. Var ok i þessvm stað, sem iafnan er vannt i eyðimork, litil vatæðr eða vppspretta. I þessvm kastala byrgðr bygd i Antonivs einn saman, sva at eigi geck

35 hann vtt, ok eigi lavk hann upp fyrri þeim, er til hans sottv. Tysvar æ .xii. manðvm var honvm bravð færtt af nockvrvm siðlatvm manni ok sentt til hans vm einn glvgg kastalans. At longvm tima liðnv tok martt folk ok frendr hans ok vinir at vitia hans optliga fyrri astar sakir. En hann tok eigi við þeim,

40 ok eigi lavk hann vpp kastalann. En er þeir vorv vti hia.

herberginu, heyrðv þeir bæði v m nætr ok v m daga mikit hark ok hareysti, sva sem þar væri inni n.ikit fiolmenni, heyrðv þeir ok herfviliktt kall með þessv orðtaki: «Dragztv i brvtt af herbergi vorv, hvat er þer sameigit með oss? eigi skalltv þola mega vorar meingiorðir.» Þat hvðv þeir fyrst, er þeir heyrðv þessi orð, at 5  
nockvriur menn við hann svndrþyckir væri hia honvm; þeir er eptir stigvm hefði vpp komiz a veggina ok sva inn i kastalann; ok er þeir ranzavkvðv vandligar, hveriv þetta gegndi, fengv þeir seð v m eina rifv a vegginv m, at engir menn vorv hia hinvm helga Antonio. En fyri því at þeir skilðv nv, at dioflar hofðv giorrt þetta hæreysti ok 10  
okyrleik, vrðv þeir akafliga hræddir, ok af miklv m otta kavllvðv þeir Antoniv m til fvlltings. Ok er hann varð varr, at menn vorv vti hia herbergi hans, leði hann meirr eyrna til at heyra þeira kall ok orð en hia ser inni geyiandi diofvligar raddir. Geck hann nv til dyra ok hvgaði þaa, er komnir vorv, sva mælandi: 15  
«Hirðit eigi, bræðr, at mæða yðr, helldr farið er brvtt með friði eeki vetta ottandi. I gegnn þeim erv dioflar diarfastir ok veita þeim mestar ok harðastar arasir, er þeir sia hræddazta ok með mestri ostyrkð. En þer skolvtt hafva nafnn drottinnis i hiortvm yðrv m ok merkia yðr með marki hialpar varrar, þat er hinvm 20  
helga krossi, ok farið sva vtan alla hræzlv til yðarra herbergia, en latið þessa, er yðr skelfva, hæða sialfva sik.» Með þessvm hvgganarorðvm styrkðir forv þessir i brvtt, er sott lavfðu fvnd Antonij, hlifðir með marki hialpara vars Jesus Kristz. En hann var einn eptir i þeim sama stað ohrædr ok með avllv oskialfvandi, 25  
þvi at hann hafði nv fvndit i margfalldri freistni ser veittri, at dioflar erv vandmegnir ok hegomligir.

12. Eigi mycklv siðarr forv margir hans kvnnir menn at forvitnaz ok skynia, hvartt eigi hefði með avllv dioflar drepit hann. En hinn helgi Antonivs lofvaði ok blezaði gvð ok sagði sva: «Ris 30  
vpp þv drottinn, ok dreif ovinvm minvm! lattv flyia fyr mer alla þaa, er mik hotvðv; sva sem eyðizt akafligr reyckr af ellde framfarandi, eða vax af miklv m ellzloga, sva fyrfariz nafnn syndvgra i avgliti drottins.» Ok enn sagði hann sva: «Allar þioðir veittv mer vmsat, en ek sigraða þær i nafnni drottins mins.» Þetta 35  
talaði hann i gegnn fianda freitni ok þeira vmsat. Þessa staðfesti hellt hann i þeim sama stað .xx. vetr, sva at af avngvm var hann senn langtt eða víða farandi.

13. Síðan giorðizt þat, at margir hormvðv af hans einsetv ok fiarvist, er hann bio einn samtt i eyðimorkinni. Ok þeir, er 40

fystvz at gioraz eptirlikiarar hans hreinlifvis ok agiætra síða, somnvðvz saman með frændvm hans ok kvnnvm mavnnvm, forv  
 nv i eyðimavrkina til kastala þess, er hinn helgi Antonivs sat,  
 ok brvtv vpp hvrðina, stoðv síðan i dyrvm ok baðv, at hann skyldi  
 5 nv ganga i syn við þæ. Ok er þeir sæ yfvirbragð asionv hans ok  
 bvnað, fognvðv þeir, sem þeir sæi nockvt lios af hinni til sin  
 sentt. Vandliga hvðv þeir at honvm avllvm megin æ hann  
 litandi, vndrvðvzt þeir fegrðr hans ok vhornaðan likam, ok þat er  
 þeir sæ hann eptir sva morg meinlæti ok margfallða freistni eigi  
 10 vandrækiligan eða með bleikv andliti, helldr savgðv þeir sinn i milli,  
 at þeir fvndv hann nv sva sterkan ok staðfastligan ok með avllvm  
 sama hætti obrvgðinn, sem þeir sæ hann fyrr, þæ er hann var vax-  
 andi a vngvm allðri. Ecki let hann ser vm finnast þat folk, er astvnd-  
 aði hann at sia, eigi tok hann við bræðrvm, frændvm eða kvnnvm  
 15 monnvm, er farit havfðv langan veg hann at finna ok hann kvavddv  
 með nockvrri akefð staðlavsligrar bliðv eða lavngv viðrmæli, helldr  
 talaði hann vtan allá mæði með mikilli staðfesti fvllr af somasemð  
 ok rettlæti harðla fæ lvti af allra þeira navðsyn, er þar vorv  
 komnir. Jesus Kristr let ser soma marga, þæ er sivkið vorv,  
 20 ok marga, þæ er aðr vorv lama, at græða fyri hans bæn, ok þæ  
 heila at giora, er aðr vorv af vhrainvm avndvm kvaldir. Sva  
 mikil gvðs giptt ok miskvnn fylgði honvm, at með sinvm orðvm  
 giorði hann þæ glaða, er aðr vorv hryggvir, en þæ samþycka, er  
 aðr vorv svndrþyckir eða missattir. Ollvm kendi hann at virða  
 25 gvð framarr en alla veralliga lvti, því at hann þyrmði eigi eingetn-  
 vm syni sinvm, helldr sendi hann fyri varri hialp hann til pin-  
 ingar. Ok er hann hafði þessa lvti sagtt, eggiaði hann marga at  
 fyrjata alla veralliga lvti ok raðast til mvnkligs siðferðis; varð ok  
 sva fyri hans kenning, at fiollin ok avll eyðimorkin giorðiz eptir  
 30 skamma stvnd liðna naliga fvll af klavstrvm ok mvnkabygð.

14. Sva bar til eitt sinn, þæ er Antonivs skyldi af nockvrri  
 navðzyn fara bræðra at vitia, at vegr hans var at fara yfvir eina  
 keldv eða leirs fvllt staðvvatn. Þetta var sva mikil torfæra,  
 at þar þorðv engir menn at fara, því at i vatniv var mikill fioldi  
 35 havggorma ok morg avnnvr skaðsavm ok mannskiæð kvikvendi.  
 Ok er hann kom i þann stað, giorði hann bæn sina til gvðs. Geck  
 hann síða(n) diarfliga fram i þenna haska; sva hit sama giorðv  
 aðrir bræðr, þeir er i ferð vorv með honvm, ok með gvðs fvlltingi  
 komvz þeir alheilir af þessi ofærv. Enn er Antonivs hafði vitiað

allra bræðra, fór hann aptr til mvnkliðvis síns, an aflatí varðveitandi hreinlíví ok bindendi með fvllkominni staðfesti. Marga bræðr styrkti hann með sínv dæmi ok kenning. Marga af verolld leiddi hann til mikillar fysi ok astar mvnkliðs síðar, sva at æ skamri stvnd vorv með hans raði reist vtallig mvnkliðví, yfvir 5 þeim avllvm var hann stíornarmaðr ok lærifaðir.

15. A nockvrvm degi sotti fvnd Antonij mikil(l) fvldi bræðra, ok beiddyz at heyra kenning hans ok af honvm at lærast, hversv þeir skylldv gvði þíona. Hann talaði til þeira þessa lvti a egi(p)zka tvngv: «Helgar ritningar mætti oss þavrf vinna til læringar, en 10 því at þer baðvt at heyra af mer nockvra lvti lagvm ok litlvm, er víðrkvæmilíktt, at ver lærímzt vor í milli ok semím oss til hialpsanliðs verks. Nv slíkt sem yðarr vítrleíkr hefvir bergt af himneskri kenning, veítít mer þat sem synir favðvr; en ek em sva sem meiri at alldri, hefi ek nockvt í minni halldít eða prófvat 15 eiginliðri ravn, víl ek þat giarna fornna yðarri broðurlíðri ast; því hæfvir í vpphafví, at ver allir samt hefím vpp ok styrkím trv vora með staðfesti allra goðra lvti. Heyrít nv þa, elskanliðgir bræðr! Varízt þer at vanrækía sí(l)fvá yðr, sva at þer gíorízt ostyrkir í mannravnvm eða mæðízt í freístní; talið ok eígi þetta í 20 yðrvm hvq, lengi hófvvm ver nv ok gvði þíonat ok ervm fvllkomnir í bindendi ok hreinlíví, helldr leitvm ver sva sem af nygívv vpphefvíandi hversdagliða at avka starf ok íðnn goðra verka. Nv se þetta hit fyrsta boðorð avllvm sameiginlíktt, at engi lati sík þrota í vpptekínni goðri fyriætlan, helldr lati hann íafnan vaxa 25 þat, er vel var vpphafví, því at manzínsv líf samíafnat eilífri dyrd er harðla skamt.» Ok er hann hafði þetta mæltt, þagði hann lítla hrið<sup>2</sup> veðsamandi agíætán avrleíkv gvðliðgar mískvunar.

16. Síðán hóf hann sva sítt mal: «Í þessv nvveranda lífví erv íofnn kavp eða avextír skíptíliðra lvti, því at sa er selr tekr 30 eígi meira en íafnvægi af þeim er kavpír; en hit eilífvá líf fam ver keyptt með avðgíætliðgv andvírdi, því at sva er rítat: dagar lífs yðars<sup>3</sup> erv .lxx. vetra, en ef marz alldr er míkíl, erv þat .lxxx. vetra, en allt, þat er vmfram geíngv, er eígi annat en erfvíði, sorg ok sarleíkr. Nv þa er ver lífvvm .lxxx. eða hvndrat vetra 35 eða sva morg ár, sem ver stavrfvm í gvðs þíonostv, veítast oss storir lvtír, því at þar í moti tokvm ver í vara erfð eígi íorðína helldr híminríki, spílltan ok brvgðínn líkam fyrlatvm ver, en mvnvm hann

taka annat sinn odauðligan. Fyri því, synir minir, mæðizt eigi af  
 nockvrvum lífs þessa leiðendvm, bleekiz ok eigi af metnaðargirnd  
 hegomligrar dyrðar, því at meiri er dyrð sv, er birtaz mvn æ oss,  
 en hvn se samvirðandi stvndligvm þiningvm eða freistni, er ver  
 5 þolvum i þessi verolld. Ætli engi, at hann hafvi stora lvti fyrlatið,  
 þott hann hafvi heim þenna fyrletið<sup>1</sup>, því at allt iarðriki er þravngt  
 ok litit, ef þat er samiafnat himinriki, er meira er, en þat hafvi  
 nockvrt endimark. Nv ef ver megvum eigi makliet iafnvirði giallda  
 i gegnn dyrðarfvllvm himneskvm herbergivm, þott ver afneitim  
 10 avllvm heimi, hvgsi hvern sialfvan sik, ok man hann skiott skilia,  
 þo at hann hafvi fyrletið hervð, bæi, fagra vavllv eða nockvt gvll,  
 at eigi skal hann þaðan af hælazt, sva sem hann hafvi mikla lvti  
 vppgefvit, ok eigi hryggvazt, sem hann mvni sma lvti i moti  
 taka; því at sva sem einnhverr maðr gefr vpp eina e(i)rs sylgiv,  
 15 til þess at hann megi eignaz hvndrat þeira er af gvlli erv giorvar,  
 með sama hætti man sa, er fyrleatr drotnan allz heims, taka hvndrat  
 atfallda agiætari avmbvn i himneskv sæti. Þat skolvum ver ok  
 gloggliga skynia, at með lavgmali sialfs davðans verðvm ver navð-  
 gir fra slitnir þeim avðræðvm, er nv holldvm ver of fast at varvm  
 20 vilia, sva sem ritað er i þeiri bok, er Ecclesiastievs heitir. Nv  
 þæ fyr hvi skolvum ver eigi giora krapt af navðsyn<sup>2</sup>, fyr hvi skolvum  
 ver eigi at sialfvilia fyrлата þæ lvti, er ver mvnvm tyna með  
 endalyktt þessa lífs, ok afa sva hit himneska riki? Elski eigi  
 mvnkar eða ahyggiv beri fyr þeim lvtvm, er þeir megv eigi með  
 25 ser af heimi hafva, helldr skolvum ver fysazt þæ lvti at eignazt,  
 er oss leiði til himins, þat er heilyg speki, hreinlifvi, rettlæti, krapta  
 verk, skynsamlig skilning, astzámilig geymsla, fatakra gestrisni,  
 sterk trva i gvðs þionostv, hvgr sigrandi skynlavsa reidi. Þæ  
 er ver fylgivm þessvm lvtvm, mvnvm ver fyribva vara vist,  
 30 sem gvðzspiallit vattar, æ iorðv hins sanna friðar. Verðvm eigi  
 afhvga, at ver ervm þionostvmenn gvðs, ok þeim skyllðir þionostv  
 at veita, er oss hefvir skapat. Þvi at sva sem goðr þræll hafnar  
 eigi eptir framða goða þionostv hlyðni at veita veranda eða yfir-  
 komanda boði sins herra, ok eigi þorir þat at sanna, at fyrri sakir  
 35 liðins erfviðis skyli hann frials vera siðan af avllv starfvi ok  
 þionan, helldr fremr hann iafnann, sem gvzspiallit vattar, hina somv  
 þionostv með miklvum alhvga, at hann megi þeim lika, er hann

<sup>1</sup> Lat.: Nemo, cum despexerit mundum, se arbitretur reliquisse  
 ingentia. <sup>2</sup> Lat.: Cur ergo non facimus de necessitate virtutem?

þionar, en vactar bæði hræzlv ok bardaga ser at afla; sva hit sama hæfir oss at hlyða gvðligvm boðorðvm, þat vitandi, at sæ hinn rettlati domandi mvn hvernn dæma eptir þeim verkvm, sem hann finnr hann vinnanda i endalyktinni; þat sama sannar hann sinvm orðvm fyri Ezechielem spamann. En vesli 5  
 Jvdas var ræntr avllvm avexti ok starfvi liðins tima fyri þæ illzkv, er þann framði æ einni nott. Fyri þvi er avllvm þeim, er drottinn veitir fvlfting, halldandi með iafnaði vpptekin goð verk, at ritningin segir sialfvan gvð samvinnanda vera þeim avllvm, er gott ætlaz fyrir. Minnvmzt æ boðorð postolans, at ver megvn 10  
13. Þat var enn um dag, ath munkar hlodu vegg hafan, en Benedictus sat inni i husi sinu, þa syndiz fiandi honum<sup>2</sup> ok hlo ok 5 letz fara skylldu til brædra, þar sem þeir voru at verki sinu. Benedictus sendi þegar mann ath segia munkum þetta ok bad sva mæla: »Verit þer varir, brædr, því at illgiarn andi mun koma til ydvar i dag.« En er sendimadr hafdi varla lokit mali sinu, þa hristi fiandi i sundr vegginn, er þeir hlodu, ok lamdiz einn 10 audigs manz son undir. En brædr urdu hryggvir, eigi af falli veggjarins helldr af meidingu munkuins, ok sogdu Benedicto, hvat ordit var. En hann bad bera til sin enn lamda, ok sva var giort. Hann var allr lamdr ok nær hvert bein brotid, en þo var hann iendr. Benedictus vafdi hann i mautli sinum ok lagdi hann nidr 15 i rum sitt ok sendi ut adra munku, sidan fell hann til iardar ok bad fyrir enum siuka. En æ somu stundu vard sa heill, ok sendi Benedictus hann til syslu sinnar. Þa for sa til verks sins, ok nædi fiandi eigi at fagna dauda hans. Benedictus hafdi spaleiksanda ok vissi fyrir oordna hluti, ok sa hann þat, sem hann væri 20 hia sialfr, er hann var hvergi nær staddr.

#### Fra Benedicto ok brædrum.

14. Sa var sidr munku, er þeir voru sendir æ bæi eda til borga, at þeir skylldu hvergi mataz nema heima, ok hafdi vandi sia leingi halldiz. Þa voru munkar sendir um dag, ok höfdu þeir 25 dvalizt i husum einnar<sup>3</sup> sidsamrar konu, en adr þeir foru þadan, þa motóduz þeir, ok er þeir komu heim, baduz þeir blezandar af Benedicto. En hann mællti vit þa: »Hvar mótuduz þer?« En þeir kvoduz hvergi mataz hafa. Hann mællti: »Hvi l(i)ugit þer? þa er þer komut til husa konunnar, þa atud þer ok druckut.« Hann 30 kvad a, hvat þeir höfdu at verdi ok svo hversu marga vindrycki þeir drucku. Ok er þeir sæ, ath þeir mattu hann þess(u) eigi leyna, þa fellu þeir til fota honum ok badu ser liknar, en hann fyrirgaf þeim þessa afgerd ok ætladi svo, at þeir mundi sidr þora

1 Bn (*d. e. Benedictus*) tilf. Cd.

2 þeim Cd.

3 einnrar Cd.

at misgera i annat sinn, er þeir mattu sia, ath þeir mattu eigi leyndu hann því, sem þeir giordu.

#### Fra munk einum.

15. Valentinianus het munkr einn, sa var læriseveinn heilags  
 5 Benedicti, en hann atti brodur þann, er sidsamr var ok olærd  
 madr. Hann var vanr æ hverium misserum at koma til munklifis  
 ok finna brodur sinn, ok þann dag fastadi hann iafnan. En er  
 hann for um dag til munklifissins, þa kom annarr madr i för hans,  
 ok hafdi sa fæzlu med ser, ok er þeir höfdu leingi geingit, þa  
 10 mællti förunautr hans vit hann: »Mautumz vit nu, at eigi mædimzt  
 vit æ gótunni.« Hann svaradi: »Eigi mun ek þat giora, brodir,  
 þvíat ek em vanr at fasta, þa (er) ek fer at finna Benedictum.« Þa  
 foru þeir enn, ok sidan bad sa, er fæzluna hafdi, ath þeir mundi  
 matazt. En hinn gerdi eigi bragd æ fostu sina. Þa foru þeir  
 15 badir, en hiti var mikill, ok mædduz þeir, ok þa fundu þeir<sup>1</sup> fyrir  
 ser vóll fagran ok vatn hreint. Þa mællti sa enn, er fæzluna  
 hafdi: »Her er vatn hreint ok vollr fagr, ok er ockr vel fallit ath  
 mataz her ok hvilaz nockut, at eigi þrioti ockr a leidinni.« Munks  
 brodir sa hvilldarstad fagran ok heyrdi fögur ord, ok settiz hann  
 20 þa nidr, ok mótuduz þeir. At kvelli kom hann til munklifissins  
 ok geck fyrir Benedictum ok beiddi blezandar; en hann bar æ bryn  
 honum þat, sem hann gerdi a gótunni, ok mællti: »Hvat er nu,  
 brodir, enn illgiarni andi, sa er mællti vit þik fyrir munn forunautz  
 þins, hann teygdi þik um sinn ok annat ok matti eigi tæla þik,  
 25 en ed þridia sinn gat hann þik teygdan til þess sem hann villdi.«  
 Þa kannadiz hinn vit ostyrkt hugar sins ok fell til fota Benedicto  
 ok idradiz syndar sinnar.

#### Fra konungi ok Riggo.

16. Konungr þiodar þeirar, sem Gothi ero kalladir, het Totila,  
 30 hann var grimmr madr ok forvitinn; hann fretti þat, at Benedictus  
 hafdi spaleiksanda, ok villdi hann reyna þat ok sendi þau ord,  
 at hann mundi koma til munklifis Benedicti, ok kvad a dagh um.  
 Einn skutilsveinn hans het Riggo, konungrinn feck honum klædi  
 sin ok skryddi hann konungs gerve ok sendi med honum þria

riddara, þa sem honum sialfum voru vanir at fylgia, ok sendi med honum alla þionostumenn, þa sem konungi skylldu þiona. En er Riggo kom til munklifis Benedicti skryddr purpura ok efdr allri konungs þionostu, þa sat Benedictus uti ok sæ æ för þeira. En þegar er hann kom nær svo þangat, at þeir namuzt mal æ mille, þa 5 kalladi Benedictus æ hann ok mællti: »Legg nidr þu, sonr, buning þann, sem þu hefir, þviat eigi er þitt eigin.« En Riggo fell þegar til iardar ok idradiz, er hann hafdi gert hadung þessa guds þræli, ok allir gerdu þeir idran, er honum fylgdo þessa eyrindis. Sidan risu þeir upp ok foru aptr þegar ok sögdu konungi med 10 hræzlu, hve bratt þeir voru fundnir ath freistni sinni.

#### Fra konungi.

17. Eptir þat for konungr sialfr til munklifissins. En þa er, hann sa Benedictum guds þræl sitianda, þordi hann eigi nær honum ath koma, ok fell hann til iardar. En guds madr mællti vit hann 15 tysvar eda þrysvar, at hann skyldi upp risa. En hann þordi eigi, adr Benedictus tok i hond honum ok reisti hann upp ok asakadi hann um grimmeik sinn ok sagdi honum i faam ordum, hvat verda mundi wm hagh hans, ok mællti hann: »Mart illt hefir þu giort ok giorir, stilltu þik nu um sidir at illzku þinni. Þu munt 20 koma til Romaborgar ok heria ut um haf, ok muntu .ix. vetr hafa velldi þar en deya æ enum .x.<sup>da</sup>« Ok er konungr heyrði þetta, þa ottadiz hann miok ok bad Benedictum bidia fyrir ser. Þa for hann i brott ok var alldregi sidan iafnagrimmr sem adr. En þat sannadiz allt, sem Benedictus hafdi um hann spæad, hann kom til 25 Romaborgar ok for allt til Sikileyiar ok do æ tiunda vetri þadan fra.

#### Benedictus rak dioful fra odum klerk.

18. A þeiri tid var klerkr einn ordinn odr af diofli i borg þeiri, sem kollut er Aqvinensis, en Constancius byskup leiddi hann til margra helgra stada, at hann mætti þar heilsu fa. En 30 guds vottar villdu honum eigi af því heilsu gefa, at kraptr Benedicti skyldi ollum auglios verda. Þa var enn odi klerkr leiddr fyrir Benedictum; en hann bad fyrir honum til guds ok rak i brott enn forna fianda. En er hann var heill, þa mællti Bene-

dictus vit hann: »Far þu nu ok et eigi kiot sidan, ok tak eigi vigslur fleiri, en nu hefir þu; en æ þeim degi, sem þu dirfiz þess, þa muntu odr verda i annat sinn.« Klerkrinn for heim heill ok vardveitti nockura stund þat, er Benedictus baud honum. En þa 5 er margir vetr voru lidnir, þa sa klerkrinn, at þeir hofdu fleiri vigslur en hann, sem yngri voru, en andadir voru enir ellre, ok gleymdi hann ordum Benedicti, þviat langt var þadan lidit, ok tok þa vigslur fleiri. En þegar vard hann gripinn af enum sama diofi ok var odr, medan hann lifdi sidan.

#### Fra Benedicto ok Theoprobis.

19. Theoprobis het einn göfugr madr, er til tru hafdi horfit af kenningum Benedicti, ok var vinr hans mikill, þviat hann var radvandr madr. Hann hafdi komit til husa Benedictus um dag, ok sa hann guds vinhardla hryggvan; þat sa hann ok, at hann 15 felldi tær, ok var hann þo eigi æ bænum. Þa spurdi Theoprobis, hver sok væri til hrygdar hans. En Benedictus svaradi: »Munklif þetta mun allt eydaz, er ek hefi gera latit, ok sa audr allr, sem her er til lagdr, mun koma i hendr utlendum monnum at rettum guds domi, ok mætta ek trautt geta af gudi, at hann veitti mer 20 andir brædra.« Þessi ord Benedicti heyrði Theoprobis. En su spasaga kom fram miklu sidarr, þviat Langbarda herr kom um nott, þa er munkar voru i svefni, ok toku allt þat, er femætt var, en gud hlifdi svo þrælum sinum, at þeim sialfum var ecki mein gert, ok fylltiz þa fyrirheit, þat er gud het Benedicto, ath hann 25 mundi vardveita andir brædra, þo at hann selldi audæfi þeira heidnum monnum.

#### Fra sendimanne til Benedictum.

20. Madr var sendr um dag til munklifiss Benedicti ath færa honum tunnur tvær fullar vins. En sa, er sendr var, færði Benedicto adra tunnuna, en adra fal hann a götu sinni. Benedictus vissi, hvat hann hafdi giort ok tok vit tunnunni þacksamliga. En adr sendimadrinn færi a braut, þa mællti hann vit hann: »Hygg 30 attu, sonr, ath eigi dreckir þu or tunnunni þeiri, sem þu falt æ gotunni, helldr halladu, ok sia hvat i byr.« En sæ for i brótt ok 35 villdi reyna, hvat þat væri, sem honum var sagt, ok halladi tunn-

unni. En þar skreid or höggormr. Þá idradizt hann illzku sinnar, ok hræddiz hann þa grand hugar sins, er hann sa grand i vinino.

#### Fra Benedicto ok munk hans.

21. Bær var skamt fra munklifi Benedicti. I þeim stad var mikill fioldi þeira manna, sem tru höfdu tekit af ordum Benedicti. Þar voru ok nunnur, ok sendi Benedictus opt munka þangat ath telia tru fyrir monnum. Hann sendi einn dag þangat munk ath vanda sinum, ok taldi sa tru fyrir monnum. En adr hann for heim, þa gafu nunnur honum duka, en hann stack i serk ser ok villdi ser nyta. Þar voru laug munka, at allir skylldu eiga saman þat, er þangat var sent, þo at einum væri fyrst gefit. Ok er hann kom heim, þa asakadi Benedictus hann ok mælti: »Fyrir hvi geek ilzka i serk þer?« En sa duldiz vit ok let, ath hann vissi eigi, um hvat hann var avitadr. Benedictus mælti: »Wissir þu eigi, at ek var þar i hia, er nunnunnar gafu þer dukana ok þu letz þa i serk þer?« En sa fell til fota Benedicto ok tok dukana or serk ser ok gerdi idran fyrir heimsku sina.

#### Fra kertisveini Benedicti.

22. Þa er Benedictus sat at bordi einnhvern aptan, ok skyllði hallda kerti fyrir honum eins riks manz son, er hann matadizt; en ofmetnadar andi kom i briost honum, ok hugsadi hann þetta: »Hvat manna er sia þess, at ek skal honum þiona ok hallda liosi fyrir honum?« Benedictus leit til hans ok mælti: »Hvat er nu, brodir? sign þu þik ok hiarta þitt.« Þa kalladi hann þangat munka ok mælti, ath kertit skyllði taka fra þeim er hellt, ok bad hann sitia kyrran fra þeiri stundu. En þa var hann spurdr af brædrum, hvat honum væri, en hann sagdi, hversu hann hafdi drambat i hugskotinu i gegn guds þraeli. Þa var þat ollum liost, at ecki matti leynaz fyrir Benedicto, þat sem hann villdi vita, er eigi mattu hugrenningar leynazt fyrir honum.

#### Fra Benedicto oc aaran(!).

23. Þat var enn æ einni tid, at oaran gerdi mikit, ok margir menn urdu matþrota. Þat oaran kom ok i munklifi Benedicti, ok var þar svo giorla matr þrotinn, at .v. braudleifar voru eptir



til nattverdar. En (er) Benedictus sa munka oglada, þa leitadi hann at hugga þa med blidum ordum ok mællti. »I dag er oss vant fæzlu, en a morgin munum vær gnott hafa.« Ok enn næsta dag eptir þa funduz .cc. mæla hveitis i seekum fyrir husdyrum hans.  
 5 En þat vissi eingi sidan, hvadan su fæzla var komin. Ok er brædr sæ þetta, þa gerdu þeir gudi þackir ok efudu alldregi sidan um fyrirheit heilags Benedicti.

#### Fra Benedicto ok brædrum.

24. Þinn gofugr madr var sa, er gera villdi lata munklifi i  
 10 landi sinu, en hann bad enn helga Benedictum, at hann sendi þangat lærisveina sina, þa sem hefði forrad þess stadar. Benedictus sendi þangat brædr ok kvad a, hvern aboti skyllði vera eda hvern prior, ok mællti, adr þeir færi: »Fari þer nu, en ek mun koma at nefndum deghi ok syna ydr, hvar kirkiu skal giora, ok sva hversu  
 15 þer skulut hvert huss setia at þeim stad.« Þeir toku blezan af Benedicto ok foru sidan, ok biugguz vit þangatkomu hans at ollu eptir megni, sem makligt var. En æ þeiri nott, sem næst var fyrir þann dag, er Benedictus het at koma, þa syndiz hann i draume tveimr munkum, þeim sem hann hafði til forrads ætlada  
 20 at munklifinu, ok sagði þeim glögliga ok sýndi, hvar þeir skylldu hvert huss lata gera. En er þeir voknodu, þa sagði hvor brodirinn odrum, hvat dreymt hafði, ok trudu ecki æ drauminn, helldr væntu þeir, at Benedictus mundi koma um daginn eptir. En er hann kom eigi, þa foru þeir til fundar vit hann ogladir ok mællto: »Vær  
 25 bidum þin, fadir, ok væntum, at þu mundir koma ok syna oss, hversu vær skylldim gera þann stad, sem þu hetz, ok komtu eigi.« Hann svaradi: »Fyrir hvi mælit þit þetta, þviat ek kom, sem ek het yckr.« En þeir mællto: »Hvenar komtu?« Hann svaradi: »Fyrir hvi munit þit eigi, þar sem þit sögdut badir, ath ek kom  
 30 til yckar, ok synda ek yckr alla husaskipan; farit þit nu ok giorit svo, sem þa var yckr sagt.« En þeir foru heim ok undruduz þenna atburd ok gerdu, sem þeim var kent i drauminum, alla husaskipan.

#### Fra nunnum tveimr.

35 25. Nunnur tvær voru skamt fra munklifi Benedicti, en þessar konur voru ættgaufgar at þessa heims virding. Einn sid-

samr madr færði þeim líkams fæzlu. En iardlích tign giorir opt ogofugleik andar, ok mega þeir menn sídr lægia sig fyrir gudi, sem at nockuru hafa odrum monnum ædri verit. Þat varð ok þessum konum, þviat þær stilltu eigi vel tungu sína ok voru avitsamar vit þann mann, sem þeim þionadi með gæzku, ok gerdu 5 hann opt reidan. En er svo hafði leingi verit, þa for sa madr ok sagði Benedicto, hversu óhægar konur þær voru vit hann. Ok er Benedictus heyrði þetta, þa for hann ok hitti þær ok mællti svo: »Stillit þit betr tungu yckra, ella mun ek setia yckr i bann.« Þessi bannsetningu ægdi hann þeim, en gerði eige. Þær blotnodu 10 ecki vit ord hans. Þær lifdu skamma stund sidan ok voru grafnar i kirkiu. En er messur voru sungnar i þeiri kirkiu, þa syndizt sva konu þeirri, sem þær hafði fæddar ok þar fornadi gudi, ath þær risu upp or grofum sinum ok gengo or kirkiu ævallt ath upphafi messu. En er hon sa þat opt, þa kom henne i hug, hvat Bene- 15 dictus hafði mællt vit þær, er hann het þeim bannsetningu, ef þær stillti eigi betr tungu sína. Þa var madr sendr til guds vinar, ok var honum þetta sagt með ahyggju. En hann gerði oflatu ok mællti: »Fari þer nu ok færít oflatu þessa gudi fyrir óndum þeira, ok munu þær eigi sidan vera i banni.« Þa var su oflata gudi 20 færd fyrir þeim, ok voru þær eigi senar sidan ganga<sup>1</sup> or grofum sinum, þott messur væri sungnar, þviat Benedictus hafði sættar þær vit gud.

miraculum.

26. Munkr einn var sa ungr ath alldri, sem of mikít unni 25 fódur sinum ok modur, ok for sva um dag til þeirra, ath hann hafði eigi tekit blezan af Benedicto ne leyfi til at fara. Ok enn sama dagh, sem hann kom til þeirra, þa varð hann braddaudr. En er hann var grafinn, þa var líki hans kastat or grofinni annan dagh. Þa rann fadir hans ok modir til fundar vit Benedictum ok 30 fellu til fota honum ok badu með tarum, ath hann veitti þeim miskunn. En hann sendi hlut af holldi drottins ok mællti: »Farit þer nu ok leggit þetta corpus domini yfir briost sveininum ok grafit hann.« En er þat var giort, þa tok vit líkama hans iord. 35

<sup>1</sup> þær gengu *Cd.*

## Enn fra-odrum munk.

27. Sa var annarr munkr, er hugr hans var ostadfastr ok undi hann eigi i munklifi Benedicti, en guds madr talde opt fyrir honum med blidum ordum, at hann skyldi þar una, en munkrinn  
 5 let eigi at ordum hans ok bad hann leyfis til brautfarar. En guds þræli vard hermt vit ounatsemd hans ok mællti, ath hann skyldi brott fara, ef hann villdi. En þegar sem hann geek or klaustragardzhlidi, þa sa hann dreka standa fyrir ser med gapanda munn  
 10 ok let, sem gleypa hann mundi. Þa tok munkrinn ath hrædazt ok banda hondum, svo sem hann verdiz nockuru, ok kalladi hatt ok mællti: »Rennit hingat þer, þviat dreki sia vill svelgia mik.« En brædr foru til ok mattu eigi drekann sia, en þeir leiddu heim munkinn skialfanda. Þa het hann því, at hann mundi alldregi sidan fysaz brott or munklife, ok þat efndi hann.

15 - miraculum.

28. Ðat var enn wm dagh, at leiddr var fyrir Benedictum sweinn sa, er hina verstu likþra hafdi, svo at hær fell af höfði honum, ok allt höronð hans var fullt vogs ok hriuft. En fadir hans leiddi hann fyrir enn sæla Benedictum, ok gaf hann honum  
 20 þegar heilsu i nafne Jesus Cristz.

## Fra manne einum.

29. Sæ madr kom til mals vit Benedictum, er giallda atti .xii. skillinga, ok hafdi eigi til. Hann sagdi Benedicto til vandrædis sins, at hann matti eigi giallda þat, sem hinn heimti at  
 25 honum. En Benedictus hafdi þa eigi silfr til at gefa honum, en kvaddi þo hinn blidliga ok mællti: »Kom þu hingat æ tveggia natta fresti, þviat nu er ecki til i dagh ath gefa.« En a þeim dögum .ii. var Benedictus æ bænum þrasamliga. Hinn kom enn þridia daghinn, ok þa funduz þrettan skillingar silfrs æ aurk þeiri,  
 30 sem full var hveitis. Benedictus bad selia silfrit enum volada manne ok mællti, at hann skyldi giallda .xii. skillinga ok hafa sialfr enn þrettanda til þurftar sinnar.

miraculum.

30. Sa madr var enn einn, sem ovinn hans villdi fyrirkoma  
 35 ok blandadi eitri dryek hans. En sa dryekr matti eigi fyrirfara

honum, en þó gerðiz honum sott af því, ok varð margr litr æ likama hans. Þessi madr var leiddr fyrir Benedictum, en þegar er hann tok hendi æ honum, þá varð hann heill, svo sem alldregi hefði hann siukr verit.

#### Um oaran.

31. A þeirri tíð sem oaran gerði i heraði því, er Kampania heitir, þá hafði Benedictus gefit aumum monnum alla fæzlu, þá sem i munklifinu var, nema vitsmiör litit i einu keru. Þá kom subdiakn, sa er Agapitus het, ok bað gefa ser vitsmiör, en guds madr Benedictus, er allt villði gefa fyrir guds sakir, til þess ath hann mætti eignast æ himne allt med gude, þá mællti hann, at gefa skyllði þat et litla vitsmiör, sem eptir var. En sa sem eptir var sendr villði eigi framm selia. Benedictus spurði litlu sidar, ef hann gerði, sem mællt var. En hann kvedz eigi giort hafa, ok sagði, at ecki væri eptir, ef hann gæfi þetta. Þá varð Benedictus reidr ok mællti wit annan mann, ath hann skyllði kasta ut glerkerinu i glugg, þvíat hann villði eigi þat nyta lata, sem med singirni ok ohlydni var varðveitt. En unðir glugginum var borit saman griot mart, ok er kerinu var utkastad, þá kom þat æ steina, ok brotnaði eigi ok eigi slagnadiz niðr vitsmiör. Þá mællti Benedictus, at kerit skyllði taka ok gefa þurfamonnum þat, sem i var. Sidan heimti hann munka til sin ok avitadi enn ohlydna mann um otru sina ok singirni. Ok er því var lokit, þá geck Benedictus til bænar med bræðrum.

#### miraculum.

32. En i þeim stad, sem þeir voru a bænum, stöð ketill tomr ok breitt klæði yfir, ok er þeir höfðu leingi stadið, þá tok ath lyptaz klæðið, þat sem yfir ketilinn var breitt. En er þat var af tekit, þá var ketillinn fullr vitsmiörs, svo at þá rann alla vega yfir. Ok er Benedictus sæ þat, þá let hann falla bæn sina, ok þá let af at ganga yfir ketilinn. Þá tok enn ohlydni madr ath skammast otru sinnar, er hann sa, ath Benedictus sannadi med iarteinum þat, sem hann kendi med ordum, ok var eingi sæ sidan, er efadi um fyrirheit hans, þvíat hann hafði æ einu augabragði ketil fullan vitsmiörs golldit þeim i stad glerkers, þess er miög sva var tomt.

## Fra Benedicto ok odum manni.

33. Dat var enn um dag, at Benedictus fór til kirkiu til bænar, ok þa kom enn forni fiandi æ mot honum i asionu illz læknis ok hafdi horn i hendi. Benedictus spurdi, hvert hann færi. Fiandinn svaradi: «Ek fer til brædra at gefa þeim dryck.» Benedictus fór til bænar. En hinn illgiarni ande slo ædi æ munk þann, er taka skyldi vatn, ok veltiz hann æ iórdu ok mællti orar. Ok er Benedictus geck fra bæn sinni ok sa enn oda munk, þa laust hann a kinn honum ok rak svo fiandann fra honum, at hann  
10 þordi eigi sidan til hans at koma.

## Fra rikismanni einum.

34. Rikismadr var sa, er Zalla het, grimmr madr ok vafdr i villu þeiri, sem Arrius hafdi bodit. Hann var svo illr vit kristna menn, at kennimenn eda munkar nadu trautt med fiórvi ath fara,  
15 þeir sem honum mættu. Þat var um dagh, at hann neyddi þorpkarll nockurn med kvolum til, at hann selldi honum fe sitt allt. En þorpkarlinum vard þat a munne, at hann kvedz allt fe sitt sellt hafa enum helga Benedicto. En sia enn grimme madr Zalla let þa af at kvelia hann, helldr batt hann hendr hans æ bak apr  
20 ok rak hann fyrir ser, til þess at hann syndi honum, hverr sia Benedictus væri, er vit fenu hafdi tekit at hans sögn. Þorpkillinn fór fyrir, en Zalla reid eptir, þar til er þeir komu til munklifissins. Þa sat Benedictus uti fyrir husdyrum sinum ok sa a bok. Þa mællti þorpkillinn vit Zallam: «Her er sa Benedictus, er ek gat  
25 fyrir þer.» Þa leit Zella reiduliga til Benedictum ok ætladi, at hann mundi skelfa hann i ognu sinum sem adra menn, ok mællti med akalli vit hann: «Ris upp þu skiott ok giallt mer aura manz þessa, er þu hefir vit tekit.» Þa heyrdi Benedictus kallit ok leit til hans fra bokinni, er hann hellt æ. «Tak þu feit, kvad Zalla,  
30 ok sel oss.» Benedictus svaradi öngu ok sa, hvar þorpkillinn stod bundinn. En vit þat losnudu öll bond af honum, ok er hann stod laus, þa hræddiz enn grimme Zalla vit takn þetta ok fell til fota Benedicto ok bad ser liknar. En guds madr leit eigi til hans, helldr kalladi hann brædr, at þeir leiddi hann til blezandar.  
35 En er þat var giort, þa asakadi Benedictus hann miok um grimleik sinn ok bad, at hann batnadi. En Zalla fór a braut ok gerdi ecki mein þorpkarlli, ok var eigi iafngrimmr sidan.

## Fra einum þorpkarle.

35. Annar þorpkarll kom um dag með lík sonar síns til munklífs Benedicti ok spurdi, hvar hann væri. En Benedictus var á akri með bræðrum. Ok er þorpkallinn vissi þat, þá kastadi hann líki sonar síns fyrir kirkiudy. En hann rann á mot Benedicto, er hann gekk af akri með bræðrum. En þorpkallinn kalladi þegar á Benedictum, er hann sa hann: «Gialltu mér son minn! Gialltu mér son minn!» Benedictus svaradi: «Weiztu, ath eigi tok ek son þinn frá þer.» Þorpkarllinn mælti: «Daudr er hann, en þú kom ok reis hann af dauda.» Benedictus varð hryggr ok mælti: «Farit brott þer, farit brott þer, þvíat þetta er vort verk eigi, helldr postola guds almattigs; til hvers bindit þer oss byrdar, þær sem vær megum eigi bera.» En kall var þrær á bæn sinni ok sör þess vit gud, at hann mundi eigi brott fara, fyrr en Benedictus gæfi líf syni hans. Benedictus spurdi, hvar líkit var. Hann sagdi ok kvad vera fyrir kirkiudyrum. En er guds þræll kom þangat, þá fell hann á kne hia líkinu til bænar ok helld höndum til himins ok mælti: «Drottinn! líttu eigi syndir minar, helldr tru þessa manz, er lífs bídr syni sínum, ok gialltu líkama hans önd, þá sem þú tokt á braut.» En er hann lauk bæn sinni, þá hrærdiz líkit ok hóf sveinninn upp augu sín. Benedictus tok í hönd honum ok selldi hann lífanda ok heilan fedr sínum.

## Fra syskinum Benedicti.

36. Benedictus atti systur, ok var hun nunna ok þionadi gudi, en hun het Scolastica. Hun var von ath koma á hverjum misserum til brodur síns, en þau funduzt á bæ þeim, sem skamt var frá munklífi Benedicti, þvíat þær skyllði eingin kona koma. En er þau funduz um dagh, þá ræddu þau um himneskar dyrdir þann dag til nætr, ok móðoduz bædi saman. Þá mælti Skolastica: «Ek bíð þik, brodir, at þú farir eigi á brött í nott, ok ræðum vid enn um dyrd guds.» Hann svaradi: «Mér er eigi lofat at vera annars stadar en heima.» Þá var svo vedri farit, at heid var um allan himin. Ok er Skolastica heyrði svör hans, þá laut hun á bordit í gaupnir ser ok bad til guds, ok er hun hóf upp höfði síno, þá var regn svo mikít ok elldingar ok reidarþrumur, at Benedictus matte eigi ut ganga né förunautar hans. En heilug mæri hafði svo bedit af ollum hug, at taralækirnir fellu af bordinu, ok kom þat allt senn á iord ok regn or lopti. En er Benedictus

sa, at hann matti eigi æ brott fara fyrir vedrs sakir, þa mællti hann vit systur sina: «Miskunne gud þer, systir, hvi gegnir þat sem þu gerdir?» Hon svaradi: «Ek bad þik, ok villdir þu eigi hlyda mer, bad ek gud, ok hlyddi hann mer. Far þu heim nu, 5 ef þu villt, ok gack ut.» En engúm manne þotte fært, ok var Benedictus þar naudigr, sem hann villdi eigi verit hafa. En þau voktu þa nott alla ok ræddu um himneska hluti.

#### Fra helgum Benedicto.

37. Annan dag eptir for hvort þeira til heimilis sins, ok er 10 .ii. dagar voru þadan lidnir, þa sat Benedictus i husi sinu ok leit upp til himins, ok þa sa hann önd systur sinnar fara til himins i dufu liki. Hann fagnadi dyrd hennar ok gerdi þackir gudi ok sagdi munkum andlat hennar ok sendi munka eptir likinu, ok var hon 15 lagin i grof þa, sem Benedictus hafdi ser gera latit, ok var þat makligt, at þau færi i eina grof, er bædi höfdu eina ast til guds.

#### Fra Servando diakna.

38. Diakn ok aboti munklifis þess, er Liberius hafdi gera latit, var vanr at koma æ hverium misserum til munklifis Bene- 20 dicti, en hann het Servandus. Ok er hann var kominn til fundar vit Benedictum, ræddu þeir dag þann allan um fagnat himinrikis, þann sem þeir löngudu badir miok til. Ok er svefntid kom, var Benedictus ofarla i stöpli nockurum, en Servandus var nedarr, ok matti ganga milli þeira. En undir nidri var hus þat, sem 25 hvilldu i lærisveinar þeira, ok voru sofnadir, en Benedictus vakti ok stod æ bæn wit glugg. Þa leit hann ut ok sa lioss svo mikit koma af himni, at öll foruzt myrkr nætrinnar, ok vard svo liost sem um midian dagh. En med liosinu sa Benedictus allan heiminn senn svo sem undir einum solargeisla, þat sa hann ok med, at einglar 30 guds baro aund Germani byskups i elldligri asionu til himins. Þa kalladi Benedictus æ Servandum tysvar eda þrysvar. En Servandus stod upp þegar, er hann heyrdi, ok leit ut ok sa liosit, ok þotti mikils um vert takn þetta. Þa sagdi Benedictus honum 35 ena sömu nott til borgar þeirar, er Kampania heitir, ok bad hann spyria at Germano byskupi, ok er sendimadr kom þangat, þa var

byskup andadr, ok hafdi æ þeiri stundu andáz, sem Benedictus sæ ond hans fara til himins.

#### Andlat Benedicti.

39. En a þeim vetri adr Benedictus andadiz, þa sagdi hann fyrir nockurum lærisveinum sinum andlatzdag sinn. Hann baud þat ok þeim, at þeir segdi eigi odrum, en þeir bædi þess alla munka, at þeir leiddi athuga, ef nockur takn birtiz i andlati hans. Sex dogum fyrir andlat sitt let hann luka upp gróf sinni. Þa tok hann ridosott mikla, ok vox sottin miok, ok enn setta dag let hann lærisveina sina bera sig til kirkiu ok tok corpus domini ok let munka ganga undir hendr ser, ok stod hann sva ok hellt höndum til himens, ok andadiz, þa er hann var a bæn. En æ þeim degi vitradiz enn undarlig syn tveimr munkum, odrum þeim er var heima i husi sinu, en odrum þeim er var fiarre þangat. Þeir sæ badir götu fagra skinandi mikilli dyrd ok liose; hun læ i austr fra husi Benedicti til himins; æ þeirri gotu stod madr biatr i dyrlighum buningi ok spurdi, hvern götu þessa ætti, en munkarnir letuz eigi vita. Þa mællti hann vit þa: «Þessa götu stigr Benedictus guds vinr til himens.» En af vitran þesse vissu þeir andlat Benedicti iafnvist, er fiarri voru, sem þeir, er þar voru hia. Hann var grafinn i kirkiu Johannes baptiste, þeiri sem hann hafdi gera latid or heidnu hofi, ok synir hann þar margar iarteiner ok svo i helli þeim, er Sublacus heitir, er hann bygdi fyrst i einsetu.

#### Miraculum.

40. Kona nockur var vitlaus, reikadi nætr ok daga um fioll ok heidar, skoga ok völlu, ok hafdi hun þat eitt hvilldar, er mædi eda svefn neyddi hana til. Hun kom a nockurum degi til hellis Benedicti ok hvildiz þar fyrir þreytleika sakir ok sofnadi þar, en hun vaknadi heilvita, ok var svo heil alla æfi sina sidan, sem hun hefdi alldregi verit vitlaus. Vær skulum bidia Benedictum guds vin, at hann arne oss miskunnar, er svo hefir i sinu lifi greida götu geingit ok gefit dæmi ollum sinum sporgöngumonnum, at hann mun marga eptir ser leida til himinrikis, ok arnat fae þess vit gud, ath af hans bænum batnim vær ok bætt fain til fullz vor vond verk, ok vær lifim til batnadar, þat sem



eptir er lífdaga vorra, ok ath þeim lídnum mætim vær fyrir þeim fagnadi, sem vinnz um allar alldir. Amen.

---

### APPENDIX.

*Da Sagaen om Benedictus af Nursia o.aa indeholdes i anden Bog af Pave  
5 Gregors Dialoger, meddeles paa dette Sted, hvad der er oss levnet af disse.*

(*Cd. 677 quarto, A; Cd. 239 folio, B; Fragm. i Norske Rigsarkiv, C*)

**Incipit primus liber dialogorum quem fecit beatus Gregorius papa.**

A nockurum degi þa er Gregorius var hryggr af optligum  
10 fiólskyllidum þessa heims, þa for hann at sitia einn saman i nock-  
urum leyndum stad ok hafði i hug ser öll vandredi, þau er at  
hendi honum baruz af heimi þessum. Enn er hann hafði þar  
lengi setit ogladr af miklum harmi, þa kom þangat enn vitrasti  
diakn hans ok fostri Petrus. Enn er hann sa Gregorium meðazt  
15 af harmi, þa melli hann: «Hefir nockut þat nytt at hendi þer  
borit, er ek se þik ogladara enn vant er?» Gregorius svaradi:  
«Harmr sa, er ek þoli hvern dag, er mer forn fyrir vanda enn  
nyr fyrir auka: þviat vesall hugr minn serdr af mörgum fiólskyllid-  
um minniz a þat, hvilikr hann var fyrr i munklif, þa er hann  
20 var upphafdr yfir alla hluti, þa er her i heimi velltaf, ok girntiz  
engiss nema himneska hluti eina, ok hann elskadi daudann sialfan  
sva sem inngöngu lífs ok ömbun erfidis sins. Enn nu þolir  
hann hvern dag fiólskyllidi veralldigra hluta af hirdis ahyggiu  
ok saurgaz af dusti iardligrar syslu eptir fagra asionu hvilldar  
25 sinnar. Ok þa er hugr dreifir sik til inna ytri hluta, þeira er  
hann vill vorkynna, þa kemr hann<sup>2</sup> minni aptr til inna idri  
hluta, þott hann girniz þangat. Virði ek, hvat ek hefi tekit eda  
hveriu ok hefi tynt. Enn þa er ek lít, hveriu ek tynda, þa verdr  
mer þung byrdr, su er ek ber. Nu reida mik storar bylgiur mikils  
30 siofar ok margar hridir a hugar skipi. Enn (er) ek minnumz ens  
fyrra lífs, þa er sem ek lita aptr til strandar þeirrar, er ek fyrirlet.  
Ok þa er mik reida miklar barur, þa ma ek trauf höfr sia, þa

<sup>1</sup> *Begyndelsen mangler i A, der først tager fat i første Bogs Cap. 10; indtil da lægges B til Grund.*      <sup>2</sup> *rettet; hans B; minor redit lat.*

er ek hvarf fra; þviat su er nattura hugar, at hann [tynir fyrst þvi godu er hann helldr, ok minniz<sup>1</sup> þess, at hann hefir þvi tynt; ok er hann hverfr þadan langt a brott, þa gleymir hann þvi godu, er (hann) tyndi, ok tekr eigi at muna þat, er hann elskadi fyrr, medan hann hellt þvi. Þviat þa er ver siglum langt i haf, þa megum ver eigi sea hvilldarhöfn, þa er ver fyrirletum. Þat geriz enn til auka harms mins, er mer kemr i hug lif þeira nockurra, er af ollum hug fyrirritu heim þenna. Ok þa er ek lit hęd þeira, þa skil ek, hve lagt ek ligg. En þeir likudu margir sva skapara sinum vel i leyndu lifi, at almattigr gud villdi eigi þrongva þa i fiólskyllidum þessa heims. Enn þa ma ek þat betr skyra, er ek sagda, ef ek greini þa at nafni, þa er ek vil fra segia.»

Petrus. Eigi ero mer ęrid kunnir þeir menn, er her skina i kraptalifi þvi, er þu megir af þeira samvirþingu hitna til guds astar. Eigi efa ek marga goda vera a þvi landi, enn eigi ętla ek þa iarteinir gera, eda ella er þvi sva leynt, at ver vitum eigi iarteinir þeirra.

Gregorius. Þott ek segia þa hluti eina, er ek nam af enum skynsómuztum mōnnum eda ek matta sia eda heyra, þa ętla ek fyrr munu dag þenna þriota enn dęmisögur.

Petrus. Þat villda ek, at þu segdir mer nockut fra þeim, þviat iōfn kenning geriz af skyringu ok af minningu krapta. I skyringu ritninganna kennum ver, hversu finna skal ok hallda krōptum, en i minningu iarteina vitum ver, hversu lukaz fundnir kraptar ok halldnir; ok ero þeir sumir, er betr styrkiaz til astar guds af dęmum enn af kenningum. Opt geriz tvifōlld hialp i hugskoti heyrandi af dęmum heilagra fedra, þviat hugr kyndiz til astar ovordins lifs af samvirþingu þeira, ok lęgiz hann, þa er hann heyrir sagt fra ódrum ser betrum, ef hann þottiz adr nockurr fyrir ser vera.

Gregorius. Þa eina hluti mun ek segia, er ek heyrdi af skynsómum mōnnum, eptir þeim dęmum sem Marcus ok Lucas ritudu gudspiōll, meir af heyrn enn at syn.

1. <sup>2</sup>Þęr mikill er i heradi þvi er Samnia heitir. A þeim bę bio madr, sa er son atti, þann er Honoratus het. Enn sa sneriz þęgar a unga all dri til himneskrar astar ok męddi likam sinn i fōstum. Enn er hann skein af godri atferd ok sa miok

1 [rettet; fysti gott ok minnaz B; ita sunt casus mentis, ut prius quidem perdat bonum, quod tenet, si tamen se perdidisse meminert. lat.

2 af Honorato Overskrift.

- vid onytum hlutum ok meðdi hold sitt i meinletum, þa gerðu  
 frændr hans mannbod a nockurum degi, ok var kiöt buit til bordz.  
 Enn er honum var eigi hugr a því at eta kiot, þa hlogu frendr  
 hans at honum: «Ettu þessa fędzlu, sögdu þeir, þvíat ver megum  
 5 eigi fa þer her fisk a fialli.» Þviat sa þer var sva upplegr, at  
 þar hafdi alldri fiskr sęn verit. Enn er Honoratus var hlegin i  
 slikum malum, þa for þrell til brunnz at taka vatn. Enn er  
 (hann) sökti fótunni i brunninn, þa var þar i fiskr, ok matti sa  
 fiskr þörf vinna Honorato þann dag til fęzlu. Þa undruduz allir,  
 10 ok letu frendr hans af at hlegia at honum, ok lofudu tru hans,  
 þa er þeir hlogu adr at. Enn er Honoratus vöx i kröptum, þa  
 setti hann munklifi i stad þeim er Fundis heitir, ok var hann  
 aboti yfir .cc. munka, ok gaf mörgum god demi i sínu lif. A  
 nockurum degi lostnadi steinn mikill ur fialli upp fra munklifinu,  
 enn er steinn hliop ofan, þa horfir hann a klaustrid ok egdi bana  
 15 öllum brędrum. Enn er heilagr Honoratus sa þat, þa kalladi  
 hann a nafn Kristz ok gerdi krossmark i mot steininum. Enn  
 steinnin nam þar stadar i midri fiallzhlid, þar er engum manni var  
 von, at hann mętti festaz. Enn sa steinn stendr þar sidan fastr  
 i þeim stad, ok þickir sem hann muni þa ok þa ofan falla.
- 20 Petrus. Hvers lęrisveinn var sia enn göfgi madr, er sva margra  
 lerifadir vard sidan, þa er hann red fyrir .cc. munka?
- Gregorius. Engis mannz lęrisveinn hefir hann verit, enn eigi ero  
 gıafir heilags anda undir manna lögum. Þat er vandi retrrar  
 atferdar, at engi dirfi sik at vera lerifadir, nema hann hafi fyrir  
 25 verit lęrisveinn, ne bida hlydni undirmönnum sinum, nema hann  
 nęmi fyrir at veita hlydni ifirmönnum. Enn þo ero nockurir  
 þeir, er lęraz af helgum anda, ok hafa þeir radning ens idra  
 lęrifödur, þvíat þeir hafa eigi ena ytri lering af mönnum. Enn  
 ostrykum mönnum er eigi fallit at hafa ser at demum frelsi lifs  
 30 þeira, at eigi verdi þeir lęrifedr villu, þa er þeir fyrirlita at vera  
 lęrisveinar manna, ok treystaz, at þeir se lęrdir af helgum anda  
 slikt sem hinir. En hugr, sa er fylliz af helgum anda, hefir mark  
 a ser, þat er kraptr ok litilleti. En er þat kemr saman hvar-  
 veggia i einu hugskoti, þa berr þat vitni navistu heilags anda.
- 35 Sva sem Johannes baptista var eigi af mönnum lędr, sva sem  
 Kristr sialfr lęrdi adra likamligri navistu ok var eigi likamligr  
 lęrisveinn, sva var ok Moises i eydimörk lędr af engli guds ok  
 nam þar bodord, er eigi kendi madr honum. Enn þessir hlutir,

er ver segium, ero ostyrkum mǫnnum gǫfgandi enn eigi eptir-  
likiandi.

Petrus. Hugnar mer þat er þu segir, enn þat villda ek vita,  
hvert sia enn helgi Honoratus let eptir sik nockurn lærisvein ser  
likan.

2. Gregorius. Libertinus het, enn gǫfgahti madr, sa er  
fæddr var ok lærdr i munklifi Honoratus, ok var sidan forradsmadr  
munklifissins. Fra honum ero mer margar iarteinir sagdar, þott  
ek muna fær segia. Sia madr Libertinus atti fǫr skyllda fyrir  
naudsynium munklifissins i Samnia herad. Enn er hann reid  
leidar sinnar, þa kom a mot honum hertugi þiodar þeirar, er Gothi  
ero kalladir, ok toku lidsmenn iarlsins hest undan Libertino. En  
hann bar þolinmodliga ok selldi þeim svipu, er hann keyrði med  
hestin, enn sidan geck hann til þenar. Enn lidsmenn iarlsins foru  
leidar sinnar skyndiliga, unz þeir komu til ár þeirar, er Wlturnus  
heitir, þa namu hestar þeira stadar ok gengu eigi á ána helldr  
enn á hit mesta forad. Enn er þeir keyrdu hestana med svipum  
edr sporum, þa mattu hestarnir meðaz enn eigi or stad ræraz.  
Enn er þeir meðduz, er hestana keyrdu, þa gat einn þeira, at  
þeir mundu þess at giallda, er þeir gerdu guds þræli oskil um  
götu. Þa hurfu þeir aptr ok fundu Libertinum a þenum, ok  
mælltu vid hann: «Ris upp þu ok tak hest þinn!» Enn hann  
svaraði: «Farit er i fridi, eigi þarf ek nu hestin.» Þa stigu þeir  
af hestum ok hofu Libertinum sialfir a hestin, þann er þeir höfdu  
af honum tekit, ok foru þa leidar sinnar. Þa foru hestar þeira  
sva skyndiliga yfir ána, þa er þeir mattu eigi adr yfir fara, sem eigi  
veri vatn i anni, ok nutu þa allir sinna hesta, er þeir letu guds  
þræl hafa sinn hest.

A þeiri tid kom höfþingi, sa er Bucellinus het, med Fracka  
her miklum i Campania herad. Enn (er) hann fra þat, at óðefi  
voru mikil i munklifi Libertini, þa gengu Frackar inn i kirkiu,  
þar er Libertinus var a þenum, ok leitudu hans ok kölludu akaf-  
liga. Þa vard undarligr hlutr, er þeir leitudu hans, þeir gengu a  
hann ok drapu fotum ok mattu eigi finna hann ne sia hann. En  
er þeir urdu sva tældir af blindi sinni, þa foru þeir a brott fra  
munklifinu ok höfdu óngan eyri þadan.

A annarri tid for Libertinus til borgar þeirar, er Ravenna  
heitir, enn hann hafði sendan aboti, sa er nestr var Honorato

lærifödur hans. Enn fyrir elsku lærifedr hins var Libertinus vanr  
 at hafa með sér skoleist hans, hvargi sem hann fór. Enn er  
 hann fór leidar sinnar, þá mætti hann konu nockurri, er fór með lík  
 sonar hins nyandads. Enn er hon leit guds þræl, þá tok hon i  
 5 tauma hesti hans ok mælti: «Eigi muntu hedan fara, nema þú  
 reisir upp son minn.» Enn hann oadiz akafa þegar hennar, þviat  
 hann var eigi vanr at gera slíkar iarteinir, ok villdi fordaz konuna  
 ok matti eigi. Þá tok at beriaz i briosti hans litilleiti ok mis-  
 kunsemi, hrezla ok harmr: hræddiz hann at freista oreyndrar iar-  
 10 teinar, ok harmadi hann þó með sonlaussi konu. Enn til guds  
 dyrdar ste milldi yfir kraptaudikt briost, þviat eigi væri krap-  
 taudikt, ef eigi stigi milldi yfir þat. Þá ste Libertinus af hesti ok  
 féll a kne ok hellt höndum til himins, ok tok skoleist lærifödur  
 hins ur serk sér ok lagdi a briost enum dauda. Sidan hvarf aptr  
 15 önd sveinsins til líkams, ok tok Libertinus i hönd honum ok  
 selldi hann lífanda modur sinni, enn hann fór leidar sinnar.

Petrus. Hvat ætlum ver, hýart þessa iartein gæti af gudi verd-  
 leíkr Honorati edr þen Libertini?

Gregorius. Slíka iartein matti syna kraptr hvarstveggia þeira  
 20 ok trúa konunnar; ok ætla ek, at af (þvi) mætti Libertinus þetta  
 geta, at hann treysti meirr lærifedr sinum enn sér sialfum, þviat  
 hann ætladi sik geta þat, er hann bad, af þess verdleikum, er hann  
 lagdi skoleist yfir lík ens andada. Sva gerdi Heliseus forðum, er  
 hann kom til Jordanar, at hann laust mötli lærifödur hins a vatnit  
 25 (ok mælti): «Hvar ertu nu gud Helie?» Þá gerdiz þegar gata  
 ífir ana. I þessum hlut megum ver virða, hversu mikit litilleitis  
 kraptr vinnr, at þá matti Heliseus vinna kraptr lærifödur hins, er  
 hann mintiz nafns hans.

Petrus. Er nockut enn at segia fra þessum manni, þat er oss  
 30 megi stoda til kenninga?

Gregorius. Er til at segia, ef nockurr villdi eptir líkia, þviat  
 ek ætla ædri vera þolinmædi enn iartein. Aboti sa var bradlyndr,  
 er næst var eptir Honoratum. Enn hann var reidr um dag Liber-  
 tino, sva at hann matti varlla stilla sik. Enn er hann fann eigi  
 35 vönd at liosta hann, greip hann upp fotskemmil ok laust i andlit  
 honum, sva at allt andlit hans blanadi ok þrutnadi. Þá fór Liber-  
 tinus þegiandi til reckiu sinnar. Enn naudsynia fór nockura vard  
 annan dag at fara fra munklífinu. Enn er ottutidum var lokit,  
 þá geck Libertinus til reckiu abota ok qvaddi litillatliga blezunar.  
 40 Aboti vissi, at Libertinus var öllum kunnr at gæzku, ok ætladi

hann, at hann mundi vilja brott fara or munklifinu fyrir oskil, þau er honum voru gior, ok mælti við hann: «Hvert villtu fara?» Enn hann svaradi: «Skyld er för at fara naudsyn munklifissins, fadir, ok ma ek eigi þa för fordaz, þviat ek het i ger at fara þangat i dag.» Þa komz aboti við af enu(m) inztum rotum hiartans, er hann sa hardleik hiarta sins, enn hogveri Libertini, ok reis upp þegar ur reckiu sinni ok fell til fota Libertini ok taldiz sekr vera ok misgert hafa, er hann gerdi slíka meingerd guds þreli. Enn Libertinus fell til fota abota, ok qvad helldr þetta ordit af sinni synd enn af grimleik hans. Þa sneriz aboti til hogveris, ok var þolinmæði lerisveins lerimodir lerifödurs. Enn er Libertinus kom þangat, er hann atti för or munklifinu, þa spurdu kunningiar hans ok vinir, hvi andlit hans vere sva blatt ok þrutit. Enn hann svaradi: «Fyrir syndir minar laust ek i ger aptan andliti minu a fotskemmil.» Sva hirdi heilagr madr i briosti ser þædi sannsögli ok göfgun lerifödur, at hann leyndi synd hans ok gerdi eigi sialfr synd i lygi. Sia madr, er ver segium nu fra iarteinum, atti marga lerisveina, þa er iarteinir gerdu, enn ek mun þo fra fám segia, þviat ek skyndi til annars. Einn hlut mun ek þann segia, er mer þickir eigi fallit at þegia yfir.

3. I þvi sama munklifi var munkr, sa er gofugt lif hafdi, enn sa vardveitti kálgard. Enn þiofr var vanr at koma iduliga i gardin ok stela. Enn er gardvördr fann, at stolit var or gardinum, enn sumt var spillt ok trodit, þat er eigi var a brott tekit, þa geck hann um gardin utan ok innan, ok fann um sidir stettir þer, er þiofrin hafdi gervar. Enn er hann kom i gardin, þa fann hann þar höggorm ok mælti við hann: «Fylgdu mer.» Enn er hann kom þangat, er þiofrin hafdi stettirnar gert i gardinum, þa mælti hann við orminn: «I nafni Jesus Kristz byd ek þer, at þu verir þiofrinum götu þessa.» Þa lagdiz ormin i hring hia stettunum, enn munkr for heim til hussins. Enn þiofr kom til gardz eptir vana sinum, þa er allir munkar svofu um middegi. Enn er hann villdi stiga inn um gardin, þa sa hann, at höggormr la a götunni, ok vard hann hræddr ok fell af gardinum ut. Enn fotr hans vard fastr, þviat gardstaurr krækti i sko honum, ok heck hann þar, unnz munkr kom til gardzsins. Enn er hann kom i gardin, þa mælti hann við ormin: «Gudi þauck, gerdir þu sem ek baud, far brott nu!» Þa for hann brott þegar. Enn er munkr kom at, þar er þiofr heck, þa mælti hann við hann: «Hvat er nu, brodir? Gud selldi þik mer nu. Fyrir hvi þordir þu sva opt at stela fra

bræðrum?« Þá leysti hann fot þíofsins ok let hann s(t)íga nidr hogliga ok bad hann fylgia ser. Þá leiddi hann hann heim til gardzhlids ok gaf honum alldin, þat er hann villdi stela, ok mælti vid hann: «Far þu nu ok stel eigi sidan, enn ef þer verdr þorf, 5 þa kom þu til min, ok mun ek gefa þer vid godan hug þat, er þu villdir stela med syndum.» Þá for þíofr a brott ok var alldri fundinn at stulld sidan.

4. <sup>1</sup>Equicius het einn enn helgazti madr i Valeria heradi, hann var agetr at heilagleik sinum ok iarteinum, ok red hann 10 fyrir mörgum munklifum i því heradi. En er hann var a ungunum alldri, þa hafdi hann freistni mikla a likam sinum til munudlifs. Enn hann sotti til þena skiols ok bad af öllum hug gud fulltings a freistunar tid. Þa syndiz honum engill guds i draumi a nöckurri nott ok braut or likam hans alla lostasemi, sva at hann 15 kenndi alldri sidan freistni a likam sinum. Enn er hann hafdi þenna krapt fengit af gudi, þa tok hann íáfnat at hafa forrad a nunnum sem a murkum. Enn hann taldi þat þo fyrir lærisveinum sinum, at þeir treystiz eigi ser eptir hans demum, at eigi felli þeir i synd, ef þeir treystiz þeiri giöf guds, er þeir höfdu eigi.

20 A þeiri tid, er fölkunnigir menn voru teknir i Romaborg, þa flydi einn þeira, sa er kunnigaztr var, ok het sa Basilius, ok kom i munks buningi til byskups þess, er Castorius het i Valeria heradi, ok bad hann byskup, at hann kvæmi honum til munklifs Equicij, at hann mætti leidrettaz. Þa kom byskup til munklifs 25 ok hafdi Basilium med ser ok bad guds þrel Equicium, at hann tæki vid honum. Equicius leit vid honum ok mælti: «Sia er þu felr mer a hendi, hann syniz mer helldr diöfull enn munkr<sup>2</sup> . . . . . eigi þegar a. Þa bad Equicius Julianum dveliaz med ser nöckura daga ok . . . . . dum . . . . [Muntu 30 vita þ]a, i hviliku vardhalldi [guds þeir eru, er] sialfir sik fyririlita, [ok hver]n veg þeir hafa [med ödrum mönnum, er] eigi skammaz at verda fyririlitnir af mönnum. Enn þar i gegn liggia þeir lagt i guds ögliti, er dramba i [ögliti sinu] ok naunga sinna. Sva sem drottinn mælti vid nöckura: «Er drambit fyrir mönnum, enn 35 gud veit hiortu ydr, þviat þat er rekt fyrir gudi, er hátt er mönnum.»

Petrus. Ðat undrumz ek i þessu mali, er gofugr byskup skylldi trua lognu fra helgum manni.

Gregorius. Hvort undraz þu, Petrus, þat, þott ver verdim teldir af lygi iardligir menn, þar er David, sa er spaleiksanda hafdi opt, ok trudi hann ordum sveins þess, er ló at honum, ok let drepa saklausan son Jonathe. Hvat er undarlikt, þott lygimenn teli oss, er eigi erum spamenn, þviat hugr byskupa er opt i mikilli ahyggju, ok verdr þa minni athugi einshvers hlutar, er hann dreifiz til margs, ok ma hann þvi auðvelligar teldr verda i einum hlut, sem hann annaz um fleira.

Enn er heilagr Equicius for af heimi, þa var lik hans grafit i Laurencius kirkiu. Enn þorpkarll nockurr setti byrdu hveitis fulla um dag a leidi hans ok hugdi eigi at, hversu heilagr sa var, er þar var grafin. Þa kom hvirvilvindr ur lopti ok hof upp byrduna ok kastadi langt a brott fra leidi Eqvicij. Enn sa vindr hrærdi ecki annat, ok mattu þa allir skilia, hversu mikill dyrdar(madr) fyrir gudi er þar var grafin. Enn þa er Langbardar heriudu i Valeria herad, þa flydu munkar til Laurencius kirkiu ok til leidis Eqvicij. En Langbardar þustu inn eptir þeim i kirkiuna ok toku at draga þa ut ok villdu bana þeim edr pina þa. Þa kalladi einn þeira oc mælti: »Likar þer þat, heilagr fadir Eqvicius, at ver sém sva dregnir, ok hlifir þu oss ecki?« En er sa hafdi þetta mælt, þa greip ohrein andi alla þa hermenn, er i kirkiunni voru, ok fellu þar til iardar ok voru qvalldir, allt til þess er hinir hetu, er uti voru, at þeir mundu alldri sidan heria i sva helgan stad. Ok hlifdi Eqvicius sva lerisveinum sinum, at hann veitti morgum odrum hialp i þvi.

5. I borg þeiri, er Anchonitana heitir, var kirkia heilags guds piningarvotz Stephani. Þa kirkiu vardveitti heilagr madr, sa er Constancius het. En sa var vida agætr af heilagleik sinum, þviat hann fyrirlet alla iardliga hluti, enn hann hafdi allt kostgæfi til himneskrar dyrdar. Enn er hann hafdi eigi um dag vidsmior at lysa i kirkiunni, þa let hann fylla öll liosker kirkiunnar af vatni ok setti kveik i midiu, sem hann var vanr. Enn er hann bar elld til ok tendradi, þa brann sva vatnit i lysikerum, sem þar veri vidsmiör i.

Petrus. Undarligan hlut heyri ek nu, enn vita vil ek, hvert litilleti sia madr hafdi innan rífa, er slikan krapt matti syna.

Gregorius. Maklikt er at vita litilleti þeira manna, er iarteinir syna, þviat iarteinir, þer er mönnum ero syndar, meða hugin



med mikilli freistni. Enn ef þu heyrir einn hlut, þann er sia madr gerdi, þa muntu vita bratt, hvert litilleti hann hafdi. Þa er saga geck fra heilagleik hans, þa sottu margir fund hans, ok for þorp-kall nockurr um dag langan veg at sia hann. Enn þa bar sva  
 5 til, at Constancius stod a knacki ok gerdi at liosi. Enn hann var manna minztr at vexti ok liotr at aliti. Þorpkarlin spurdi, hvar Constancius veri, ok var honum sagt. Enn er hann sa mann liotan ok lagan, þa trudi hann eigi, þviat heimskr hugr demir verdleik eptir likams aliti. Þa gerdiz þreta nockur i hug þorpcallzins a milli  
 10 þess er hann sa ok heyrdi sagt, þviat hann hugdi eigi sva lagan mega vera þann, er (hann) heyrdi sva hafan taldan i iarteinum. Enn er margir sôgdu honum, at þat var hann Constancius, þa hlo þorpkarlin at honum oc melli: «Ek truda þenna mann mikinn vera, enn hann er afstyrmí.» Enn er Constancius heyrdi þat, þa  
 15 vard hann gladr, ok geck þegar fra liosinu ok hvarf þegar til þorpkarlzins ok qvaddi hann sva blidliga ok feginsamliga, sem þa er hinir kerstu vinir finnaz: «Þu einn er sa, er rettum ôgum litr a mik.» I þessum hlut er merkianda, hvert litilleti Constancius hafdi, er hann qvaddi sva hyrliga þann, er hlo at honum.  
 20 Þviat af meinmelum verdr hverr reyndr, hvilikr hann leyndiz adr at sin sialfs; þviat fagna litillatir, er þeir ero fyrirlitnir, sem dramblatir fagna, þa er þeir eru dyrkadir, ok fagna þeir af því, þa er þeir ero litils virdir af ôdrum, at þeim pickia þa adrir þann dom sanna, er þeir demdu adr sialfir um sik.

25 6. I enni sômu borg Anchonitana var byskup heilagr, sa er Marcellus het, en fotaverkr bannadi honum gôngu, ok baru sveinar hans hann a handknôckum þangat, er hann atti naudsyn at fara. Enn a nôckurum degi kom elldr i borgina, ok toku môrg hus at loga, sva at til þess þotti horfa, at borgin mundi ôll brenna,  
 30 þviat menn mattu eigi slôckva elldin. Enn er elldrin sotti sva miok borgina, þa bad byskup bera sik i mot elldinum, ok melli vid þa, er hann baru: «Setit er mik i mot elldinum.» Enn er þeir gerdu sva, at þeir settu hann i mot elldinum, þa er login var akafastr, þa tok elldrin at snuaz apr ok syndi þat, at hann  
 35 matti eigi granda helgum byskupi. Enn er login stôdvadz af þessu endimarki, þa slocknadi elldrin ok þordi ecki hus at brenna sidan.

7. Munklifi stendr i fialli því er Soractis heitir. I því munklifi var guds þrell, sa er het Nunnosus. Enn hann hafdi þat velli  
 40 i fra Nunnuso guds manni *Oversk.*

ok forrad munklifissins, er næst var abotanum. Aboti var hardlyndr, enn hann bar þolinmodliga riklyndi hans ok stillti opt reidi hans med hogveri sinni ok litilleti. Enn munklift var sett i fiallzhlid, sva at engi var slettr sta(dr), sa er munkar mætti setia kálgard. En hialli litill sa var i hlidinni, ok skutti þar yfir biarg mikit. Enn sa stadr syndiz Nunnoso hellz fallit til kálgardzins, ef eigi meinadi biargit, en honum syndiz steinn sa sva mikill, at eigi mundi hundrat yxna draga. Enn er hann sa eigi lidsmegin til at hræra steinin, þa leitadi hann af gudi fulltings ok hvarf til þenar um nott. Enn at morni þa var inn mikli steinn langt a brott hrædr ur þeim stad, ok gafz þa munkum erit rum at setia kalgardin.

25 sidan.« Valerianus svarar: »Hvern dag ferum vit forn almatkum gudi, en eigi fleirum.« Almachius mælti: »Hverr er einn gud sa er þid pionet?« Valerianus svaradi: »Eingi er annarr gud nema sa einn.« Almachius mælti: »Segi þid nafn þess ens eina guds, er þid gogfit.« Valerianus svaradi: »Nafn guds montu eigi finna,

30 þott þu megir fluga.« Almachius mælti: »Er eigi Odénn gud?« Valerianus svaradi: »Hordomsnadr var hann ok manndrapsnadr ok odadamadr, at því er skalld ydur segia. En ek undrumz þat, af hvi þu kallar hann gud, þvíat eingi ma gud kallaz, nema sa er

ok unno þeir ervidlega. Þa toku leikmennernir at hlægja at þeim ok mæltu vid þá: Leggit nidr, veselir, þetta hit onyta verk ok ervidi, en etit ok drekit med oss, ok mædit ydr eigi i svo miklu ervidi. Þa epto þeir at verkmonnum ok kvodu þá era vera ok skelldu lofum saman. Sumar kom eptir þann vetr, ok rann up akr a velle verkmanna med ollum fogrum bloma ok dyrlegom grosnum, ok baro alldentre þeira allzkyns C.

40 1 Her ender B. 2 ælltudum C. 3 Lat.: Jovis ergo nomen non est deus.

syndalaus er ok allra dada er fullr.« Almachius mælti: »Segi þid þat, at þid brøðr kunnit sannan gud, en allr heimr villiz?« Valerianus svarar: »Otallegr lydr hefir vid cristne tekitt, en þer erud hellðr fair, er til einskis erud maklegir nema til þess at kasta ydr i elldd.« Þa reiddiz Almachius ok let beria hann stongum. 5  
En Valerianus mælti med fagnadi: »Sia dagr er mer hverri hatid gladari, þessar stunddar æskta ek mer ævallt.« Kvalamenn baurdu hann ok mæltu: »Hird eigi þu at lasta god vor ok gydiar.« En Valerianus kalladi æ lydin ok mæltu: »Hyggitt þer ad, Romaborgar menn, ad eigi styggve ydr sia pisl min ne teygi ydr fra 10 sannleik, hellðr standi þer upp hraustlega ok fyrirlitid god þau er Almachius gofgar, þviat i eilifri kvol muno þeir vera, þeir er þau gofga.« Þa mælti radgiafi greifans, en sa het Tarqvinus: »Skynd þu pisl þeira, þviat ger er sokin, en ef þu dvelr dag fra degi, þa muno þeir veita alla aura sina, ok muntu ekee þat finna.« 15

#### Capitulum.

9. Þa mælti greifinn, at þa bada brøðr skyldi leida til Odens hofs ok neyda þa til blota, en hoggva bada, ef þeir villde eigi blota. En sa het Maximus, er þa leiddi til blothofsens. En hann mælti vid þa med tarum: »Hverr kom sva grim(ri) eði at 20 yr, at þid villdud glata fegrd (ok) esku ykkarre, ok langit sva til dauda sem solltenn madr til krasa?« Tiburcius svaradi: »Alldri munom ver fysaz at tyna þessu lifi, nema ver vissum fyrir, at annad lif er eilift eptir.« Maximus mælti: »Hvert ma annad lif vera en þetta?« Tiburcius svaradi: »Sva sem likamr skrydiz 25 klødum, sva skrydiz onnd likam, ok ferr onnd or likam, sem madr ferr or klødum, ok ferr þa likamr i molld, sa er or molldu var skapadr, ok bidr þadan oordinnar uppris, en ond er leidd til paradisar selu, ef hun er heilog, ok bidr þadan tidar uppris sinnar.« Maximus mælti: »Fysaz munda ek at hafna þessum 30 heime, ef ek mætti vist vita annad lif, þat er þid segit vera.« Valerianus svaradi: »Ef þer er þess eins vant at algiorre tru, at þu villt reyna, hvort vit segium satt eða eigi, þa mun drottemn luka up augo þin a þeire tid, er vid brøðr leggium nidr likame okkra iardlega fyrir guds nafne, ok muntu þa reyna dyrd hins 35 oordna lifs, ef þu heitr þvi, at þu muntt af ollum hug idraz villu þinnar.« »Synit þid mer þat er þid hetud, qvad Maximus, en ek verdi þa elldingu lostinn, ef ek iata eigi þeim gudi einum, er

annat lif gerir eptir þetta lif.« Þá mæltu badir brædr: »Efa þu þat af pislarmonnum i dag, at þeir dvele pisl oëkra, ok leid okr til hus þins, ok siem vit þar vardveittir i nott; en vit munum þangat koma þeim manne, er þig mun hreinsa af synda saure a þesse 5 nott, ok muntu þegar sia þat, er vit hetum þer.« En er Maximus leiddi þa til hus sins, þa tok hann tru af kenningum þeira ok hiu hans oll, ok biuggudz til pisola allir þeir, er þeim fylgdu til hofsens. Þa kom heilog Cecilia til þeira um nottina med kenne- monnum, ok voru allir skirdir, þeir (er) tru toku. En er morgenn 10 kom, þa mælti Cecilia við þa: »Heilagir Kristz<sup>1</sup> riddarar, verpit<sup>2</sup> af ydr myrkra verkum ok skrydiz liosi, gott hafit þit þreytt ok lokit vel erfidi ok vardveitta tru; farit nu til dyrdarlifs, þess er rettlatr domandi gefr yckr ok ollum þeim, er elska hans tilkvomu med godum vilia.«

#### Um pining brædra.

10. [Bær sa var fíorar mílor fra Romaborg, er þíodgata læ fyrir framan dyr hía hóf Þors, ok var hverr píndr, er eigi villdi blota Þor 3. En er helgir brædr komu þangat ok villdu eigi blota skurdgodinu, þa voru þeir þar 4 sverdi slegnir, ok skilduz vit likam- 20 ligt lif, ok toku þeir vit 5 eilifa dyrd. Þá leit Maximus til himens ok mælti þetta: »Ek sa eingla guds skinandi sem sol a þeiri stundu, sem þeir voru högnir brædrnir, ok sa ek andir þeira i líking bíartra meya, þa er þær skilduz vit líkami, en einglarnir toku þær i fadm ser ok flugu til himens med þær.« En er 25 Maximus sagdi þetta med tarum, þa toku margir tru af ordum hans ok hurfu fra blotum skurdgoda. En er Almachius fann þat, at Maximus var kristinn ordinn ok hiu hans oll, þa let hann taka hann ok beria blyvondum 6 til bana, ok for hann til þess lífs, er hann trudi ok elskadi. En Cecilia [grof líkam hans hía þeim 30 Tiburcio ok Valeriano, ok er þeim öllum saman minning halldin um vorit .xi. nottum fyrir gagndagenn eina 7.

1 Med dette Ord begynder atter A. 2 kastit C. 3 [ Stadr var kalladr Pagus, sa var fíorar mílur fra Romaborg, þar la þíodgata i gegnum Odens hóf, en menn voru fengnir til at pína hvern þann, er þar gekk inn, sva (at) eigi blotadi skurdgodum eda ofraði þeim nockuro C. 4 þegar teknir ok grimlega píndir ok sídan med tilf C. 5 mál. C. 6 blysvipum C. 7 [ tok líkam hans ok lagdi hann i nýgia ste(i)nþro hía þeim brýdrum C.

## Fra Cecilie.

II. Sidan fretti Almachius at aurum þeira brædra, ok let hann taka Ceciliam, er likliguz þotti vera at vita aura þeira; en hun hafdi allt gefit [fataekium monnum<sup>1</sup>, þat er þeir höfdu eptir att. Þa var hun leidd til blotz, at hun brendi reykelsti fyrir skurdgodum. Þa mælti hon wit þa, er hana leiddu til blotzins: »[Hlydi þer mer, borgarmenn!<sup>2</sup> Þer erut þionar domanda ydvars, ok synizt ydr, sem þer munit eigi verda hluttakandi illzku hans, þott þer giörit þat, sem hann bydr ydr. [Ek em alfus at taka pislir fyrir nafni Kristz, en ek harma ydr, er þer gait eigi ydar ok gerit þat, er omilldr domandi bydr ydr at gera<sup>2</sup>.» Þa toku riddarar ok þionar greifans at harma<sup>3</sup>, at svo fögr mæi ok gaufug villdi deya, ok badu þeir hana, at hun tyndi eigi svo mikilli feigrd i dauda sinum. Heilög Cecilia svaradi: »Þetta er bot feigrdarinnar (helldr) en tion, svo sem at taka gull vit eiri eda dyrligan gimstein vit grioti, eda [selia herfiligan kofa ok taka wit höll mikla prydda gulli ok gimsteinum,<sup>4</sup> eda selia þann grip, er bratt skal faraz, ok taka þann fyrir, er alldri skal fyrnazt ok eigi spillaz ne fyrirfarazt. En ef nöckurr [væri sa kaupstadr, er menn mætti taka gull iafnmikit vit eiri, hvat mundit þier þa nema renna fegnir til þess stadar<sup>5</sup> ok kalla med ydr frændr ydra ok mæga ok vini ok alla astmenn ydra; en ef nockurr villdi ydr aptr kalla med tærum ok teldi ydr oradlikt ath selia allt eir ydvert, hvat mundit þier nema hlæia at þeim sva sem ath ærum monnum edr vitlausum, en þer mundit sialfir skunda ok fagna þvi, at þer mættit taka [iafnmikit gull vit eiri ok missa einskis penings i tölu eda vog<sup>6</sup>; en gud gefr eigi iafnmikit<sup>7</sup> sem hann tekr, helldr gefr hann hundratfallt vit einfoldu ok veitir umfram lif eilift. Truit þer, ath svo er sem ek segi ydr.« En þeir svorudu allir svo sem einni röddu ok mællto: »Truum ver Krist son guds vera, þann er ser waldi slika ambatt [sem þu ert<sup>8</sup>.« Þa mælti en helga Cecilia wit þa: »Farit þer nu ok segit [greifanum, at ek man vikia eptir<sup>9</sup> ydr, ath eigi hrapi hann pisl minni, ok þa man ek fylgia hingat kennimanni þeim, er ydr mun

1 [ þurfamonnum C. 2 [ tilf. C. 3 at klaukva, ok kunno þvi illa C. 4 [ mikla holl gulli skrydda vid litlum kofa ok ovirdulegum C. 5 [ bydr ydr i dag iammarga gullpenninga, sem hann (r.þer) sellduð eirpenninga, hvad mundu þer nema renna gladir til þess torgs C. 6 [ iamhofugt gull vid grioti eda eire C. 7 iamhofukt C. 8 [ tilf. C. 9 [ hinum vesala greifa, at ek haf latit at C. 40



alla giora hluttekendr<sup>1</sup> ens eilifa lifs.« En sva var gert, sem hun mælti. Þa kom Urbanus pafe ok skirdi i husi Cecilie meir en xl.<sup>2</sup> manna. En sa er þeira var æztr het Gordianus, hann lagdi sina eigu a huss Cecilie, til þess at Urbanus pafe [mætti þar wera, ok kristnir menn sækti þangat leyniliga tidir hans ok kenningar. En þott þar væri leyniliga guds þionosta framin, þa sômnoduzt þar hvern drottinsdagh nockurir gudi til handa fra diôfuls velldi.<sup>3</sup>

Fra Cecilie ok greifa.

12. Eptir þat let Almachius leida Ceciliam fyrir domstol sinn ok mælti vit hana: »[Hverrar kindar<sup>4</sup> ertu?« Cecilia svaradi: »Ek em [gôfugra manna ok tiginna<sup>5</sup> ath kyni.« Almachius mælti: »At tru þinni spurda ek helldr en ath kyni.« Cecilia svaradi: »Heimsliga hefzt spurning þin, er [þu ætladir i einu ordi mega lyktazt þat, er tvenn svôr liggia til.<sup>6</sup>« Greifinn mælti: »Hvadan kom þer [svo mikil dirfd til ath svara mer svo, tignum manni<sup>7</sup>?« Cecilia svaradi: »Af godu [viti ok ologinni<sup>8</sup> tru.« Almachius mælti: »Weiztu eigi, hvert velldi ek hefi?« Cecilia svaradi: »Þu veizt eigi sialfr, hvert velldi þu hefir; en ek munda segia þer, ef þu spyrdir mik eptir velldi þinu.« Almachius mælti: »Seg þu, ef þu þickizt vita.« Heilôg Cecilia svaradi: »Allt velldi manna er sem [vin(d)boltr se blasinn, er svo syniz sem fullr se ok þrutinn<sup>9</sup>, en hann visnar allr, þott einni nælo se stungit a honum.« Almachius mælti: »Af oskilum hoft þu mæl þitt, ok helldr þu enn þeim.« Cecilia svaradi: »Þat er oskila mal, ef madr lygr; þvi finn þu sonnur a þvi, ef ek hefi lôgit, ella hirtu sialfan þik, ef þu mælir lygi.« Greifinn mælti: »Veiztu eigi, ath konungar vorir budu at pina þaa menn, er eigi neita sik kristna vera, en lata hina undan ganga, er þvi neita?« Heilôg Cecilia svaradi: »Konungar ydrir villazt sialfir sem þer, ok lôg, [þau sem þu kallar konunga ydra sett hafa, syna, ath þer erut grimmir, en vær saklaus; þviat ef nafn þetta væri eigi gott, þa myndim vær

1 saal. A og C. 2 fioratugu C. 3 [ skyldi þar mega leynaz ok adrir cristnir menn med honum. En at hverium drottinsdegi somnuduz þangat leynelega nockurir, þeir er toku tru ok hurfu fra heidni C. 4 [ hyers.kyns C. 5 [ gaufug ok tigin C. 6 [ tvenn svor liggia til einnar spurningar C. 7 [ sia dirfd at svara sva kynduglega C. 8 [ hugskoti ok sannri C. 9 [ belgr blasenn, sa (er) þegar slaknar ok vesnar C.

þrautarlaust neita þvi, en þer mundit ok eigi neyda oss til með pislum<sup>1</sup> at iata.« Almachius mælti: »[Lög þessi settu þeir fyrir milldi sinnar sakir, at þer mættid vel lifa.« Cecilia svaradi: «Ecki er sidr milldlikt ok gagnstadligt enu retta<sup>2</sup>, en læta þa undan ganga omeidda, er þer reynit ath sönnu, at sekir se, en oss, er þer vitit at saklaus erum<sup>3</sup>, gefit þer nafn eitt ath sauk, ok þat nafn, er vær vitum vist ath heilagt er, ok mæ þat með eingum kosti verda, ath vær neitim þvi, þviat betra er at deya sælliga en at lifa vesælliga. [Vær segium satt, en þer beidit oss liuga, þvi kvelium vær ydr meir i reide, en þer oss i pislum<sup>4</sup>.« Almachius mælti: »Kios þu nu [um tvo kosti, annattveggia at þu seg, at þu ert eigi kristin, ok skalt þu þa undan ganga, eda þu mant elligar (eigi) fordazt pislir<sup>5</sup>.« Þa brosti en sæla Cecilia ok mælti: »[Se þar domanda berliga hneyktan fyrir ranglæti sitt; hann beidir, ath ek neita sakleysino, en ægir pislum, ef ek neita eigi. Ef þu vill mik fyrirdæma, hvi beidir þu þa, at ek neita sakleysinu? En ef þu vill mik lata undan ganga, þa matt þu reyna hit sanna<sup>6</sup>.« Greifinn mælti: »Nær eru þeir nu, er þik rægia ok segia, at þu ert kristin. [En ef þu neitar þvi, þa skolu rogsmenn þinir giallda lygi sinnar, en ef þu villt eigi neita, þa skaltu gialda heimsku þinnar<sup>7</sup>.« Cecilia svaradi: «Róg þeira er mer þekt, ok pisl su er þu ægir mier, hun er mer sigr. En þu [þarft eigi at ætla mik heimska, helldr ertu sialfr heimskr, er þu ætlar<sup>8</sup>, at ek muna neita Kristi.« Almachius mælti: »Veiztu eigi, vesöl, þat, at mer er gefit valld af konunginum at lifga ok at deyda, ok mælir þu þvi af svo miklo drambi.« Cecilia svaradi: «[Annat er dramb en annat er stadfesti.<sup>7</sup> Ek mæli af stadfesti vit þik, en eigi af drambi, þviat [ek ræki<sup>9</sup> ofmetnad ok dramb; en ef þu [skammadiz eigi at heyra hit sanna, þa man ek þat syna, at þu hefir

<sup>1</sup> [ þeira syna ydr grimma en oss saklausa, þviat ver mundum neita þessu nafne, ef þat veri illt, en þer mundud neyda oss C. <sup>2</sup> rettet; ena rettu A.

<sup>3</sup> [ Af milldi sinne settu þeir þessi log, sva at þeir gefi hægrydi lifi ydrú. Cecilia svaradi: Ekke er iafngrint ne iamgagnstadlegt rettlæti sem laug ydr, er þer latit alsakada menn undan ganga, en þer fait oss sakir, er þer vitit saklausa vera C. <sup>4</sup> [mgl. C.

<sup>5</sup> [ annattveggia, at þu neita þik cristna vera ok fordazt sva pislir, ellegar mun ek lata þina þik morgum pislum til bana C. <sup>6</sup> [ Villtr er domande sia, er þess beidir, at ek liuga ok neita ek menn saklausa vera. Ef þu villt fyrirdæma, hvi beidir þu at ek liuga, en ef þu villt undan leysa, fyrir hvi villtu þa eigi spyria hins sanna C. <sup>7</sup> [ tilf. C.

<sup>8</sup> [ matt eigi saka mik um heimsku helldr sialfan þik, er þu hyggir C. <sup>9</sup> [ ver orækium miok C.

berliga logit, svo at alpyda mæ þat reyna <sup>1</sup>. Greifinn [mællti:  
 »Hvat hefi ek <sup>2</sup> logit?« Heilög Cecilia svaradi: »Þu sagdir  
 konunga þina hafa gefit þer vellði at lifga ok at deyða, þar sem þu  
 hefir til þess eins vellði tekit, at þu megir deyða, þviat þu matt  
 5 taka lif fra lifendum en gefa eigi lif daudum. Seg þu ok þa, at  
 konungar þinir letu þik verða dauda þion, en þu lygr, ef þu segir  
 þik noekut framarr hafa tekit valld af þeim.« Almachius mællti:  
 »Legg nidr þu þegar dirfd þina ok blota gudum vorum.« Cecilia  
 svaradi: »Hvar mistir þu augna þinna, er þu segir þat gud vera,  
 10 er ek ok allir [heileygir menn <sup>3</sup> mega sia, ath steinn er ok bly  
 eða eir.« Almachius mællti: »[Standaz matta ek þat, þott þu  
 hneyktir mik i ordum, en þat ma ek eigi standaz, er þu fælir  
 gudin<sup>4</sup>.« Cecilia svaradi: »Sidan er þu laukt munn upp, þa  
 [mælir þu ecki, nema annathvart fylgir heimska eða lygi, en nu  
 15 synir þu þik blindan likams augunum sialfum<sup>5</sup>, þar er þu kallar  
 þat gud þin vera, er vær siæm oll, at stockr ok steinn er. [Nu  
 man ek kenna þer ræd, ef þu will, freista ok þreifa wm, ok vit,  
 ef þu megir kenna handanna, þo at þu hafir mist synarinnar<sup>6</sup>;  
 þviat usæmiligt er, ath allr lydr hlæi at þer, þviat hverr madr veit,  
 20 at gud er æ himnum, en þessi [mannlikan væri nytri, at brend  
 væri til líms, er nu eru þau at eingu nyt ok mega hvorki biarga  
 ser ne ðdrum<sup>7</sup>.

## Pinsler Cecilie.

13. Þa reiddizt Almachius ok let [heim leida Ceciliam til  
 25 husa sinna ok let þar giora<sup>8</sup> elld mikinn. En er hun var byrgd  
 i svo miklum hita, þa stod hun dag þann allan ok nottina osaukut  
 svo sem i kaulldum stad, ok eigi sveittizt hun. En er Almachius  
 fra þat, þa sendi hann mann til at höggva hana þar þegar inni i  
 hitanum. En sa hio til hennar þrysvar ok matti eigi hoggva

30 <sup>1</sup> [ hrædiz eigi at heyra satt, þa lattu af at lingua ok hlyða sonnu C.  
<sup>2</sup> [ saal. C; svaradi, hvat hann hefði A. <sup>3</sup> [ rettet; heileigir menn  
 A; þeir er heil augo hafa C. <sup>4</sup> [ Bera matta ek þolinmodlega  
 mina meingjord, en þat mun ek þer eigi sittia, at þu hallmælr godum  
 vorum C. <sup>5</sup> [ mælltir þu þat eitt, er heimslegt var ok onytt, en nu  
 35 synir þu þig blindan at likams augum sem at hugskoti C. <sup>6</sup> [ þreifa  
 þu hondum um, er þu matt eigi sia C. <sup>7</sup> [ likneski væri maklegri  
 til þess, at stræti veri þiliud med þeim, er nu standa hier önyt ok  
 mega hvorki biarga ser ne odrum, þo þeim se i elld kastad C.  
<sup>8</sup> [ kasta Cecilio i brennanda bal oc let kynda C.

höfud af henne; en þat voru lög þeira at höggva eigi optar enn sama mann. En hin sæla Cecilia [lifdi þria daga i sárum ok let eigi af at styrkia meylar þær, er hon hafdi fæddar, ok skipti hun med þeim allri eigu sinni ok fal þær æ hendi Urbano pafa, ok mælti hun vit hann: »Til þess bad ek þriggia daga frest af drotni minum, at ek fæla þer a hendi þessar meylar, ok leta ek hus mitt til guds þionostu.« En er hin helga Cecilia andadiz, þa grof Urbanus pafe likam hennar hia lagsmonnum sinum helgum byskupum, þar sem grafnir voru margir pislarvottar guds ok iatarar, en hann let kirkiu gera or husi hennar, ok verda þar margar iarteinir i minning heilagrar Cecilie veittar af drottni vorum Jesu Kristo, þeim er (med) fedr ok helgum anda lifir ok rikir einn gud i þrenningu um allar alldir allda<sup>1</sup>. Amen.

#### Um iarteignagerd Cecilie.<sup>2</sup>

14. Þorgils het madr, hann tok fotarmein mikit, ok laust verk i knelidinn, ok brendi læknir med iarni undir kneskelina innan fotar, ok fell or vogr mikill. Þa var hafdr i keru, ok giördizt æ hol mikit, ok laust i akafigum verk, ok bles allan fotinn; þa er hann stod æ hinn heila fot, toku tær en(s) sára fotar

1 [ hafdi margar heilaglegar kenningar fyrir meylum sinum, medan hon lifdi, ok bad þædi ser ok odrum eilifrar myskunnar af allzvalldanda gudi, ok bad þer stodugar (vera) i tru sinne ok minntiz vid þer allar. En sidan andadizt hon af sárum þeim, er hon var hoggvin, ok toku einglar sal hennar ok fluttu til himna i eilifa dyrd. En sidan kom Urbanus pafi med kennemonnum sinum ok toku likama hennar ok smurdu med dyrum smyrslum ok grofu med mikilli dyrd, þar sem grafnir voro pislarvottar guds ok byskupar. En hann giordi kirkio or huse hennar gudi til lofs ok dyrdar ok sancte Cecilio, ok verda þar margar guds iarteignir i minning sancte Cecilio allt til þessa dags, ok hverr sem a hennar nafn kalladi ser til myskunnar ok hialpar, i hverium naudum sem hann var staddr, iamvel þo at siukir menn eda sarir eda hvad sem at meine var; sva ok ef menn kolludu a nafn sancte Cecilio ser til hialpar eda fenadi sinum eda gripum, ef siukt vard eda lama, dautt eda meitt, þa veitti allzvalldandi gud fyrir arnadarord sancte Cecilio iamskiott hialp ok myskunn þeim ollum ok reisti upp af dauda þædi menn ok fenad, sem vida er getit i iarteignum sancte Cecilio þædi i odrum londum ok hier, þo þer se eigi hier sk(r)ifadar. Nu beidum ver þess allzvalldanda gud ok sancte Cecilio, at þau sendi heilags anda nad i vor hiortu þædi heyrendum ok lesendum, svo at ver hofnum ollum illum hlutum en vegsومum gud at eilifu *C. 2 Capp.* 40  
14 og 15 findes kun i A.

- iafnsitt aukla. Honum var fylgt til Husafellz til Þorarins ok Brandz, þviat hann var frændi þeira. Hann kom þar fæm nottum fyrir Cecilio messo. Gudrun Ospaksdottir modir Brandz hafdi mikla virðing æ Ceciliu ok let heilagt dagh hennar ok fastadi
- 5 fyrir. Þa var eigi lögheilagr dagrinn. Þar skylldi syngia messu um daginn, þviat þar var þa eigi heimilisprestr. Þorgils beiddiz at fasta um daginn fyrir ok svo nottina. En menn lauttu, ath hann fastadi siukr madr. Þorarinn mællti, at hann skylldi fasta, ef hann villdi, ok kvad þat eeki mundu standa fyrir heilso hans.
- 10 Hann for i hvilu um kvellit, ok sofnudu menn, ok stundu fyrir dag voknodu menn wit þat, er Þorgils kalladi hátt ok mællti: «Gud hialpi oss ollum, ek em heill ordinn.» En fyrir voveifigan atburd ugdu menn, at wifring mundi at honum komin. En Þorarinn mællti, at lios skylldi gera ok vita, hvat um leid. Ok
- 15 er lios kom, sat Þorgils upp i reckiunni, ok lægu rettir fætr hans bædir ok voru þa iafnlangir. Þa for Brandr Þorarins(son) til at sia, ok fleiri menn, ok spurdi, ef hann vissi nøkut til, hveriu um sætti. En hann sagdi, at honum þotti .ii. illiligir menn koma at ser, tok annarr i hær honum, en annarr um fotinn sara, ok kiptu
- 20 honum or reckiunni, ok var honum miok illt vit. Þeir drogu hann ut, ok var myrkt uti, baro þeir hann stundum, en drogu stundum, ok foru illa vit hann. En hann bad þa eigi kvelia sig sva miok. Þeir kvoduz honum þangat skylldu koma, sem miklu væri verra, ok saugdu hann sinn mann vera. Þa þottizt hann
- 25 heita a gud almatkan til miskunnar ok æ helga menn til arn-adarordz, ok þotti honum eigi skipaz vit. Sidan tok annarr þeira i briost honum ok sleit or honum hiartad, ok vard honum svo illt vit, sem þa mundi, ef þat væri at honum giðrt, ok þa aurvænti hann ser fulltings. Þvi næst brá yfir hann liosi miklu, ok syndizt
- 30 honum kona ung ok frid, ok hafdi dregil um höfud, ok fell fagrt hær æ herdar henni. Hun tok um handlegg honum, þa stucku fiandr æ brótt, en hun tok hiarta hans or hendi annars þeira ok lagdi apr i briost honum, ok fylgdi honum sidan til rekiu sinnar ok mællti vit hann: «Illa vartu staddr, Þorgils, sagdi hun, þer er
- 35 þetta draumr, en þo er sva sem þu vakir; þu ert ordinn fyrir reidi guds af galeysi þinu, þvi vartu selldr diöflum, at þer var synt, hvers þu vart verdr. En af þvi sleit annarr þeira hiarta or þer, at þa tok hann vit fra þer, ok mundir þu vakna or svefni þessum eigi þer til nytia helldr til hadungar, ok mundir þu vitlaus
- 40 vera, medan þu lifdir. En ek sa aumr æ þer, af þvi ath þu

fastadir fyrir dagh minn ok hetz a mik til fulltings. Nu man ek rada þer ræd nockur: þu skallt fasta .vi.dægru fyrir Andres messu þria vetr med siaunda mann, ok skalltu bidia, at menn veiti þer föstuna til guds þacka, ok segia hvi þat sætir; þu skallt lata gera kerti at messudeghi minum, þat er taki um fot þer, ok 5 skalltu bidia þer ok vax til; þu skallt ok gæ þin betr hedan af en her til; skalltu godr vera handa þinna, ef siukir menn þurfa eda særir, af því at þer mun þess audit verda, at betr man batna vit þat, er þu tekr æ, en fyrr hefir verit». Sidan tok hun um fot honum fyrir ofan kne ok strauk wm kneit, hun þreifadi i dilann 10 ok sleit þar or nockut ok kastadi i brótt, strauk fotinn allt ofan til aukla ok hnykti fætinum, ok þa vaknadi hann. Sidan litu menn æ fotinn, ok var af fotbandit ok laa þar i ruminu, en dilinn var fullr ok nyrent yfir skinnit, en kerinn fannzt eigi, ok var leitad. Þorgils geok ut til messu um daginn med heila bada fætr. 15 Hann lifdi þria vetr þadan ok gerdiz athugainadr ok andadiz hinn næsta dag fyrir Andres messu.

#### larteign gerr Hallbirne.

15. Hallbiörn het madr, er bio i Hvitarsidu i Hvammi, hann dreymdi um vetrinn eptir allra heilagra messu, at hann væri 20 i lambahusi sino, en laumbin þustu at honum, ok vard hann undir fotum þeim; þau gengu bædi æ höfud honum, ok allan hann tradu þau undir fotum, ok vard hann hræddr miok ok þotti ser vit bana hætt, ok het hann i hug ser at fasta fyrir Cecilio messo. En hann var því ecki vanr adr. Sidan vaknadi hann or svefni 25 þessum ok efndi þat, er hann þottiz heitid hafa. En fimtunottina fyrsta i iolafostu vaknadi hann or svefni vit þat, at odaverkr var kominn i höfut honum, en hann var sva daufr ordinn, at hann matti eigi heyra, þott æpt væri at honum. Þessum vanmætti hellt halfan manud. En fimtunott i ymbrodaugum dreymdi hann, 30 at kona kom at honum ung ok frid, hun hafdi dregil um höfut, ok fell haar fagrt aptr æ herdar henne. Hon mælti: »Þunkt mattu, Hallbiörn, ok ma vera, at sia vanmattr þinn halldizt þria vetr; en ek man kenna þer ræd: far þu upp til Husafellz ok lat Brand Þorarinsson gera at þer, en ek man beina at med 35 honum, þvíat ek a þar heima.« Þa vaknadi Hallbiörn ok sagdi drauminn, «ok trui ek því, sagdi hann, at ek man þar heilso fa, sem mer er til visat.» Þa villdi hann þegar fara, en menn lauttu

hann þess ok ætludu, ath vera mundo höfutorar þat er hann mællti. En bædi höfutverkir hans ok dëyfi þa hellduzt. Siönda dag iola foru þau Hallbiörn ok Vilborg upp i æs til Hrafns brodur hennar, ok voru þar um nottina. Hrafn latti, at þau færi leingra. En er Hallbiörn fann, at dvaldizt faurin, þa mællti hann: »Fara man ek, þott ek fara einn.« Ok geck ut. Hon geck þa ut eptir honum, ok foru þau um daginn upp til Husafellz, ok er þau komu þar, þa sagdi Hallbiörn atburd meinsemdar sinnar. Þau voru þar um nottina, ok bad Vilbörg Brand gera at meini Hallbiarnar, sagdi, at honum voro ord til send. En hann kvedz eigi kunna, en þo let hann baka höfut hans, ok tok fiadrstaf ok setti i eyra honum ok ætladi at heimta or blod. En hann matti þat eigi nyta fyrir þeim sarleik, er i var hlustinni, ok var þa lokit atgerd Brandz. Þar dvolduz þau hinn niunda dagh iola. En um kvelldit er menn satu undir bordum, þa bad Vilborg, at Brandr mundi nockuro heita fyrir honum. Hann lagdi þat til, at þau hion fastadi .vi.dægru fyrir Cecilio messo, medan þau lifdi, ok leti heilagt um daginn, ok hiu þeira öll, medan þau væri i bui; en þa var eigi messudagr hennar i lög leiddr; þau skylldu gera kerti þat, er tæki um höfut honum, ok senda til Husafellz hvern vetr at hatid hennar. Sidan foru þeir i reckiur, ok litlu fyrir dag gengu þau or rumi Hallbiörn ok Wilborg, ok spurdi madr, hversu hann mætti, en hon sagdi saman matt hans. Ok er þau komu i reckiu, sofnadi hann fast. En Brandr reis upp at hringia til tida, ok er kloekkan kvad vit, þa vaknadi Hallbiörn ok for þegar i klædi sin ok geck ut til kirkiu. Þa geck kona nöckur inn i skalann ok vakti Sigvat prest ok sagdi, at Hallbiörn var heill ordinn. Sidan for hann til kirkiu, ok fagnar Hallbiörn honum vel. Prestr spurdi, hvort hann heyrði iafnt badum eyrum, en hann letz sva heyra, sem hann hefði all dri daufr verit; segir sidan, ath þa er hann kom i hviluna, sa hann lios mikit um skalann allan; þa kom kona upp i reckiugolfit ung ok frid ok fögr, ok hafdi dregil um höfut, ok hær fell aprt a herdar henne; hun mællti vit hann: »Þess skalltu at niota, er þu hetzt a mik ok fastadir fyrir dag minn.« Þa lagdi hun hendr sinar yfir höfud honum ok eyro, en hann vaknadi alheill. Sidan for hann heim enn tiunda dagh iola ok þackadi gudi heilsu sina ok hinni helgu mey Cecilie. per omnia secula seculorum. amen.

## CRUCIS LEGENDÆ.

### I.

#### ORIGO CRUCIS.

(Cd. 544 *qv.*, *Hauksbók*).

Huadan kominn er + drottins.

Sva er sagt síðan Adam hafði syndina gerua i paradiso ok hann var þaðan brott rekinn i einum skinnstakki firir syndina, þa bað hann guð miskunnar firir ser ok sinu afkvæmi; var honum þa heitið af guði, at við enda heimsins skyllði guð gefa honum miskunnar oleum, er allt hans kyn skyllði græða. Var Adam síðan 10 ok hans kona Eva sett niðr i dal þeim, er Ebron heitir ok hann var skapaðr i a Iorsalalandi, ok þoldu þau þar mikit erfiði ok iðruðuz iafnan gløps sins. Þau bygðu þar ok attu mart barna, ok var síðazti sun þeirra Seth, er guð gaf þeim i stað Abels, er Kain hafði drepíð. Adam hafði lifat .ix. c. vetra ok .ii. vetr ok .xxx. 15 i dalnum Ebron, ok einnhvern dag studdi hann sik með oxí sinni ok tok at ryggiaz ok hugleíða mart, þviat hann sa mikinn vandskap upp renna i heiminum af sinu afkvæmi, ok leiddiz honum þa lengr at lifa. Hann kallaði þa til sin Seth sun sinn ok mælti til hans: «Sun minn, ek vil senda þik til paradisum til Cherubin 20 engils, er geymir lifstresins með loganda sverði.» Seth svaraði: «Ek vil giarna fara, hvert er þu byðr mer, ok visa mer vegenn ok seg mer, hvat ek skal englinum segia, þeim er þu sendir mik til.» Adam sagði: «Seg englinum, at mer leiðizt at lifa, ok bið hann af minni halfu kunnigt gera þer ok mer um þat miskunnar 25 oleum, er guð het mer, þa er hann rak mik or paradiso.» Þa er Seth var til þessar ferðar buinn, sagði Adam, at hann skyllði ganga i austr, ok «mantu hitta einn dal firir þer, ok man þar upp



hefiaz vegr grœnn, ok at þu kennir þann veg giorr, þa mantu  
 hitta fotspor min ok moður þinnar svarðlaus ok svart, þau er við  
 gengum, þa er við vorum rekin ór paradiso ok hingat i þenna  
 sorgardal. Enn sva voru storar syndir okrar, at all dri siðan vox  
 5 þar grœnt gras, er við gengum, þa er við vorum or paradiso rekin,  
 þar til er við komum hingat. For þa Seth til paradisum eptir  
 tilvisan foður sins, ok er hann kom i vegenn, þa undraði hann  
 liosit ok skinit, er i paradiso var, ok fell til iarðar af ræzlu ok  
 hugði, at þat væri elldz lios, er faðir hans hafði varað hann við, at  
 10 hann skyllði signa sik marki því er Bethel heitir firir liosinu, ok  
 komzt Seth sva með heilu fram til paradisum. Þa er engillinn  
 sa Seth, þa spurði hann, hvi hann var þar kominn. Hann svaraði:  
 «Faðir minn Adam moðr af elli, er nu leiðiz at lifa, sendi mik hingat  
 ok biðr, at þu virðiz at tia honum með mér sannindi af því misk-  
 15 unnar oleo, er guð het honum.» Engillinn svaraði: «Gakk til paradis  
 dura ok rett inn hofuðit eitt ok geym at vandliga, hverir lutir  
 þer synaz i paradiso.» Ok hann gerði sva. Ok er hann hafði inn rett  
 hofuðit um dyrnar, þa sa hann sva mikla fegrð, at engis mannz  
 tunga matti or leysa, i ymsum kynum avaxtar ok blomstrs, fugla-  
 20 song ok utoluligum ilmum ok sætum þef. I miðri paradiso sa hann  
 hina skieruztu kelldu, or þeirri kelldu runnu .iiii. ar, or sva heita  
 Phison Geon Tigris ok Euphrates. Enn þessar .iiii. ar fylla vatni  
 heim allan. Enn ifir kelldunni sa hann apalldr einn standa með  
 morgum greinum ok þo barklausan. Hann undraði miok, hvi þar  
 25 var barklaust, ok er hann minntiz a fotspor foður sins, er hann  
 hafði i veginum sét svart ok graslaus firir synda hans sakir, með  
 sama hætti þottiz hann vita, at þetta tre var svart sakir synda  
 foður hans ok moður. Siðan veik hann aptr til engilsins ok sagði  
 honum allt, þat er hann hafði sét. Enn engillinn bauð honum at  
 30 ganga aptr annan tima, ok er hann kom aptr, þa sa hann orm  
 einn, er skreid umhverfis apalldrinn þann nokta. Ok er hann hafði  
 þetta undraz, þa veik hann enn aptr til engilsins. Þa bauð eng-  
 illinn honum þriðia tima aptr at vikia ok geyma giorr at, hvat  
 honum syndiz. Enn þa er hann kom aptr, þa sa hann fyrr  
 35 nefndan apalldr uppvaðinn til himna, ok efst uppi i kollinum  
 apalldrins sa hann barn eitt gratanda ok sveipt i klæðum. Ok er  
 hann undraði þetta, ok hann leit niðr firir sik, þa sa hann rœtr  
 apalldrins smiuga i gegnum iorðina allt niðr til helvitis, ok þar  
 kendi hann salu Abels broður sins. Ok er hann hafði þessa luti  
 40 sena, þa vikr hann aptr til engilsins ok segir honum allt, þat er

hann hafði sét. Þá mælti engillinn: «Sveinbarn þat er þu sátt er guðs sun, hann man af skrapa syndir foður þins ok moður, þegar fullnaðr timans er kominn; hann er þat miskunnar oleum, er þeim var heitið, hann er rett oleum ok mildleikr sannrar elsku.» Þá er Seth villdi brott ganga, ok hann þöttiz val syst hafa sitt erendi, þa fekk engillinn honum .iii. korn or epli því, er faðir hans hafði etið, ok sagði honum: «Innan þeirra þriggia daga, er þu kemr heim, man faðir þinn andazt, skaltu þa þessur korn leggja undir tungurætr honum dauðum. Enn þau munu vaxa i .vii. apalldra stora. Man einn verða cedrus, annarr cipressus, þriði pinus. I cedro undirstondum ver foður, i cipresso sun, i pino andann helga. I cedro undirstondum ver foður, þvíat hann er vanr at vaxa öllum apolldrum hæra. Cipressus, er öllum apolld(r)um þefkar betr, ter oss sætleik sunarins. Enn pinus, er marga kiarna berr, ter oss margfalldar gíafir anda hins helga.» For þa Set heim ok kom heill til foður sins ok moður. Þá er Seth hafði upp tint fyrir foður sinum allt þat, er hann hafði sét ok heyrt af englinum, þa gladdiz faðir hans ok ló viðr. Enn a öllum lifdogum Adáms, fra því er hann var or paradiso rekinn, sa engi maðr hann lægia fyrr enn þa. Ok er hann var sannfroðr orðinn af miskunnar oleo, þa kallaði hann til guðs ok mælti: «Herra minn, lif mitt er nu nóg langt, tak þu nu brott sál mina». Ok innan þeirra þriggia daga er Seth kom aptr or paradiso, þa andaðiz Adam, eptir því sem engillinn hafði fyrir sagt. Seth sun hans iarðaði hann i dalnum Ebron ok lagði undir tungurætr honum þau .iii. korn, er engillinn hafði fengit honum, af hverium er upp runnu .iii. teinungar or munni Adams, ok stöðu með grønu aldini bæði vetr ok sumar. Enn sva segiz, at þa er guð bauð Moisi at fara til Egipta landz at frelsa þaðan folk sitt, at hann tok af þessum viði þa .ii. vöndu, er hann fekk Moysi, ok þeir lœðr Moyses ok Aron gerðu allar iartegnir með i eyðimorkinni a Israels folki, ok uxu þau .ii. tre ekki síðan. Enn þa er Salomon konungr let gera templum domini, þat let hann höggva þat sama tre er eptir stöð, er or munni Adams var vaxit, ok ætlaði til bita nokkurs i musterit. Enn þat varð annat hvart of skamt eða of langt, hvar sem þat var til ætlat, ok því var þat lagt niðr hia mustarinu. Litlu síðar kom til Salomons konungs drotning su er Sibilla het, enn sumir kalla Saba, hon var or því landi er Ethiopia heitir, hon hefir verit allra heiðinna kvenna vitruzt i verolldinni, hon fór at reyna vitrleik Salomons ok bar upp fyrir hann gatur. Hann reð allar gátur hennar ok öll

hennar vandmæli. Hon sagði honum ok allt þat er hon vissi, utan einn lut leyndi hon hann, meðan hon var þar, enn síðan ritaði hon eptir til hans, at a.þvi tre, er við mustarit liggr ok til bitans var ætlat, man sa maðr verða hengdr a, er allir Gyðingar munu af hans dauða hefndir taka ok at niðrfalli verða, ok allt þeira riki. Síþan lét Salomon taka þetta tre ok sokkva með blyi i eitt stórt fén, þat er hann ætlaði, at all dri skyllði upp koma síðan. Enn þat birtiz i pislartið vars drottins Jesu Kristi, ok kom upp, ok þvi toku Gyðingar þat ok gerðu þar af krossinn ok pindu þar a allzvalldanda guð. Enn eigi morgum vetrum eptir pisl drottins ok upprisu, þa vann Titus Iorsalaborg, sun Vespasiani keisara, ok selldi alla Gyðinga, þa er eigi voru dreppnr, i þrældom ok anauð, .xxx. firir einn penning, ok urðu síðan sundrskila ok fóru um allan heim ok fengu hvarki valld ne riki síðan, ok sannaðiz sua spasaga drottningar<sup>1</sup>.

## II.

## INVENTIO CRUCIS.

(238 folio, A; 233 folio, B).

## De invencione sancte Crucis. 2

[A ofanverðom daugom Diocletiani<sup>3</sup> giorðiz sva mikill ofriðr cristnum monnum, at engi hefir slíkr orðit um allan heim hvarki aðr ne síðan. Riki hans hafði aðr staðet með<sup>4</sup> bloma, þangat til er hann toe at grimmaz<sup>5</sup> cristnum monnum. Enn þaðan fra glapn-

<sup>1</sup> *Nederst paa Bladet i Hauksbok stjar med en anden Haand ikke ulig den i Lovcodex No. 60 qv. Følgende:* Þesser eru .xii. heims osomar þeir er tæla allt veralldar lif þa er þeir verða framdir ok draga þa til heluitiss er þeim fylgia sva at eingi rettlétis vorn hlifir þeim. Spakr maðr aan goðum verkum. Gamall maðr gaalauss, ungr maðr uhlyðinn, auðigr maðr aan olmosu, kona vraadvond, Drottinn daaðlauss, kristinn maðr þretinn, valaðr maðr dramblatr, konungr illgiarn, byskup urækinn, þioð kenningarlaus, lyðr lagalaus. <sup>2</sup> *Overskriften i B. lyder:* Her hefr upp ok seghir fra þvi, hverss(u) fanzst kross drottins vars Jesu Cristz ok fra þeim nfridi er Romveriar giordu kristnu folki um alla verolld. <sup>3</sup> [ I þann tíma er lidit var fra higatburd Cristz .cc. vetra var Dioclecius keisari yfir heimi. A ofanverðum dögum hans rikis B. <sup>4</sup> miklum tilf. B. <sup>5</sup> gremiaz B.

aði<sup>1</sup> þat allt. Þa hurfo undan honum margar þjóðir, þær er  
 langa æfi hófðo þionat Romveriom. Af því giorðiz víða ofriðr  
 mikill, oc matti Diocletianus þa með engo moti einn styra því  
 veldi, sem<sup>2</sup> undir honum var<sup>3</sup>. Tok hann þann mann til samveldis  
 oc i keisaradom með ser, er het Maximianus herculus<sup>4</sup>. Þeir 5  
 voro síðan báðir enir grimmozsto við cristna menn. Enn sva sem  
 þeir græmdoz cristnum monnum, sva vox ohlyðni manna við þa.  
 Þeir gafu veldi oc konungdom þeim monnum, er annarr het Gale-  
 rius en annarr Constantius. Galerius atti dottur Diocletiani, er  
 Valeria het, Constantius atti stuipdottur Maximiani, er Theodora 10  
 het, oc atti hann með henne .vi. sono. Eptir Diocletianum toc  
 Maximus son hans keisaradom, en eptir Maximianum Maxentius  
 son hans. Þeir voro báðir [blotmenn miklir ok<sup>5</sup> illir<sup>6</sup> við cristna  
 menn. Maximus<sup>7</sup> lifði scamma stund oc varð sottdauðr. England  
 hafði lengi legit undir Romveria, oc var þar þa mart cristinna 15  
 manna. A dögom Diocletiani hurfo þeir<sup>8</sup> undan hlyðni við  
 Romveria, enda eyddiz þar þa cristni aull. Þa sendo [þeir þangat<sup>9</sup>  
 Constantium með liði myelo at heimta England undir Rómveria.  
 Enn er hann com þangat, þa var þar fyrir höfðingi sa er het  
 Kohel<sup>10</sup>, hann sættiz við Constantium með því, at hann skyllði 20  
 vera konungr yfir England<sup>11</sup>, meðan hann lifði, oc giallda skatt  
 Romveriom. Litlo eptir fest sattmal andaðiz Kohel, oc eignaðiz  
 Constantius þa allt England. Kohel atti dottor<sup>12</sup>, þa er het Helena,  
 hon var allra kvenna vænst oc bezst at ser um flesta luti, hana  
 tok Constantius frillotaki oc gat við henni son, þann er Constan- 25  
 tinus het. [Hann var<sup>13</sup> callaðr konungr yfir Englande eptir fauðor  
 sinn; honum til handa flyði fioldi Romveria, af því at þeir þoldo  
 eigi illzsko þa oc grimleic, er Maxentius hafði frammi við alþýðo  
 alla. Litlo síðarr for Constantinus með her mikinn<sup>14</sup> til Roma-  
 borgar oc barðiz við Maxentium. Maxentius fell, enn Constantinus 30  
 varð einn keisari oc hafði þat veldi .xxx. vetra; hann bauð ofrið  
 cristnum monnum ondverða daga rikis sins. Þa laust guð hann  
 licðrá illre oc leiðiligre. Þvi næst com Silvester pavi a fund hans  
 oc skirði hann oc giorði hann heilan af licðra, oc þaðan fra efldi  
 Constantinus cristne um allan heim oc let gera kirkior margar i 35  
 Romaborg oc víða annars staðar.

1 minkadiz *B.* 2 er *B.* 3 sva at hlit væri at *tílf. B.* 4 ok *H.* var kalladr  
 óðru nafni *B.* 5 [ *tílf. B.* 6 vídreignar *tílf. B.* 7 Maxencius *B.*  
 8 Englar *B.* 9 [ Romveriar *B.* 10 Koel *her og senere B.* 11 Eng-  
 landi *B.* 12 eina barna *tílf. B.* 13 [ Constancius andaðiz *aa* Englands 40  
 i Jorvik. Enn þa var Constantinus son hans *B.* 14 miklum *B.*

## Fra vikingom. 1

2. A því are er liðit var fra burð Cristz .cc. vetra<sup>2</sup> oc .xxx. oc þrír vetr, þat var a .vi<sup>ta</sup>. are rikis Constantini, þa com fioldi vikinga liðs [ad Danubium þeirar ár<sup>3</sup>, oc voro bunir at ganga a Romveria riki. En er Constantinus spurði þat, þa for hann i moti<sup>4</sup> með her sinn. En er hann sa, hversu mikit lið vikingar höfðu, þa ægði honum at beriaz við þa. Oc a einni nott syndiz honum maðr biatrtr yfirliz oc mællti við hann: «Constantine, hirð æigi þu at ottaz, littu upp i himenenn.» Oc se, þa leit hann upp til hinens oc sa crossmarc Cristz<sup>5</sup> a himne sva biart sem elldr væri; þar sa hann oc rituð<sup>6</sup> þessi orð yfir: [I þesso marki mantu sigr vega<sup>7</sup>. Þa let Constantinus gera crossmarc<sup>8</sup> af gulli i liking þess cross, er hann sa a himne, oc þann<sup>9</sup> hafði hann fyrir merki oc let bera fyrir liði sino a mot vikingom. Þa varð orrosta mikil, oc logðu vingar a flótta um [strandir arennar<sup>10</sup>, oc fell af þeim mikill fioldi liðs. Enn keisari vá agætan sigr i crapti ens helga cross.

## Elena for til Iorsala. 11

3. Þa er Constantinus keisari var orðinn algiorliga cristinn, ok hann matti skilia af guðsspiollom, hvar drottinn var crossfestr, sendi hann Elenam<sup>12</sup>, moðor sina út um haf til Iorsala<sup>13</sup> borgar at leita [at crossi, þeim er drottinn var pindr á, oc ætlaði hann i þeim stað kirkio upp at reisa, sem<sup>14</sup> crossinn fyndiz. Helena drotning hafði með ser gipt heilags anda oc lagði allan hug til astar oc elscu við almatkan guð. Hon [hafði oc girnd mycla til þess<sup>15</sup> at finna enn helga cross, sva sem sonr hennar hafði henne boðit<sup>16</sup>. Hon com ofarlíga þess manaðar er Aprilis heitir i Iorsalaborg með myclo fõroneyti oc bað safna at ser myclom fioldu Gyðinga, þeira sem a Iorsalalandi voro. Enn i þann tíma [var Iorsalalorg mioe eydd at bygd oc monnom<sup>17</sup>. Þa somnoðoz saman þriár þusundir Gyðinga a fund<sup>8</sup> drotningar. Hon mællti við þa: «Þat hefi ec lesit af bokom spamanna, at hiuir fyrri æ'tmenn<sup>19</sup> yðrir voru astvinir

1 Fra því er Elena for til Iorsala *B.* 2 tiræd *tílf. B.* 3 [ til Dunar *B.* 4 þeim *tílf. B.* 5 standa *tílf. B.* 6 ritin *B.* 7 [ veg þu með þessu sigr *B.* 8 kross *B.* 9 kross *tílf. B.* 10 [ Dunar strandir *B.* 11 *B* har ikke her nyt *Capitel.* 12 Helenu *B.* 13 saal. *B;* Roma *A.* 14 [ eftir, ef *B.* 15 [ lagði mikla stund aa *B.* 16 en hann fannz með þersum atburd, sem her segir *tílf. B.* 17 [lá Ierusalem i audn, sva at þar bygdí ecki mannfólk *B.* 18 Helene *tílf. B.* 19 fedr *B.*

guðs. Enn þer hafit alla speð latið at baki yðr, oc þann sem yðr vildi firra<sup>1</sup> bôlván þeire sem, yðr var bôlvat<sup>2</sup>, oc syndi yðr margar iartegnir [af guði<sup>3</sup>, at þeim hæddut þer oc þann pindôð þer sarliga til bana. Nu hafit þer [lios fyrir myrkr oc satt fyrir lygi<sup>4</sup>, oc er komin yfir yðr bôlván, su sem rituð<sup>5</sup> er i lögom yðrum. Nu er rað, at þer ætlit svör fyrir yðr um þat [sem ek mún yðr<sup>6</sup> fretta.« Þá toko Gyðingar at bera saman rað sin oc leita at þeim monnom, [sem froðir<sup>7</sup> voro oc laug kunno vel<sup>8</sup>, oc völdo þusund þeira manna, sem margvisaztir voro, oc leiddo þa fyrir Elenam. Hon mællti við þa: «Þer skolot leitaz fyrir vandliga, at þer svarit<sup>9</sup> með sannendum því mali, sem ec vil at<sup>10</sup> grafa. Ek veit, hversó helgar ritningar hafa fyrir sagt Crist drottin koma myndo i þenna heim, eða hversó<sup>11</sup> feðr yðrir dulðoz við hann, þa er hann com. Enn yðr man nu eigi hæfa at dylia ens sanna fyrir mer, sva sem ec man eptir leita. Fæð mer nu [þa menn, er bazt kunna<sup>12</sup> skilia ritningar oc vel megi svara ôllo því mali, sem ek man<sup>13</sup> upp bera.» Síðan seldi hon<sup>14</sup> þusund Gyðinga riddorom sinom til yarðveizlu. Þá kaunmôðo Gyðingar enn af nyio lið sitt oc völdo [fim hundred þeira manna<sup>15</sup>, er visazstir voro, foro þeir a fund drotningar. Þá [spurði hon, hverir þessir vári<sup>16</sup>. Þeir svorôðo: «Þessir menn kunna vel laug». Hon mællti: «[Þær eroð af kyni Israel<sup>17</sup>, at því sem bækr segia, ok hafit [blindleic hiarta<sup>18</sup> af feðrum yðrum; þer dyliz við son guðs, þann er spamenn ok laug<sup>19</sup> bera vitne. Gyðingar mællto: «Segðu oss, drotning, af<sup>20</sup> hvi þu mælis sliet við oss, eða hvar [skal þat til<sup>21</sup> koma?» Hon mællti: <sup>25</sup> «Farit brautt þer oc velit enn meirr [menn til<sup>22</sup> at svara mer.

#### Fra Gydingom. 23

4. Enn er Gyðingar<sup>24</sup> voro a braut farnir, þa ræddo þeir með ser, hvar til koma mundi [erfiði þat sem drotningin leggr a hendr þeim<sup>25</sup>. Þá svaraði einn þeirra, er Judas het, ok mællti: «Ec 30

1 saal. B; fyrri A. 2 af gudi tilf. B. 3 [mgl. B. 4 [myrkr fyrir lios ok lygi fyrir satt B. 5 skipað B. 6 [mal er ek vil ydr eptir B. 7 [er froðaztir B. 8 bezt B. 9 tilf. B. 10 eptir B. 11 hve B. 12 [þann mann er bezt kann B. 13 vil B. 14 Helena þersa B. 15 [af ser .cccc. manna þeira B. 16 [mællti hon til þeira: Hverir ero þessir B. 17 [þer erot kynsmem iraels B. 18 [blindleiks hiørtu B. 19 guðs tilf. B. 20 mgl. B. 21 [til þetta skal B. 22 [lid yðvart B. 23 Ikke nyt Capitel i B. 24 þeir B. 25 [þat er hon lagdi aa þa sva mikit erfiði B.

þickiomz vita, at hon man<sup>1</sup> leita at tre þvi, er frændr varir pindo  
 Crist á. Enn mer syniz þat rað, at ver latim hana þess alldregi visa  
 verða, fyrir þvi at ef tré þat kemr upp, þa mano eyðaz laug var  
 aull, oc monom ver sealfir vera virðingarlausir. Ek kann at  
 5 segia yðr, hvat [faðir föðor mins mællti við hann a deyianda degi<sup>2</sup>:  
 Se þu sonr, kvað hann, ef leitað verðr að crossi Cristz, at þu lat  
 hann eigi finnaz, nema þu ser pindr til. Fyrir þvi at ef<sup>3</sup> hann  
 verðr upptekinn, þa man fyrirfaraz riki vart allt ebresera manna,  
 oc man hefiar riki [þeira þjóða, sem gófga enn crossfesta<sup>4</sup>, oc  
 10 man þat riki alldregi þriota, þviat hinn crossfesti [er Cristr<sup>5</sup> sonr  
 guðs lifanda. Ek mællta við föðor minn: Ef frændr varir visso,  
 at hann var Cristr, fyrir hvi logðo þeir hendr a hann? Faðir  
 minn svaraði: True þu þvi, sonr, at mikill crapr<sup>6</sup> fylgir nafni  
 hans. Ek hefi avallt<sup>7</sup> i móti mællt þeim monnom, er lasta enn  
 15 crossfesta. En af þvi at hann avitaði höfðingia Gyðinga<sup>8</sup>, dæmðu  
 þeir hann oc crossfesto oc hugðoz þann drepa mundo sem odaudligr  
 er. Síðan lagðo þeir hann i leiði, enn hann reis upp af dauða a  
 þriðia degi epter pisl sina oc syndiz opt lærisveinom sinom.  
 [Þaðan af<sup>9</sup> truði Stephanus frændi varr a hann, oc kendi kenn-  
 20 ingar i nafni hans. Fyrir þat leto Gyðingar Stephanum beria  
 grioti<sup>10</sup>. En þa er hann var at kominn bana, bað hann guð þeim  
 miskunnar oc mællti: Drottinn, lattu eigi þeim þetta at synd  
 verða, þviat þeir vita eigi hvat þeir giora. Enn man ek segia  
 þer, sonr, mikil merki<sup>11</sup> Kristz. Saulus het gyðingr, hann var  
 25 husasmiðr oc ovinr mikill Cristz nafne, hann var einn<sup>12</sup> akafazstr  
 at banorði Stephani, en síðan sneri Cristr honom til sin af  
 miskunnsemi sinni oc giorði hann ser at postola. Af sliko hefi ek  
 oc frændr minir truat, at hann er<sup>13</sup> sonr guðs. Nu se við, son  
 minn, kvað hann, at [gremiaz honom<sup>14</sup> eða þeim monnom, sem a  
 30 hann trua, oc mantu þa vel þrifaz. Þessom orðom mællti Simon  
 faðir minn við mic i banasott<sup>15</sup> sinni. Nu megít þer [ætla, hver  
 svör<sup>16</sup> þér vilit hafa fyrir yðr, ef Elena drotning spyrr at cross-

1 vilia *tílf. B.* 2 [ afi minn mælti við fedr minn aa deyianda degi,  
 þat hit sama mælti minn faðir við mik, adr hann andadz *B.* 3 þa  
 35 er *B.* 4 [ þeirar þjóðar, er gófgar hinn heilaga kross ok þann er  
 krossfestr var *B.* 5 [ Cristr er *B.* 6 ok matt *tílf. B.* 7 iafnan *B.*  
 8 ok yfirgyðinga *B.* 9 [ Síðan *B.* 10 til bana *tílf. B.* 11 stor-  
 merki *B.* 12 einna *B.* 13 se *B.* 14 [ þu gremiz honum eigi  
*B.* 15 helsott *B.* 16 [ veita her um svör þau sem *B.*

inom. Gyðingar svorödo: «[Slic orð<sup>1</sup> heyrðom ver alldregi fyrr, enn þat viliom ver þer raða, ef [þu ert at crossinom spurðr<sup>2</sup>, at þu latir æigi vist<sup>3</sup> verða, hvar hann er folginn.

#### Fra vidrtali þeira Elenu ok Gyðinga. 4

5. Þa er Gyðingar ræddo þetta með ser, þa komo riddaras<sup>5</sup> oc mællto: «Komit a fund drotningar, þviat nu vill hon við yðr tala.» En er þeir como til mals við hana, spurði hon þa eptir crossi Cristz. Enn þeir villdo henne ecki satt til segia. Þa mællte hon, at þeim skyllði öllom kasta i elld brennanda. En þeir urðo hræddir<sup>6</sup> oc sælldo fram Judam oc mællto: «Þessi er spamannz<sup>10</sup> son oc kann vel lög, hann man kunna, drotning, at segia þer alla luti, þa er þu spyr hann eptir.» Siðan let hon þa i brott fara, en Judas var epter halldinn. Þa mællti Elena við hann: «Þu mátt velia þér hvárt er þu vill lif eða dauða.» Judas svaraði: «Hverr man i eyðimöre eta griot, ef brauð er hia.» Helena mællti: «Ef þu<sup>15</sup> vill lifa, þa segðu mer, hvar cross Cristz er 7.» Hann svaraði: «At þvi sem bækr segia, þa ero nu liðin meirr en .oc. vetra fra piningo Cristz, ok er eigi vænt, at ver ungir menn megim vita, hvar cross Cristz er.» Helena mællti: «Fyrir myclo lengra var orrosta i Troia<sup>8</sup>; oc vita þo margir menn þau tiðendi, sem þar voro, oc vitoð<sup>20</sup> ero leiði [margra agætismanna þeira sem þar fello 9.» Judas svaraði: «Af þvi er þat vitat, drotning, at þat er allt a bocom skrifat<sup>10</sup>, en þetta er ecki a bokom varom.» Hon mællti: «Hefi ek þer bækr er þat segia, hvar Kristr var crossfestr, oc eigi beiði ek þic annars, en þu visa<sup>11</sup> mer glægt til þess staðar, er Locus Calvarie heitir, oc<sup>25</sup> man ec þar leitaz um, sva sem [verða ma<sup>12</sup>.» Judas mællti: «Fornt heiti er þat, oc veit ek eigi nu þann mann, [er vita muni<sup>13</sup>, hvar sa staðr er.» Þa reiddiz Elena oc mællti: «Þat veit ec fyrir enn crossfesta<sup>14</sup>, at þic man ek lata svelta [i hel<sup>15</sup>, nema þu svarir mér meïrom skilom.» Siðan let hon setia hann i gröf diupa oc<sup>30</sup> þurra, oc var hann þar matlauss .vii. daga. Eptir þat callaði Judas [oc mællti<sup>16</sup>: «Lati mic a brot or gröfinni, en ek man segia, hvar cross Cristz er folginn.»

1 [ Slikt B.      2 [ nu er at krossinum spurt B.      3 uppvist B.  
4 Saal. Overskr. i B; sees ikke i A.      5 drottningar tilf. B.      6 gagn-  
hræddir B.      7 folginn tilf. B.      8 Troio B.      9 [ þeira manna,  
er þar fellu miklir agætismenn B.      10 ritad B.      11 visir B.      12 [ mer  
likar B.      13 [ at þat muni vita B.      14 Crist tilf. B.      15 [ til  
bana B.      16 [ or gröfinni B.



## Fra enom helga †. 1

Manvit meylar þessar er langt umfram ætlan eða vit spekinga, því at goðdomar ok godligir kraptar styðia hana ok tala fyrir munn hennar<sup>1</sup>.« Keisarinn þóttiz nu liotliga skemdr, er spekingar hans þorðu eigi at þreyta við eina unga mey. Vard hann nu sva reiðr, at hann bauð, at þa skyldi alla<sup>2</sup> i elldi brenna. Ok þa er þeir voro leiddir til balsins, kalladi einn þeira ok mælti: »Aumir ero ver, er þorðum at [þreyta við helga mey iþrottir ok þræta i moti henni með svikum ok prettum ok slægðum, ok liuga með skurðgoda falsi i gegn sönnum gudi<sup>3</sup>. Hvat skulum ver nu þa gera, utan fara ok lægia oss fyrir henni. Ek trui sannliga, at miskunn guds er með henni, ok með hennar raði munum ver forðaz mega helvitis kvalar<sup>4</sup>.« Síðan fóru þeir skiotliga æ fund sællar Katerine ok fellu til fóta henni ok mæltu sva: »Misgert höfum ver, illzku ok ranglæti höfum ver framit i gegn gudi, ok fyrir því let gud oss verða fyrir reiði keisara þessa, er fyrir þat byðr, at oss skuli alla i elldi brenna utan sanna sauk, at ver mattum eigi mæla moti þinum hinum helguztum orðum. Nu veit þu oss hugganarrað, at ver siem með þínu fultingi frelstir or snörum diðfulligra væla, ok megim ver komaz æ hialpar götu fyrir þina verdleika ok kenning.« Heilug Katerina svarar lofandi gud ok vard hardla fegin þeira ræðu<sup>5</sup> ok mælti: »Þakkir gorir ek þer, drottinn minn Jesus Kristr, því at þu letz þer soma þat at fylla, er engill þinn af þer sendr vitraði mer ambatt þinni, at spekingar þessir leystir or fianda snörum skyldi fara<sup>6</sup> fyrir min orð til þinnar dyrdar.« Eptir þessi ord sneriz hun til spekinganna ok mælti til þeira: »Ottiz eigi [stundligan dauða<sup>7</sup>, fagnit helldr, því at i dag munit þer øðlaz himinriki, þvíat fyrir vidræðu vara vitraðiz mer guds engill ok mælti: Eighi skaltu hræðaz<sup>8</sup> spekinga þessa, því at [Kristr er sonn speki, ok hann<sup>9</sup> mun þik lata sigra þa ok síþan leida til himneskrar<sup>10</sup> dyrdar fyrir þina kenning. Af [þvi skulut þer ekki efaz i<sup>11</sup>, at ek segir satt, falssamlig kenning er fiarri minum raðum<sup>12</sup>. En til þess eina eggia ek yðr, at þer [giorit hverr sem einn iatning sina, ok<sup>13</sup> truit af ollu hiarta æ føður ok son ok helgan anda; truit ok sialfan drottin varn Jesum

1 [ manvit meylar þessar er sem nockurs af gudunum sialfum *B.* 35

2 kvika *tílf. B.* 3 [ ganga til þrætu við heilaga mey með prettum ok slægðum *B.* 4 loga *B.* 5 orðum *B.* 6 mega koma *B.*

7 [ *mgl. B.* 8 þrætu *tílf. B.* 9 [ spekin sialf, su er Kristr er *B.*

10 sinnar *B.* 11 [ þessi vitran skulu þer eigi efaz at trua því *B.*

12 ræðum *B.* 13 [ *mgl. B.*

Kristum komit hafva af himni ok getinn hafva verit af helgum anda i kviði Marie meyar fæddan af hennar likam<sup>1</sup>, pindan oss til hialpar, hafva upp risit af dauda æ þriðia deghi ok hreinsat hafa syndir heimsins fyrir sitt hit dyrdligha blod. Ef þer hafvit þessu truat, þa munut þer eigi at eins sælir vera, helldr munu allar ydrar syndir fyrirgefna<sup>2</sup> vera, ok [þer laðaðir<sup>3</sup> til eilifra fagnaða. « Ok er hun lauk sinni ræðu, kómuz þeir vid miok ok svörudu: «Allir truum ver, hin helgazta guds ambatt, upp fra þessi tíð engan annan gud vera nema fœbur ok son ok helgan anda; blezat se nafn drottins, er ser skapadi<sup>4</sup> slika ambatt, en bœlvuf se skurðgoð oll handaverk manna ok øll likneski þeira, ok allir þeir er þeim treysta<sup>4</sup>. « En er þeir hófðu þetta mælt, þa gerðu þeir krossmark fyrir ser staðfastir i heilagri tru. Eptir þat var þeim skotit æ balit, þat sem keisarinn hafði gera latit. Letu þeir þar lif sitt fyrir guds nafni ok foru med þessum píslarsigri til eilifra fagnaða hinn þrettanda dag Novembris manadar<sup>5</sup>. Kristnir menn leitudu síðan at beinum<sup>6</sup> þeira, at þeir mætti þeim veita, sem verðugt [væri, verðugan<sup>7</sup> groft, ok fundu likami þeira oskadda, sva at eigi var helldr brunnit hárit af þeim en annat. Mikill fioldi [heidíngia, er vid vóro staddir<sup>8</sup> þessa iartegn, trudu þegar æ drottin Jesum Kristum, ok toku síþan upp likami þeira [ok iorðu síþan i virduligum stað lofandi ok dyrðkandi sannan gud af öllu hiarta<sup>9</sup>.

6. Eptir [þessa atburði, er nu var fra sagt<sup>10</sup>, let keisarinn leiða fyrir sik hina helguztu mey Katerinam, þóttiz hann nu fundit hafva diupsett ræð þat, er [hann hugdi at hun mundi skiott vilia vikiaz at hans ræði<sup>11</sup>. Hann talar svo til hennar: »[Heyr þu, hin vitrazta ok hin friðazta mæri, er vel matt heita hinn skiaerazti gimsteinn allra kvinna i heiminum sakir vitru, kurteisi ok vænleiks, ok yfvirdrotningh allra drotninga matt þu vel vera. Hygg at þu þvi, at eigi kaullum ver þik til onytra orða eða heimum hug þinn til oskapligna luta. Nu af þvi at goðin hafva þik svo itarlíga skapat ok sva sæmilíga sett at vænleik ok vitru umfram allar kvinnur ok frur veralldariunar, ok þar med burdum ok kynfylgíum tignat þik, þa byriadi oss ok ollum oðrum ut i fra at

1 holdi *B.* 2 [ munut þer fara *B.* 3 skipade *B.* 4 treystast *B.*  
5 tveim nottum eptir Marteins messu bys'ups tilf. *B.* 6 likaumum *B.*  
7 [ var, vegsamligan *B.* 8 [ er vid var staddr *B.* 9 [med allri vandvirk ok iordudu i virduligum stad *B.* 10 [ þessi tíðendi *B.*  
11 [ hon mundi eptir vilia vikia *B.*

heidra þik i heiðr vid goðin. En<sup>1</sup> þat er eigi vidrkvæmiligt, at þu heitir drotningh en halldir þo adra tru, en ver höfum; en þat eina skortir þik. Nu ef þu villdir samþykkia varn vilia um truna, þa mundi vor tign lata ser sóma at gora brúðkaup til þin ok hallda þik fyrir drotningh, þar med munu<sup>2</sup> ver lata [ena höguztu 5 smiði ok meistara<sup>3</sup> gera likneski eptir þinni fegrð, ok skal þat vera dyrðkat af ollum monnum um alt mitt riki, ef þu vill voru raði fylgia.« Guðs ambatt fyrirleit<sup>4</sup> þessa radaleitan ok mælti sva: »Med hverri skynsemi [megit þer, herra keisari, tia slika hluti minum eyrum eða stadfesta slik rad i yðru briosti til væla 10 vid mik<sup>5</sup>; þviat i upphafvi minnar ræðu mattut þer sea ok skilia sem vitr konungr goðfysi mina til þess at rækia oll skurdgoð ok alla þeira dyrdkan. En þer telit fyrir mer, at ek skula fyrirlata drottin minn Jesum Kristum, er mik hefvir aðr ser santengda med oleysilighu sambandi, en falla þer i fadm, ok þat annat, er 15 enn er þerra, at láta gora likneski eptir æsionu minni ok vera síðan blotut, sem þer bioðit. Ogurligar ero slikar odaðir, ok langt se slik ohæfva brott fra vórum eyrum.« Keisarinn svaradi: »Hver megi meiri dyrð vera þessa heims en at eiga keisara at bonda ok geta börn vid honum ok hafva þar med riki ok valld yfir ollum 20 monnum i heiminum ok vera prydd allri fegrð ok bera drotningar nafn?« Heilug Katerina svaradi: »Hit bezta hefir þu, konungr, efni fundit til þins mals, eptir því sem til heyrir slekt veralldar þessarrar, ef ek leitaða þessa heims dyrdar ok glatsamligrar gledi ok fagnadar oleyfðra girnda eða annarra luta, þeira er vondum 25 monnum drekkia til helvitis pinsla, [ok ef þer fyndit nokkut med mer, þat er dauðligt eitr andarinnar er<sup>6</sup>, þa mundit þer mik veidda fa i þessarri snöru, er þu egndir med þessum lutum. En því at ek fyrirleit alla elsku þessa heims, síðan ek kunna nokkut at skynia, [ok ek vissa grein goðs ok illz<sup>6</sup>, en ek elskaða þann brúðguma af ollu hiarta, er all dri ma deya fra mer, ok þa fagnadi, er allar alldir utan enda ero ok engan enda hafva, þarft þu ok ekki at lokka hug minn til med sliku. Þvi leggit nidr þessa malaleitan, en tak, ef þer syniz, aðra likari ok vitrligri, þviat þat er rækiligt ok fyrir utan skyn at fyrirláta skaparann en þiona 35 skepnunni.« Keisarinn mælti þa enn til hennar: »Þar er þu ert

1 [ Þu en fegrsta mæ, hugsadu þat, at vær heimtim þik eigi til onytra hluta eða uskapligrar, þviat B. 2 mundim B. 3 [ mgl. B. 4 rækti B. 5 [ mattir þu skipa þat i þinu briosti at tia slika hluti fyrir minum eyrum; iati ek, at ek ma eigi skilia þat B. 6 [ mgl. B. 40

konungs barn, þa byriar þer at hafa hug þinn æ konungligri tign, glediaz af henni ok lifa við hana, ok því at ver gefum gaum at hógværi þeiri, er voru valldi byriar at hafva, þa gefum ver litinn gaum at, þott þu hafir her til lastat heilug goð vór. Ok því at  
 5 ver villdim sigra þik med blidu ok þolinmædi, en vanvirða þik i engum lutum eða gera þer nockura skómm, þa haf nu þau rad, er ver gefum þer, ok drep eigi hendi vid sæmd þeiri [ok sva miklum heidr<sup>1</sup>, sem ver biodum þer, ok hallt eigi sva lengi æ þrálæti þinu, at þu fellir þar fyrir æ þik vara reidi, þvíat ver  
 10 vilium goðanna hefna. Ok ef þu vill eigi þeim hlydni veita eða gofgan, þa fær þu eptir litinn tima liotar vidfarar ok langar pinur, (ok munt) eigi i sætt komaz vid oss, þo at þu vilir, helldr munum ver þa dæma þer daligan dauða.« Heilug guds ambatt svaraði: Keisari! vónðra manna dauði er hinn versti, þvíat þeir munu  
 15 allðri hvilld finna, en rettlatra manna dauði er hinn bezti, þvíat hann er [lif ok eilif dyrd<sup>2</sup>. Fyrir því dvel þu eigi, konungr, at gora þat er þu hefvir ætlat, en lat af at heimta<sup>3</sup> lengr [hug minn<sup>4</sup> med slægligri blekkingu. Ek trui sannliga, at su dvol, er þer gorit æ minu mali, mun veita morgum manni mikla hialp, þvíat mer  
 20 er þat vitrat af guds fyrirhyggju.« Þessi orð hugsar keisarinn ok óttaz, at mærin mundi snuit fa monnum hans [fra skurdgoða blotum<sup>1</sup> med sinum kenningum. Ok fyrir þa sök let hann færa hana af klæðum ok beria lengi. En síðan let hann byrgia hana i myrkvastofu ok gaf henni .xii. daga frest<sup>5</sup>, at ef hun villdi þa  
 25 eigi litillatliga godunum fornir færa, þa skyldi hun sverði hóggin<sup>6</sup> vera.

7. Drotningh kona keisarans elskadi miok hina sælu guds ambátt Katerinam af morgum lutum, er hun heyrði fra henni sagða, ok villdi giarna sea hana [eða finna, ef hun þyrði fyrir  
 30 bonda sinum. En hun treystiz því eigi fyrir sakir grimleiks hans<sup>7</sup>. Ok einnhvern dag er hun sat ok hugsadi þetta fyrir ser, hversu hun mætti ná mali meyarinnar, þa kallar hun til sin [einn riddara, þann er Portfirius<sup>8</sup> het, ok mælti sva til hans: »Hird þu truliga þat, er ek vil þik einn vita láta, ok legg þar nu alla stund  
 35 æ, at fyllaz megi vili minn med þinu tilstilli; heyr nu þetta. Síðan er ek heyrða, at keisarinn helt [i höptum<sup>9</sup> eina konungs

1 [mgl. B. 2 [hvilld ok lif eilift B. 3 afleidis tilf. B. 4 [hugskot ambattar Kristz B. 5 med þeim skildaga tilf. B. 6 hóggvinn B.

7 [ok ræða vit hana, en hun þyrði þat eigi fyrir grimmeik bonda sins B. 8 [nockurn riddarasvein, er Porphirius B. 9 [tilf. B.

dottur, villda ek fyrir eins [ná viðr hana tala<sup>1</sup>; en þat þorir ek eigi fyrir þeiri reiði, er keisarinn hefir æ henni. Nu svo framt sem þu [vill hafva vara vinattu þer kiera<sup>2</sup>, þa finn her rad til, sva at ver megim na at tala vid hana, sem oss fysisir<sup>3</sup>.« Portfirius svaradi: »I ollum lutum vil ek, fru min, gera yðarn vilia, ok [eigi at siðr<sup>4</sup> þótt mer liggi lifs haski vid. En eigi má ek þessu fram<sup>5</sup> koma, nema leyniliga faim ver þat gort. Væntir ek, þa er natta tekr, at ek [megi þessu fram koma<sup>6</sup>.« Portfirius gaf þeim mikit fe, er geymðu myrkvastofuna, til þess at þeir leyfði drotningu at koma leyniliga ok tala vid guds mey, ok at þeir skuli þessa luti<sup>10</sup> engum manni segia, ok síþan leiddi hann hana þangat. Ok er drotning sa sæla Katerinam, fell hun til fota henni ok mælti sva: »Mikil fyst hefir mer æ verit at sia þitt [hit elskuligazta<sup>7</sup> andlit, siðan ek spurði, at þu vart halldin i myrkvastofu fyrir þa sok, er þu truðir æ Krist. Ok fyrir því at ek máttu eigi fyrr na þinum<sup>25</sup> fundi sakir þess ótta, er ek hefir af keisanum bonda minum, þa bidr ek, at þu virdir mer eigi þat til harðbrystis<sup>8</sup> eða vilialeysis, at ek kom eigi fyrr, helldr til forsia, at ek mega fordaz reiði hans. En nu<sup>9</sup> þvíat allzvalldandi gud hefir mer veitt þat, at ek mætta [næ þinum fundi<sup>10</sup>, þa bidr ek þik, guds mæ, litillatliga<sup>11</sup>, at þu<sup>20</sup> þiggir mik undan reidi guds, þeiri er ek hefir mer til verkat af minum glæpum, ok hann lati ser sóma at leysa med mikilli mildi sinni stora mina misverka ok glæpi. [Heyrðu mik, hin sæla guds ambatt, ok bid fyrir mer hinni synduguztu konu. Eighi ma ek yfvir þegia, hversu mer syniz þitt æskiliga andlit<sup>12</sup>, yfirbragd þitt<sup>25</sup> syniz mer sem eigi se eptir mannligri nátturu, helldr sem þu hafvir engiliga asionu ok fegrd. Ert þu sæl i milli kvenna, heilog guds mæ, því at þu munt odlaz eilifa fagnadi. Ok hardla miok glediumz ek af því, at gud hefir lofvat mer þik at sea ok [med þik at tala<sup>13</sup>.« Þa svaradi heilug Katerina: »Guð ömbuni þinni<sup>14</sup><sup>30</sup> tign, drotning, er þu syndir mer sva mikla ast i minni þröngvingu, at þu lezt þer soma at vitia min i þessa dyflizu. En eigi er þat undarligt, því at þetta baud þer ok skylldadi þik til at gera allzvalldandi guþ, sa hinn sami er sialfum ser kallar þat gort, er hans þionostumonnum er veitt til hugganar, sva segiandi: i myrkvastofu<sup>35</sup>

1 [ mega vit hana mæla B.      2 [ fysiszt at faa vora vinattu B.  
 3 lystir til B.      4 [ hlyda ydru bodi B.      5 til leidar B.      6 [ mega fram koma því, er þer biodit B.      7 [ æskiligt B.      8 hardbrysti B.  
 9 er þat erendi mitt *indskyder* A.      10 [ þin vitia B.      11 þarflatliga B.      12 [ *mgl.* B.      13 [ vit þik at ræða B.      14 þer þina B.      40



stofu var ek, ok vitiudut þer min, ok þat er þer gerduð einum hinum minnsta af minum þionostumonnum, þat gerduð þer mer. Fyrir þessa sok, drotningh, lat þik eigi skelfa þat rað, er ek vil gefva þer, ok lat þer eigi þykkia fyrir at hafa<sup>1</sup> mina kenning; bu þu fyrir ond þina til yfirkomandi freistni, tak af gudi styrk ok af krapti heilags anda, ok bið þolinmodliga þess, er gud hefir mer vitrat af sigri dyrdar þinnar, ok þat skaltu vita, at eptir þria daga muntu heyia gudliga<sup>2</sup> orrostu. Ok eptir fenginn pislarsigr skaltu fara til himinrikis ok fagna þar<sup>3</sup> med englum guds ok helgum pislarvóttum.« Drottning svaradi: »Lystilig ero mer heit<sup>4</sup> þin, hin helgazta mæ, falli mer aumri ok syndugri konu su hamingia til handa, at ek mættis auðlaz ok fyrir finna likn synda minna. En ottumz ek greypiligar<sup>6</sup> kvalar, þær er keisarinn bondi minn mun mer ætla af sinum grimmleik, er hann hefir nógan<sup>7</sup> til. Ok af því at ek em breyskligrar natturu, þa [uggir mik<sup>8</sup>, at ek muna fyrirláta ast drottins mins Jesus Kristz, þa er ek kennir sarleik pislanna. En ek veit, at þat er en mesta ohæfva ok en versta synd, ef svo kann til takaz<sup>9</sup>.« Hin heilaga Katerina svaradi: »Gior, drotning, sem ek bið, rek or þínu hiarta þessa [ætlan hugar þins, haf hug þinn æ gudi, ok fagna i ollum lutum þeim er þu þolir fyrir hans nafni, ok hugsu at þola alt fyrir hans ast<sup>10</sup> ok birt honum hveria götu þu vill ganga, þvíat hans milldi mun styrkia þina kostgæfvi. [Allir verdleikar heilagra manna geraz af guds milldi ok styrk, ok<sup>11</sup> greiðaz götur þeira<sup>12</sup> af forsia drottins, en eigi af daudligum manni. Mannlig reidi, hvers er hun verd, eða bolginn ofmetnaðr vondra manna? Vist allz enskis, þvíat vondið menn mega ekki gora godum monnum, nema þat eina sem gud lofar þeim, því at svo sagði sialfr guds son, þa er Pilatus iarl heitadiz vid hann sva mælandi: Veitz<sup>13</sup> þu eigi, sagði Pilatus, at ek hefir valld til at krossfesta þik? En drottinn svaradi sva: Þu hefdir ekki valld æ mer; nema þer væri af guði gefvit. Nu vit þat drotning, at guds sonr hefir sva styrkta sina þionostumenn til andsvara ok spurninga, at þeir sigra speki spekinga, sem hann sagði i guþspiallinu: Ek mun gefva yðr orð ok speki, þeiri munu eigi mega i moti standa<sup>14</sup> allir uvinir ydrir. Hvat se hialpsamligra þessu fyrirheiti, eða hvat er dyrdligra þessarri ómbun, þvíat helgir

1 [ þunga þykkia B. 2 guds B. 3 utan enda tilf. B. 4 fyrirheit B. 5 mætta B. 6 greppiligar B. 7 gnogan B. 8 [ kvídi ek B. 9 at bera B. 10 [ hugsan, fagna þu med gudi B. 11 [ mgl. B. 12 manna B. 13 Her beygnder atter C. 14 eða i moti mæla tilf. B.

menn guds taka fyrir stundligar pinur eilífva dyrd himinrikis fagnada endalausá með gudi.« En er guðs mæri Katerina hafði þetta mælt, þá retti drotning hendur sínar til himins ok mælti: «Guð [almattigr fadir ok sonr ok heilagur andi, einn ok þrennr sannr gud, er alla luti skapadur af engu efni, þú hinn milldazti engla konungur, er fyrir tapan mannkynsins ok synd hins fyrsta mannz Adams virðiz nidr at stiga af hinni hæstu hæd himinsins til hinna lægztu luta iarþarinnar at taka manndom af holldi Marie meyar æ þinn oskaddan guðdom, ok letz frá henni beraz í þenna heim sannr gud ok sannr madr. Þú er þoldur pinsl ok dauða at bæn gydinga ok domi Pilati iarls oss til lífs ok lausnar, ok heriadur til helvitis ok batt diofulinn, en leysti þadan alla meun; þú reist af dauda æ fyrsta paskadegi ok laukt upp paradísun ok himinrikis hlid fyrir ollum þinum monnum; þú stett upp til himna at æsiandum postolum þinum ok sendur þeim þinn helgan anda æ hvitasunnu degi ok lærdir þá í þinni ast ok at tala allar tungur ok alla speki, ok í þessum sama þinum helgum anda lærir þú alla þina menn ok vini. Heyrðu, sterk von ok huggan allra þurfvandi manna, styrk þú þat, er þú vant oss fyrir þinn pislarvótt sæla Katerinam, ok gef oss þina ast sanna ok hræzlu, ok at ver standimz alla freistni ok kvalar vondra manna fyrir þínu nafni síðan með halldinni tru sannri, þviat þú ert lífandi gud um allar alldir allða.« Þá mælti drotning til sællar Katerine: »See her nu, guds ambatt, fyrir þina kenning er ek buin alla luti at þola fyrir guðs nafni, ok mun ek bua hug minn til gudligrar orrosto með aullu kostgæfvi. En þú bid til guds, at hann afli ser fyrir þik mína sal ok lati mik finna sína miskunn.« Meðr slíkum ordum ok ádrum hialpsamlighum<sup>2</sup> heimtu þær drotningh ok hin sæla Katerina tal sitt framan til midrar nætr.

8. Sá Portfirius, er þangat hafði fylgt drotningu til fundar við sæla Katerinam, hugði nu vandligha at þeira ræðum, ok fell hann síðan til fota guds ambátt ok mælti sva: «Bidr ek þik, [en kærsta drotning, at þú látir mik eigi þeira ómbuna missa, er guð hefir synt þer; seg mér, hvat ek skal þess gera, at ek mega fá eilífan fagnat en slíta orhiarta mínu<sup>6</sup> allar fianda villur.« Heilug Katerina svaradi: »Hefir þú alldri heyrt, hvat heilug ritning segir frá eilífum fagnadi?« »Vist alldri, sagði hann, ek hefir ekki mátt slíku

1 [ styrki þat, er hann vann oss fyrir þinn munn, en sælazta mæri. Se B. 2 dæmum tilf. C. 3 saal. C; Þa A, B. 4 [ tilf. B. 5 mætta B. 6 með rotum tilf. B.

hlyða, því at mín iðn hefvir su iafnan verit, at ek hefir stadi<sup>1</sup> i ofridi ok orrostum.« Sæl Katerina svaradi: »Hverr megi segia makliga fra þeim fagnadi, er guds vinir hafva, með því at postolinn segir engan sea eda heyra eda hugsa mega þa luti, er guð hefir fyrir buit sinum astvinum. En þat ma ek segia þer, er guð hefir fyrir heitit þeim, er honum þiona truligha: hverr sa, segir hann, er mik elskar, mun elskaðr vera af fedr minum, ok mun ek elska hann ok syna honum sialfan mik; ok þar sem ek er, þar skal vera ok minn þionostumadr. Hvat girniz þu<sup>2</sup> þessu framarr at spyrja?« Portfirius varð hardla feginn, er hann heyrði þessi ord, ok trudi þegar af ollu hiarta æ drottin Jesum Kristum. Ok með honum toku tru .cc. riddara. Síðan kysti hverr þeira<sup>3</sup> annan, ok falu sik gudi æ hendi, gengu brott or myrkvastofunni ok badu varðhaldsmenn, at þeir segði engum fra þessum lutum,<sup>15</sup> er þar höfðu gerz. En þeir iatuðu því.

9. Hin heilaga mær Katerina var lukt .xii. daga i myrkvastofu, [sva at ollum monnum var bannat at koma til hennar eda veita henni nokkura hialp. En almattigr guð, sa er alldri fyrirlætr sina elskendr ok þionostumenn ok alldri gleymir þeim, er hann<sup>20</sup> dyrðka, hann huggaði sina ambatt ok sendi til hennar engil sinn, þann er henni færði þa luti, er hun þurfti at hafa, ok syndi henni helgan anda sinn i dufu liki sniofi hvitara fliuganda inn i myrkvastofuna til hennar, sva mælandi: »Fagna þu, min kærast, því at ek skal þik korona eilifri koronu i himinrikis porti, með þeiri<sup>25</sup> skal ek þik<sup>4</sup> inn leida til þinna systra i odaudliga fagnadi allra heilagra eptir endat þetta lif, ok þin sæmd skal at eilifu livvandi vera i ríki fedr mins.« Þessu guðligha fyrirheiti varð hin sæla Katerina fegnari, en fra megi segia, ok gerði margfalldliga gudi þakkir<sup>5</sup>.

10. At liðnum .xii. dögum var hin sæla Katerina miok hugsiuk af fundi þeira keisarans ok ótta pislanna, er hun vissi at verða mundi, ok bað fyrir ser til guds þarfatlīga af øllum hug. Þa vitradiz henni drottinn Jesus Kristus<sup>6</sup> með mikilli engla sveit ok mælti sva við hana: «Ottaz þu eigi, min ambatt, því at ek em

35 1 starfat *B.* 2 af *tílf. B;* at *C.* 3 felaga *tílf. B.* 4 *reittet;* þinn *A.*  
5 [ ok því at ollum monnum var bannat at veita henni nokkura hialp, þa vitradiz henne guds eingill ok huggadi hana, ok syndiz henne sniahvit dufa fliuga inn i myrkvastofuna, ok færði henne þa hluti, er hun þurfti at hafa *B, C.* 6 i þeiri liking sem hann er vaur monnum  
40 at synazt *tílf. B, C.*

Jesus Kristus skapari allra luta; fyrir [mina ast þolir þu alla luti; sæl munt þu vera i milli kvenna, goda þraut hefir þu þreytt, ok margir hafa fyrir þik á mik truat, ok enn munu þo fleiri vera. Ver þu eigi hugsíuk um píslirnar, þviat ek mun med þer vera alt til enda lífs þins, at enginn otti ne grimnleikr þeira megi þik skelfva. Eighi neitadir þu nafni minu fyrir monnum, ok eigi mun ek neita þer þat, er þu vill mik biðia i himinrikis holl. « Vid þessa guþliga huggan styrktiz hon full af fagnadi ok helgum anda, buin at þola alla luti fyrir guds ast, ok tok at hafa karlmannligun hug i kvenligu briosti, lofandi guþ af ollu hiarta i.

11. Um morgininn eptir bauð keisarinn, at heilaga Katerinam skyldi leiða fyrir domstol hans. Ok er hann sæ hana hardla biarta ok þekkiliga, þa undradiz hann miok, ok allir þeir er hana sæ, at hennar yfirbragd mátti slikt verða, þar sem þeir hugdu, at hun mundi at þrotum komin af hungri, eptir því sem mannz edli var til. Keisarinn freistadi þa enn, ef hann mætti lokka guds mey ok pinslarvótt til samþykkis vid sik, ok mælti svo til hennar: »Eigi skal þat hegomi vera, er ek hefir mælt þer til sæmdar, því at eigi byriar konungligu valldi því at heita, sem at falsi reyniz; hygg at [þvi, er ek byd þer<sup>2</sup>. Eigi fysumz ek at eiga þik sem ambátt eda kynlitla konu, því at eigi byriar þat tign vorri, [þar sem þu ert kyngöfug, því bydr ek þer at eiga med mer alla luti ok alla dyrd mins rikis. Ok af því at þu ert hardla frid synum ok kurteis umfram allar frur i heiminum, þa ma okkat samvelldi sva saman fara, at þu ser hin rikazta drotningh heimsins, valin af ollum mest sakir fegrdar þinnar ok lista. Ef þu þigg þenna veg, þa dyrdka þik allir. Nu gef oss skyr andsvör, ok hugsa, hvar komit er þinum hag, ok hversu tveim stöfnum mun deila fyrir þer, ok rasa at engu fyrir rað framm<sup>3</sup>.« [Hin sæla mæ, er hun heyrði

1 [þess (mina C) ast þolir þu slikar þrautir; sæl muntu vera milli kvenna, himens fagnat skalltu fyrir finna, goda þraut hefir þu þreytt, eigi neitadir þu nafni mino fyrir maunnunum, hafa ok margir aa mik truat fyrir þin ord, ok enn munu fleiri trua. Vertu eigi hugsíuk um píslirnar, þviat ek man med þer vera: allt til endadags þins, svo at otti þeira ok grimleikr megi þik eigi skelfa. « Heilog Katerina heyrandi hans ord vard fegnari, en frá megi segia, ok lofadi gud af ollu hiarta, tok þegar at hafva karlmannligan hugh i kvenslighu (kvennlegu C) briosti buin alla hluti, at þola fyrir guds ast B, C. 2 [ þu, hvat ek segi, ok hlyd til med hyggendi B, C. 3 [ en því at þu ert kyngöfug ok frid synum, þa byd ek þer ath eignast med mer alla dyrd ok allt welldi (valld C) rikis mins; ertu þa en rikazta drotning, ef þu þigg þenna veg, valit af ollum odrum i ríki mino fyrir sakir fegrdar

þessi ord, þa mintiz hon gudligs fyrirheitz, er hun hafdi heyrt i myrkvastofunni, ok sagdi svo: »Heyrit þer, keisari, ok berit þolinmodligha mina rædu, þviat þat somir konungligri tign. Þu telr fyrir mer, at ek skula ødlazt dyrd velldis þirs ok vera drotning 5 yfir ollu velldi þinu; kært ma þeim slikt at heyra<sup>2</sup>, er **aa** þessa verolld vill stunda<sup>3</sup>. En ef ek ma finna þer rikara ok friðara, þer betra ok mattkara, hvarn skal ek<sup>4</sup> kiosa, lifanda um allar alldir verallda ok skinanda eilifliga i sinni dyrd, eda þann er skiott mun deya ok verða at molldo ok mœðkum? Hugsu nu, herra 10 keisari, ok dæm síþan rettum dómi.« En med þvi at keisarinn var skylldaðr til i þessarri spurningu at svara þar sonnu um, þa mælti hann sva: »Engin vitr maðr mun þat dæma, at meira se virðr eda metinn stundligr en eilifr, eda helldr se kosinn [daudligr en lifandi um allar alldir verallda<sup>5</sup>, þvi at sa ma alla luti eiga, 15 er at eilifu rikir; en sa er skiott deyr, ma hvarki eiga [sik ne aðra luti<sup>6</sup>. En hversu hæfa þessi svðr þeim lutum, er ek talada<sup>7</sup> til þin aðan? Hverr er þessi, [er svo er rikr<sup>8</sup>, sva máttugr ok goðr ok þar med eilifr, at hann se meira hattar ok meira virðandi en ver ok vor dyrd ok riki? Ek veit þann engan i ollum 20 heiminum.« Kristz pislarvótttr svaradi sva: »Allzvalldandi ok um allar alldir lifandi Jesus Kristus guds son, sa er meira **aa** at virða en þik ok þina dyrd [alla, sva mikla sem hon er; þeim sama er<sup>9</sup> ek fæstnut ok hann elskar ek af ollu hiarta, ok fyrir hans ast vil ek helldr deya en neita hans dyrd. Lat þer, konungr, ekki finnaz 25 um þa dyrd ok fegrð, er sva skiott kann fyrirfaraz sem [blomgat gras, er vex **aa** iorðu **aa** litilli stundu, ok þornar þat skiott ok fyrirverðr sik allt. Nu mat þu sea, sva vitr maðr sem þu ert ok þikkiz vera, at<sup>10</sup> engi<sup>11</sup> fegrð ønnur er at sonnu girniligri, en su er engan enda hefir ok eigi ma [þorna ne hrørna<sup>12</sup>, en þat er ast 30 ok elska drottins mins Jesu Kristz ok eilift lif.«

12. Við þessi ord meyarinnar varð keisarinn hardla reiðr<sup>13</sup>, þviat hann hugðiz [aðr snuit hafa<sup>14</sup> hug hennar med sinum fortølum.

þinnar; hirdu wandliga þenna kost (þessi ord C) i hiarta þinu ok veit mer sidan skyr andsvør B, C.

- 35 1 [ *tílf.* B, C. 2 hafa C. 3 stundat hafa B. 4 helldr *tílf.* C.  
5 [ skiott deya munandi, en sa er alldri **maa** deya B, C. 6 [ sidan sialfan sik ok ecki annat B, C. 7 rædda B, C. 8 [ *mgf.* B, C.  
9 [ þeim em B, C. 10 [ blom (blome C.) gras þess, er vex **aa** annarri stundu, en þornar (þverr C.) **aa** annarri, B, C. 11 *tílf.* B, C.  
12 [ morna B; þorna C. 13 svo at hann red ser valla *tílf.* C.  
40 14 [ nu maundu **aa** snuit B, C.

Einn af greifum hans, sa er þar var vid staddr, villdi stilla<sup>1</sup> reiði keisarans, [þvi at hann vissi varla, hvat hann skyldi at hafaz<sup>2</sup>. Hann mælti sva: »Ef þer lofit, minn herra, sagdi greifinn, þa mun ek þat rað til<sup>3</sup> gefva, at yðvarr vili mætti [framgengr verða<sup>4</sup>, þo at høgliga se at farit, en eigi [med harðindum eða<sup>5</sup> hardri hegningu.«<sup>5</sup> Keisarinn svaradi: »Ef svo er, sem þu segir, þa lat enga dvøl æ verða, at vórr vili megi framnganga<sup>6</sup>.« Greifinn mælti: «Þat rað gef ek, at gera skal hvel<sup>7</sup> flogur, ok keyri i hvert hvelit<sup>8</sup> hina hvössuztu stalgadda<sup>9</sup>, ok lata<sup>10</sup> þessa hina priotzku mey sitia þar hia. Ok þa er hvelin<sup>11</sup> ganga med ækefd ok gnista ogurliga, þa<sup>10</sup> mun hon ottaz af syn ok heyrn þessa pislarfæris, ok mun eigi fleira vid þurfva. Væntir ek þa, at hun trui ok forni goðunum eptir ydrum vilia, ella se hon sverði høggin. Eða hversu lengi skal ein litil mæz spotta at<sup>12</sup> oss, sva at ver þolim hennar enar verstu slægdir, þviat med sinni orðsnilld ok vitro sigrar hun alla<sup>15</sup> oss.« En er þetta pislarfæri var buit eptir boði keisarans ok frammi haft, ok er hvelin gengu ok gnistu, þa mintiz drottinn fyrirheit<sup>z</sup> sins ok sendi engil sinn at frelsa Katerinam fra þessarri þraut; ok máttu hvelin henni ekki [mein gera<sup>13</sup>, en þau liopu æ nokkura [heiðna menn<sup>14</sup> ok drapu þa<sup>15</sup>. Margir af þeim, er vid<sup>20</sup> voro staddir, komuz vid, er sa þessi tíðindi, ok trudu þegar æ drottin Jesum Kristum, sva mælandi: »Engi er sannliga gud þeim likr, sem kristnir menn trua æ, hann einn er dyrdkandi ok [lofandi um<sup>16</sup> alla luti, ok hann er eilifr guð.« Keisarinn varð nu vid oðr af þessum øllum saman atburð, ok mælti sva: »Þessi mæz<sup>25</sup> mun oss gera hinn mesta skaða, ef ver latum eigi drepa hana skiótt, eða hvern megi vid sia eitri kristinna manna eða sigra þrályndi<sup>17</sup> þeira. Farit til<sup>18</sup> sem skiotazt ok skakit<sup>19</sup> hug hennar med morgum ok horðum pinslum!« [Ok sva var gert, ok siþan i myrkvastofu kastat ok til dauda ætlat eptir þria daga liðna, ef<sup>30</sup> hun villdi þa eigi blóta<sup>20</sup>.

13. Þa er keisarinn hafdi til dauda dæmt heilaga Katerinam

1 staudva C. 2 [ mgl. B, C. 3 þessa mals tilf. B, C. 4 [ skiott algjörast B, C. 5 [ af ædi eða med B, C. 6 fullgjörast B. 7 hiol B, C. 8 hvel B; hiolit C. 9 iarngadda B, C. 10 lati B, C. 35 11 hvelin (hiolin C) taka at B, C. 12 mgl. B, C. 13 [ granda B, C. 14 höfðingia B; heidingiana C. 15 svo at af þvi do forar þusundir manna tilf. B, C. 16 [ tignandi umfram B, C. 17 þraalæti B, C. 18 heilir svo B. 19 skapit B. 20 [ Ok þa er sæla mæz Katerina var til draps leidd, tok drotning miög at grata dauda hennar, ok<sup>40</sup> þvi at hun treystiz guds miskunn af øllum hug, þa ottadiz hon eeki

[eptir harðar pinslir ok margar, ok þó henni frest gefit, sem fyrr var sagt, þá kallaði drotning *æa* hann ok mælti, þvíat hun treysti guðs miskunn ok óttadiz ekki konungs (reidi) eða grimmeik ok fyrirleit alla iardliga tign: »Heyrit, herra keisari, hvat ilt gerði  
 5 ein litil mærlær ydru ríki, eða skal hun giallda giætzku sinnar fra þer ok tyna þar fyrir dyrd sinnar fegrdar?« Keisarinn undradi, er drotning tok sva til orða, ok ætladi i fyrstu, at hun mundi harma aumleik sva fridrar meylar, en ekki kom honum þat i hug, at hun mundi þetta tala af ast heilagrar truar. Þá mælti  
 10 drotning enn til keisarans: »Slikr er máttur ok styrkr ríkis yðvars ok hin dyrdliga frægð veldis yðvars at þrongva saklausum ok draga til pinsla þionostumenn hins eilifva konungs drottins Jesu Kristz.« Keisarinn mælti: »Hvat er, drotningh? Hvat hefir þu vid tekit villu kristinna manna ok blindat augu þin i heimsku þeira, en  
 15 hafnat almatkum Þórr, Balldr ok Freyiu ok enni godu Gefion ok øðrum godum vórum?« Drotning svaradi: »Sannliga iati ek almatkum gudi minum Jesu Kristo af øllu hiarta, ok fyrir hans ast ok nafni vil ek taka pislir ok dauda þola, þvíat engi er annarr guð en faðir ok sonr ok heilagr andi, einn i algerri þrenningu, sa  
 20 er lifvir ok rikir utan enda. Þess valldi lytr øll skepna ok hræþaz allir mættir, hann skapadi alla luti af engu efni. En Þórr ok Óðinn ok allir gudar ok goð heiðinna manna ero dióflar ok engu nyt nema til þess at brenna i eilifum helvitis elldi, ok allir þeir med þeim, er þau dyrka; en þau megu hvarki ser gott gera ne  
 25 øðrum.« En er keisarinn heyrdi þessi hennar ord ok heyrdi, at hun lastaði goð hans, en skildi, at hun var samtengd slikri tru sem heilög Katerina <sup>1</sup>, þá ørvilnadiz hann þegar, at hun mundi snuaz vilia til heiðins sidar, ok læstiz af mikilli reidi ok dæmði <sup>2</sup>, at skera skyllði af henni briostin bæði, ok sva var gert. En þótt

30 konungs reidi eða grimmeik, fyrirlet (fyrirleit *C*) hun ok alla iardliga tign *B, C*.

<sup>1</sup> [ þá kalladi drotning *æa* hann ok mælti svo: »Slikr er styrkr mattar þins ok þessi fremd ens dyrdliga (dandlega *C*) ríkis þins at þraungva saklausum ok draga til pinsla þionostumenn ens eilifa konungs; eða  
 35 hvat hefir ein litil mærlær megat (matt *C*) illt gera ríki þinu, skal hun giallda gæzku sinnar ok tyna þar fyrir dyrd slikrar (sinnar *C*) fegrdar?« Keisarinn undradi, er drotningin tok svo til ordz ok ætladi þó, at hun mundi harma aumleik svo fridrar meylar, en eigi kom honum þat i hugh, at hun mundi mæla af ast heilagrar truar. En þá er hann tok vandliga at skilia, at drotning var samteingd i þvilikri tru, sem hun hafði *B, C*.

40 <sup>2</sup> [ því baud hann *B, C*.

hun væri sva meidd, let hun eigi af at boða dyrd heilagrar þrenningar. Þá dæmdi keisarinn, at hana skyldi halshoggva. En hun gerdi gudi þakkir ok fal sik undir bænir sællar Katerine, sva mælandi: »See nu, guds bruðr, [fyrir þinar bænir hefir guð veitt mer at standaz pislir. Nu bið ek þik, at þu latir eigi af at biðia guð mer 5 miskunnar, at hann virðiz at veita mer þann fagnat, sem hann hefir fyrir heitit þeim, sem leita hans hialpar ok iðraz synda sinna.«<sup>1</sup> Heilug Katerina huggaði drotninghu ok mælti sva: »Vert þu styrk i huginum ok lit til himins, lát eigi af at biðia til guds, þviat hann er nalægr ollum þeim, er med sannleik bidia 10 hann miskunnar. Mun ok skamt at biða, at þu munt koronut vera med pislarsigri, ok munt þu þá ná at sea skapara þinn med englum sinum ok pislarvóttum skinanda<sup>2</sup> i himinrikis dyrð. Med þeim munt þu gleðiaz um alldir allda. Far nu fagnadarsæl i guds friði til fyrirbuins rikis, þess er alldri verðr endir æ.« Drotning 15 styrktiz vid þessi ord sællar Katerine, ok for fagnandi til pislra ok var sverði hoggvin, ok for síþan til himinrikis fagnada. Pislartid hennar er æ einum degi ok hins heilaga Clementis<sup>3</sup> pafva.

14. Portfirius riddara hofðingi, sa er drotningu hafdi fylgt til myrkvastofunnar æ fund sællar Katerine, sa þessi típindi [ok 20 komz<sup>4</sup> miok vid i sinu hiarta logandi af elldi guðligrar astar. Hann gekk fyrir keisarann ok mælti af<sup>5</sup> miklu trausti: »Her til hefir ek þionat ydvarri tign, sem ek kunna, en nu er þat rað i hug mer komit, at ek vil eigi lengr þiona iarðligum konungi ok daudlighum, hellðr vil ek heðan af þiona odaudligum konungi ok 25 himneskum drotni Jesu Kristo; ok þetta rad vilia upp taka med mer þau .cc.<sup>6</sup> riddara, er ek hefir stiornat, girnaz þeir sem ek af allri ast<sup>7</sup> at þiona drotni vórum Jesu Kristo ok gøraz hans riddarar.« Sem keisarinn heyrði þessi ord, óttaðiz hann, at Portfirius ok hans riddarar mundi vilia draga<sup>8</sup> rikit undan honum. 30 En þviat hann<sup>9</sup> var agætr madr i hans hird, þa villdi hann eigi láta drepa hann, hellðr let hann kalla hann ok sveitunga hans til mals<sup>10</sup> vid sik leyniliga, ok talar sva til þeira: »Hvat ilt hefir

1 [ med þinum bænum mer tæiandi hefi ek gert þat, er þu bauðt mer; bid ek, at þu latir eigi af ath fullgiðra þat, er þu hefir upp hafit, bid 35 þu kostgæfliga, bid þu af allri goðfysi þinni, at gud lati þægiliga verða fysi wora i angliti dyrdar sinnar, ok gefi oss þann fagnat, er hann hefir fyrir buit þeim, er leita hans miskunnar B, C. 2 skinandi B. 3 Clemens C. 4 [ þviat hann var fyrirætladr til eilífs fagnadar, komz hann B, C. 5 med B, C. 6 tvau hundrut B. 7 hugarins 40 tilf. B, C. 8 ianda B; hafa C. 9 Porphirius B, C. 10 tals B, C.



yðr hent<sup>1</sup>, ok hvern skaða eða vanvirdu<sup>2</sup> hafit þer fengit? [Heilir sva! látit af falsligri fyrirætlan, ok snuiz ifra því lagabroti, sem yðr hefir i hug komit, at neita almatkum goðum vórum, en trua æ Krist, þann er hengðr var æ krosstre ok do þar, ok var þo aðr  
 5 alla vega svivirðr ok barðr. Mikil firn ero slikt. Nu elskit þer ok dyrðkit Þór ok Apollo, en hirdit ekki um Krist ok um hindrvitni kristinna manna ok um þeira tru ok villur. Ok ef þer gorit svo, þa skulut þer hafva vara vinattu ok þar med sæmd ok riki ok goð kvónfaung fyrir fylgd<sup>3</sup> truligrar þionosto. Portfirius mælti:  
 10 »Herra keisari, sagdi hann, at engum kosti fáit þer oss snuit fra heilagri tru ok ast almattigs guds, því goð yd(u)r ok dyrð þeira ero engu nyt.« Keisarinn villdi þa tala vid þa riddarana, sva at Portfirius væri eigi hia, ok hugdiz mundo snuit fa hug þeira. En Portfirius gekk æ tal þeira [ok mælti sva: »Eighi giorit þer,  
 15 herra<sup>4</sup>, skynsamligha, þer snuit hia höfðinu en talit vid hina lægri<sup>5</sup>. Ek skal sannlig svðr veita fyrir alla oss, því at med guds miskunn vilia þeir hlita minni forsea.« Keisarinn svarar med mikilli reidi: »Eigi ert þu hofut þeira, helldr ert þu glautun<sup>6</sup> þess vesla hofuðs, sem þu<sup>7</sup> berr eptir, ok allra þeira, sem þu  
 20 lokkar<sup>8</sup> til med flærðsamligum fortolum at tyna fögnudum vorrar dyrðar, ok þar med ollu því godu, sem þer eigit<sup>9</sup>, en taka i moti hinn versta dom<sup>10</sup> daligs dauða.« Ok því at keisarinn hugsadi, at eptir þeira dæmum mundi<sup>11</sup> margir snuaz, ef hann dveldi<sup>12</sup> þeira drap, því bauð hann, at Portfirium ok alla hans  
 25 sveit skyldi brott leida or borginni ok pina [alla vega<sup>13</sup> miskunnarlaust ok siðan halshöggva, ok sva var gort. Ok for [su hin sæla sveit med þessum pislarsigri guði til handa enn<sup>14</sup> næsta dag eptir Clemens messu.

15. Eptir þat er þessi hin sæla sveit hafdi latit sitt lif fyrir  
 30 ast heilagrar þrenningar<sup>15</sup>, þa bauð sa hinn illi keisari, at guds pislarvótt hina helgu mey Katerinam skyldi leida fyrir hans dómstol. [En hennar æsiona var biartari ok skiærri en mannlig

1 til handa borit *B, C.* 2 hveria vanvirðing *B, C.* 3 [ Snuit ifra lagabroti því, sem (er *C*) yðr hefir i hug komit at gera, latit af þessi ferligri fyrirætlan, at þer megit audlaz winattu vorrar dyrðar ok  
 35 þeira svo mælandi: »Eigi giorir yd(u)r speki nu *B, C.* 4 [ ok slitr ræðu (ræðir *C*) þeira svo mælandi: »Eigi giorir yd(u)r speki nu *B, C.* 5 limuna *tílf. B; ikke C.* 6 *saal. B, C; gautun A.* 7 hefir ok *tílf. C.* 8 skyldar *B, C.* 9 eigut *B.* 10 *tílf. B, C.* 11 mundu *B; mættu C.* 12 dvalde *C; leti nockut dvelia B.* 13 [ med ollu *B, C.* 14 [ Porphirius ok .cc. riddara med honum til guds med pislarsigri *B, C.* 15 tru *B; truar C.*

náttura mætti skina með svo miklum blóma, ok bra ollum miok vid, er hana sáo, en keisaranum mest, ok mæltu margir sva: »Sannliga er þat ofrharmr, at saklaus mæR skal svo hörmuliga pind vera, ok bolvut se þau goð, er slikt hlytz af, ok makara væri, at þau væri i elldi brend.« Aðrir mæltu sva: »At visu er hon ein af goðunum helldr en maðr at vænleik ok vitro ok krapti.« En mikill fioldi manna mælti sva: »Engi er slikr guð sem guð kristinna manna, hans mattr ok milldi sigrar alla luti.«<sup>1</sup> Keisarinn freistadi<sup>2</sup> æ alla vega með allri sinni slægd ok snilld at snua hug sællar Katerine til samþykkis vid sik. En guðs mæR af mikilli miskunn heilags anda var svo staudug sem stolpi, sa er hvergi mæ or stað<sup>3</sup> hræra, ok sigraði keisarann með mikilli snilld ok vitro i ollum vidræðum þeira, en fystiz litillatliga til himneskra fagnaða.<sup>4</sup> En er keisarinn hafði lengi vid hana talat ok fekk ekki [at gort, ok varð liosliga yffirstiginn, þa örvinladiz hann, at hans kostgæfvi giæti henni til sins vilia snuit, dæmðis hann þa um siðir, at hana skyllði sverdi höggva. Ok þa var hun or borginni leidd eptir boði keisarans i akvedinn stað, at hun leti þar lif sitt.

16. Þa er heilog guðs mæR Katerina var til draps leidd at asianda ollum lyð, gretu hana bæði karlar ok konur með miklum harmi. Ok er hun kom til þess stadar, er hana skyllði höggva, bað hun [ser orlofs at biðiaz fyrir, ok fekk þat. Þa fell hun æ kne ok helt<sup>6</sup> höndum til himins ok bað til guðs með þessum orðum: »Drottinn Jesus Kristus, skapari himins ok iardar, er miskunna villdir ollu mannkyni ok letz þer soma at koma af himnum, til þess at þu leystir mannkynit or snorum fiandans, ok virðiz upp at taka þræsligan<sup>7</sup> likam ok láta þik æ króss negla, ok villdir bergia æ<sup>8</sup> beiskum dauða! Heyr þu mik, ambátt þina, til þin kallandi ok þinni miskunn treystandi, at englar þinir taki sal mina ok leiði til eilifrar hvilldar, er þu hefir fyrir buit ollum þeim, er þitt nafn elska. Þess bid ek þik, drottinn minn, at [allir vel<sup>9</sup> truarðir menn, þeir er til dyrdar þins nafns sækia mitt arnadar-

1 [mgl. B, C. 2 stundadi B, C. 3 vikia eda úlf. B, C. 4 fost-iardar B. 5 [ með slægligum fortölum vikit henne eptir sinum vilia, tok hann at aurvilnast, at hans kostgæfi metti tia, svo at mærin mundi leidrettast, baud B, C. 6 [ þann mann, er til var ætladr at veita henne liflat, at hun nædi at biðiaz fyrir, ok hann let þat eptir hennar heilagri fysi, ok at feingnu færi til bænar, þa helldr en helgazta mæR B, C. 7 mannlegan C. 8 mgl. B, C. 9 [ saal. B, C; 40 vel rett A.

ord, með hverigri bæn er þeir kalla til þín, heyr þú rodd þeira ok hialp þeim at eilifu, þviat þú ert guð drottinn blezaðr um allar alldir.« En þa er hun hafði bæn lokit, kom rödd af himni sva mælandi til hennar: »Blezut ert þú, hin helgazta mær .Katerina, ok heyrþar ero bænir þínar! Kom nu ok tak ombun fyrir þrautir þínar i milli heilagra [kvenna, þviat konungr konunga með allri himinrikis hird biðr buinn þinnar þarkvámu<sup>1</sup>.

17. Þa er hin sæla mær Katerina heyrði þetta, reis hon upp af bæninni hardla fegin af guðligu<sup>2</sup> fyrirheiti, ok var síþan högginn at bodi keisara æ fimta ok .xx.<sup>ta</sup> degi Novembris manadar, þat er tveim nóttum eptir Clemens messu. Ok þegar flaut miolk or sárum hennar<sup>3</sup> i stad bloðs til vitnis skirlifis hennar en til lofs ok dyrðar almatkum guði. [Ok iafnskiótt sem hennar helgazta önd var við skilin, toku englar guds<sup>4</sup> likam hennar ok fluttu æ fiáll, þat er 15 Syna heitir, þar lætr gud geraz otalligar iarteinir fyrir hennar verðleika: [verða þar diöfuloðir heilir, hrumir ok haltir ganga, likþráir hreinsaz, blindir sia, daufir heyra, en daudir lifna<sup>5</sup>. Upp or leiði hennar sprettr vidsmiors brunnr, sa er allðri þrotnar<sup>6</sup>, ero þar af smurðir likamir siukra manna, þeira er þadan flytia fagnat 20 slikrar heilsu, sem hverr kann ser at æskia. [Ok er þar enn mesti bænastaðr, ok enginn kom þar sva heilsulauss, at eigi fengi bot allra meina, þeir sem þangat sottu með rettri tru ok sannri ast ok von sinnar heilsu<sup>7</sup>.

18. Eptir hit helga liflat sællar Katerine ok þær þrautir, er 25 hun [hafði þolat fyrir ast ok<sup>8</sup> tru heilagar þrenningar, tok ek, sagði Athanasius, at rita pislarsögu minnar fru sancte Katerine, þvi at ek var hennar þionostumadr, fra upphafvi ok til enda, henni til tignar, en rett truundum<sup>9</sup> monnum til minnis ok nytsemdar<sup>10</sup>. Veiti gud oss syndalausn fyrir bænir ok verðleika sællar Katerine 30 ok gefvi oss eilifan fagnat með ser ok sinum helgum mönnum, sa er lifir ok rikir um allar alldir verallda. Amen.

1 [ eingla, þviat se herna (hér mattu sia þa at C.) þeir eru komnir ok bida bunir þinnar tilkvomu B, C. 2 himnesku B, C. 3 guogliga tilf. B. 4 [ Einglar guds toku B, C. 5 [mgl. B, C. 6 þornar B, C. 7 [ þviat þar fengu allir bot sinna meina, hvad sem at meina var C; mgl. B. 8 [ þöldi i B, C. 9 retruodum B, C. 10 þvi at otallegar iarteignir veitti hon eptir anlat sitt i ymsum londum, þo at ek hafe eigi diorfung til ne arði þer at skrifa fyrir fafæði minne tilf. C.

## LAURENTIUS SAGA.

(*Cd. Holm. 2 folio, A; Cd. 235 folio, B.*)

Her hefr upp sögu ens heilagha Laurentij erkidiakns.

Decius konungur ok Valerianus greifi letu taka Sixtum pava ok leida fyrir domstol sinn með kennimönnum sínum. En er þeir voru höndladir, þá mælti Sixtus vit sína menn: «Eigi skulu þer hræðaz, brædr, þvíat allir helgir menn þöldu margar þislar ok þrautir, að þeir kæmi [með sigri] til ens sanna lífs. Drottinn vor Jesus Kristur gaf oss dæmi, þá er hann tok þislar fyrir heilsu vora, af því skal ok eingi vor hræðaz at taka þislar fyrir hans nafn. Diakn hans Felicissimus ok Agapitus svara: »Hvert munum vær fara frá þer fadir?« Decius mælti vit Sixtum, er hann var leiddur fyrir domstol hans: »Veiztu fyrir því þú vart hingat leiddur?« Sixtus svarar: »Vist veit ek ok vel veit ek.« Decius mælti: »Ef þú veitz vel, gerdu svo, at lydr þinn fylgizt ok vite ok vel life.« Sixtus svarar: »Verdi satt, at lydr minn fylgiz ok vel life.« Decius mælti: »Blotadu godum oðaudligum ok ver höfðingi kennimanna.« Sixtus svarar: »Ek hefi þionat ævallt, ok svo man ek þiona, gudi almatkum fedr ok syni hans Jesu Kristo ok helgum anda, ok færi ek honum hvern dag hreina forn.« Decius mælti: »Vertu þer heilradr i elli þinni, svo sem vær erum oss heilradir.« Sixtus svarar: »Þat rad hefi ek kent mér hingat til ok minu lidi, at ek mætta leida alla með mér frá synda diupi ok dauda.« Decius mælti: »Blotadu ok þá, at eigi se þer daudi til<sup>2</sup> giðr til ognardæmis þeim, er eigi vilja blota.« Sixtus svarar: »Sagda ek þer um sinn, at ek fære hvern dag forn gudi minum ok syni hans Jesu Kristo.« Decius mælti vit riddara sína: »Leidi þer hann til Freys hofs, ok setit hann i myrkvastofu, ef hann blotar eigi

1 [ tilf. B.      2 fyrir B.

Frey. « Sixtus pafe mællti vit þa, er hann leiddu til hofsins: »Hvat giorit þer, vesalir menn, þer<sup>1</sup> göfgit handaverk manna, likneski blind ok daufr, er hvorki mega dugha ser ne öðrum; helldr hlydi þer mer, synir, ok leysit andir ydrar fra eilifre kvöl, ok  
5 hrædizt eigi likams pislir helldr eilifar kvalir, þær sem bunar eru syndugum mönnum ok þeim er blota skurdgodum. Giorit þer idran synda yd(ar)ra<sup>2</sup> ok hafnit røngum bödordum konunga. « En er Sixtus villdi eigi blota, þa var hann leiddr til myrkvastofu med tveim diaknum sinum Felicissimo ok Agapito.

10 23. En er Laurencius diakn spurdi, at Sixtus pafe var i böndum, þa kom hann til hans ok mællti: »Hvert skyndir þu, fadir an syni, ok hvert ferdu, heilagr kennimadr an diakne? þu vart alldregi vanr at færa forn gudi, svo at eigi fylgdi diakn; hvat mislikar þer vit mik, fadir, eda reyndir þu mik i nöckuru  
15 þreklausan, svo at þu vilir nu neita samlagi minu i uthellingo blöds þins? Reyndu vist, hvort þu hefir þer mæklighan þion valit<sup>4</sup> at selia i hönd guds þionustu, þviat þu selldir mer samlag helganar drottinligns hölldz ok blöds. Se þu, at eigi minkir þu veg þinn i mer, þviat skadi er lærifodur at bregda blödsuthelling lærisveins,  
20 þviat enir beztu menn dyrkaz eigi sidr af sigri lærisveinanna en af sinni dyrd sialfra. Abraham höfufadur gaf<sup>5</sup> gudi son sinn, en Petrus sendi fyrir ser<sup>6</sup> Stephanum diakn sinn; syndu ok krapt þinn, fadir, i syni, ok fær gudi þann er þu lærdir, at ek koma öruggir til sigrs med þinne atfylgiu. « Sixtus svarar: »Eigi fyrir-  
25 læt ek þik, sonr, helldr attu meire þraut fyrir hendi; vær erum gamlir ok tókum letta örrostu, en þu ert ungr ok skallt meiri örrostu þola ok hafa meira sigr, vertu eigi ogladr, þviat þu skallt mer fylgia eptir þria daga. Hvat leitar þu samneytis minnar pislar, svo sem þu þurfir fullting af lærifedr, attu megir sigr audlaz?  
30 Ek fel þer a hendi alla erfð mins kraptz. Hvat leitar þu navistu minnar? Helias skildi vit Eliseum ok tok þeygi krapt sinn fra honum, tak þu ok þa vit kirkiufe ok skipt þvi med þeim, sem þer þickir [þörf vera<sup>7</sup>. « Þa selldi Sixtus pafve oll kirkiufe Laurencio diakni sinum. En er hann tok vit fenu, þa for hann um  
35 herod ok leitadi, hvar folgnir væri lærdir menn eda uklæddir<sup>8</sup> kristnir menn, ok skipti hann fenu med þeim, svo sem honum syndizt hverium þörf vera. En er hann kom til fiallz þess er

1 er B. 2 mgl. B. 3 Fra Laurencio diakna *Overskr. A.* 4 radit  
40 B. 5 tilf. B. 6 sik B. 7 [þurfa B. 8 olærdir B.

Seleus heitir, þa fann hann þar eckio eina, þa er Kiriacha<sup>1</sup> het, hun hafdi .xxx. vetra halldit hreinlifi eptir dauda bonda sins, en þau höfdu verit .xi. vetr saman. Hun hafdi marga kristna menn i husi sinu, þa er flyd höfdu fyrir ofridi heidinna manna. En er Laurencius kom um nott i hus eckiunnar, þa þo hann fætr allra kristinna manna, þeira sem þar voru, ok þionadi þeim litillatliga. En eckian fell til fota Laurencio ok mællti: »Ek særi þik fyrir tru Kristz, at þu leggir hendr þinar yfir hofut mer, þviat ek hefi höfutverki mikla.« En er Laurencius gerdi krossmark yfir höfde henne i nafne Jesus Kristz, þa bættiz henne allz hofutverkiar. En Laurencius for ena somu nott þadan ok leitadi enn, hvar kristnir menn væri folgnir i husum eda hellum. Þa kom hann a bæ, þann er Ciriacus heitir, ok fann þar sionlausan mann þann er Crescencianus het, ok bad sa med tarum, at Laurencius gerdi krossmark yfir augum hans ok gæfi honum syn. Heilagr Laurencius mællti med tarum: »Drottinn Jesus Kristr, er upplaukt augu þess, er blindr var borinn, lyss þu þenna enn blinda mann.« Þa lukuz upp augu hans ok sa hann lioss. En Laurencius for brött þadan til bæiar þess, er Patritus heitir, ok fann þar þria menn ok .lx. i einu iardhusi, ok var med þeim Justinus prestr, sa er Sixtus pafe hafdi vigdan. Hvor þeira vard odrum feginn, er þeir funduz, ok fell hvor<sup>2</sup> til fota odrum. Þa mællti Laurencius vit Justinum: »Lattu fyllaz vilia minn i þvi, at ek þvoi<sup>3</sup> fætr ydra allra med minum hondum.« Justinus prestr svaradi: »Guds bodord er þat, verdi vili drottins Jesus Kristz.« Ok eptir þat þvo<sup>4</sup> Laurencius allra þeira fætr, sem þar voru, ok kysti hann fætr Justini prestz. En er hann hafdi þvegit allra þeira fætr, þa fal hann sig undir bænir prestzins ok skipti med þurfamönnnum fe þvi, sem hann hafdi med ser, ok for sidan i brött.

35. En medan þessir lutir giorduz, þa var Sixtus pafi leiddr fyrir domstol keisarans med tveim diaknum sinum, ok mællti Decius vit hann med reidi: »Nyt þu gott ræd, þat er vær radum þer, ok blota.« Sixtus svaradi: »Rad þu þer sialfum heillt, vesall, ok lat af at lasta nafn drottins Jesus Kristz, ok idraz þess, er þu hellir ut blode heilagra manna.« »Ongum mun ogn at oss, sagdi Decius, ef þeim er eigi banat.« Walerianus svaradi: »Hoggvi haufut af haunum.« Felicissimus ok Agapitus mællto: »Ef þer, vesalir, villdut hlyda ordum födur vors, þa mætti þer fordaz eilifar

1 Ciricia B. 2 hvartveggi B. 3 þvai B. 4 þo B. 5 Fra Sixto pava *Overskr. A.*

kwaler, þær sem ydr eru bunar.« Walerianus mællti: «Til hvers skulu þeir menn lifa, er oss heita kvölum? leiddit þa til Freys hofs ok hoggvit þa, ef [þeir vilja<sup>1</sup> eigi blota.« En er þeir voru leiddir a götu þa, er Appia heitir, þa leit Sixtus standa  
 5 skurdgodin a tvær hendr ser ok mællti: »Her standa likneski steinlig, blind ok dauf, er vesalir menn luta ok glata eilifu lifi, brioti þau Kristr son guds lifanda.« En er kristnir menn svorudu ok kvodu amen, þa fell ofan mikill hluti Freys hofs, ok brotnudu skurdgodin, er undir urdu<sup>2</sup>. Þa kom Laurencius þar at ok mællti:  
 10 »Fyrirlattu mik eigi nu, heilagr, því at ek sa fyrir fe því, er þu selldir mer.« En er riddarar heyrdur getit fiarens, þa gripo þeir Laurencium ok selldu hann domanda þeim, er Parthemius het. En þeir leiddu Sixtum pafa ok diakna hans Felicissimum ok Agapitum i Freys brecku hia hofinu, ok hiuggu þa þar alla enn  
 15 setta dag<sup>3</sup> manadar þess er Augustus heitir. En kristnir menn foru um nottina ok toku a brott likami þeira ok grofu Sixtum pava i kirkiugardi Calisti, en þeir grofu diaknana i kirkiugardi Pretextati.

44. Eptir þetta sagdi Parthemius Decio konungi, at Lauren-  
 20 cius diakn Sixti pava var handtekinn, sa er fehirzalur hans<sup>5</sup> vissi. Decius vard því feginn ok bad færa ser Laurencium ok mællti vit hann: »Hvar ero kirkiufe þau, er menn segia þik vita?« Laurencius svaradi eingu ordi. Þa selldi Decius Laurencium Valerianum<sup>6</sup> greifa ok mællti vit hann: »Spyrdu hann vandliga  
 25 at<sup>7</sup> kirkiufe, ok þreyt hann til blota, ok lat kvelia hann til bana, ef hann blotar eigi.« Walerianus selldi þeim manne Laurencium til vardveizlu, er Ypolitus het, en sa lokadi<sup>8</sup> hann i því husi inni, er margir menn voru adrir inni byrgdir. Þar var inni einn heidinn madr sionlaus ok het Lucillus, en hann hafdi af akafligum  
 30 grati mist synar sinnar. Laurencius mællti vit hann: »True þu a drottin Jesum Krist ok lat skiraz, ok muntu þa fa syn þina.« Lucillus svaradi: »Leingi hefir ek fuss verit til at lata skiraz i nafne Jesus Kristz.« Laurencius mællti: »True þu af ollu hiarta.« Lucillus svaradi med tærum: »True ek æa Jesum Krist ok neiti  
 35 ek skurdgodum.« Ypolitus stod uti ok hlyddi til mals þeira. Þa primsignði Laurencius Lucillum ok vigdi vatn ok skirdi hann sidan: »Truer þu, Lucille, a gud fodur almatkan ok a Jesum

1 [ saal. B; þer vilit A. 2 voru B. 3 viku tilf. B. 4 Fra Decij(!) ok Laurencio Overskr. A. 5 vardveitti ok tilf. B. 6 saal. ogsaa B. 7 um tilf. B. 8 lauk B.

Krist son hans, þann er pindr var ok grafinn ok reis upp af dauda æ þridia degi ok ste til himens ok sitr nu til hægri handar guds fôdur, ok mun þadan koma at dæma<sup>1</sup> lifendr ok dauda, ok hann sialfr mun léysa ônd þina ok likama?« Lucillus svaradi: »True ek þesso ollu.« Þa lukuz upp aughu hans, ok kalladi hann ok 5 mællti: »Lofadr se drottinn Jesus Kristr, sa er mer lysti fyrir bæn Laurencij, þviat ek se nu, en ek hefi leingi blindr verit.« Margir blindir menn, komu til hus Ypolití, þeir sem þetta spurdu, ok gerdi Laurencius krossmark yfir augum þeira, ok urdu þeir þegar heilir. En er Ypolitus sa þetta, þa mællti hann vit Lau- 10 rencium: »Syndu mer kirkiufe.« Laurencius mællti: »Ef þu truir a gud fodur ok son hans Jesum Kristum drottin vorn, þa munda<sup>2</sup> ek syna þer sannan gud ok heita þer eilifu lifi.« Ypolitus mællti: »Ef þu efnir þat, er þu heitr, þa mun ek giðra þat er þu fysir<sup>3</sup>.« Laurencius mællti: »Hlyd þu mer ok lat skiraz, 15 þviat skurdgod ero ongu nyt.« Þa primsignði hann Ypolitum ok skirdi sidan. En er Ypolitus ste upp or skirnarbrunni, þa kallade hann ok mællti: »Nu sa<sup>4</sup> ek andir rettlatra fagna i dyrd, af þvi særi ek þik, Laurenti, fyrir drottin Jesum Kristum, at þu skirir oll hiu min.« Þa voru skirdir .xix. menn i husi Ypolití bædi 20 konur ok kallar 5.

56. Þa sendi Valerianus greifi ord Ypolitó, at hann leiddi 7 Laurencium til hallar sinnar. En er Ypolitus sagði Laurencio þessa ordsending, þa mællti hann: »Förum vit badir, þviat nalgazt dyrd ockur.« En er þeir komu badir til hallar, þa mællti Valeri- 25 anus vit Laurencium: »Legg þu nidr þriotzku 8, ok sel oss kirkiufee, þau sem þu hefir hendr yfir.« Laurencius svaradi: »Gef þu mer tveggia daga frest eda þriggia, ok man ek syna þer feen.« Walerianus mællti vit Ypolitum: »Hafi hann tveggia daga frest i þinu vardhalldi.« Þa samnadi Laurencius i hus Ypolití voludum 30 mðnnum, hölltum ok blindum ok siukum. En Walerianus sagði Decio, ath Laurencius hafði heitit annan dag eda enn þridia at syna kirkiuféén. En er Laurencius kom enn þridia dagh til konungs hallar, þa mællti Decius vit hann: »Hvar ero þau fe, er þu hetz at syna oss?« Þa leiddi Laurencius inn i hollina med 35 ser fiolda manna voladra, þeira er hann hafði samnat [i hus 9 Ypolití, ok mællti: »Her ero kirkiufe, þau er alldregi þverra helldr

1 um tilf. B. 2 mynda B. 3 eggjar B. 4 se B. 5 karllar B. 6 Fra Ypolito ok Valeriano Overskr. A. 7 saal. B; sendi A. 8 þina tilf. B. 9 [ saman i husi B.



vaxa til eilifrar dyrðar þeim, er þau varðveita. « Walerianus mælti: »Hvat þarf nu langmælis, blota þu godum ok lat af fiolkyngi þeire, sem þu treystir.« Laurencius svaradi: »Fyrir hvi fíflir þu diöfulsmadr fyrir hygnum mönnum, svo at þu þorir ath  
5 beida<sup>1</sup> kristna menn, at þeir bloti skurdgodum? Syniz ydr þat rett, ath wær lutim likneskium diofla helldr en skapara allra hluta syniligra ok osyniligra, edr hvorn skal helldr göfga, þann sem giordi edr þann sem ger er. [Decius mælti: »Hverr er gerr eða hverr gerdi?« Laurencius svarar<sup>2</sup>: »Gud fadir drottins mins Jesus Kristz er  
10 skapari himins ok iardar, manna ok dyra, fiska ok fugla ok allrar skepnu, en þu bydr oss at [blota likneski<sup>3</sup> blind ok dauf.« Þa reiddiz Decius ok let beria Laurencium svipum: »lat af þu at lasta god vor.« Laurencius svaradi: »Þackir geri ek gudi minum, er mik samteingir bræðrum minum; en þu kvelst, vesall madr, nu  
15 i reidi þinni en ek i pislum minum<sup>4</sup>.« Decius mælti: »Synit þer honum oll pislakyn, ath hann hræðiz ok bloti.« Þa voru þangat bornar gloandi steingr, iarnsvipur ok reckia gior af blyi. »Þessar allar pislir munu snuaz æ þik ok þinn likama, nema þu blotir.« Guds kappi svaradi: »Þessa krasa hefir ek avallt<sup>5</sup> fuss  
20 verit, þviat þat eru þer kvalir en oss eilif dyrd.« Decius mælti: »Ef ydr er þetta dyrd, þa segdu, hvar folgnir ero fleiri þinir iafningiar, ath þer komit allir saman til dyrðar.« Laurencius svaradi: »Ritud ero nofn þeira a himne, en þu ert eigi verdr at koma i augsyn þeim.« Decius mælti: »Syndu oss alla kristna  
25 menn, at hreinsaz megi borg vor, ok blotadu sialfr ok lat af at treystaz i fe þvi, er þu hefir ath varðveita.« Laurencius svaradi: »Auröggr em ek af fehirdzlum þeim, sem ek hefi.« Decius mælti: »Ætlar þu, at feit muni leysa<sup>6</sup> þik fra pislum?« Lauren-  
cius svaradi: »Auruggr em ek þræll Kristz, ok helld ek traust  
30 Jesus Cristz ath audæfum.« Þa reiddiz Decius ok let beria hann stongum. En heilagr Laurencius mælti vit Decium: »Skildu, vesall madr, at audæfi Kristz gefa mer sigr, ok kenni ek eigi kvala þinna.« Decius mælti vit kveliarana: »Áukit þer kvalirnar ok halldit at sidum honum gloöndum iarnspaudum.« Þa leit  
35 heilagr Laurencius til himins ok mælti: »Drottinn Jesus Kristus gud af gude, miskunnadu mer þræli þinum, þviat ek neitta þer eigi, þa er ek var rægdr, ok iatta ek þer, drottinn, þa er ek var spurdr.« Decius mælti vit hann: »Se ek, at þu matt deyfa kvalir

1 bidia B.

2 [ tilf. B.

3 [ gaufga skurgod B.

4 tilf. B.

med folkyngi þinni, en þeygi mantu mik um tæla; sver ek vit gud ok gydior, annattveggia at þu skallt blota eda elligar pindr vera fleirum pislum en hverr madr annarra.« Laurencius svaradi: »I nafni drottins mins hrædumzt ek eigi kvalar þinar, gior þu þat er þu girnizt, ok lat eigi af.« Þa let Decius beria hann langa 5 stund med blyknappa svipum. Þa mællti heilagr Laurencius: «Drottinn Jesus Kristr, er a þik tokt þræls likama fyrir heilsu vora, at þu leystir oss fra þrælkan diofla, tak þu nu anda minn.« Þa kom rodd af himni, su er Decius heyrdi, ok allir þeir er hia stodu: »enn attu fyrir hondum margar pislir til sigrs þer.« Þa 10 fylltiz Decius reidi mikillar ok mællti: »Heyrdut þer, Romaborgar spekingar, hverr fianda fagnadr er yfir þessum manne, er hvorki hrædiz god ne hofdingia ne kvalir eda dauda. Af því pinit þer hann enn ok berit med iarnsvipum ok festit i stagll.« Þa brosti Laurencius ok mællti: »Lofadr ertu drottinn gud fadir drottins 15 mins Jesus Cristz, er oss gaft miskunn overdum. Gef þu oss þann krapt fyrir milldi þina, at allir, þeir sem hia standa, viti at þu huggar þræla þina.«

6.<sup>1</sup> A þeiri stundu tok tru einn af riddorum konungs, en sa het Romanus, ok mællti vit Laurencium: »Se ek yfir þer enn 20 biartazta mann, þann er med hreinum duki fægir sar þin; af því særi ek þik fyrir Krist, þann er sendi eingil sinn til þin, at þu fyrirlatir mik eigi.« Decius mællti vit Valerianum: »Yfir erum vær stignir af folkyngi þessa manz.« Þa leitadi Romanus færís, ef hann mætti skiraz af Laurencio. En er Laurencius var selldr 25 Ypolito til vardveizlu, medan þeir Decius ok Valerianus redu um, a hveria lund þeir skylldu þina, þa kom Romanus med sa fullan vatz ok fell til fota Laurencio ok bad hann skira sik. Þa vigdi Laurencius vatn ok skirdi Romanum. En er Decius spurdi þat, þa let hann þegar taka Romanum ok leida fyrir domstol sinn. 30 Hann kalladi þegar, er hann kom i augsyn konunginum, ok mællti: »Kristinn em ek.« Decius let þegar leida hann ut or borginni ok hoggva æ stræti því, er Salaria heitir. En Justinus prestr tok likama hans um nottina eptir ok grof i akre þeim er Veranus heitir. En ena somu nott sendu þeir Decius ok Valerianus ord 35 Ypolito, at hann leiddi Laurencium til þeira. Þa vard hann ogladr ok felldi tar. Laurencius mællti vit hann: »Eigi skalltu grata helldr fagna, þvíat ek fer til dyrdar guds.« Ypolitus mællti: »Fyrir hvi skal ek eigi fara ok segiaz kristinn ok deya med þer?«

Laurencius mællti: »Fél þu Krist i hirdzlu ens idra manz um stund, en ek man þik kalla litlu sidarr, ok heyrdu þa ok kom.»

7.<sup>1</sup> En er heilagr Laurencius var leiddr fyrir Decium, þa let keisarinn bera fyrir domstol sinn öll pislakyn, blysvipur ok stangir ok iarnkroka ok brandreid ok gloandi iarnspada, ok sidan mællti hann vid Laurencium: »Legg nidr þu fiolkyngi þina ok seg, hvers kyns þu ert.« Laurencius svaradi: »Af Ispanialandi em ek at kyni, en fæddr i Romaborg, verit alla æfi kristinn ok numit öll gudligh<sup>2</sup> laug.« Decius mællti: »Hvat kantu god log, er þu  
10 göfgar eigi godin? Blotadu godunum, eda ella man sia nott yfir þik stiga i pislum 3.« Laurencius svaradi: »I nafne drottins mins Jesus Kristz [man ek eigi ugga<sup>4</sup> pislir þinar; nott min hefir eigi myrkr, helldr birtir hon allt i liosi.« Þa let Decius beria grioti i andlit honum. Laurencius styrktiz ath meir ok mællti: »Þackir  
15 geri ek þer, drottinn, þviat þu ert einn almattigr gud.« Decius mællti: »Buit þer reckiu þessa ens þragiarna manz, sem ydr er bodit.« Þa var þangat borin iarnreckia, er gior var æ brandreidar mynd, ok stig<sup>5</sup> undir, ok var hun sett yfir glædr. [En Laurencius var lagdr æ brandreidina i augliti Decij ok Valeriani, ok þrystu  
20 kveliarar honum med iarnspødum upp æ brandreidina ok baro glædr<sup>6</sup> undir. Þa mællti Laurencius vit Decium: »Nu hefi ek mik sialfan fært i forn gudi, þviat pindr andi er þeck forn gudi, en þu, vesall madr, vit þat, at glædr þessar vinna mer hægindi en þer eilifa kvöl, þviat drottinn veit<sup>7</sup>, at ek neitta honum eigi,  
25 þa er ek var rægdr, ok iatta ek honum, þa er ek var spurdr, ok nu geri ek honum þackir, er ek em steiktr.« Valerianus mællti: »Hvar er elldr sa, er þu heitr oss ok godum vorum, man hann eigi þik brenna helldr en goden?« Laurencius svaradi: »Fyrir hvi skilit þer eigi, vesalir menn, at glædr þessar gera mer hvilld  
30 en eigi bruna.« Allir undroduz styrk Laurencij en grimmeik Decij, er hann let steikia kvikan mann. Heilagr Laurencius mællti: »Þackir geri ek þer, drottinn Jesus Kristr, þviat þu styrktir mik.« Þa leit hann i gegn konunginum ok mællti: »Nu em ek steiktr odrum megin, snudu nu a adra hlið, ok et.« Þa  
35 leit hann enn til himins ok mællti: »Þackir geri ek þer, drottinn minn Jesus Kristr, þviat ek<sup>7</sup> nada inn at ganga i þina höll.« Þa kom rödd af himni svo mælandi: »Kom þu, enn trausti vin, ok taki þik einglar minir.» Eptir þat for su en blezada sala ut af

1 Pislir Laurencij ok andlat *Overskr. A.* 2 kristin *B.* 3 kvalum *B.*

40 4 [ hræðumzt ek eigi *B.* 5 stigi *B.* 6 [ tilf. *B.* 7 tilf. *B.*

likama hans. En er Laurencius var andadr, þa gengu þeir Decius ok Valerianus til hallar ok letu liggia likama hans á brandreid yfir glodum. En Ypolitus tok þadan likamann ok bjó um vandliga med hreinum dukum ok ilmondum smyrslum, ok gerdi hann ord Justino presti ok sagði, hversu dyrliga Laurencius for af þessum heimi, ok sva hversu grimliga þeir Decius ok Valerianus luko vit hann ok letu liggia likama hans yfir glodum. En þeir Justinus ok Ypolitus færdu likama<sup>1</sup> heilags Laurencij til<sup>2</sup> bæiar eckiu þeirar, er Kiriaka het ok Laurencius hafdi grædda fyrrum af hofutverkium. En at kveldi grofu þeir likama hans hia götu þeiri, er Tiburtina heitir, ok fostudu þria daga med miklum fiolda kristinna manna ok helldu med miklum hryggleik minning pislar heilags Laurencij. Sidan söng Justinus prestr messu, ok toku allir corpus domini, þeir sem at þeiri messu stodu.

8.3 Eptir þetta for Ypolitus heim ok gaf frelsi ollum þrælum sinum ok ambattum. En er bord voru sett, ok fyrr en hann tok til matar, þa komu riddarar ok toku hann hondum ok leiddu fyrir Decium keisara. En er Decius sa hann, þa brosti hann ok mælti: »Ertu eigi ordinn fiolkunnigr af Laurencio, þar sem þu groft likama hans?« Ypolitus svaradi: »Þat gerda ek eigi svo sem fiolkunnigr, helldr svo sem kristinn.« Decius reiddiz þegar, ok let beria grioti i andlit honum ok let fara hann or klædum ok mælti: »Lattu at bodordi minu ok blota godum, ok lifi ok haf syslu.« Ypolitus svaradi: »Eigi nauktir þu mik, helldr klæddir þu mik.« Decius mælti: »Heimskr madr ertu ordinn, er þu skammazt eigi, at þu ert berr.« Ypolitus svaradi: »Spakr em ek nu ok kristinn, en þa var ek ovitr, er ek truda skurdgodum.« Decius mælti: »Blotadu ok life, ef þu vill eigi fyrirfaraz i kvöl sem Laurencius.« Ypolitus svaradi: »Verdi sva vel, at ek fara eptir hans dæmum; en þer er diarfiikt at nefna guds vin med sauigum munn.<sup>3</sup>« Þa reiddiz Decius ok let stöngum beria Ypolitum. Ypolitus hlo at þeim, er hann bordu. Þa mælti Decius, at þeir skyllði beria hann med iarnsvipum. Kveliararnir mædduz<sup>6</sup>, er þeir bordu Ypolitum. En Ypolitus styrktiz at meir ok mælti: »Kristinn em ek.« Þa let Decius skryda hann riddarabuningi, þeim er hann hafdi, þa er hann var heidinn, ok mælti vit hann: »Minztu riddarasyslu þinnar, þeirar sem þu hafdir, ok ver vinr vor sem fyrr ok blota.« Ypolitus svaradi: »Kristz riddari em ek, ok mun ek

<sup>1</sup> lik B. <sup>2</sup> kirkiu ok tilf. B. <sup>3</sup> Vitræda Decij ok Ypoliti *Overskr. A.*

<sup>4</sup> naucktr B. <sup>5</sup> ordinn tilf. B. <sup>6</sup> saal. B; hrædduz A.

honum avallt þiona, ok fysumzt ek ath fara til hans med sigri.«  
 Þa mællti Decius vid Valerianum: »Tak þu vit aurum hans ollum  
 ok bana honum med grimmum dauda.« Þa let Valerianus leida  
 Ypolitum fyrir domstol sinn ok oll hiu hans, er kristin voru vordin.  
 5 I því lidi var fostra Ypoliti, en hun het Concordia. Þa mællti  
 Valerianus vit þau: »Hyggit þer ath kosti ydrum, at eigi farizt  
 þer med Ypolito drotne ydrum.« Concordia svaradi: »Vær fysumzt  
 at deya hreinliga med drotni vorum helldr en lifa uhreinliga med  
 þer.« Valerianus mællti: »Þrælakyn ma eigi odruviss<sup>1</sup> heima en  
 10 med bardaga ok kvolum.« Þa let hann beria Concordiam med  
 blysvipum til bana. Ypolitus stod hia ok mællti med fagnadi:  
 »Þackir geri ek þer, drottinn, þvíat þu sendir fostru mina fyrir  
 mer i sveit heilagra manna þinna.« Valerianus mællti vit  
 Ypolitum: »Treystiz þu enn folkyngi þinni ok hlydir eigi bodordum  
 15 höfðingia ok gauftar eighi godin.« Þa let Valerianus ut leida  
 Ypolitum med ollum hiu sinum a götu þa, er Tiburtina heitir.  
 Þa mællti Ypolitus vit hiu sin: »Hrædizt eigi þer<sup>2</sup> brædr, þvíat  
 vær höfum oll [einn drottin<sup>3</sup>.« Þa let Valerianus hoggva oll  
 hiu<sup>4</sup> Ypoliti fyrir augum honum, ok voru þar högnir allz .xviii.  
 20 menn bædi karlar ok konur. En hann let binda fætr Ypoliti vit  
 hals otömdum hestum ok let reka þa sidan i klungr ok þyrni. En  
 er heilagr Ypolitus var svo dreginn, þa let hann ond sina þrim  
 nottum sidar en Laurencius. En Justinus prestr kom ena somu  
 nott ok grof likame þeira, sem haugnir voru, æ þeim enum sama  
 25 velli, sem þeir voru högnir. En þeir Decius ok Valerianus letu  
 kvedia þings<sup>5</sup>, til þess at þeir mætti taca alla kristna menn, þa  
 er til spyrdiz. En er þeir stigu or kerrum sinum, adr þeir gengu<sup>6</sup>  
 til motz, þa varð Decius gripinn af dioffi, ok kalladi hann: »Þu  
 Ypolite, bundit hefir þu mik elldligum rekendum ok herleiddan.«  
 30 Valerianus kalladi ok mællti: »Ek særi þik, Laurenti, at þu lettir  
 kvol minni nockura stund.« Þa giördiz gratr mikill i konungs  
 holl. En Triphonia kona Decij var heidin, en er hun sa Decium  
 kvelialz af dioffi, þa let hun leysa alla kristna menn, þa sem i  
 höftum woru. Ok er Decius var daudr, þa for Triphonia kona<sup>7</sup>  
 35 hans ok Cirilla dottir þeira, ok fellu þær til fota Justino presti ok  
 badu hann skira sig. Hann tok feginn vit þeim ok baud þeim  
 .vi. dægra<sup>8</sup> fostu ok skirdi þær sidan. Enn næsta dag eptir var  
 Triphonia æ bænum ok andadiz, en Justinus prestr grof likama

1 audruvissi B. 2 er B. 3 [ saal. B; ein brot A. 4 hiu B.

40 5 motz B. 6 færi ok gengi B. 7 drottningh B. 8 dagha B.

hennar i því iardhusi, sem hann hafði grafit Ypolitum. Ok er  
 riddarar spurdu, ath þær Triphonia ok Cirilla höfðu tekit vit tru,  
 þa komu þeir .vi. ok .xl. með konum sinum ok fellu til fota  
 Justino presti ok beiddu skirnar. En hann færði riddarana Dionisio  
 pafa, er þa var kosinn eptir Sixtum, ok skirdi hann þa. En 5  
 Klaudius konungr let taka Cirillam dottur Decij ok þessa riddara  
 .vi. ens fimta tigar ok let höggva þau oll, er þau hofnudu<sup>1</sup> blotum.  
 En Justinus tok likame þeira ok grof Cirillam hia modur sinni  
 Triphonia, en riddarana a götu þeiri, er Salaria heitir. Ok þar,  
 sem þeir voru högnér, verda margar iarteinir af bænum þeira allt 10  
 til þessa dags i nafni drottins vors Jesu Kristi, þess er með fedr  
 ok helgum anda lifer ok riker [einn gud i algiorri þrenningu<sup>2</sup> um  
 allar allder allda. Amen.

1 neitudu *B.*    2 [ gud *B.*

## LUCIE SAGA.

(*Cd. Holm. 2 folio*).

### Saga Lucie meyar.

Frægd Agathe meyar for um alla Sikiley, ok sotti fiolmenni  
5 mikit til borgar Agathe meyar, er Catanensis heitir. I þeiri för  
foru þangat til hættidarhalldz mædgur tvær göfgar Lucia mær ok  
modir hennar Euticia, su er fíora vetr hafði blodsott hafða ok  
matti eigi læknud verða. En þa er þar var gudspíall þat lesit i  
10 mins, er slíka vanheilso hafði haft, sem Euticia hafði, þa mællti  
Lucia: »Ef þu truir, modir, gudspíalli þesso, er nu var lesit, þa  
trui þu því ok, at þu munt heilso taka af arnadarordi Agathe, er  
pind var fyrir guðs nafni. Kom þu til grafar hennar, ok mant þu  
leysazt.« En eptir tídir fellu þær þar til bænar báðar mædgur  
15 ok báduz fyrir með tárurum. Þa rann höfgi a helga Luciam æ  
bæninni, ok sa hun Agatham æ milli heilagra eingla i himni  
standa, ok mællti hon sva: »Systir Lucia gudi godfuss, hvi bídr  
þu mik, er þu matt þegar veita modur þinne af tru þinni, ok er  
hun nu heil ordin; ok svo sem Katanensis borg vegsamaz af Kristi  
20 fyrir mik, svo mun Siracusa borg fyrir þik, þvíat þu hefir unadliga  
bygd buit gudi i hreinlífi þino.« Þa reis Lucia upp hrædd ok  
mællti: »Nu ertu heil ordin, modir, fyrir Agatham, er þik græddi  
med bænum sinum. Bíð ek, at þu gefir mik eigi manni, en fe  
þau, er þu ætladir mer til heimanfylgiu, gef þu mer nu til forrada,  
25 er ek giptumz gudi drotni minum Jesu Kristo.« Euticia svaradi:  
»Födurleífd þína, síðan fadir þinn andadizt fyrir .ix. vetrum, hefi  
ek helldr æxta en þverða, en þu veitst flareign mína, ok gior þu  
slíkt or fe þesso sem þu villt eptir minn dagh.« Lucia mællti:  
»Hlyd þu ráði mínu, modir, gef þu svo gudi fe þitt, at þu sert

heil, eigi er þat gudi þægt, at madr vili þa fyrirlata, er hann mæ eigi niota, þviat eigi mattu þat hedan fra hafa.«

2. Sidan komu þær heim, ok takaz upp fiarlög ok ölmosugædi mikit vit fataka menn hvern dag, ok kemr þat til eyrna festarmanni Lucie. En sa grof at vit fostru Lucie, hvort þat væri. En hun svaradi með varud ok mælti: »Brudr þin hitti a þa eigu, er meira avóxt tekr af en hverra annarra, ok vill hun at þeiri komazt fyrir þina hönd.« Þa tok sia madr því helldr at beina ok at veita, ok trudi þat iardneskan kaupskap þa fyrst, en sidan er hann vissi, at fe þessi voru gefin frændlausum ok fátækum monnum ok eckium felausum ok utlendum mönnum ok gudi þionondum, þa bar hann hana i rog vit Paskasium iarll ok kvad brudi sina kristindom hallda i moti lögum keisara. En iarllinn let hana neyda til blota. Heilög Lucia svaradi iarllinum: »Sia forn er fyrir gudi hrein ok osaugud at hugga eckiur ok födurlausu i harmi þeira; ek hefi ecki annat gert þessa þria vetr nema fært gudi þvilika forn. Nu af því at ecki er annat til, þa færi (ek) mik sialfa lifandi forn gudi, ok giöri hann þat af forn sinni þessi, sem honum likar.« Paskasius mælti: »Slik ord mattu mæla fyrir kristnum manni nockðrum en ecki fyrir mer, er hofdingia doma vardveiti.« Lucia mælti: »Þu hygg æ dæmi ok lög höfdingia, en ek hygg a guds laug; þu hrædiz höfdingia, en ek hrædumz gud; þu vill eigi þa þer reida, en ek vil eigi gud mer reidan; þu girnizt þeim ath lika, en ek girnumzt gudi einum at lika; þu giörir þat, er þu ætlar þer hallkvæmt, en ek geri þat, er ek veit mer nytsamligt.« Iarllinn mælti: »Födurleifd þina hefir þu borit æ byrgismenn þina, ok mælir þu af því sem portkona.« Lucia mælti: »Födurleifd mina hefi ek sett i öroggan stad, en þydz alldregi spillendr hugskotz ok likama mins.« Paskasius mælti: »Hverir eru spillendr hugskotz ok likama?« Lucia mælti: »Þer erut spillendr hugskotz ok likama, sem postolinn sagdi: spilla ill mæl goda sidu; þer teygir andir manna fra skapara sinum til skurdgoda blotz. En spillendr likama eru þeir menn, er litillar stundar munud<sup>r</sup> taka ok missa þar fyrir eilifra fagnada.« Paskasius mælti: »Þriota mun ord þin þessi i bardogum.« Lucia mælti: »Ord guds man alldregi þriota.« Paskasius spurdi: »Ertu gud?« Lucia svaradi: »Ambatt guds em ek, ok sagda ek af því svo, at gud mælti svo sialfr: eigi mælit þer i augliti domanda, helldr mælir heilagr andi med ydr.« Paskasius mælti: »Er heilagr



andi með þer ok mælir fyrir þik?« Heilög mæ'r svaradi: »Póstolinn sagði, at hreinlifismenn væri musteri heilags anda, ok byggvir heilagr andi i þeim.« Iarllinn mællti: »Ek man lata leida þik til portkvenna huss, ok fyrir saurlifi þitt, þat er þu skalt þar fremia, man flygia frá þer heilagr andi.« Lucia mællti: »Alldri saurgazt likaminn nema af samþycki hugarins; þo at þu letir kasta æ glædr fyrir god þin reykelsi or hendi minni oviliandi, þa mundi gudi minum þat brosligt þickia, þviat gud dæmir at vilia manzins. Nu man mer verda dyrdar auki at ollu þvi, er þu naudgar mer til.« Paskasius mællti: »I þeiri osæmd skaltu lifit lata, nema þu lifir at lögum keisara.« Heilög Lucia svaradi: »Sagda ek þer adan, at þu skalt alldregi fá samþycki mitt til syndar, ok mun af þvi at öngu meini koma guds ambattu, hvat sem þu giorir likamanum.«

3. Þa selr iarllinn hana i hendr monnum þeim, er fe toku a konum til saurlifiss, ok bad hana leida til portkvenna hus ok boda þangat monnum til, ok kvad hana þar skylldu deya. En sidan er þeir villdu hana þangat draga, þa styrkti hana sva heilagr andi, ath þeir mattu hana hvergi hræra. Þa gengu þeir ath sveittir med ollu, ok höfdu eeki þar at giðra. Þa baro þeir festar æ hendr hennar ok fætr, ok knuduz at allir at draga hana, ok stod hun svo fast sem fiall. Þa tok iarllinn illa at kunna þesso ok bad gallDRAMENN ok allan blotmanna afla at færa hana or stad med radum sinum. En hun var svo fóst, at eigi matti helldr hræra klædi hennar en sialfa hana. Þa let iarllinn steypa yfir hana hlandi, ok trudi þetta allt folkyngan kragt. Sidan voru öxn margir fyrir beittir, ok hafdi þo eeki at sök at hræra hana. Þa mællti Paskasius: »Hvat folkyngi er þetta?« Lucia mællti: «Þetta er eigi folkyngi min, helldr ero þetta velgiorningar guds.« Iarllinn mællte: «hvern veg mæ þess vera, at ein mattlitil mæ'r megi eigi hrærd verda af þusund manna.« Heilögh Lucia svaradi: »Þo at þu latir til koma adrar .x. þusundir, þa munt þu mega heyra fra mer sagt, at þusund manna man falla æ annan veg fra mer, en a hægra veg minn tio þusundir.« Iarll tok þa at kveliaz svo af skemd sinni, at opi slo a hann. Þa mællti en sæla mæ'r vit hann: »Hvi kvelz þu svo miök, hvi ædiz þu svo allr? Trui þu mik vera guds musteri, ef þu hefir reynt, en lat þer nu skiliaz, ef þu hefir enn eigi reynt.« En iarllinn kunni þesso þvi verr, sem hann sa sig meir hleginn.

4. Sidan let hann kynda elld umhverfis hana ok let kasta

yfir hana adr vellanda vidsmiori ok tiöru ok bike. En hun stod i sömum sporum i nafni drottins Jesus Kristz ok mællti: »Ek bad drottin minn Jesus Krist, at elldr sia skyldi eigi granda mer, at þeir allir er treystaz gudi megi þik at hædngu hafa, iarll; ok af því bad ek nöckurrar dvalar a pisl minni, at ek mætta a brött taka pislar otta af truföstum mönnum, ok þeir er eigi trua hafvi ecki at oss hlæia.« Þa veittu vinir iarlzins meyiunni sær, en hun badz þo fyrir, medan hun villdi. »Nu er sva ath segia, kvad hun, at nu er fridr gefinn kristni guds i dag, Dioklecianus er nu rekinn af ríkinu, en Maximianus er daudr; ok svo sem Agatha er formælandi þess folks vit gud, er Katanensis borg byggir, svo skal ek trufostum monnum vera i þessi borg.« En er guds ambatt mællti þessa hluti i sárum, þa var iarllinn leiddr fyrir augu henne iarne bundinn ok fluttr til Romaborgar ok þar til draps dæmdr fyrir rangsemi sina. En guds piningarvottr Lucia i þeim stad enum sama, sem hon hafdi sær feingit, let koma til sin kennimenn ok tok af þeim corpus domini, ok for sia en helgazta mæ sva hedan af heimi gudi til handa. Þa var smidut kirkia til dyrdar henne, ok helldz þar blomi bæna hennar um alla æfi.

## MALCUS SAGA.

(*Cd. 764<sup>a</sup> qu.*).

### Her byriaz saga heil[ags] Malci.

Þessa sögu segir heilagr Jeronimus af munk einum, er Malcus  
5 het, en hann hefir sva rædu sína: Þá er ek for um allt Egiptaland,  
er fullt var af hreinlifismonnum, fann eg marga goda firi.  
Ek hafði ætlat, segir sæll Jeronimus, at rita um drottins vars  
higatkvamu ok um kristnina, er þá it fysta hafði upp hafiz; en  
adr ek hefi sva aurdigt verk ok agiætt, villða ek freista min i  
10 hinum lægrum hlutum ok smærrum verkum, þat er at ræða um  
þenna goda mann, er Malcus het. I ferd minni, er ek for um  
Egiptaland, helga stadi ok heilagra manna lif at kanna, þa kom ek  
til eins tuns er Maronia het, naliga .xxx. milna fra Antiochia. I þvi  
tuni fann ek i koti nuckuru mann þann, er Malcus het, ok i sama  
15 koti med honum var kerling nuckur afgomul. Ok er heilagr Jeronimus  
leitadi vid marga menn gamla ok froða, hvi þau byggi sier  
.ii. samt, hvart til þers geingi nuckur naudsyn eða frænsemi eða  
hioskaparband eða saluþurft, þa skildi hann þat af allra ansvorum,  
hvegi morgu hveir svarar, at fafroðr væri um þeira vidskipti. Þa  
20 reid Jeronimus til ok ræði vid sialfan Malcum ok frietti, hvadan  
hann væri, eða hvert hans athæfi væri, eða hvert verid hefði. En  
hann svaradi:

Fadir minn atti land vid borg þa, er Ninive hin min[ni] heitir,  
atti hann ok modir min goda kosti, ok var eg þeim einberni;  
25 þeim var a mer mikil ast ok virkt, ok olu þau ser um mik mikla  
sorg, hvat þess skildi firi mer radaz, at hellz væri nuckurr lang-  
frami a ok stadfesta, ok villðu rada mer kvanfang. Ek neitada  
þvi, ok sagða ek minn vilia standa til at vera munkr. Eftir þetta  
vart vidrtal, med þvi at millt er modur hiarta, mætta eg oft af

henni blidum fortaulum ok miukri bæn, at ek skilldi sa(m)þyckia kvanfanginu. En þat flekz eigi af mer, ok friliet ek þa bædi faudur ok modur, fe ok frænndr, gull ok gersimar, ok allar eignir, er ek stod til. Nu geck ek brott felaus nema nest ok þo litid, sottag eydimork til múnka nuckurra, ok beiddumz ek af þeim vidrtoku. Þeir iattu mer því. Giorda ek sidan sem þeir, vann ek til matar mer, ok þiadi ek likam minn ok likams fystir med starfi ok morgum odrum pislum. Þockudz<sup>1</sup> mer brædr þeir, er þar voru, ok sva ek þeim ok mitt athæfi. En þa er margir vetr lidu med sliku athæfi, skiptiz skaplyndi mitt ok braz i hatt annan. Þar til hafdi mer ecki iamkiært verid sem renna ecki aftr hug til fedr eda mædr<sup>2</sup>; fadir min var þa dauþr, er þetta kom i briost mer. En nu kom þu ætlan at mer at ræda vid sialfan mig sva: »Lit a þitt mæl, Malce, vanliga ok grein giorsamliga, hvart eda hvart þu hyggst at gera, ok þo at þer se nu sem her til ecki iamskapfellt sem her at vera, er nu ertu kominn, þa hannðvæt þu vilia þinn vidr þig eda naudsyniar, er a adra hond ero<sup>3</sup>, fær saman hvartveggi, ok sia hvarir fle(i)ri ero, ok lat þangat vellta hug þinn, sem þar firi ero fleiri ok nauþsyniar meiri. Nu er fadir þinn frafallinn, en modir þin sitr eckilufi, hefir hon nu fe en forrædi eingi; stutt verda kvenna alit firi utan annars hialp ok asia firi at rada storum lutum, ok eigi vist, at hon fai sin sva giætt, at glæpalaust se vid gud eda hroplaust vid menn; oft fellr a konur hrop med tilverka, oft gerir ok ofund kvenna klatr, ok illzku hatr illt ordlag firi utan verdleika, ok er konum sin vannt at giæta; audfeingnir ero þeir, er a leita konur. En hvat er nu annat, en fe þat er i haska, ok þar er hon i abyrgdum, ok tyniz þar mikill fiarlutr, er til mikilla nytia mætti koma, ef heil rad kiæmi til ok forsia. Mættir þu, ef þu aftr hyrfir, heil ræd leggja firi mædr þina; mikil hialp mætti geraz af þeim fiarlutum fataekum monnum ok heilogum stodum; mættir þu, ef ek aftr hyrfi, taka salubot, modir þin heilrædi, frændr<sup>4</sup> þinir hialp, helgir stadir ok vansamenn, sal fodr þins fagnat ok sva sialfs þins. Hvat leggr þu a mot þersu, Malce, ne(m)a þat eitt, at þu helpr þer, en hina hialpina leggr þu at baki þer, er vidara breidiz ok til fleiri manna tekr, ok er þat hætt, at þetta verdi midr at gagni, þvíat her er einum vid hialpat en hinnig morgum.« Nu var slikt ætlan min, brodir, sem nu hefir þu heyrtr, ok stod þo eigi i einu(m) stad fost. Oft gerda ek mer þat i hug: «Ef þu stadfestir þetta i hug þer,

<sup>1</sup> þockudumz Cd.    <sup>2</sup> sem tilf. Cd.    <sup>3</sup> ert Cd.    <sup>4</sup> frændi Cd.    40

Malce, mun eigi þa mál þitt með abyrgdum. Nu er geigan í hug þínum, ok hætt at sie með haska, þottiz þu firi skommu með því einu mega gledia sal þína at firilita þat allt, er nu villtu<sup>1</sup> til lita. Er eigi sva nu, sem þu kallir þer rangt þat, er þu kalladir 5 þa riett, en þat riet, er þer þotti þa onytt? Er eigi borgid ollum, ef hverr bergr einum? Eigi<sup>2</sup> æ ek asia firi sal fedr mins eda modur, ok eigi þau firi mina sal, en enn sidr a ek at giæta fiar þeira, er eingis er vert hia sál mannz; oll verolld er eigi verd einnar godrar salu. Ek hefi heyrtr, ef madr firilætr verolldina ok snyr vilia 10 sinum enn aftr til hennar, þa er sem veidihundur hverfi aftr til spyu sinnar. Segir eigi sva gud í gudspiallinu: ef madr firilætr munud, ok dregr fyst hann aftr til, hann er likr manni þeim, er tekr til at eria, ok medan ardrinn gengr, litr hann aftr, en þa gengr ardrinn rangt ok gerir þar krakustig, sem hann skilldi iafna<sup>3</sup> 15 for. Slikan hvern kvedr gud eigi verdan hans rikis. Er eigi nu sem þeima guds domi visa ek í gard minn, þar sem gud gefr mer satt at sia, en ek vil eigi riet, ef ek lit nu aftr til þers, sem þa firileit ek.« En var .i. lutr í fari minu, sagdi Malcus, ok var sa mestr ok vestr, salution væri mer þeim nidr at drepa, því at ef 20 nuckur likn mætti í þeim lutum finnaz, sem nu hefir ek upp talt, þa dreckir þessi einn ollum hinnum, ef ek kiæma fram minni ætlan. Þa hafdag ætlad at draga unndir mig nuckurn part af fienu, en sia var unyt ætlan, þviat allt var eins at gera þat ok kasta munkinum, er eeki skal ser einn eiga na. Nu sa ek, fadir, at 2 þessi ætlan var unyt, en rietvisin matti eigi sigra rangan huginn. Sva atta ek hugum, fadir godr, sem nu heyrir þu, ok bordumz ek vid sialfan mik ok hugrenningar minar, þviat onnur dro mig aftr a leid en onnur afleidis. Af þessu fangi fiellu ymsir hugir í briost mer, ymsir voru efri, en ymsir nedri, en sa tok stad, er aftr hvatti, 30 en hinn vard firi at lata, er fram villdi ok gods hvatti.

Tiada ek sidan ætlan mina firi abota, ok bar ek firi hann þat eitt, at mer þotti með heilu vera í minni ætlan, sagda eg, at mer þotti þat hialpsamligt at fara stundar b(ra)gd eitt at sia firi 35 modur minni ok fiarlutum, ok snua því til godra luta, er nu var uytialaust, ok því vennda í marga stadi með salubotum, er elligar mundi faraz með syndum. Vænta ek af honum samdyckis vilia minum, leyfis ok radagiordar, en ek mætti þo odru. Hann æpi hatt moti minum vilia ok kvad fianddann reisa slika freistni í briosti mer, ok sagdi marga munka með slikum hætti svikna

40      1 villta *Cd.*      2 en *Cd.*      3 hina *Cd.*

hafa verid af fiandans velum; tiadi hann firi mer margar godar kenningar ok god dæmi af helgum monnum ok helgum ritningum. Tiadi hann fyrir mer of fystu vara langfedr Adam ok Evu, at þau trudu, at þau skildu vera iamvitr sem gud; i þeiri ætlan ok ulydni urdu þau svikin, god synduz þeim heit þers, er aeggiadi, en hormulig var framkvama. Fullsatt ok fullsniallt taladi aboti minn firi mer.

En þa er þat tok eingan stad med mer, þa fiell aboti minn til fota mer ok bad mig dveliaz ok kasta unytri ætlan, ok bad mig minnar þurftar, at ek skilldi eigi svikia sialfan mig. Ok bar ek sigr i oekru vidskipti ok mer uþarfann, hugda ek, at hann sei meirr a þessi fortaulu ser til hugganar en mer til gagns. Brott fluttumz ek þa, ok aboti fylgdi mer, ok þotti honum, sem hann flytti lik eda daudan mann, en eigi þann, er salubotar væri at von, ok ræddi hann vid mik þessum ordum: »Brott ferdiz þu, son minn, ok finnr til þers sakir, þær er þu kvedr þer sannar þickia, ok ero þo rangar ok sannindalausar, hefir þu ok vorn firi mali þinu, en eigi tek ek vid þessum hlut, ok eigi mun gud taka, ennda mun þig þat hennda, sem mællt er, at vargr sætir þeim saud, er or kvium villiz.« Fyllidiz ok abota mins forsogn med sannindum.

Ek fluttumz þa i brott sva langt, at ek kom til þers stadar, er Bereroina heitir, ok þadan for eg til þers stadar, er Edissa heitir. En medal þeira stada .ii. liggr audn allt, ok er langt ok haskafullt firi heidnum monnum, at þeir taki til þrældoms ok anaudar, ok sitia þar oft krisnir mienn floks at bida, þviat eigi hlydir famennt yfir at fara. Ok var sidan eigi langt at bida, at sannadiz saga abota mins, at vargr sætti þeim saud, er or kvium villtiz. Þa komu at oss heidnir menn falldaþir ok harsidir, halfnauktir ok i stuttum motlum ok vidum hosum, aurvamei a baki, bogi ok langt spiot i honndum, komo þeir þo til at beria, en eigi at drepa, gulldum (ver) þa afrod .lxx. manna, karlar ok konur. Rugl giordiz þa mikid i flocki vorum, sorg ok hugsyki, veinan ok veilan, barna gratr, togan ok tuttan, fiartion ok fata, þann greip greppr er gat. Idrapumz ek þa minna urada, en su idran var nytlaus, þvi at annars valld var nu a, en þa villda ek illa, er ek matta rada. Þar var ek ok annars mannz kona lypt upp a einn ulfallda, ok sa sami rekinn, sem fara matti. En vid ottadumz æ fallid, ok var sem vid heingim helldr en sætim. Matr oekar var a leidinni halvesodet slatr, en dryckr ulfallda miolk; fluttumz

um sidir ifir a nuckura ok komum til he(i)milis þers mannz, er ockr hafði hertekid, ok vorum leidd firi modur hans, ok urdum henni at knefalla. Hormuligt var skiptid, knefallid gudi at veita i munklifinu, en veita þat nu konu heidinni ok sontum hennar.

5 Lof se þer, gud almattigr!

Sysla var mer greidd, saudasveinn var ek giorr, huggadi mig þat i þeiri minni syslu, at sialldan sa ek eynd þeira, er med mer voro herteknir. Nockvidr<sup>1</sup> vondumz ek nu at ganga, þviat eigi nytta ek annat firi ofrhita<sup>2</sup>, ok ætlada ek, at þat væri hefndin þelans, er þa var i briosti mer, er aboti taldi firi mer, er hvarki villdi þidna firi guds ast nie hans fortolur. Bænir ok psalma, þa er ek hafda numid, hafda ek sva i veniu, at þeim lietta ek sialldan naudsynialust; þackada ek gudi sinn dom ok firskipan; en hætt væri, at ek hefði kastad, ef ek hefða þangat komid, sem hugr minn stod til. Var nu hugr minn med godum hætti, ok vænta ek ombonar af gudi, ef svabuid stædi, ok kiæmi fiandinn enn eigi nyum prettu(m) vid. En þa gafz annan veg, eigi liet hann mig þa enn um kyrt sitia, fann hann veilar(!), hversu hann skilddi mik svikia i minni vesold. Oho gud, harmr er þat, er firi hans kvamu

20 er eingi stadr oruggr, hvervetna ero hans snorur bunar. Ek þottumz nu vera i fylsnum, ok fann hann mik þar med þeim hætti. Ek var trygg þeim, er ek þionadi, þo at heidnir væri, vissa ek, at sva hafði Pall postoli bodit. Kom af trunadi minum ok giæzlu auki mikill i bu þers mannz, er ek þionada, ok firi þvi villdi hann

25 launa mer starf mitt med nuckurri minning. En fatt er þat, at skiotara bregdi skaplyndi mannz en kona: þat sveik vit af Solomone spaka, styrk af Samsone; med þeiri snoru fiell David propheta; sva hafa margir farid, þeir er forgongumenn voru leingi i godum sidum ok dyrligu athæfi. Þetta nett reid fiandinn nu til min,

30 ok skaut i hug huskarli einum, er var minn ifirbodi, þvi vielrædi, at hann flutti til min mannz konu, þa er hertekin var med mer, ok bad ockr saman bua ok binnda hiuskap. En ek sagdi þat eigi vera mega, þviat vid vorum kristin, en kristin bannar at taka annars mannz konu. En hinn heidni tok eigi betr vid þersum sannindum, en hann bra sverdi, ok hefði mik þar vid velli lagt, ef ek hefða eigi gripid vid henni. Tok ek hana þegar feginn, ok synda ek a mer fridarmark, þott ek væra ufeginn. Oho fiandi, margfolld ero þin svik, þu teygdir mik or munklifi minu, nu geriz þin illzka berari vid mig, ætlar þu nu mik munu bregða þvi

40 1 Nuckud Cd. 2 ukæti Cd.

hreinlifi, er ek hefi æfinliga her til halldit, ætlar þu mer ok konúnni syndina en þer salina.

Sva leid, fadir, sa dagr til kvellz, at myrkr kom aftan, ennda til myrkra var þa stefnt, en hellir einn var he(i)mili mitt, ok var hann hriufr ok rifinn ok þo vel at dropum buinn, þangat flutta ek at kveldi ok husfru mina<sup>1</sup>. Vittu gud ok vid, i hveriu skapi ek var þa; en med ockr einum hiona var sa hattr, at hvart ock(ar)t hatadi annat, ok syndi þo hvarki odru sinn vilia, ok hvarki sagdi. Nu hugleidda ek mal mitt ok naudsyn, ok þottumz ek nu id fysta hertekinn vera, þviat sa var til umsata, er illt var a valld at koma; gret ek nu rad mitt, griet ek, at ek skillda munkinum kastat hafa ok binnda mig i hiuskap synndafullan ok abyrgda. Fiell ek nu til iardar, ok mællta ek vid sal mina ok sva vid sialfan mig þersum ordum: »Hvat stodar þer nu, Malce, at hafa firilatid fe ok frænndr ok fostrn(e)yti þitt ok fostreland, lausan eyri sem fastan ok alla heims munud, munligt kvanfang ok agiætt, er fadir þinn hafdi synt þer, ok þetta allt latid, til þess at þu skilldir all dri hreinlifi þinu bregda; en nu ertu aldri orpinn ok hefir hærur i hofdi, ok skalltu þvi nu liggia unndir syndum. A ungum all dri, er þu hafdir i giæzkui, þa varnadir þu vid syndir, en nu binz þu i syndum med slikum stormerkium, er alla vega aflar þu guds reidi, ef þu drygir. Illu heilli fysti þik aftr til fostrlanz þins.« Sva talada ek vid mik, en vid salina þersu(m) ordum: »Hvat þrifum vid nu til rads? sva þrongliga er nu komid malid, at annattveggia stenddr firi dyrum likams tion eda þin. Hvort skal nu drygia synnd þersa ok gremia sva gud at okr, ok bida sva hans hefndar, ok vita sva þina tapan eilifa ok vist þina æ i kvolum utan ennda ok sva likams, eda skal til þers hættu, at ockart hreinlifi hirdiz hreinsa(t) til eilifra ombuna. Nu ligger her sverd frammi, er brat ma þersu vid likaman lykta.« Tok ek þa til sverd(s)ins ok mæltu ek þersum ordum vid mik: »Hafi salin hialp en likamin lyktir, en hvartveggia um sidir eilifan fagnat, ok er vist vardveitt hreinlift til sinna ombona; liggi her nu likamin, en ek sialfr er vattr verka minna, sialfr se ek mig sakar hafa gort, ok sialfr hefni ek min a mer sialfuu.« Þersum ordum ræd(d)a ek vid sialfan mig, fadir. Lagt ok leyniliga bra ek sverdinu ok visada ek oddinum at briosti mer i myrkrinu med þersu(m) ordum: »Lif heil, kona, ok haf mig helldr firi guds sakar i veniunt þinum en bonda firifaranda ser.« En su kona er mer var feingin hafdi skyniat min tiltæki

<sup>1</sup> minn Cd.    <sup>2</sup> ok Cd.    <sup>3</sup> hreinlifti Cd.



ok ætlan, ok þa er hon vissi vilja minn, skunndadi hon, allt er hon matti, ok fiell til fota mer med felldum tarum ok þersum ordum: »Ek bid þik, hinn liufi madr, ok ek særi þig firi varnn drottin, at þu spillir eigi blodi þínu at luka þersu lifi þínu, veitu  
 5 mer þat, at þu tak mig fyrr af lifi, ok blondum sva blodi ockru, ok veri þat oekar hiuskapr i guds augliti, þviat gud nefni ek mer til vitniss, þott eiginbondi minn kiæmi til min, þa munda ek eigi at villd minni samþyckia honum med likams losta, ok gud veit, at helldr villda ek bana<sup>o</sup> þola en vennda aftr til sliks lifs. En  
 10 hvi þarftu at taka a þig lifs tion? ek hafda ætlad sialf at bana mer, ef þu leitadir samþyckis af mer; tokum annat betra rað, byggim bædi samt sem syskin .ii. en eigi sem hion, haf vid mig salu ast en eigi likams; ætli lavardr oekar, at vid sem hion, en gud viti, at vid buim saman sem syskin; ætli þeir at þu sert bonndi  
 15 minn, en Kristr viti, at þu ert þrodir minn; þegar þeir sia, at ast er med oekr, þa hyggia þeir, at þat se af samlagi ockru en eigi af guds halfu.« Sat vil ek ok til þers segia, fadir, at fagnadr var mer a þersum ordum, fagnada ek ok styrk þeim, er ek fann a konunni. Hlydda ek a hennar ord, ok þektumz ek hennar heilrædi,  
 20 eigi þotti mer þa sem fyrr, at kold ero kvenna rad, ok lagda ek ast a hana firi guds sakir ok giæzku hennar. Alldri kom honud min a likam hennar beran, alldri sa ek buk hennar beran, ottudum(z) æ fallid, ef ek færda mig ofmiog i freistni. Lifdum þa med slikum hiuskap marga daga, ast var meiri vid oekr, en grunr minni af  
 25 henndi lavarda oekarra. Vel var þat manad heilan, at ek sotta eigi til hus heim, ennda kom ecki af husi til min, þviat ast okr giordi þein meira trunat, en fyrr hafdi verid.

Nu leid a sturndina langt fra þersu, þa gerdiz sva til, at ek sat dag nuckurn einsampt i eydimork, rennda ek hug minum til  
 30 munklifis ok abota mins, er mig hafdi fostrad ok vel halldit; syndiz mer þa minn hagr<sup>2</sup> med vesold, en þeira med vizku. En þa er ek var i þessi ætlan, leit ek i iardrifu nuckura langa ok miova: vall ok udi maurum su rifa, en þeir voru allir i starfi ok undir byrdum, ok var byrdrin meiri, en sa sem bar; adrir baru frio med munni  
 35 sinum, adrir fluttu molld or holum, allir hofdu einhveria syslu firi hondum; ef nuckur do, þa var þat sumra sysla at flytia likami brott med fullu skilriki; ef annar for mot odrum, þa vægdi hverr firi odrum. Fogr var mer sia syn ok nytiafull, minntumz ek a þat, er Solomon sagdi vid lata menn, hann bad þa marka af

atfærslu maursins ok þvi fylgia; þviat hverr vann annars sýslu ok  
 lietti annars byrði, eingi vann sier, en hverr vann oðrum, þviat  
 allir attu allt, en eingi atti ser einn. Ok unndir sliku athæfi var  
 aboti minn ok bræðr minir, en mitt athæfi var þa meirr med  
 eymdum, þeir unnu ser ok Kristi, en ek vann heidnum monnum. 5  
 Hrygdiz nu miog hugr minn af syn þersi, ok med þersum hrygleik  
 venda ek aftr til kerlingar minnar at kvelli. Hon fann brat  
 ogleði mína ok at sokum frietti, en ek sagði ok hvatti ek hana  
 til flotta, ok hon samþygti. Bad ek hana l(e)yna, ok hon iatti, bad  
 ek hana at radum hyggia, en hon het at mega gott ok vilia, þviat 10  
 eeki matti hon þat gott, er hon villði eigi, en vanndi giordiz a um  
 ok naudarlutur mikill. Tvær milur voru til vaz nuckurs, ok eingi  
 eykr þangat, ok eingi er ifir kemz, ok a vatninu hvarki skip nie  
 floti ok eeki vidartre til. Hvarkis sart var þa oekart hiarta,  
 þviat þat hvarfladi meðal tveggia luta, þat var von ok otti; 15  
 stundum gafu vid okr vonina, en er ottinn kom, vard vonin at  
 aungu. Nu var af þvi oekart hugskot sart, at fyst var akauf til  
 brotla(u)psins en framkvamu von litil, en otti hinn mesti, at vid  
 yrðim aftr dregiu til draps eda einhverrar pinu, ef vid yrðim a  
 flottanum fundin. Aumligt var nu ifir oekr rad at lita, annat- 20  
 tveggia vera allan aldr unndir ifirbodi heidinna manna ok þar  
 bida enndadag, hyggia at eins at kristni, en litid af hafa - eingi  
 er sa, er tidir veiti, eingi heila fortolu, eingi skript eda adra  
 hialp, þo at naudsyn stanndi - en ella at leggja sig i lifs haska ok  
 rekaz i braut, en fara aftr, þegar er naud kemr; hefir eigi morgum 25  
 naudr ok fatæki mikid kennt at hugsa?

Kom mer i hug um sidir, at i bui lavardar mins voru .ii.  
 hafrar; fieck ek þat rad, at ek drap bada, ok flo ek belgflætti, ok  
 þurkada ek slatrid til nez oekr, en belgina til farskosta blasna ok  
 vinz fulla. En þa oekr syndiz faur oekra byria, riedu vid til at 30  
 kvelli, er flestir svafu, ok allir ætludu, at vid svæfim; sottom  
 sva til vazins, falum oekr gudi a henndi, ok badum, at hann  
 drekti, ef hann villði; settumz þa a sinn belg hvart oekart, ok  
 hafði hvartvegia oekart nuckud af slatri; fluttumz vid miog vel  
 ifir, þot straumrinn bæri nuckud af anni, belgir firi skip, en fær 35  
 firi arar, guds miskun firi styri, en vid heliarmenn, ef hon  
 brygdiz. Slatrid spilltiz sva miog firi oekr, at eigi mundi vera  
 .iii. daga nest. Nu gerdiz af þvi ny kvida oekru radi, er<sup>1</sup> vegrinn  
 var langr en nestid litid.<sup>2</sup> Lof se varum drotni, er hann pinir

1 en Cd. 2 latid Cd.

sina vini ok refsar þeim okynni. Nu stendr mikill vanndi til hannda, lifs aftak ok lima ok aftrdratt(r), ef menn sækia eftir ockr; en þo at þersa missi, þa er sulltr firi henndi, er meiri meinklæti er at þola en firi vapnum at deya, ok enn dyra haski, 5 þott matr se nogr. Þvi næst tokum vid til matar, ok atum hvarki mikid nie gladliga, tokum sidan a ras ok hlupum, sem vid mattum mest, litum þo aftr ok sam .ii. menn hleypa eftir ockr a .ii. fara-skiotum, þeim er dromedarij heita. Eigi ma annat segia, en i voxt færdiz ockarr otti; sva sortnadi firi augum, at svaurt syndiz 10 solin, þvi at sva þotti ockr, sem þar fari bani ockar, er husbonnd-inn for. En sva er, sem mælt er, at þa er botin næst, er bolid er hæst: þa er otti ockarr, var mestr<sup>1</sup>, sam vid hellisskuta .i., er langt geck i iord nidr; venndum til hellisins ok þo med otta, þviat ormar ok edlur ok allzkyns eitrvikvenndi sækia iafnan 15 slikan skugga, ok var naliga, sem vid flydim annari henndi banann, en annari henndi sottum vid til banans, þviat bani syndiz bædi bak ok firi. Leitudum vid þo i hellinn med þeim ordum, sem trua ockr stod til: ef gud firilitr synduga menn, þa hofum vid bana. Krupum þa inn i hellinn, ok sa eeki, þviat sol ok otti tok 20 syn fra ockr um nuckura stund, sem þeim verdr, er i solskini ganga; komu(m) sidan i husid. Opnuduz ockr augu, en otti vox: la þar inni skampt fra ockr id oarga dyr a hvelpum, en færdiz i voxt ockar otti ok haski, annar uti firi dyrum en annar inni. Miog var þat allt senn, at vid litum dyrid 'ok heyrdum firi 25 dyrum uti (kalla) med þersum ordum: »Ut, ut, drottins svikar, ut hlaupingar, ut nidingar! lavadr yekar kallar yekr; hvi seinkit? ut þit, verdit ut, þott þit vilid eigi! þvi hardari pinu fai þid, sem þid seinkid meir.« En vid lagum eigi þvi sidr ottafull. En i 30 ockr hion ut at draga eda mein at veita. Lof se þer, drottinn, hversu bratt þu vendir<sup>3</sup> þinni reidi til miskunnar. Skamt var ockar uvin inn kominn, þa fleygdi dyrid ser upp, banar þeim, er ockr villdi bana ok undir þrældom draga. Annar æpir uti ok fryr hinum megins ok hugdi, at vid mundum forstod veita; rasar 35 þa inn med sama radi, ok vard at uradi, þvi at dyrid banadi badum þeim. Mikil er þin miskunn, drottinn! hvern mundi þers vara, at madrinn mundi mer til bana settr, en dyrid til vardveizlu. Miog aukunnaz(!) þa madrinn, er hann firilætr miskunnina, en dyriþ stigr ifir nattuuna. Slikar ero guds iartegnr bædi fornar

40 1 mæstr *Cd.* 2 þok<sup>r</sup>ra *Cd.* 3 væindir *Cd.*

ok nyar; en þó at gud hafi birt firir ockr þersar iartegnir, þa toku vid þó goda von, at ockart mal mætti frelsaz. En eigi mattu vid ottanum kasta, ne briost ockart eekalaust vera. Nu var sa otti eftir, at dyrid mundi ser til handa veitt hafa bradina ok mundi vilia sæta ockr kvikum en þeim dauþum. Blezapr se 5  
gud, er bez sa firi sinum skepnum, gaf dyrinu hogværi en ockr lif. Þviat eftir fall þeira tveggia tok dyrid hvern sinn hvelp med munninn sinum ok flutti sig brott, en liet ockr þar frials inni vera. Losadi þetta nuckud ockart briost af otta. Gekkk ek þa ut um sidir at niosna, hvad titt var, ok æ þó ræd(d)r um skaplyndi dyrsins, 10  
en allt lagdiz þa til hialpar: fannz þa firi dyrum uti .ii. faraskiotar hladnir vist ok dyrligum dryck.

Skyni þeir er heyra, hversu marga vega gud lætr manni, eda hversu marga vega hann huggar hann. Skommu var ockr naud, sultr ok ofrelsi ok lifs haski, en nu naudr farinn, en audr gefinn, 15  
Smyrsl(!) er her ok til taknanar ok til reinsanar crisma ok oleum sanctum, því at þv ert nv kannaðr Cristi, með hans nafni ertv kristin kallaðr, ok sva ertv. Goð erv þersi smyrsl, því at þav binda þig við himnakonvng.

Myrra<sup>1</sup> erv vistir þær, er varr konvngr gefr af sínv bordi, þat er af sínv helga alltari, þat er holld hans ok bløð, þat er hann sialfr. Hin vistin fœddi líkaminn, sia fœðir salina ok visar henni til himinríkis. Mikit megin er at þeiri helgv fœzlv, er syndir slockvir, fœðir salv, veiter himinríki.

<sup>1</sup> Myrrar *Hb.*



Klæðnað gaf hann, ok þv verðr at klæðaz. Hann er eigi sva dyrr, sem hann er at ravn goðr, þat erv olmsvvr, fostvr ok vokvr ok oll onnvr miskvnnarverk, er þinn bvnaðr skvlv vera, ef þv villt til hans faðms ok fagnaðar koma. Ok þv skallt hafa dymæt gros  
 5 með þer, ok þav er fyrir kome til hans en siolf þv. Maðr ma gera goð verk, ok erv þav eigi gvði þeck, maðr ma gera olmsv fyrir fræ(g)ðar sakir, fasta ma maðr at afla ser orðs þers, at hann se trvr maðr. Þat kann ok vera, at log þrysti honvm til fostv, en eigi sialfs hans vili; fasta ma maðr fyrir sinkv sakir at spara  
 10 mat sinn. Sva er vm onnvr verk; i hva(r)ntveggia stað a rvm til goðs ok hegoma, ok ef til hegoma horfa, þa taka þav verk eigi til goðs, tion er þat eða likams æðra, ok allt þetta avfsvslavst ok avmbvnnar. En þat er allt fyrir gvðs sakir gort, er reinlega er gort ok til salvþvrftar. Nv skipa vel verkvm þinvm, þa gengr goðr ilmr  
 15 af, ok klifr sa ilmr allt vpp til himna ok vattar þin verk, ok þegar þv staðfestiz i þersv athœfi ok með þersvm hætti, at oll verk þin lita til gvðs, þa te(k)z af savrinn, er aðr var a þer, fellr snykr ok vþefian, ok man þer þickia, at þv ser hin sama ok þv vart, ok man nv allt þitt athœfi snvaz i goða gleði ok helga teiti  
 20 ok i rett hvgskot, ok allt þat snviz þer til hialpa. En at þv megir enn giorr marka, i hvern avka fegrð þin liðr, þa se oft i skvggsio þina, þa mattv sia, hvat vel samir i bvnaði þinvm, sva ok ef nockot skortir.

En þersi skvggsio er heilvg ritning, lat hana oft vera fyrir  
 25 avgvn þer, hon kennir þer þinn bvnað, les hana ok fylg þvi, er þv heyrir. Ok ef þv fylgir, þa manntv skirliga lifa ok rein bva ok eigi oftarr savrgaz. Man nv þer i halld koma fontrinn, er þv vart skirð i, krisma ok olevm, er þar var a þig lagt, sv en helga fœzla ok sa enn dymæti dryckr, er þv hefir tekit af vars konvngs  
 30 borði, ok meiri nyt dregr, ok mætri ok langæri er til eilifs gagns helldr en vistin, er meyar tokv af borði Asveri konvngs. En hvat, ef sva illa verðr, at þv fegriz vm rið, ok þit mal i lag komit ok i frið við vnnasta þinn, ef þer vinz staðfesta til ok gitta, en þv bregðr a hátt verra ok vendir þig til vandra verka? Nv deyr  
 35 goð tilgerð, en mein vax(a). Nv ef þv fellr, ris vpp, eigi er sa farinn, er fellr, hinn er farinn, er orkaz ma ok vill eigi sialfr biarga ser. En hvat, ef oft er vent til vmbota ok oft til meina? Ris æ vpp, er þv fellr, mart er til vmbota. Ef þv bleyðir hiarta þitt, sv bleyði grœðir þig; kemr þv þer til tara, þav skola þig; er

ok fasta til vmbota, bæner, vokvr, mersvsongar, olmsvsgerðir, fyrirgefa oðrvm sinn misverka, venda þeim rettleiðis, er i misfelli hefir hitt, hefna a þeim illzkv, er of þrair erv at halda a sinv meini, at eigi tyni hann bæði ser ok oðrvm með illvm dæmvm, af því at hann er of þrahalldr a illzkv sinni, ok er minna hans tion eins en margra, ok er því hefnin salvbotar verk ok synda lavsn, ef sa hefnir, er gvð hefir þat valld i hond greitt. Ok er sa retrr laga hoffingi, er hefnir eftir logvm, ef log erv eigi of frek, ok hefnir hann fyrir gvðs sakir goðvm mounvm til friðar, ok hefnir með astvm en eigi með heiftvm, með ast við gvð ok folkit ok sal sialfs sins. Slikir lvtir ok margir aðrir liggia til vmbota. Se, hversv mikil milldi vars drottins er: hann gerði þig, þa er þv vart eigi, til þers fagnadar, at þv skylldir i hans riki þann stað fylla, er engillinn tyndi; hann gaf þer at vera vel, því at ecki matter þv þer fyrir vtan hans lán; hann gaf þer ætlan at hyggia gott ok vilia at vinna ok megin. Ollv tyndir þv þersv. Hann gelldr þersa miskvnn, engan fær þv þer annan slikan beinamann, hann gefr þer stolinn ok vit til at veria, enda gelldr þer ein með miskvnn, þo at þv tynir með heimskv. Enda er sia miskvnn æ bvin, hversv oft sem þv leitar til, ok hversv synðvg ok savrvg þv ert. Sva er hans ast mikil við þig. Nv legg moti allt þat gott, er þv matt, þo er þat morgvm lvtvm minna hans tilgerðvm. En þv matt svara: Ek em fatök, snavð ok neis, ek hefir engi efni til framlogv. Sala, þv segir eigi satt, þv matt hafa ast, ef þv villt, hefir þv ok sialfa þig. Þersa lvti krefr hann ok krefr sins. En hvat, ef efni skortir, legg fram goðan viliann. Ef hann hefir mikit veitt þer, ok gerir þv því mikit gott, þat er hans veizla. En ef hann hefir litið veitt þer, þa er þat ok þitt gagn. Hann vill reyna þig i þinni neisv, hann veit giorr, hvat þer hæfir, en siolf þv, ok skalltv fyrir því með þockvm taka oll hans verk, ok æ hans miskvnn at kenna, hvegi goð er þv geriz. Kann þat vera, at þv geriz sva goð, at þv ser verð, at iartegnir geriz fyrir þinar saker, en gvð vill eigi, því at hann vill eigi, at ofsi megi spilla þer, ok vill hann sva freista þin, því at ecki avkar þat ne vanar verðleika þinn, ok er honvm þeckra at giæta þin i litillæti, en leiða þig i ofmikla freistni. Sva er ok vm fiarefni, hann veit, hvi hann dregr, fyrir því at hann hefir margan tældan. Nv lofa alla hans tilskipan, bið hann styra þinv raði ok þa hiolp veita þer, er þv þarft; taki af þer mein, ef nockor erv, vnni þer goðra verka ok staðfesti þig i goðvm verkum, hvarki er vm avðæfi er, því at eigi

iattar hann avllvm monnvm ok eigi avllvm iamnverðvm. Se, bræðr tveir tvíþvvar erv alnir, som er ætt þeira, same þvrdardagr; annarr hefz til avðœfa, annarr legz til fatœkis, ok er hinn fatœki sívkr ok nvminn megni, hinn avðgi heill ok i avllv afi ok megni.

5 Gvð ann baðvm, en annan lemr hann at mega illt, ok styrkir annan at mega gott, elskar þo hvarntveggia, en sakar hvarngi. Slikt er hans ast við ors, at hvatki er varr breyskleikr þoler af hans tilætlan, avllv skipar hann þvi ors til gagns ok til giæzlv. Ok skvlv ver fyrir þvi i allri hans viðskipan hann lofa ok með

10 þersvm orðvm vm hann rœða: Viðr kennvmz ek, drottinn minn, oll þin miskvnnarverk, skipa allt eftir þinvm vilia, þvi at þv ert minn drottinn, þv ert mitt yndi, þv ert lios avgna minna. En hvat skal, drottinn minn, mote þvi ollv leggja, er þv hefir veitt mer? Villtv, at ek vnna þer? Hversv mikit skal ek vnna þer?

15 En fvl ok savrgv em ek at vnna þer. Vnna skal ek þo, drottinn minn, þvi at þv ert minn styrkr, þv ert min viðrtaka, min staðfesta, lavsnari minn ok verndari<sup>1</sup>, min hiolp ok heilsa. Þv gaft mer, drottinn minn, þig at kvnna, a þig at trva, þig at elska, þer at fylgia; þv gaft mer vit ok skilning, minni<sup>2</sup>, tvngv skilna, þeckileg orð, aheyrilega kenning, ok framþvrd með framkvæmd verka, vilia til náms, megin til skilningar, varygð i farsælv, hvggan i annmarka. Ok hvert er ek venda mer, þa var æ þin miskvnn

20 bvin mer; ok þa er mitt mal var at þrotvm komit, þa leystir þv mik; þa er ek syngvðvmz, hirtir þv mik; þa er ek rygðvmz, þa gladdir þv mik; þa er ek orvilnðvmz, styrktir þv mik; þa er ek fell, reistir þv mik; þa er ek stoð, þa stvddir þv mik; þa er ek geck, leiddir þv mik; þa er ek sotta til þin, toktv við mer. Nv þetta allt ok marga lvti aðra veittir þv mer; ok þvi a mer iamnan at vera þeckilegt a þig at hyggja, vm þig at rœða, þer at þacka,

30 þig at elska, þig at lofa fyrir allar þinar haleitar ok margfalldar velgiörningar, er þv hefir mer veitt, minn lavarðr ok minn drottinn.

Nv hefir ek teð þer, sala min, ast þins vnnasta ok hans festarfe ok tilgiöf til þin. Nv er goðr vnnasti, gott festarfe; nv legg gott a mote, hallt þig vel, þiona rein reinvm, hallt þer vspilltri, ok lat flecklavst vera þitt lif heðan af. Lit a, at fyrrmeirr vartv savrig sem almenneleg pvta, en þv ert nv með hans miskvnn meyar iamningi; þer erv spell fyrirgefin, fleckar af þerðir; giæt nv þeginnar miskvnnar, ok giæt með þockvm ok lytalavst. Se,

1 verndar *Hb.*    2 min *Hb.*

hvat hann hefir nú veitt þer, er allðri var þitt afbrigði sva mikít, at eigi var hans miskynn meiri.

**Sala talar til líkamsins.** Nú finn ek blindi mína, er ek sagþa, at eigi mætti vera einka ast vtan til eins tœki. Nú se ek, at sv er meiri, er til allra tekr, ok er þo fvl með hverívm, þar sem einn er allra stíorn ok forvístá, ollvm nalægr, allra giæzla, avllvm bvinn til hialpa, fyrirlætr engi, skilz við engan, lítr yfir allra verk, ok vinnr sialfr með þeim, er gott vinna, leyniz andlit en eigi navíst hans. Bœði er með mer nú skom ok otti; skommv(m)z ek misverka, ottvmz ek þann, er ek fæ eigi leynz, fyrir því at hann ser alla mína leynda lvti. Avm em ek, er sva mart er þat, er ek ma skammaz af honvm, en hitt fatt, er honvm ma þocknaz. Missir mer, at ek mætta sva mikla stvnd felaz fyrir honvm, at ek hefþa síolf af þert oll mín mein, ok birtvmz ek honvm eigi fyrri, en ek mætta rein standa í hans avgliti lavs fra syndvm.

Nú sny ek rœðv mínni til yðar synda mínna. Ek særi yðr, bolvaðar syndir ok hatrsfvllar, meinafvllir fleckar, at þer latið mik ok skiliz fra mer, dirfiz eigi oftarr til þers mik at sífla, mer at spilla, ok sva reita mínn drottin ok lavsnar(a). Enda man yðr tilsokn lítið stoda, þar sem hann veitir vörn, en ek motistodv, því at enn angrar mik meirr, at ek gerði hann reiðan, en mik vreina, þar sem hann ser oll mín verk. Nú í hans megni segi ek skilið við yðr, níkvæði ek yðr ok allt yðart samneyti, (at) þarflavsv veiti þer mer atlavp. Til annarra lvtá vil ek nú skapa mína lífdaga, ok vætti ek ok trvi ek fastlega, at kvíðiað skal yðr vera mín tilvitian ok innkvoma, því at skil ek nú, hversv ek skal yðr brott reka, ok hversv yðr skal forðaz, ok se því nú endir á vorv felage.

**Líkamr talar<sup>1</sup>.** Annsvor þín en fyrstv ok þersi erv miok vlik, því at þa þotti þer eigi einka ast, nema til eins tœki, nú þicki þer hon af því mætri, at hon er eins ok allra. Þv kveinaðir fyrr, at frestað var viðrtokv þínni. Nú af því at þv stvndar at bæta fallit, þa finnr þv, hve mikít gott þer hafa veitt frestin ok gvðs biðlvnd ok þolinmœði. En þv ottaðiz, ok enn þicki mer, sem nokkot kenni þers, at þv ottiz, at hans ast se fallin við þig, því at þv ert enn eigi komin til vmbota þíns afbrigðis. En þetta ottaorð skalltv með ollv fella: dvena matti ast hans við þig syndvga, en eigi matti falla; vnni hann þer líotri, tynd værir þv

<sup>1</sup> capitlvvm Hb.

elligar, farin væriþ þv, ef hans ræiði stigi þegar i fylla hefnd, en  
 þolinmæði vann freistnina, en freistnin yfirbot, en yfirbot ast hans.  
 En þvi meiri mvnr er a ast hans, er þv stvndar lengr til yfirbota  
 meina þinna, þvi at þegar vendir hann sinv skapi, er þv vendir  
 þocka til hans. Ok þo at hann hati syndir þær, er með þer erv  
 vboettar, þa kann hann þo þers ofvssv, at þv hatar nv þat, er  
 honvm mislikaði. Miðr litr hann nv a þat, hvat a skortir með  
 þer, en a hitt, hvert þv stvndar nv, ok meirr geymir hann at iðran  
 þinni, en at hversv mikil stvnd er til iðranar, ma ok a litilli stvndv  
 lækna stor mein ok margfolld.

**Sala spyrr**<sup>1</sup>. Seg mer einn tima spvrdaga. Ek kenni með  
 mer stvndvm ynði sva mikit ok hvggan, fagnað ok gleði, at mer  
 þickir, sem ek se oll onnvr, en ek var skommv. Nv fysvmz ek  
 allz annars en fyrr, ok nv er mer þat leitt, er aðr var livft; syniz  
 mer, sem ek se oll skipt ok oll ny, ok mitt briost hefir tekit  
 nyian fagnað, samvizka min er i gleði, dvenar fyst at lita til  
 liðinna meina, i ró er nv hvgr minn, birtiz vit mitt, lysiz hiarta  
 mitt, fyst min stvndar a giæzlv heilagrar giæzkv. En þv hefir  
 roett vm faðmlag vnnasta mins, at þat skiptir mannevnm ok vender  
 or vandskap til naða ok staðfestv. Nv veit ek eigi, með hverivm  
 hætti þetta skipti kemr, en hvggan er mer i skiptinv, ok við  
 þenna hatt villda ek bva alla mina lifdaga, ok þar til skal ek fram-  
 leggja allt mitt megin. Nv er sem hvgr minn beriz við mik, hinn  
 fornri við enn nyia, at hinn megi falla, en sia lifa, þvi at sva  
 kenni ek hann nv nyian fagnað hafa tekit, sem hann venti ser  
 nv enda allra meina ok fyllnað avmbvna, ok b[iði] hann nv eigi  
 framarr, enkis æskir hann þersa heims meira. Nv vil ek þat  
 vita, hvart sia . . . . . minn vnnasti, ef sva skiptir mer, ok  
 þersa haleita hvgro hefir veitt mer, fellt vnytan losta, en kveykt  
 fyst til allra goðra verka.

**Likamr talar**<sup>2</sup>. Sia same er þinn vnnasti, er sva hefir vit-  
 iað þin, þo at hann kome hvlþr ok vsynilegr, ok eigi með avgvm  
 sia ne hendr hondla, hann kemr til aminningar en eigi til synar,  
 til kenningar en eigi til handlanar, vilia þinn at teygia, en eigi  
 alla fyst þina at gera, astarfyst ter hann þer, en eigi enn avmb-  
 vnar fyllnað. Ok þat er sa lvtr, er þer hæfir til festarfiar, at  
 her kennir þv hans mvnvgð, ok sva vaxi fyst þin þat at hafa  
 annars heims með fyllnaði, er her kennir þv ok bergir með fagnaði,  
 ok at þat vitir þv með fyllri hopan, at sa skal vera þinn eilifr i

eign, er nu er í þinni vitian, ok se sv vitian, er nu kennir þv, styrkr til staðfestv, von til framkvomv. Ok er sv böen min ok lykt rœðv minnar við þig, sala min: Vnn þeim, sök eftir honvm, lett eigi fyrr, en þv tekr hann, ok eignaz hann, þegar er þv fær hann. En þersarrar tavkv ok eignar vnni þer sialfr hann vtan enda. 5

**Sala mæli<sup>r</sup>.** Sia er fyst min, til þers er oll girnd min, hengat stvnda ek með trv, flytivismz ek með hopen, renn ek með astsemð, ok vnni gvð mer her at leita en annars heims at finna. Amen.

Nu með þvi at vm hvgrecki er talað ok vm æðrv, ok þersv 10 hvarvtveggia til salv vent, er annað er gagnsemda fvllt, en annað afbrigða ok byrgða, þa gefi gvð æ til hins at lita, er þvrft beiðir, en hitt fyrirlita, er til haska heyrir. En þat er salv skyllt at skynia, þvi at gvð hefir henni skyn iattað, er hann hefir avðrym kvikvendvm syniað. Ok sem hon veitir lif likaminvm með sinni 15 navist, fyrst at alaz í heim, þvi nest í vøxt at færz ok eftir spena með vistum fœðaz, biargaz með atfærslv, sva er ok hennar at skynia, at likaminn styri ser með viti, kynna honvm, at .ii. lvtir erv með manninvm, illt ok gott, lostr ok nattvra. Ok er til þers leggiandi oll ætlan, skilningr ok vizka, at lyti se vti byrgð, þvi at 20 synd er ill iamnan, en nattvrv se holpið við, er rein var skapat, ok er þo logð vndir lyti hon lytalavs, þvi at eftir þvi sem hon er nattvra, þa er hon hvergi ill, ok eigi með envm versta manni. Ok af þvi at maðrenn kann slikt skynia, í þvi er hann gvði likr, þvi at af þersv kann hann satt at sia ok fremia sig í goðv til 25 salvþvrfta. Ok er honvm iað likams þvrft at vita, hvat hans næringvm gegnir, sem vist mot hvngri, dryckr við þorsta, klæðnaðr við kvlþa, vorn mot alavpvm, hiolp við svttvm; ok er fyrir þvi tvefallt verk með mannevnm, annað þat er gvð vinnr, en annað þat er sialfr maðrenn vinnr, ef maðr røker salv sina. Røekt 30 salvnnar erv góð verk ok forsio likamans, en manzens verk ok þo gvðs lan, þvi at þrir erv vinnendr, gvð, nattvra ok maðrinn. Gvð skapar þat, er skapað er ok í fyrstv var vskapað, sem Moyses segir: In principio fecit deus celum et terram. Gvð gerði í vpphafí himin ok iorð. En þat vpphaf er skiliandi gvðs svn. En 35 nattvrv verk er at flytia þat í lios ok til nytia, er eigi var aðr avgliost, sem mann til byrðar, sað ok annan iarðar afspring til

avaxtar. Sem Moyses segir með gvðs mvní: Producat terra her-  
 bam uirentem. Flyti fram iorðin gras gróent. En manzins verk  
 er at annaz vm sina atvinnv, ok hof þat eftir gerfa synd, at sv  
 atvinna varð með vilsinni. Sem segir i samv bok: Consuerunt  
 5 sibi perizómata; þav savmvðv ser hvlningar, en því völdv syndör;  
 nattvra var aðr friols, en syndin varð at liða til vils ok vela, til  
 starfs ok ahyggiv, ok verðr maðrinn nv þat at afla með vinnvm,  
 er avnnvr dyr hafa með nattvr. Ok hvgleiði sa er fyrsta sinni  
 fann klæðnað, hversv flestar skepnvr hafa með nattvr verki  
 10 nockora hialp mot sinvm anmarka: næfr hyl tre, fioðr fylginn,  
 fiskinn reistrar, hvelivr hvalinn, vll savðinn, skogardyr ok bvfe  
 har fyrir klæðnað; svv kreatyr hylz i skelivm, svv i kvfvngvm;  
 ross versk með hofi, eða tonn sem hvndr, reinn með horni; ok er  
 þersor vapn ok klæðnaðr allt veitt með nattvr. En eigi er sv  
 15 mannvmm, noktr kemr hann ok vapnalavs ok varnar. Ok er þetta  
 með mikilli ok dyrlegri fyrirætlan, er nattvra skipar þeim vorn ok  
 þarfendi, er eigi hoffv vit til aflanar. En maðrenn aflaði, er með  
 viti var skipaðr i heimenn, ok er hans tign at meiri, at hans aflan  
 er með viti, en þeira með giof, ok stendr hann til meira, ef hann  
 20 giætir sin i gœzkv ok i rettvisi, ok litr æ til hins, at hann se þeim  
 mivkr ok lyðinn, er hann hvetia til eilifra þvrfta, en eigi hinvm,  
 er draga til meins með vandvm verkvm. Þvi at maðrinn hefir  
 .v. eggendr, ok þo eigi alla með einvm hætti, þat er heimr ok  
 horvnd, sal ok illzka ok enn helgi andi. Horvnd eggjar hoglifis,  
 25 heimr hegoma, sal sannenda, illzka meina, gvð goðra lvta. Til  
 þers lystir horvndit at hafa klæðnað asynilegan, mat lystilegan,  
 drecka með ofsa, liggia hægt, sofa nogt, firraz heims haska ser til  
 mrvngðar ok salvtions; en heimr eggjar hegoma, þat er at heliaz  
 a veralld.

## MARGRETAR SAGA.

(*Cd. 235 fol. A; Cd. 233 fol. B.*)

### Prologus sogunnar 1.

Sidan er drottinn varr Jesus Kristr hafði upp stigit til himna til guds födur almattigs, þa sendi hann postola sina [viða um heiminn<sup>2</sup> 5 sitt eyrindi fram at bera ok hialp at veita monnum. Þa toku margir vid tru þædi karlar ok konur. En truin<sup>3</sup> var þa þo nockut erfid, þviat þeir voru fleiri, er i moti [mælltu, en hinir er fylgdu<sup>4</sup>. Sa madr er nefndr Theophilus<sup>5</sup>, er sögu þessa hefir gert<sup>6</sup>. Hann segir sva fra ser: Ek heiti Theophilus<sup>5</sup>, trui ek a gud almatkan<sup>10</sup> fodur ok son ok anda helgan. Ek em skirdr i hans nafni ok lærdr [a helgar ritningar<sup>7</sup>. Ek vissa, hversu heilög Margareta bardiz i moti diofinum ok sigradi hann ok [audgadiz eilifri prydi<sup>8</sup>. Ek vil þess bidia alla [þa, sem heyra þessa sögu, at þeir vardveiti hana<sup>9</sup> i hiartanu ok hafi hana sem optaz millum handa, ok bidi<sup>15</sup> þessa ena helgu mey Margaretam, at hon arni oss<sup>10</sup> vid gud heilsu þædi þessa heims ok annars.

### Her hefz upp saga Margarete meyar<sup>11</sup>.

1. Theodosius het madr, hann var göfugr at virþingu þessa heims; heiþinn var hann ok blotadi<sup>12</sup> skurdgod. Hann atti dottur<sup>20</sup> [þa sem<sup>13</sup> het Margareta. En þegar er hon var ung at all dri, þa

1 Prologus fyrir Margr. sögu, *B.* 2 [ *tilf. B.* 3 truan *B.* 4 [ stodu en hinir er fram fluttu *B.* 5 Theodimus *B.* 6 samansett *B.* 7 [ vel ok frödr at helgum ritningum *B.* 8 [ öðladiz eilifa dyrd *B.* 9 [ er heyra megu, at þeir hlydi til þessarrar sögu með athuga ok 25 leiti at muna *B.* 10 ydr *B.* 11 Her byriar upp sögu ennar sælu Margretar meyghiar *B.* 12 blotmadr mikill ok trudi aa *B.* 13 [ eina fríða ok fagra, en hun *B.*



trudi hon a gud almatkan, ok var hon fylld<sup>1</sup> af helgum anda. Þa er hon heyrdi sagt, at helgir menn voru pindir fyrir guds [safir ok hans<sup>2</sup> nafni, fal hon sitt rad allt gudi a hendi. Hon var ung at alldri, þa er modir hennar andadiz, en fadir hennar  
 5 unni henni litit<sup>3</sup> ok selldi hana til fostrs nockurri konu[. Margret var uppfedd skamt fra borg þeiri, er Anthiochia heitir<sup>4</sup>. Hon getti sauda fostru sinnar med odrum fostsysturum sinum. Þa var hon .xv. vetra gomul<sup>5</sup>.

2. Olibrius het iarl<sup>6</sup> heipinn, hann for af Asialandi til borgarinnar Anthiochiam til þess at neyda kristna menn til blota<sup>7</sup>. En er iarlinn for um dag med foruneyti sinu, þa sa hann Margaretam<sup>8</sup>, en honum rann þegar hugr til hennar. Þa melli hann vid menn sina: »Farit er ok hittit mey þessa ok spyrit, hvart hon er frials<sup>9</sup> eda eigi. Ok ef hon er eigi frials, þa mun ek kaupa  
 15 hana, ok skal hon vera frilla min; en ef hon er frials, skal ek ganga at eiga hana, þviat hon er venni en vel flestar konur adrar.« Sendimenn iarls sogdu meynni þetta.

3. Þa kalladi heilög Margareta til guds ok melli: »Miskunnadu mer, drottinn, at eigi glatiz ond min med omilldum monnum, helldr lattu mik glediaz med þer i eilifum fagnadi. Lattu eigi,  
 20 drottinn, fyrirfaraz<sup>10</sup> fegrd meydoms mins. Nu em ek sva komin sem saudr med vörgum ok fengin sem<sup>11</sup> fiskr i neti. Sendu engil þinn, at hann geti andar minnar vid ollum svikum fiandans, [ok hann styrki mik at svara þessum enum omillda greifa, ok styrki  
 25 mik i moti pislum hans<sup>12</sup>.« En er sendimenn greifans heyrdu þat, er merin sagdi, þa foru þeir [i brott ok sögdu Olibrio, at þessi mer trudi a Krist enn krossfesta, »ok mattu eigi, sogdu þeir, hana med þer hafa.« Þa vard hann reidr<sup>13</sup> ok baud, at meyna skyllði þangat leida. Ok er hon kom fyrir greifann, spurdi hann  
 30 hana, hvart hon veri frials eda eigi. Heilög Margareta svarar:

1 full B. 2 [ mgl. B. 3 þviat þau voru oskapglik tilf. B. 4 [i borg þeiri er Maxima het .xv. milna fra Antiochia. I þeiri borg setti Petr postoli patriarchastol sinn B. 5 er saga sea gerdiz tilf. B. 6 greifi B. 7 en guds nafni at nita, ok let alla þa pina, er eigi villdo hans vilia gora tilf. B. 8 hvar siaa hin fagra mæi sat ok giætti fiar B. 9 frialsborin B. 10 faraz B. 11 fugl i snöru eda tilf. B. 12 [ styrk þu mik til þess, at ek mega svara þessum hinum omillda greifa ok standaz allar hans þrautir B. 13 [ aprt ok sögdu honum svo: »Ekki mun skap ykkat saman fara, þviat hun þionar eigi godum vörum, helldr göfgar hun þann er Gyðingar krossfestu.«  
 40 Þa vard Olibrius akafliga reidr ok skipti skiott astinni i æðina B.

»Frials em ek ok kristin.« Greifinn mælti: »[Hversu heitir<sup>1</sup> þu eda hvert er kyn þitt?« Heilog Margareta svarar: »Ek heiti Margareta ok em ek ambatt guds almattigs. Ek trui a Jesum Krist, en hann mun vera at eilifu, ok eigi mun vera endir ríkis hans.« Greifinn mælti: »Truir þu a þann, er fedr<sup>2</sup> vorir krossfestu?« Hon svarar: »Þvi fyrirforuz fedr<sup>3</sup> þinir, at þeir krossfestu hann.« Þa vard greifinn reidr miok ok baud, at hana skyldi leida i myrkvastofu, ok etladi at [fa meydum<sup>4</sup> hennar med folkyngi nockurris.

4. Annan dag eptir let greifinn [leida meyna fyrir sik. Ok<sup>10</sup> er hon kom þar, mælti greifinn<sup>6</sup>: »Miskunna þu esku þinni ok fegrd likama þins; gerdu [sem ek vil, ok<sup>7</sup> gófga god min, ok mun ek þik meira virda en þa menn adra, er med mer ero, ok mun ek gefa þer nog audefi.« Heilog Margareta svarar: »Þegi þu, sagdi hon, þviat þu matt eigi snua hug minum fra ast vid gud<sup>15</sup> minn, ok honum mun ek þiona, medan ek lifi; mun ek likama minn meða i pislum, at öndin megi glediaz med helgum monnum<sup>8</sup> i himinríkis dyrd. Ok sva sem Kristr let ser soma at deya ollum til hialpar, sva vil ek ok deya honum til dyrdar. En audredi<sup>9</sup> þin veri i eilifri glatan med þer sialfum.« Þa baud Olibrius, at<sup>20</sup> hana skyldi festa upp<sup>10</sup> ok beria med vöndum. Heilög Margareta leit þa til himins ok mælti: »Allzvalldandi gud, þu ert allt traust mitt, littu til min ok miskunna mer, drottinn, ok lat mik eigi ottaz meinleti.« Ok er hon hafdi þetta mælt, þa baurdu þeir hana, sva at blod fell um hana, ok gretu margir, þeir sem sa [mein-<sup>25</sup>leti hennar<sup>11</sup>. Þa mælti greifinn: »Tru þu, Margareta, ok gófga god min!« Sel Margareta svaradi: »Eigi mun ek gófga god þin dauf ok dumba<sup>12</sup>.« Þa reiddiz greifinn ok baud, at hana skyldi upp festa<sup>13</sup>, ok sidan let hann slita holld hennar med iarnkrokum. Ok sva miok serdu þeir hana, at greifinn matti eigi a sia, ok dro<sup>30</sup> upp skickiuna fyrir ögu<sup>14</sup> ser ok mælti: »Hvi villtu eigi hlyda bodordum minum?« Hun svaradi: »Ef ek hlyddi bodordum þinum, þa mun önd min vera i eilifum kvölum med þer.« Sidan baud hann, at hana skyldi enn leida til myrkvastofu.

1 [ Hvers hattar ert *B.* 2 frændr *B.* 3 ættmenn *B.* 4 [ fyrirfara<sup>35</sup> meydumi *B.* 5 Þa for hinn ranglati greifi til Antiochiam borgar at blota þar godum sinum, sem vani hans var til *tülf. B.* 6 [ bua ser dómstol ok let þangat leida Margaretam ok mælti svo vid hana *B.* 7 [ sva vel at þu *B.* 8 meyum *B.* 9 audefi *B.* 10 i tre *tülf. B.* 11 [ likam hennar sva meiddan *B.* 12 blind *B.* 13 i annat<sup>40</sup> sinn *tülf. B.* 14 augu *B.*

5<sup>1</sup>. En er guds mér kom inn i mykvastofuna, þa signdi hon sik ok mælti: »Heyrdu, gud allzvalldandi! bið þu, at ek sea ovininn ok eiga ek orrosto vid hann; en hvat muna ek mega vid honum, dæmdu millum min ok hans. I þer er oll von min, þu ser lofadr um allar alldir.« En fostra Margarete kom til myrkva-

1 Cap. 5 lyder i B saaledes: Ok er hun var þangat komin, þa mælti hun: »Heyrðu mik, allzvalldandi skapari himins ok iardar, bið þu, at ek mega sea ovin, þann er berst i gegn mer; en hvat mun ek vid honum mega, dæm þu drottinn aa medal min ok hans, því at i þer er vón min öll. En þu einn ert lofadr sannr gud um allar alldir.« Eptir þat kom fostra hennar til myrkvastofunnar ok færði henni fæðu ok drykk, ok heyrdi hun bæn þessa. En er hun var brott farin, þa kom þar fram or einni hyrningu ógurligr dreki, hann var med ymsum litum; fax hans var hardla siðt; tenn hans voro sem gloanda iarn ok svo miklar (sem) i villigelti; augu hans voro sem gloandi siur; elldr brann or munni hans, en tunga hans vafðiz um hals honum; hann hafði nöðru eina i munni ser hardla illiliga, en hun hafði mikit hófut. Þa reis drekinn upp um miðnætti, en elldr brann or munni hans ok nausum, sva at af því lysti um alla myrkvastofuna. En er heilog Margareta sa hann, þa mælti hun þessum orðum med mikilli hræðzlu: »Heyr þu, guþ allzvalldandi, sa er aa himnum er ok batt diöfulinn Belzebuþ ok allt hefir i þínu valldi, hialp þu mer nu vid þessum dreka ok miskunna mer, drottinn minn.« En er sæl Margareta hafði þetta mælt, þa svalg drekinn hana med helgu krossmarki adr signda, því at hun retti hendr sinar i kross. Ok er hun kom iafngegent hiarta hans, þa brast drekinn sundr i miðiu, þvíat sa ovinr allz mannkyns mátti eigi standaz þat hit helgazta takn krossins. En sæla mær Margareta stoð heil upp ok lofaði guþ af öllu hiarta. Þa sa hun til vinstri handar ser einn svartan diöful, ok voro hendr hans bundnar vid kne ok brann elldr or augum hans ok munni. Þa gekk diöfull at henni ok tok til hennar ok mælti sva: »Mikit undr hefir þu gort aa minum broþur, þeim er Rufus het ok þik svalg. En fyrir guds nafni drapt þu hann, ok nu veit ek, at þu mátt mik drepa, ef þu vill. Nu bið ek þik, at þu drepir mik eigi.« En er sæl Margareta heyrdi þetta, þa tok hun til fiandans ok varp honum til iardar niðr ok setti hinn hægra fót sinn a hals honum ok mælti vid hann: »Þu bannaðr fiandi, svik mik eigi, því at ek em ambatt guds ok lofa ek allzvalldanda gud, ok hans nafn er skrifat i minu hiarta.« En er heilug Margareta hafði þetta mælt, þa kom lios mikit i myrkvastofuna, ok fylgdi því liosi kross drottins vars, ok sat dufa aa þvertre krossins ok mælti sva: »Sæl ert þu, Margareta, því at englar guds biða þin vid paradisar hlid, ok þin sal mun til himinrikis koma.« Þa mælti sæl Margareta vid fiandann: »Hvert er nafn þitt?« Hann svarar: »Ek biðr þik, Kristz ambátt, at þu hefir upp fot þinn af halsi mer, at ek mætta litla stund hafa frið at mæla vid þik ok segia þer alla mina atferd.« Þa lypti sæl Margareta fæti 1.

stofunnar ok ferdi henni braud ok vatn, ok heyrði hon þen hennar. En er hon var í brott farin, þá kom or hyrningu einni myrkvastofunnar ogurligr dreki. Hann var með ymsum litum, hár hans var alitz sem gull, skegg hans var hart sem þyrnir, en tenn hans sem iarn ok sva storar sem í villigellti; ögu hans voru sem blodsegar, elldr brann or ögum hans, höggormr lá um hals honum, 5 odaunan mikit ok illt stod af honum. Ok er hann kom á mitt golf, þá örgadiz hann upp ok bladradi tungunni. Lios gerðiz í myrkvastofunni af elldi þeim, er for or munni hans ok nausum. Þá varð Margareta sva reðð, at hon fell til iardar, ok eigi mintiz 10 hon þá þess, er hon hafði fyrr bedit at sia ovininn. Þá retti hon hendr sínar til himins ok mælti: »Heyrdu, gud minn almattigr, veittu mer, at eigi stigi sia enn ogurligi dreki yfir mik.« En þá er hon hafði þetta mælt, tok drekinn enum efra kiaptinum yfir hvirfil henni, en tungunni tok hann undir tærnar, ok svalg hana 15 sidan. En þá er hon kom gegnt hiartanu drekans, sprack hann í .ii. hluti. En heilög Margareta reis heil upp. Þá sa hon til vinstri handar ser annian dioful; hann sat, ok voru hendr hans bundnar við kne honum. Þá mælti heilög Margareta: »Lofa ek nafn þitt, drottinn minn; nu se ek fagnat andar minnar, ek se 20 drekann daudan liggia en diöfulinn bundinn. Fyrr þvi geri ek þer þackir, heilagr gud, ok þik lofa ek, odaudligr konungr.« Þá reis sa diofull upp, er setit hafði, ok mælti við meyna: »Mikit mega þenir þinar. Ek senda Rufonem brodur minn til þess, at hann fylgi þik ok glatadi fegrð þinni, en þu vant hann með kross- 25 marki; en nu villtu mik vega fyrir þenir þinar.« Þá tok söl Margareta í hár dioflinum ok varp honum á iordina ok ste enum hegra feði sinum á hals honum, ok mælti: »Lattu af, illgiarn andi, at freista min, þviat ek em Kristz ambatt.« Þá kom kross með liosi miklu í myrkvastofuna; dufa sat á krossinum ok mælti við Margaretam: 30 »Þin bida helgir englar hia hlidi paradisar.« Þá þackadi en sela mér Margareta gudi vitran þessa. Sidan mælti hon við fiandann: »Hvert er kyn þitt?« Hann mælti: »Bid ek þik, guds ambatt, at þu lyptir feði þinum af halsi mer, sva at ek mega segia þer fra verkum minum.« Hon hof upp fotinn. »Ek heiti Belzebug, 35 ok hefi ek marga rettlata menn telda; morgum hefi ek í mot bariz, ok hefir engi fyrr yfir mik stigit, en nu hefir þu utsprengt öga mitt ok afl mitt brotit. Matta ek svikia fodur þinn ok modur, en nu hefir þu fengit sva mikla miskunn af gudi, at ver erom allir hræddir við þik. Ek beriumz í moti retlatum monnum nott 40

med degi, blinda ek ögu þeira ok hyggiur, læt ek þa gleyma himneskri speki. Ek kem til manna, þa er þeir sofa, ok vek ek þa upp, ok læt ek þa reika til onytra hluta. En ef þeir geta við séð, þa er þeir vaka, þa læt ek þa misgera, er þeir sofa. En fra 5 þeim segi ek þetta, [er eigi] unna gudi eða orökiliga signa sik, en ek verð yfirstiginn af þeim öllum, er þer ero líkir. Eigi veit ek, hvat ek skal til taka, er mér ein hefir yfir mik stigit. Mer þetti ecki til koma, ef karllmadr hefði þetta gert.« Þa mælti heilög Margareta: »Hverr bydr þer at bleckia goda menn, eða hvert er 10 kyn þitt?« Hann svaraði: »Segdu mer kyn þitt!« Hon svaraði: »Eigi ertu þess makligr at heyra þat, guð veitti mér miskunn.« Fiandinn mælti: »Sathanas er konungr vorr; hann var brott rekinn or himinriki, fra honum er komit kyn diöfla. Eigi at eins fórum ver með iorðu, helldr ok stundum með vindum i lopti. Nu mun 15 ek (eigi) segia þer lengra, þvíat ek se Krist hia þer. En þo munda ek fleira segia, ef þu letir mik lausan vera eptir andlat þitt, at þa mætti ek beriaz i moti retlatum monnum. Salomon konungr byrgdi oss diöfla nockura i einu keru. En eptir andlat hans giörðun ver sva, at kerit syndiz sem gull eitt veri utan; þa komu 20 heimskir menn or Babilon ok brutu kerit.« Heilög Margareta mælti þa: »Þegi þu, enn illi diöffull, far til helvitis ok giör engum manni mein!« Þa for hann i brott ylandi.

61. Annan dag baud greifinn, at meyna skyllði leida fyrir domstol hans. Þa komu margir menn at sia, hversu hon veri 25 pind. Þa mælti greifinn við hana: »Þat hefir þer at göfga god min ok gera, sem ek byd.« Hon svaraði: »Þer hefir at göfga Jesum Krist ok vera vin hans.« Greifinn mælti: »Feret er hana or fótum ok brennit hana með logbröndum.« Þeir gerdu, sem hann baud. Þa bad heilög Margareta til guds ok mælti: »Brenn 30 þu af, drottinn, saurflecka af hiarta minu.« Greifinn mælti: »Blotadu godum vorum!« Þa baud greifinn, at þangat skyllði færa ker mikit fullt af vatni, ok binda fetr hennar ok hendr ok kasta henni a kerit. Þeir gerdu, sem hann baud. Þa leit heilög 35 mér til himins ok mælti: »Heyrdu þen mina, drottinn, ok leys bönd min, ok mun ek færa þer lofs forn. Komi yfir mik heilög dufa með helgum anda ok blezi vatnit i þinu nafni, ok græddu mik, drottinn, með miskunn þinni, ok skirdu mik i þessu vatni i nafni födur ok sonar ok anda heilags.« Þa gerdiz landskjalpti mikill, ok kom dufa af himni ok hafði gulliga koronu ok setti a

höfud sælli Margarete. Þá urdu lausar hendr hennar ok fetr, ok geek hon or kerinu ok lofadi gud. Þá kom rödd af himni ok mællti: «Kom þu, Margareta, i hvíld Kristz, kom þu i ríki himnal Sæl ertu, Margareta, þviat þu audladiz fegrd meydoms þins.» A þeiri stundu sneruz til truar .iiii. þusundir manna, ok hvarki 5 talit konur ne börn.

7<sup>1</sup>. Eptir þetta baud greifinn, at ena helgu mey Margaretam skyldi höggva; var hon sidan leidd ut or borginni. Þá mællti sa madr, er hana skyldi höggva, sa het Malcus: «Eigi mun ek hoggva þik, þvi at ek se Krist hia þer med englum sinum.» Hon svaradi: 10 «Ef þu ser Krist hia mer, þa bid ek þik, at þu bidir litla stund, medan ek bídiumz fyrir.» Hann svaradi: «Bid þu, sem þu vill.» Þá kalladi sæl Margareta til guds ok mællti: «Heyrdu þen mina. Þess bid ek, at þvaiz syndir þess manz, er les pislarsögu mina; ok hverr sem einn, sa er lysi ferir til kirkiu minnar, þvaiz af syndir 15 þess a þeiri tid; ok hverir þeir menn, sem staddir verda i nockurum haska eda þrönging, ok heiti a mik ser til fulltings, leystu þa, drottinn minn. Enn bid ek þik, drottinn minn, sa er minning gerir minnar pislar eda hefir i hendi bok, þa sem min pislarsaga er a, þvaiz af syndir hans, þviat ver erom eitt holld ok blod ok 20 misgerðum opt. Enn bid ek, drottinn, sa er ritar pislarsögu mina eda kaupir þa bok, fylldu þa af helgum anda. Ok i þvi husi, er bok su er inni, verdi þar eigi fædt daudt barn ne lama. Fyrirgef þu þeim manni syndir, drottinn, er bok mina hefir at vardveita, ef hann bidr þik líknar.» Þá gerdiz reidarþruma iníkil, ok kom dufa 25 or lopti med krossmarki, ok var mællt vid ena helgu Margaretam, sva at allir heyrdi, þeir sem hia voru: «Sæl ertu, Margareta, þviat þu leitadir miskunnar af mer ok mintiz allra i þenum þinum; sver ek fyrir dyrd engla minna, at allt mun þer veitt, þat sem þu villt bidia. Ok ef syndigr madr kemr til þess stadar, sem þinn 30 heilagr domr er vardveittr, med idran synda ok litilleði, þa munu honum fyrirgefuz syndir; ok þar mun eigi fiandi inni vera, sem pislarsaga þin er, helldr mun þar vera ast ok fridr. Sæl ertu, Margareta, þviat ek em med þer, ok mun ek upp luka fyrir þer ríki himna.» Þá leit heilög Margareta til þeira manna, er þar 35 voru vid, ok mællti: «Heyrit er, fedr ok meðr, brædr ok systr! serti ek ydr fyrir nafn eilífs konungs allra veralda, minniz þer min, nefnit þer nafn mitt; ok þott ek se syndug, þa mun ek þo bidia drottin minn Jesum Kristum, at hann veiti miskunn eilífa

þeim öllum, er mik dyrka.» Þá reis hon upp ok mælti: «Tak þu nu sverd þitt ok högg mik!» Hann svaradi: «Eigi þori ek at hoggva þik, þviat gud mælti við þik.» Sæl Margareta svaradi: «Eigi muntu vera með mér í paradiso, ef þu gerir eigi þetta.»  
 5 Þá hio hann hófuf af enni sælu Margarete með mikilli hræðzlu. Hann fell þegar til iardar a hægri hönd henni ok bad sér líknar ok mælti: «Fyrirgefdu mér þessa synd, drottinn.» Þangat komu margir menn daufir ok blindir, ok fengu allir bot meina sinna.  
 10 Guds englar foru með önd sællar Margarete til himneskra fagnada ok sungu lof gudi.

En ek tok, segir Theophilus, líkama heilagrar meyjar Margarete, ok grof ek hana í husum Scindecie husfreyju. Ek kom til hennar, ok sa ek píslir þær sem hon hafði, ok ritada ek sögu hennar; gerda ek minning hennar; bið ek ydr, kristnir menn, ok biðit, at hon  
 15 minniz ydvar í sinum þenum við almatkan gud, þann er lífr ok ríkir um allar aldir. Amen.

## MARIU SAGA EGIPZKU.

### I.

(*Cd. Holm. 2 fol., A; Cd. 235 fol., B; Begyndelsen af Sagaen mangler i den sidste.*)

Her hefr upp Mariu soghu egipzku.

5

Madr gamall var a landi því er Palestina heitir, þat er æ Serklände, hann var rettlatr ok kunni vel bok, Zosimas het hann, ok hafdi sig miog halldit fra heiminum, hann hafdi munkr verit fra barnæsku sinni ok halldit alla æfi vel munkasid. Sva var hann frægr ordinn i atferd sinni, at margir munkar, þeir sem i nand 10 voru, ok svo þott fir væri, þa foru at finna hann ok nema at honum, hversu þeir skyldu lifa. Hann var i sifellu ahyggiufullr um ord guds ok sva þat; er mæliir Pall postoli, at allir menn skyldo hafa ok lifa vid nockut erfidi, annathvort at þiona gudi edr þiona heiminum. Hann var færdr barnungr til munklifiss ok var þar 15 fimtigi vetra, svo sem hann sagdi sialfr. En sidan er þeir vetr voru lidnir, þa kom til hans su hugrenning: at hann treystiz gæzku sinni ok hugdi, at einge madr væri honum iafngodr, ok mællti sva i hugnum: «Ek þarf einskis manz kunnandi, ok ætla ek öngan svo godan munu vera, ath mer megi kenna, hversu ek mega lifa.» 20 En þa er hann hafdi slika hugsan, sa hann mann einn vænan ok dyrligan standa hia ser, ok mællti sa wit hann: «Zosime, vel hefir þu med þinum hag farit. En eigi skalltu þat hyggia, at þat se fullwel, fleiri eru götur til guds, en þær sem þu hefir farit enn, ok ef þu vill meir freista þin i meinlætum, þa far þu fra frændum 25 þinum ok vinum, svo sem gerdi Abraham höfutfadir, ok fylg mer til munklifiss þess, er stendr a Jordanar backa, þat er vigt Joni baptista.» Þa for Zosimas þegar þangat med honum.

1 slikan *Cd.*



2. En er þeir komu þar, þá mælti forunautr hans: «Her er nu sa stadr, er ek sagða þer fra, far þu nu i munklifit ok sia þau tidendi, sem þar eru. Sidan geek hann til klaustrahlids ok bardi þar a. En sæ er gætti hlidsins spurdi, hverr þar væri. Hann svaradi: «Madr einn ukunnigr þer.» Sa for til abota ok sagði honum. En aboti sialfr for til ok lauk upp dyrum fyrir honum, ok þegar sem aboti sa hann i munkabunadi, skildi hann gæzku med honum, ok fell aboti sialfr til fota honum ok bad fyrir ser, sem sidr þeira er til. En þa er hann reis upp, spurdi hann þann, er kominn var, hvadan hann væri edr fyrir hveria sök hann kom þar til þeira fætækra svo gamall madr. Zosimas svaradi svo: «Eingi naudsyn er ath segia, hvadan ek em kominn, en því kom ek her, at ek vil bæta mik; ek hefi heyrt, ath her se godir sider ok miskunn mikil medrydr, svat hverr madr sa, sem her vill vera, þa er hann her nær gudi en i ödrum stodum.» Þa svaradi aboti honum: «Brodir, sagði hann, gud einn veit hvers mannz gæzsku, kenni hann þer ok oss sva ath lifa, sem wor er þurpt til; hyggi hverr ath sinum hagh, þvíat sa er næst gudi, er bezt giorir. En ef þu vill her vera med oss, þa vertu. Sa gud, er gaf sialfan sig ath leysa oss, hann hefir oss saman safnad.» Sidan fellu badir a kné til iardar ok baduz fyrir, ok sidan gengu þeir inn til annarra brædra.

3. Ok er hann hafði verit um stund, sa hann, ath þeir voktu hveria nott ok bad(u) til guds, ok aldregi letu þeir munn sinn kyrran ath bidia ser miskunnar ok odrum. Alldri heyrdi hann þa onytt mæla, ok ecki hirdu þeir um þat, er veralldligt war, þat eitt villdu þeir sysla at deyða likama sinn fra þessa heims fystum. Mest höfdu þeir ord guds fyrir mat. Atu þeir braud en drucku vatn, til þess at þeir hefði megn til at þiona gudi. En af þeira verkum slikum þa þroadizt Zosimas ok mikit i kröptum. Þa kom su tid, er þeir voru vanir at fara ut i eydimerkr or munklifinu ok pina sik meir þar, en heima, þat var langafasta. Sa var þar sidr, ath klaustrid skylldi alldregi opit vera a .xii. manadum, nema gestir kæmi, en þar komu fair menn, ok fair menn vissu, hvar þessi stadr var, ok því visadi gud sinum erendreka ath leida Zosimam þangat.

4. Drottinsdag hvern at fostu igang þa komu þeir allir saman ok heyrdu messu ok toku corpus domini, ok mautuduz allir saman litt ok gengu sidan til bæna sinna. Sidan kystuz þeir allir, ok sidazt abota, ok badu hann bidia fyrir ser, at þeir mætti þat efla,

sem þeir willdi. Þá luku þeir upp ollum hurdum ok gengu ut a sinn veg hvern, ok sungu salm þenna: Dominus illuminatio mea. Eptir var einn eda tveir at gæta stadarins ok at geyma tida, en eigi þurfti fiar at gæta, þviat ecki var til. Hvern þeira hafdi nockut til fæzlu, sumir litid braud, en sumir fikiur, eda þat allin er dactil heitir, eda ertr, en sumir ecki nema klædi þat sem þeir hofdu yfir ser. En a þeim stundum sem þa hungradi, þa atu þeir grôs eda rætr. Eingi þeira villdi koma til annars ok eigi vita hvat annar gerdi. En ef nockur þeira sa annan, þa geck hann þegar af þveru fra. Svo lifdu þeir alla fostu framan til palma-dags; þa komu þeir allir samt ok hugdu at hvern med ser, hvat hann hafdi aflat a þeiri enni helgu tid. Eingi þeira spurdi annan at syslu, þviat þat voru laug þeira, at gud einn skylldi vita med þeim sialfum þat, sem þeir gerdo vel, þviat þeir villdu firraz manna lof. En Zosimas munkr, er þa var þar kominn, for ok einn saman, hann hafdi ok litinn mat med ser. Hann vakti svo mikit, at hann svaf alldregi, nema þa er fell a hann svefn, ok fell hann þar nidr, sem hann var þa kominn. Nu for hann vida um merkr ok skoga at leita, ef hann mætti finna helga stadi edr einsetomenn.

51. Þa er Zosimas munkr hafdi gengit .xx. daga um skoginn, nam hann stadar um middegi ok horfdi i austr, fyrir þvi at hann gerdi svo a hverri tid dagsins. En medan hann sa upp, þa for fyrir augu honum a hægri hönd þvi likaz sem skuggi manz væri. Þa hræddizt hann ok hugdi, at vera mundi braugd diöfuls, þat kollum vær ofreskiu. Þa signdi hann sik þrim sinnum ok bad gud miskunnar. Hann sa i sudr fra ser, sem madr einn gengi nökr ok kolsvartr at sia, þviat sol hafdi brendan allan likama hans; honum syndizt har a manni þessum hvitt sem ull ok sva stutt, at eigi tok leingra en ofan a hals. En er hann sa þetta, þa undradizt hann ok vard þo feginn ok skundadi gongu sinni eptir mannum. Sa leitadi undan eigi at midr, en munkrinn eptir; ecki gaf hann gaum at þvi þa, þott hann væri gamall eda meginlaus, þo for hann sem hann matti mest, ok þegar er hann kom i nand, þa kalladi hann a hinn gratandi ok mælti: »Þu guds þræll, fyrir hvi flyr þu mik gamlan mann ok syndugan. Ek bid þik i nafni guds, fyrir þess ast er þu pinir þik i þessum skogi, bid min ok mæl vit mik.« Þa gat hann tekit nær þenna mann i dal nockurum. Þar hafdi hun runnit utan um vatn nockut, ok

þegar er hann kom i dalinn, þá for sa or annan weg. Munkrinn nam þá stad ok matte eigi meira renna, ok gratandi taladi hann þá enn: »Bid þu min, guds þræll!« Sa svaradi: »Fadir Zosima, hvi sækir þu svo miok eptir mer, eda hvað villtu mer? Eigi ma ek vid þik mæla fyrir skaumm, þviat ek em nokt kona. En ef þu vill vit mik mæla, þá tak þu klædi þitt nockut ok kasta til min, at ek mega hafa a, medan wid hittumzt.« Þá undradizt hann, er hun vissi nafn hans ok hafdi ecki sed hann fyrr. Þo fagnadi hann þvi ok þottizt vita, at henni fylgdi mikil miskunn guds.

10 Þá tok hann eitt klædi af ser fornt, þviat ecki war nyiara til, ok kastadi til hennar, ok sa fra henne, medan hun tok þat ok let yfir sik ok mællti sidan wit munkinn: »Fadir Zosima, hvað er þer undir at sækia fund minn, svo syndug kona sem ek em?« Þá fell hann a kne ok bad hana blezandar. En þegar hann gerdi svo,

15 þá fell hun a kne ok bad hann bleza sik. »Fadir, kvad hun, þat byriar þer at gera, en mer eigi, þviat ek em kona, en þu ert karllmadr ok prestr ok stadi margan dag fyrir alltari ok sungit, messor.« Þá þotti honum undarligt enn, er hun vissi þat, ok sa hun hann all dri fyrr, ok eigi var henne sagt fra. Hann mællti

20 vit hana: »Nu se ek, ath þu ert af gudligri miskunn, er þu hefir sagt bædi nafn mitt ok atferd mina.« »Guds miskunn fæz eingum manne fyrir ofriki eda metnadi heims þessa, kvad hun, helldr med litillæti ok rettvisi ok ast, þá er madrinn ann gudi.« Þáa let hun at mali hans ok blezadi honum ok mællti þetta: »Blezadr

25 ser þu, gud drottinn wor, er leysir alla menn fra diðfi.« En hann svaradi svo: »Satt er þat.« Þá risu þau upp bædi ok stodu, ok sidan mællti hun wit munkinn:

6<sup>1</sup>. »Fadir, kvad hun, hvi villdir þu mik finna synduga kona?« Hann svaradi: »Eigi var þat fyrir minn vilia, helldr villdi gud, ath

30 vit fyndimzt.« »Ef svo er, kvad hun, sem þu segir, ath gud villdi fund ockarn, þá segþu mer, hvað titt er i heiminum um konunga edr byskupa edr lærda menn.« »Systir, kvad hann, gud hefir gefit kristni sinni godan frid. En nu skalltu bidia fyrir ollu folki ok fyrir mer.« Þá hof hun upp hendr yfir hofut ser ok

35 kalladi til guds leingi. Eigi heyrdi Zosimas, hvað hun mællti, en þat sa hann, at hun hrærði munn sinn, ok þat sa hann, at hun for upp i loptit miok langt fra iðrdunni. Vit þessa syn sa hann nidr til iardarinnar ok matti ecki mæla nema þetta: »Kirieeleison,« ok hann sveittiz miok af hræzlu, er hann sa þetta um hennar

hag, þviat hann vissi eigi, nema þetta væri villa, ok la hann nu  
 æ iordinni. Stundu sidar for hun ofan apr ok tok i hond honum  
 ok reisti hann upp ok mællti: »Fadir, kvad hun, eighi skalltu  
 mistrua, kristin em ek ok syndug kona, sem ek sagda þer fyrr.«  
 Ok gerdi hun krossmark i enni ser ok æ briosti ok mællti svo: 5  
 »Gud allzvalldandi leysi oss fra dioffi, þeim er i moti oss berstz  
 ok vakir avallt um vora ofurft.« En þa er hann heyrdi mal  
 hennar þetta, ok hann matti skilia, ath hun vissi hug hans ok  
 ord, skilde hann, at gud var med henne, ok fell hann þa til fota  
 henni gratandi ok mællti þetta: »Nu bid ek þik ok byd ek þer 10  
 af guds hendi, attu leynir mik eigi, hvat um þinn hag er eða  
 hversu leingi þu hefir her verit, at ek mega heyra, hversu dasam-  
 lig er guds miskunn ok segia odrum monnum fra slikum iarteinum;  
 þviat visdomr sa allr er folginn er eða fe liggjanda, þess nytr  
 eingi madr. Eigi bid ek þik fyrir þvi þessa, ath ek vilia eða þu 15  
 taka manna lof fyrir, helldr til þess ath adrir godir menn mætte  
 likia eptir þinum godum hlutum ok dæmum. En þat veit ek, at  
 af þvi kom ek a fund þinn, ath gud willdi, at menn wissi, hvat  
 þu hefir her syst.« Ok er hun heyrdi þessi ord hans, þa lauk  
 þun upp augu sin ok sa til himna ok mællti wit hann. »Oho 20  
 brodir, kvad hun, mikit er mer fyrir, þviat skaumm þicki mer ath  
 segia fra lifi minu, fyrir þvi attu matt flyia mik sem enn versta  
 eitorm, ef þu heyrir atferd mina ok illzku. En ek geck alldregi  
 til skripta, ok verd ek nu ath segia, þott mer se leitt. En þu  
 bid gud, ath hann fyrirgefi mer syndirnar.« Hann hellt þa hönd- 25  
 um upp til himna ok bad fyrir henne, en hun tok svo til mals:

7. Ek war uppfædd æ Egíptalande, ok war ek .xii. vetr  
 med fodur minum ok modur. Þa girntumzt ek, sagdi hun, allz  
 lifs ok likams losta ath fremia. En ek matta þvi eigi þar fram  
 koma, fyrir þvi ath fedgin min woru rikir menn, ok þordi eingi 30  
 mik þar ath finna til onytra luta. Þa hliop ek þadan æ brótt ok  
 til borgar þeirrar, sem Alexandria heitir, ok lifda ek þar sva ofogru  
 lifi sem kona mæ werst lifa bædi fyrir gudi ok monnum. Þat  
 war þa mitt lif, ath ek war portkona, svo sem su er verst matti  
 wera, .xvij. vetr edr nockuru meir. Aa þessa lund hattada ek 35  
 mer, ok allt þat sem fegrst war klædakyns, þa keypti ek ok bar  
 ek æ mik, til þess at fleiri menn skyllði til min lysta þa en adr,  
 þviat ek var ærit frid synum. Mat ok dryck keypta ek þann  
 sem beztr war, til þess at likami minn skyllði þa meiri glede  
 standaz ok fleira illt lystaz en adr. Wakta ek nær bædi nær ok 40

daga, ok geck ek til þess æ milli ath drecka vin eda fremia likams losta med hverium manne, er þat villdi giöra. En mer þottu þeir allz offair, ok tok ek ecki fe af mörgum, þviat ek villda locka þa fleiri ok fleiri til min. Ek gerdumz leikari, ok for  
 5 ek med söngva, ok til þess eins þetta allt, ath menn lysti til min meir ok meir, ok var ek nott med deghi i illum verkum. Þa kom sumar eitt. En sæ var sidr æ lande þvi, ath menn foru æ skipum fiolment til Jorsalaborgar ath krossmessu: Ek sa þat einn dag, ath mart manna for til skipa, þa fann ek ath mæli einn  
 10 mann, þann er fara skylldi, ok spurda ek, hwert þeir skylldu fara. En hann svaradi: »Til Jorsalaborgar til ens helga kross.« Ek sögdumz wilia fara med þeim. En hann spurdi, hvat ek hefda til skipleigu. Ek svarada honum sva: »Ecki, nema þer vilit veita mer farit; en ef þer vilit eigi þat, þa byd ek mik sialfa.« Nu  
 15 bid ek þik þess, godi munkr Zosima, ath ek segia þer nu eigi leingra, fyrir þvi ath eyru þin munu saurgazt ok lof þitt allt.« Þa komz hann vit ok bad hana stadfastligha, »fyrir guds sakir, systir, kvat hann, seg þu mer leingra, þviat þat giorir margan mann godan, ef slikt heyrir.« En hun tok þa æ nyia leik ath segia  
 20 honum: »Sa madr, kvad hun, er ek sagda þer adan fra ok ek villda farit hafa med til Jorsala, fann hvat konu ek var, ok for i brött fra mer, ok hlo at mer miok, en ek geck sem skiotaz til strandar, ok sæ ek þar fiolda manna, er leku ok bidu forunauta sinna. Ek bad, at þeir skylldu lata mik fara med ser ok þa giöra  
 25 vit mik slikt, sem þeir villdi. En<sup>1</sup> þeir þago þenna kost ok leiddu mik med ser. Sidan forum vær i haf, ok þa tok ek<sup>2</sup> sid minn enn sama: alldri war svo illt i hafi eda gott, at ek leta eigi sem ek var won fyrr, æ hveria lund sem ferligazt war. Ek hræddumz eigi a skipi sem adrar konur. Svo var mer tid illzka min, at  
 30 ek lockada til min alla menn, er a þvi skipi woru, bædi goda ok illa. Ek var svo sem pyttir helvitis i ath falla ollum þeim, er vit mik attu, ok svo sem fella til musa. Þat undrudumzt ek, hvi vær suckum eigi nidr oll fyrir minar sakir ok illzsku, nema nu se ek, at svo er sem gud hefir mællt, ath hann will eigi dauda synd-  
1 saal. Fr.; hvis Bagside begynder med dette Ord; steystar Cd. 2 þatan(!) 35 tilf. Fr. 3 [ afar langt, oc hugði við sic þat, at annat tveggia vere, at hon hefpe komit þar i þann staþ Fr. 4 [ synþir hans ylle, at hon kom eige Fr. 5 [ at hann koms við mioc Fr. 6 ec fysoms Fr. 7 qveme Fr. 8 [ ne Fr. 9 veinaþe Fr. 10 [ reis hann upp oc varþ harþla fegenn Fr. 11 [ mgl. Fr. 12 [ fyrir hana Fr.



hættu ok gerr ei sva, þu ertt prestur ok þu hefir [guðs likama með þer<sup>1</sup>.«

13. Þa kom hon til hans ok mælltti þetta við hann: »Blezs-  
adu mig, fadir,« sagði hon. Enn Z. hræðizst ok mælltti [a þa  
5 lund:<sup>2</sup> »Dyrkadr ser þu guð, nu hefi ek hitt þat, er ek for at  
leita, betra mann mer.« Þa mællti hon við Z.: »Brodir, sagði  
hon, syngðu pater noster ok credo in deum, fyr enn þu gefir mer  
corpus domini.« [Hann gerdi sva sem hon bað, ok bæði þau 3.  
Síþan [gaf hon honum fridarkoss ok toek síþan við<sup>4</sup> corpus domi-  
10 ni. Enn eptir þat helltt hon upp höndum sinum til himins ok  
mællti: »Drottinn minn, nu skalltu ambatt<sup>5</sup> þina i friði lata fara,  
þvi at ek hefir nu seð grædara min. Enn nu fardu, brodir Z.,  
heill ok vel, ok hyg at [nu vannliga, hvat ek mæli<sup>6</sup> við þig. Kom  
þu nu at annarri iamnleingð, þa er .xii. manudr<sup>7</sup> eru heðan liðnir,  
15 i þann stað er vid hittumzst fyrri sinni. Ek særi þig i guðs  
nafni<sup>8</sup>, at þu [kom þa ok finn<sup>9</sup> mig a þa lund, sem guð vill [at  
vid finnimz<sup>10</sup>.« Enn er hon hafði þetta mælltt, þa bað Z. hana,  
at hon skyllði etta<sup>11</sup> noekut af alldine þvi, er hann hafdi at færa  
henni. Enn hon toek þriu kornn af ertrum ok att þau ok hetti  
20 síþan ok mælltti: »Ærinn<sup>12</sup> matt hofum vær i guðs miskunn, ef  
vær mætim gera hans vilia.« Enn þa bað hon Z. þess, er hon  
hafði fyr beðit: »Minzstu min, fadir, kvað hon, i bænum þinum.«  
En hann svaradi: »Ek skal þat gera, er þu biðr mig, enn þu  
skallt þat gera, er margir þurfa<sup>13</sup>, þu skallt biðia fyrir ollum  
25 lærdum monnum ok konungum ok [ollum kristnum monnum ok  
fyrir mer<sup>14</sup>.« Enn er þau hofdo þetta vid mællztt, þa blezsadi  
hon ana Jordan med [hinu helga krosstakni<sup>15</sup> ok geke yfir síþan  
þurum fotum. Enn Z. for heim til stadar sins, ok þotti honum  
sva illa, er hann vissi eigi, hvat hann skyllði til taeka, er hann  
30 hafði eigi spurtt þa ina godo kono, hvat hon hett.

14. Enn er hann hafði verit heima .xii. manaði<sup>16</sup>, þa for  
hann utt i skog<sup>17</sup>, sem siðr þeira var til munkanna. Hann for  
þann veg, sem þau funduzs it fysta ar. Enn síþan er hann kom  
i þann skog, er hann hafði hana hitta, þa hugdi hann, at hann

35 1 [ tekit hold oc bloþ Crist Fr. 2 [ þetta Fr. 3 [ mgl. Fr.  
4 [ kysti hon hann. En þa toc hon Fr. 5 ambott Fr. 6 [ þvi  
vannliga, er ec hefi melt Fr. 7 mon. Fr. 8 saal. Fr.; nafði Cd.  
9 [ komir þa oc finnir Fr. 10 [mgl. Fr. 11 eta Fr. 12 orinn  
Fr. 13 þurfu Fr. 14 [ ollo cristno folke oc fyr mer syngom Fr.  
40 15 [ ens helga cross marke Fr. 16 manodr Fr. 17 eyþemork  
Fr., som ender her.

skyldi þar nockuð til hennar finna. Enn er hann sa ecki likligtt til hennar, þa þotti honum illtt, ok grett hann ok kunní einkar illa ok mælltti þetta: »Drottinn minn alzvalldannði guð, syn mer leynda dyrð þína<sup>1</sup> ok miskunn þína, er þu hefir her folgit í þvísalandi ok í þessum skogi. Ok enn bið ek þig innar somu bænar, 5 drottinn minn, attu synir mer þinn eingil likamligan, þann er eigi er h(e)imrinn verdr at hafa.« Enn meðan hann var a bænum þeim, þa kom hann í dal þann, er þau funduzst fysta sinni í, ok sa hann hana ligia andaða, ok skein af likam hennar sva mikið lios sem af sol. Enn hon la sva, sem menn adrir hefði lagtt 10 hendr hennar ok fættr ok hofut, ok horfði hon í austr. Enn þa skyndi hann gongu sinni til likams hennar ok fell æ kne att fottum henne ok kysti fættr hennar, ok þordi eigi at koma nær likam hennar enn sva. Enn síþan saung hann liesaunng ok salutidir fyrir henne ok hugði í hug ser, at hann villdi giarna fela 15 likam hennar, ef hann þerdi, enn hann hugði, at henni munði fyrir þikkia í. Enn meðan hann hugði þetta, þa sa hann at hofði henne bockstafi gerva. Þeir stafir mælltu sva, at sa enn godi munckr Z. skyllði taeka likam Mariu ok grafa í þeim sama stað ok bidia fyrir henne. Enn hon andaðizs æ þeim manaði er Aprilis 20 heitir at bockmali ok a inum fiorda nonis dege. Nu fagnadi hann þvi fastliga, er hann vissi nafn hennar, ok vid þat varð hann ok varr, at a þeim inum sama dege fyrir .xii. manudum, er hann hafði gefitt henne corpus domini við Jordán, þa andaðizs hon, þegar er þau skilduzst ok a somo stundo, er hann hvarf fra 25 henne, ok hon fra honum, ok eigi maðr kom fyr enn hann í þann stað síþan, er hon kom, ok alldri kom maðr í þann sama dal aðr ne síþan, er Z. hitti hana þar bæði kvikva ok dauða. Enn þat hafði Z. gengit .xx. ðaga, þa er þau skilduzst et fyrra voreð, er hon for þa a einni eykett ðags, ok skildizs hon þa við veroldina 30 ok for til guðs. Enn Z. varð ahyggiufullr um þetta<sup>2</sup>, hverssu hann sky(II)di þat fa gortt, er honum budu bokestafirir, þeir er hann hitti at hofði Mariu þeirar, er þar la, fyrir þvi at hann hafði hvarki pal ne rékcu. Enn þa er hann kviði þvi allra mest, þa sa hann hia ser liggia tre eitt litit, ok tock hann þat ok grof med 35 ok matti ecki at gera, fyrir þvi at þar var iorð sva horð, at ecki orkaði treit aa. Þa mædzst hann í þessu starfi ok settizs niðr, fyrir þvi at hann hafði eigi afl<sup>3</sup> til þess at grafa med þvi litla tre fyrir elli sinni ok fostu. Ok í þvi bili sa hann dyr eitt koma

1 þini Cd. 2 er tilf. Cd. 3 alf Cd.

fram or skogi, þat kalla menn et oarga dyr. Enn þegar er þat kom, þa geke þat þar til, sem likit la, ok snakadi til fotanna þessarar enu helgu konu ok kysti horvettna a iorðina, þar sem fættir hennar hofdu komit. Enn Z. toke at hrædazs, er hann sa

5 dyrit þat et ogurliga, ok mintizs a þat, hvatt su enn helga kona hafði mællt við hann, at hon sa alldrigi dyr ne ekci kvikvendi, síþan er hon kom i þann skog. Ok tock hann þa at signa sig með inu helga krossmareki ok trudi þo at hvaro, at dyrit mundi ecki mein gera honum fyrir sakir þeirar ennar helgu kono Mariu,

10 er þa var þar. Enn dyrit bendi honum, at þat villdi frið hafa við hann. Þá mællti Z. við dyrit oarga a þa lund: »Þessi hin helga kona, er her liggr, bauð mer at grafa sig i iorð niðr, enn ek ma þvi eigi a orka, fyrir þvi at ek em gamall maðr ok meginlaus, ok þat með, at ek hefi ekci þat til er ek þarf. Enn nu byð

15 ek þer i guðs nafni, attu farir til með afli þinu enu mickla, er guð gaf þer, ok gerr henni grof.« Enn þegar er hann hafði þetta mællt, þa dvaldi dyrit ecki at grafa henne grof mundangs langa ok hæfliga breiða ok skappliga diupa. Enn síþan for Z. inn helgi munnkr til ok lagdi ena helgu Mariu i þa grof. Enn var

20 hon i þeim klædum, er Z. munkr kastaði til hennar, þa er þau funduzst i fysta sinn. Enn síþan gengu þeir i brott badir Z. ok dyrit. Enn dyrit for sva hægliga sem einn sauðr til skogar, enn munkrenn for heim lofanði guð ok syngianði. Enn síþan er hann kom heim, þa leyndi hann eigi adra munka, þa er þar voru, hvatt

25 hann hefir seð eða fundit i dyrð guðs. Enn er þeir heyrðu aðrer munkarnir þessa sogu, þa lofudu þeir allir allmattkan guð, ok voru allir fegnir fyrir þessar iartegnir, er guð gerði fyrir syndugan mann. Þeir gerdu síþar artið þessarar ennar dyrligu konu Mariu með mikilli dyrð ok fagnaði. Sa hett Jon, er þar var aboti yfir

30 þeim munkum. Þa fann hann þat, er hon hafði sack(t) Z., at munkar hans voru margir vanrefstir, ok sonnuðuzs orð hennar i þvi. Enn m. Z. var þar i þeim stað .c. vettra ok lifði þar dyrligu lifi dyrkandi ok lofanði almattkan guð, þann er gerir miskunn við alla þa menn, er hans vilia drygia. Cui est honor et gloria in

35 secula seculorum. Amen.

## APPENDIX.

(Pergamentblad 238<sup>1</sup> folio; jvf. ovenfor S. 489<sup>a</sup>—492<sup>a</sup>; 502<sup>31</sup>—506<sup>a</sup>).

ek vt aprt þannog til skriptarinnar, sem ek hafða aðr verit, ok fell ek þa enn a kne ok mellta ek sva: Þv en helgazta mæ  
 Maria yfirdrotning allra drotninga, þv hæfir mer miskunnat, ok 5  
 fyrir þinar sakir komumz ek i heilaga kirkio at sia dyrð gvðs,  
 se son þinn allzvalldandi gvð blæzsaðr, er heyrir allra synðugra  
 manna iðron. Nu bið ek þig, at þu visir mer a þa gotv, at ek  
 metta sættaz við skapara minn ok við þig, frv sancta Maria, ok  
 alla gvðs helga menn. Sem ek hafða þetta mellit, þa heyrða ek 10  
 rodd eina sva segiandi til min: Far yfir Jordan, þa hittir þu  
 goða ro salo þinne. Þa mellta ek við skriptina: Þv en helgazta  
 drotning min, afræks mik eigi, hældr getto min iafnan, hvargi  
 sem ek em. Siðan leitaða ek or kirkiogarðinom, kom þa maðr  
 einn i gegn mer ok gaf mer þria peninga silfrs, en ek geke ok 15  
 keypta ek mer með þria bravðleifa. Ek spvrða manninn, hver  
 leið legi til Jordanar. En hann visaði mer. Siðan geck ek þang-  
 at gratandi. Þat var at dagverðarmali er ek geck ór Jorsala-  
 borg, en ek kom at solarfalli til Jordanar til munklifis þess er þv  
 ert i; þegar ek kom þangat, geck ek til arinnar ok þo ek andlit 20  
 mitt ok fòtr mina, siðan geck ek i kirkio, tok ek corpus domini,  
 ok var ek þar vm nottina; ek át þar halfan hleif af bræði þvi er  
 ek keypta i Jorsalaborg, ok drack ek vatn við ór Jordan. Annan  
 dag eptir geck ek a brot ein, ek for yfir ana biðiandi heilaga  
 Mariam, at hon mundi visa mer a þa gotv, er ek metta lifna af 25  
 þeim dæða, er syndir minar deyddi mik. Þa kom ek i skog  
 mikinn, þyckan ok hafan, en siðan hefi ek flyit menn ok firz, sem  
 ek mætta mest her til, hæfi ek her bæðit miskvunar drottins  
 mins. Zosimas spvrði þa: Hverso lengi hæfir þv her verit? Hon  
 sagði: Siðan ek for ór Jorsalaborg hefi ek her verit .xl. vætra ok 30  
 .vii. vætr. Mvnrinn spvrði: Hvat hefir þv haft þer til atvinno?  
 Hon svaraði: Ek hafða hingat eigi meiri fæzlo en tva hleifa  
 bræðs, ok þann enn halfa er ek leifða i mvnklifino, en þat bræð  
 harðnaði fyrir mer sva miok, at þvi likt sem steinn væri. Ek  
 lifða við þat nockveria vetr. Þa mellti Zosimas: Var þer mikit 35  
 fyrir þvi at lifa annan væg, en þv vart fyrr von? Hon sagði:  
 Ef ek minnomz a pinsl þa alla, er ek hæfi þolat, ok lif þat it illa,  
 er ek lifða aðr, vggi ek, at ek fyszomz til veralldar ok skyla ek a

nyia leik bæriaz her i heiminom. Systir, sagði munkrinn, leyn  
 mik eigi, hverr þinn hagr hefir verit. Hon svaraði ok mellti:  
 Broðir Zosima, .xvii. vætr var ek sva i þessom skogi, at mik  
 lysti margs, kom mer i hvg fezla, sv er bôzt er i heiminom,  
 5 ok allzkonar dryckr, kleðnaðr ok skemtan, sv er ek hafða síðan ek  
 kvnna at monnum að hyggia. En þegar ek let mer i hvg koma,  
 hvers ek hafða beðit sæla Mariam, ok hverso hon hafði mer  
 miskvnnat, þa gret ek iðrandi, ok bað ek fastliga, at hon skyldi  
 eigi gleyma mer, helldr skyldi hon geta min ok snva (fra) mer þeim  
 10 enom illa hvga ok minning vandra verka minna. En mæðan ek  
 bað þeirrar bônar, þa kom lios mikit yfir mik. Ok er stvnd ein  
 var i miðlom, var mer heimrinn allra mæst i hvg, svidda ek sem  
 elldr legi a mer allri. En þegar ek sa, hverso mitt mal horfði vaðvæn-  
 luga, þa fell ek til iarðar ok kallaða ek a sæla Mariam, la ek þar a  
 15 bôninne allan þann dag ok sva nottina, meðan liosit var hia mer.  
 Þvi liosi fylgði miskvnn drottins mins ok frv sancte Marie moðr  
 hans, ok reisti mik af þeirri illri ahyggio. I þessi freistne var ek  
 fvlla .xvii. vætr. En síðan þeir liðu vm, þa var Maria gvðs  
 moðir mer nest at ollom hiolpvm i hveriom stað, hvart er ek svaf  
 20 æða vakða ek. Zosimas spvrði: Þvrftir þv síðan mat æða clæði?  
 Hon svaraði: Þann halfan þriðia hleif er ek hafða fra Jordan, þess  
 neytta ek a þeim .xvii. vætrom, en síðan lifða ek við gros ok  
 rætr her til; klæði þa er ek hafða hegat ero farin ok fvín. Kost-  
 aði mik síðan vm hriðar sakir frost ok kvldi a vætrom, en hiti  
 25 of svrmrom, en eptir þa tíð liðna kom gvðs miskvnn til min ok  
 tok bôði lif mitt ok salo fra ollvm haska. En nv hvert sinn er  
 ek minnomz a lif mitt it illa, er ek hafða i heiminom, þa fagna  
 ek ok glæðiomz, vilnomz ek ok treýstomz af gvðs góðslo. Fôzla  
 min ok dryckr ok kle(ð)naðr þat ero orð gvðs, sva sem hann mellti  
 30 sialfr, at maðr ma eigi lifa við bræð eitt, hann verðr at lifa við  
 orð þa sem koma ór mvnne gvðs, ok sva sægia bôkr, at sa maðr  
 er förr(!) ór kleðnaði illzko, þa ferr hann i stein ok hæfir hann fyrir  
 clæði. Þa er Zosimas heyrði þessor mal hennar, ok hon sagði  
 dômisoðr af enni divpozto bok, spvrði hann hana: Kanntv saltara  
 35 æðr hefir þv lesit ritningar? Hon svaraði: Trv mer, goði maðr  
 Zosima, síðan ek fór fra Jordan, sa ek eigi fyrr mann en þig ok  
 ecki kvigendi(!), en a bok nam ek allðri, ok eigi heyrða ek fra bok-  
 mali sagt. Almattigr gvð æ ok æ lifandi kennir hveriom manne  
 visdom. En nv hefi (ek), broðir, þer drivgaz sagt þat, er yfir mik  
 40 hæfir gengit, bið ek þig þess, at þv halldir bðnom fyrir mer við

gvð, meðan þv lifir. Þa fell Zosimas a kne ok mellti gratandi:  
 Blæzsadr ser þv, drottinn, er gorir dyrligar iartegnr ok vndarligar,  
 sva margar ok miklar, at engi maðr fær talt. Siðan tok hon i  
 hænd honom, reisti hann vpp ok mellti: Þess vil ek biði(a) þig,  
 at þv ségir ongom manne fra mer, mæðan ek lifi, ok far nv i 5  
 gvðs friði. En annat var i þenna tima skolom vit finnaz, bið ek  
 þess, at þv farir þa eigi fra stað yðrom, sem siðr yðarr er til æða  
 log, ver kyrr heima i mvnklifi, er fasta kemr, þvi at gvð vil, at sva  
 se, fyrr en a skirdægi, þa farðo til Jordanar, ok haf með þer cor-  
 pus domini, ok bið min þeim megin arinnar, er þv kemr at, vil 10  
 ek þa taka þionvsto, þvi at ek hafða eigi siðan ek tok i þvi  
 mvnklifi. En þvi enka ek þann dag til þess, at drottinn Jesus  
 gaf a þeim dægi postolom sinom holld sitt ok bloð. Nv er þv  
 kemr heim, þa mældo við abota yðarn Johannem, at hann geti væl  
 mvnka sinna allra ok refsí þeim sinar misfarar, þvi at þeir þvrfo 15  
 þess. Þa er Zosimas heyrði, at hon vissi allt vm rað þeirra, þotti  
 honom miok vndarligt sem fyrr, hvi hon skyllði þat vita, er engi  
 maðr hafði henni sagt. Ok lofaði hann gvð með mvnne ok hiarta.  
 At þesso liðno bað hon hann biðia fyrir ser, ok hvarf siðan fra  
 honom þangat i skoginn sem þyckstr var. Mvnkrinn fell þa til 20  
 iarðar ok kysti a iorðina, þar sem fòtr hennar hoðo staðit, lofandi  
 gvð. Siðan reis hann vpp, fór heim a sama aptne oc var heima  
 þar misseri. Kona þessi geck honom all dri or hvg hvarki nott  
 ne dag. Þa kom iam lengð þess er þeir voro vanir at fara vt i  
 skoga, drottinsdagr enn fyrsti i langafosto, gengo þeir þa vt sva 25  
 sem fyrr hoðo þeir gort ór klæstra sinom syngiandi. En Zosimas  
 var sivkr ok matti eigi fara með þeim. Hann minntiz þa a hvat

## MARTHE SAGA OK MARIE MAGDALENE

(*Cd. 233 fol., A; Cd. Holm. 2 fol., B; Cd. 235 fol., C.*)

Her hefr soghu þeira Mariam ok Martham ok Lazarus brodur þeira 1.

Hin sæla Martha var göfug at kyni, en göfgari [at godum  
5 sidum 2. Hon var þegar æ barnsaldri [tendrat af 3 astsemd al-  
mattigs guðs, hon var vel kunnandi a lögmal Moysi ok adrar  
ebreskar boklistir 4. Lyðin var hon guðs boðordum, hęversk at  
medferdum, kurteis i bolsvexti, snioll i miali, væn i 5 asionu ok kæn  
vid alla kvenmannliga 6 atgervi, siðpruð umfram adrar frur, astuðig  
10 vid alþýðu; þat finnz hvergi i bokum 7 lesit, at hun hafi bonda  
áttán ne samlag vid nockurn karlmann átt. Fadir hennar var  
viða frægr um þat land 8 er Siria heitir, sva ok um sioborgir ok  
[nalæg herut ok 9 bygdir æ hinum yngra alldri. En eptir þat er  
Judar raku Kristz lærisveina af sinum herudum, för hon i Grikk-  
15 land 10 ok flutti fram guðs erendi med postoligrí tru i Athenis-  
borg. Þessi fyrr nefnd Martha var auðig at femunum ok uppfædd  
.xv. stadia fra Jorsolum i því heraði, er Bethania heitir. Hinn  
mikli Augustinus kallar þenna stað kastala vera, en helgi Beda  
prestr segir vera borg setta i hallinum Oliveti fiallz. Brodir  
20 hennar het Lazarus, en systir Maria, su er Magðalena er kollut ok  
nafn tok af kastala þeim, er Magðalum het. Hon var eigi at eins  
tigin at kyni, helldr var hon ok stórauðig at þeim penningum, er  
hon erfði eptir feðr sinn; [þvi varð hon 11 storum fræg af þeim

1 Denne Overskrift staar i A foran næste Capitel, her staar kun af  
25 Martha; Overskriften i B er tildels ulaselig: Her byriar upp sogu þeira  
sys . . . . . Marthe ok Marie Magdalene ok segir fyr . . . . . ;  
C har ingen Overskrift. 2 [ i tru B; at tru C. 3 [ briostfastliga  
tendrut i B, C. 4 bokligar listir B. 5 at B, C. 6 kvenn-  
manna B, C. 7 [, skirlif ath likama, þviat hvorki er B, C.  
30 8 riki B, C. 9 [ nalægar B, C. 10 Girkland B. 11 [ saal. B, C;  
þviat hon var A.

tveim lutum, auð ok ætterni, er þessi heimr prisar mest<sup>1</sup>. En þvi at optluga fylgir eptirlífi sva sem forunautr auðgleiksins, ok gnótt fiarlutanna kennir sællífi, hafði hon æa hinum yngra all dri lifat eptir lystingum líkama síns, at slitnu taumalagi skirlífis, ok drygði margskonar munutlífi, þar til er<sup>2</sup> hon fann umbót allra sinna andmarka af fundi vars herra í husum Simonis pharisei yfvirgypings. Þessi systkin voru sammæd<sup>3</sup> en eigi samfedd<sup>4</sup>, ok höfdu ís arf tekit eptir modur sína þria kastala, í Bethania tvo ok hinn þridia Magðalum, ok nokkurn part af sialfri Jorsalaborg. En þo var Martha baðum þeim frægri at vitzku ok dyggleik ok [gnogum peningum, aurleik<sup>6</sup> ok stormenzku ok margri framkvæmð; riddara ok marga apra kurteisa þionostumenn helt hon æa sínum kosti með mikilli [sæmd ok sóma<sup>7</sup>, ok veitti morgum höfþingium storar veitzlur með margháttaðri frægð, ok var sialf hin visazta at bua til tíguligar krasir; þviat sva visa guþspiollin til, at í morgum stöðum, þar sem menn veittu veitzlor vórum herra Jesu Kristo, var Martha kollut til þionostu af allra hendi, [þviat hon<sup>8</sup> etladi sva kost sem hin visazta husfru ok hin roksamazta radskona ok hin milldazta mofir, þviat hon veitti sínum [heimamomnum ok gestum, þeim er hennar heimkynni sóttu, naliga alla þa luti, er þeir beidduz vidkvæmiliga. Af þvi bar sva til, at þa er hon gerði slíka luti fyrir guds sakir, vard henni auþit um sidir at taka hann sialfan í sitt herbergi, ok at verkkaupi<sup>10</sup> sinnar þionostu elskadi hann hana, þviat hann er elskari allra godra manna<sup>11</sup> ok sialf astin, ok hann tok [ok glaðligar<sup>12</sup> herbergi í hennar husi en annarstadar. Kom þa þat fram, er spamaðrinn segir, at gud mun koma a iarðriki sem utlendzkr<sup>13</sup> ok hneigia sik til herbergis sem vallari.

2. Ambrosius erkibyskup af Melansborg segir í sínum sermone, þeim er hann talar af hinum visa Salomone teliandi velgerninga vars herra við mannkynit, af þeim taknum, er [hann gerði æa þessum .iii. systkinum, ok kemz sva til orðz: Hann þurkar með sumum bloðras, sem með Mar<sup>14</sup>, en fra sumum rekr hann diofla, sem fra Mario, suma reisir hann af dauda, sem Lazarum. Hit

1 í meira lagi B, C.      2 saal. B, C; sem A.      3 sammædd B; 35 sammæd C.      4 samfedra B, C.      5 tilf. B, C.      6 [ saal. B, C; nogum pengum, audleik A.      7 [ somasemd B; rauksemð C.      8 [ ok B, C.      9 [ tilf. B, C.      10 verðkaupi C.      11 hluta B, C.      12 [ optar ok giarnara B, C.      13 utlendr C.      14 [ gior hafa verit B, C.



fyrsta takn af þessum segir Commestor **æ** þa leid in historiis ewangeliorum, at þa er drottinn Jesus var bedinn at fara til husa þess höfðingia<sup>1</sup>, er Jairus<sup>2</sup> het, at reisa af dauða dottur hans, þröngðu honum miok **æ** veginum miklir floekar þeira manna, sem<sup>3</sup> sunir villdo heyra kenningar hans, sumir þiggja af honum lækningh, sumir at undraz takn hans, sumir at finna at atferd<sup>4</sup> hans. Var i þessu liði ein blodsiuk kona, su er hann segir eptir orðum Ambrosij Martham verit hafa, su er blodfallzsótt pindi um .vii.<sup>5</sup> ár, sva at læknar mattu henni enga bót vinna, þott hun heti þeim  
 10 [noghá penghá at gefva<sup>6</sup>, ef þeir græddi hana. Hun mælti þa með sialfri ser: «Heil mun ek verda sottar minnar, þott ek snerta at eins trefr klæða Jesu.» En þa er hon gerði, sem hun sagði, kendi hun sik þegar alheila. Jesus mælti þa: «Nokkurr snart mik.» Lærisveinar hans mæltu: «Hvat er þat undarligt, þo at  
 15 þer þikki, sem nokkut snerti þik, þar sem ollum megin þröngva oss flokkar.» En Jesus svaradi: «Senniliga snart mik einnhverr, þviat ek kenda, at þeim veittiz heilsugiof af mer.» En er hann leit<sup>7</sup> um sik at sia, hverr sa væri, vard konan óttafull ok fell til fóta honum segiandi honum sina hugsan ok tiltæki, ok at hun var  
 20 heil vordin. Drottinn mælti þa til hennar: «Dottir, trua þin halp<sup>8</sup> þer, far þu i friði ok ver heil sottar þinnar.»

3. Her næst setr Commestor þann atburd, er drottinn [var kallað<sup>9</sup> til snæðings af phariseo þeim, er Simon er nefndr, en eigi greina guþspioll stund eða stað þessa atburdar. Ok er syndug  
 25 kona, su er ver vitum Mariam verit hafa af orðum hins helga Johannis guþspiallamanz, vissi, at Jesus var kominn til snæðingsins, þa gekk hon i husit með ker þat, er fullt var af ágiætum smyrslum, ok stoð a bak hia fótum Jesu ok þvó<sup>10</sup> hans fætr með þeim tárur, er iðran annmarkanna gat i hiartanu, en fram flugu  
 30 af augunum, ok þerði með hari sinu ok kysti fætrna með sinum eiginligum munni. Þar af talar sva hinn mikli Gregorius: Þa er ek hugsar iðran Marie, likar mer helldr at grata en nöekut at segia; eða hverr mun hafa sva iarlígt briost<sup>11</sup>, at eigi muni tár þessarrar syndugu konu [bleytt fa til eptirdæma synda<sup>12</sup> iðranar.  
 35 Obodit gekk hun inn i milli bodsmanna, gret hun **æ** milli þeira,

1 þinglus höfðingia B, C. 2 saal. B, C; Jarcus A. 3 er C.

4 framferdum B; framferd C. 5 .xii. B, C. 6 [nogum peningum B; at gefa noga penninga C. 7 saal. B, C; sa A. 8 hialpadi B;

gerði þik heila C. 9 [saal. B, C; varr kalladi A. 10 þo B, C.

11 hiarta B; hiarta eða briost C. 12 [bleyta til eptirdæmis B, C.

er með fagnadi snæddu. Segit þer með [hverium harmi sa hitnar, er at snædingum sytir<sup>1</sup>. Saurga leit hon sik, en þvónði<sup>2</sup> rann hun til miskunnarbrunnzins. Synt er, at konan, su er fyrrum [gaf sik upp<sup>3</sup> fyrir oleyfdum lutum, mun smyrsl hafa borit æ likam sinn fyrir eptirlifis sökum, til þess at hun ilmaði vel. Meðr augunum hafði hun girnzt oleyfða luti, hárit hafði hun plagat til þess, at hun syndiz fríðari sinum elskurum; því þo hun fætr drottins með tárurum, en þerði með hári, ok smurði með smyrslum, ok<sup>4</sup> þeim munninum, er aðr hafði hun syndgaz með, kýsti hun fætr drottins. Svo margar fornir fann hun af sialfri ser, sem hun hafði oleyfðar lystingar i ser. Tölu lastanna sneri hon i tolu mannkostanna, at alt þionadi þat guði i iðraninni, sem aðr gerði hann reidan i syndinni. En Simon, sa er varn herra hafði innkallat, skyniadi hennar athæfvi, ok fyrirleit hann Jesum ok möglaði i hiarta sinu fyrir þat, er hann rak hana eigi brott fra ser, sem hann taladi þessi orð: «Ef þessi maðr væri spamaðr, mundi hann at skyru vita, hver eða hvilik [kona sea væri eða eigi, sem æ honum tekr, því at hun er syndug.» Gregorius segir, at þessi maðr var drambfullr<sup>6</sup> ok fyrirleit hina syndugu konu, þvíat falsat rettlæti hafnar ok svivirdir synduga menn, en satt rettlæti sampinuz við þa, ok hann mundi hana með hælum brott hafa rekit<sup>7</sup>, ef hun hefði at hans fótum kropit. En vorr herra, [sannr læknir<sup>8</sup>, er sat i milli tveggia siukra manna, annars þess, er heill var at viti en siukr af syndinni, en annars þess<sup>9</sup>, er tapat hafði vitinu ok sik kendi eigi siukan, svaraði sialfs hans hugrenningh ok sigraði hann með sialfs hans<sup>10</sup> orðum, með þeim hætti sem þa er vitlauss<sup>11</sup> maðr ber sialfr at sér þat reip, sem hann skal binda með, æ þessa leid: »Simon, sagði hann, þer hefir ek nokkut at segia.» Hann svaraði: «[Segit þer<sup>12</sup>, meistari.» Jesus mælti: «Tveir skulldunautar áttu fe at luka einum auðigum manni; er vanr var at taka tvifallda leigu af<sup>13</sup> peningum sinum eptir akvednum<sup>14</sup> tima. Annarr atti at luka .d.<sup>15</sup> peningha en annarr .l.<sup>16</sup> peningha. En því at þeir höfðu eigi fe<sup>17</sup> til at luka skulldina, gaf hann þeim upp alt feet<sup>18</sup>.

1 [ hversu miklum harmi su hitnadi, er eigi skammadizt fyrir samkundoðnum at grata sinar syndir *B, C.*    2 þvöandi *B*; þvandi *C.* 35  
 3 [ var gefin *B, C.*    4 saal. *B, C*; *A* har með över ok.    5 [ er kona sia; er *B, C.*    6 drambviss *B, C.*    7 keyrt eða rekit *B*; rekit ok keyrt *C.*    8 [ tilf. *B, C.*    9 þessa pharisei *B, C.*  
 10 eins *C.*    11 vitstolinn *B, C.*    12 [ Seg *B*; Seg þat *C.*  
 13 a *B, C.*    14 akvedinn *B, C.*    15 fim hundrutt *B, C.* 40  
 16 fim tigi *B, C.*    17 tilf. *B, C.*    18 werd *B*; verdit *C.*

En hvarr hyggur þu at framarr elskadi [sinn uppgiafara<sup>1</sup> skuldrarinnar.] Hann svaradi: «Þat trui ek, at sa hafvi framarr elskat, sem<sup>2</sup> framarr var upp gefvit.» Jesus svaradi þa: «Rettliga dæmir þu.» Hann sneriz þa til konunnar, en talaði þo til Simonar: «Hvart serr þu konu þessa, er mer þionar? Ek<sup>3</sup> gekk inn i hus þitt, ok gaft þu mer eigi vatn, til þess at þvegnir væri fætr minir, en kona þessi þo með tárurum sinum fætr mina ok þerði með hári sinu. Þu kystir mik eigi, en síðan ek gekk i hus þitt, þa let hun eigi af at kyssa fætr mina<sup>4</sup>. Þu lezt eigi smyria hofut mitt með oleo, en hon smurði með smyrslu fætr mina.» Ok þa er hann hafði taldi goða luti hinnar syndugu konu, ok sva illa luti falsamliga<sup>5</sup> kristins pharisei, sneriz hann til hennar ok mælti: «Fyrirgefiz þer, kona, margar syndir, þviat þu elskadir mik miok.» Sem hann segdi sva: «fullkomliga brennir þu upp ryð syndarinnar, þviat<sup>6</sup> at þu hitnar hardla miok af elldi<sup>6</sup> astarinnar.» Ok er hann hafði þetta mælt, þa toku nokkurir af þeim, er at borði satu með honum, at tala með ser: «Hverr er þessi<sup>7</sup>, er syndir gefr upp?» Jesus mælti þa til hennar: «Far þu i fríði<sup>8</sup>, þviat trua þin gerði þik heila.» Gregorius segir, at þvi gerdi trua hennar hana heila, at<sup>9</sup> hun efaði ekki um, at hun mætti<sup>9</sup> þat fæ, er hun beiddiz. Af þeim tok hun styrkleik truarinnar, sem hun tok aðr af von heilsunnar. I frídi var henni bodit at fara, at hun gengi um sannleiks götur, en dræpi eigi fótum i æhlekingar<sup>10</sup>. Þa fórum ver i frídi, er ver gongum þann vegh vors herra bodorda, sem oss leidir allдри undan hans endalaussi<sup>11</sup> miskunn.

Eptir þat for drottinn þadan um borgir ok kastala með .xii. lærisveinum sinum, prédikandi af himna ríki, ok konur nokkurar, þær er hann hafdi leyst<sup>12</sup> af ohreinum óndum ok af siuknadum. Milli þeira var Maria Magdalena, su er drottinn rak fra .vii. diöfla, sem Marcus [sagði ewangelista<sup>13</sup>. Innocencius sagði sva af henni: Siau diöflar kvoldu hana, þvi at þeir sviku hana með .vii. hattum, eighi at eins æ þat leidandi at gera þat eigi<sup>14</sup>, sem gera skyllði, helldr ok at gera þat, er [eigi skyllði<sup>15</sup>. Ok er þessi grein halldandi i milli peccatum ok delictum, at delictum verðr i tion<sup>16</sup>

1 [ meir uppgjofna B, C. 2 er B, C. 3 saal. B, C; er A.

4 Ok þa er hann hafdi þetta talt, þa mælti vorr herra enn vit Simon tilf. B. 5 falsliga B. 6 hita B. 7 sia B, C. 8 ok ver heil sottar þinnar tilf. C. 9 matti B. 10 saal. B, C; a lekkningar A.

11 endalausri B, C. 12 leystar B, C. 13 [ gudspiallamadr segir B, C. 14 tilf. B, C. 15 [ saal. B, C; gera mátti A.

16 tioni B.

goðra verka, ef maðr vinnr eigi vinnandi luti, en peccatum er at vinna ovinnandi luti. Meðr þessu hvarutveggja moti var hun sek i hiarta, þviat hun let eigi at<sup>1</sup> þvi leidaz, sem goðr andi skaut henni i hug, en hun samþykkti þvi, sem illr andi skaut i hug henni. Delictum framdi hun með munni, þviat hun þagði yfir sönnnum lutum, peccatum framði hun með munni, þviat hun sagði ok talaði osanna luti; delictum vann<sup>2</sup> hun i verki, þa er hun felldi niðr goða luti, peccatum vann<sup>3</sup> hun i verki, þa er hun vann illa luti. Synd hennar var mikil ok morg ok opinber: mikil, þviat Jesus rak .vii. diofla fra henni; morg, þviat henni voru margar syndir fyrirgefna; opinber, þviat hun var kona hardla syndug i borginni. Ollum let hun sik uppi með visum tilgang, engan rak hun fra ser viliandi. En þvi at mikil var synd hennar, bætti hun med miklu hugarangri; ok þvi at synd hennar var morg, bætti hun með margfolldu starfvi ok erfidi; en þvi at synd hennar var opinber, bætti hun með miklum ok merkiligum kinnroða. Þviat þessir .iii. lutir giora mannzins iðran guði þægja: sorg eða angr i hiarta, kinnrodi i andliti, starf eða erfvidi i verki; eptir atkvædi hins visa Salomonis, þvi er hann segir: Með þeim hætti skal hverr<sup>4</sup> bæta, sem hann misgorir. Hin synduga kona kom þvondi til miskunnarbrunnzins, skelf<sup>5</sup> med miklu hugarangri, ok dögdi drottinligha fætr með mikilligum<sup>6</sup> kinnroða; hnekt<sup>7</sup> stod hun æ bak hia fotum Jesu ok kysti fætr hans ok syndiz fyrir ðgliti<sup>8</sup> hans með mikilli skemd, ok þott hun þegði með munni, kalladi hun med hiartanu. Eigi flædi<sup>9</sup> hun at synaz liot fyrir boðsmönnnum, þviat þeir sæa hina ytri luti, en guþ leit hina innri luti, [ok hun þottiz<sup>10</sup> liotari i samvitzkunni fyrir innan en i ofrægðinni fyrir utan. Með miklu starfvi kom hun<sup>11</sup> með alabastrum, þat er smyrslaker af marmara gert; smurði hun fætr drottins eigi um sinn helldr optarr, fyrr i husi Simonis pharisei með smyrsl, i annat sinn i husi Simonis leprosi, smurði hon hofut hans med nardo pistico hit þriðia sinn, þa er hun keypti smyrsl at bera æ likam hans<sup>12</sup>. I þessum lutum er hardla diupt stormerki ok til eptirdæmis<sup>13</sup> draganda<sup>14</sup>: afgjord hiartans hreinsadi hun með tárurum, afgjord munnzins hreinsadi hun med kossum, afgerd verksins hreinsadi hun med smyrslum. Ok svo sem hun lef limi sina

1 eptir B, C. 2 framdi C. 3 drygdi B, C. 4 hann B. 5 skelfð B, C.  
 6 tærum medr merkiligum B, C. 7 hneykt B, C. 8 augliti B, C.  
 9 flydi B, C. 10 [ at hun þættiz B, C. 11 goðfus tilf. B, C.  
 12 Jesu B, C. 13 eptirdæma B, C. 14 saal. B; dragandi A, C. 40

þiona ohreinleik til illzku, svo let hun limi sina þiona rettlæti [með litillæti<sup>1</sup> til heilagleiks. Misgerdi hun med fimm likamsins vitum, syn ok heyrn, bergingh, ilmingh ok átekningh, ok med ollum þessum vitum bætti hun yfvir. Misgerdi hun med augum, þviat kvenmannz saurlifvi kenniz i augum; bætti hun með augum, þviat Maria gret hia leidi drottins fyrir astsemdar sakir. Misgerdi hon med eyrum, þviat hun sneri heyrn sinni<sup>2</sup> til skröksagna; bætti hun með eyrum, þviat hun sat hia fótum Jesu ok heyrði orð hans. Misgerði hun með nösúm, þviat hun þefaði syndsamliga af sætum ilm<sup>3</sup>; bætti hun med nosum, þviat hun smurði drottin med smyrslum, sva at þefaði<sup>4</sup> um alt husit. Misgerdi hon med munni, þviat varrar putunnar eru sem driupandi seimr hunangsins<sup>5</sup>; bætti hun med munni, þviat hun stoð æ bak<sup>6</sup> Jesu ok kysti fætr hans. Misgerdi hun með hondum, þviat [þessa heims kona<sup>7</sup> braut með hondum smiðat herbergi, þat er at skilia, su sala, er sialfr gud gerði ser til herbergis, fyrirkemr ser með<sup>8</sup> saurlifis synd; bætti hun med hondum<sup>9</sup>, þviat hun þvó fætr Jesu með tarum sinum ok þerði med hari sino. Misgerdi hun med vangeymslu, fyrir illgirnd ok ovitzku ok breyskleik. Synd ovitzku bætti hun med alitning gudligrar vitzku, þviat Maria valdi ser hinn bezta lut ok sat fyrir fótum drotni ok [nam kenningar<sup>10</sup> hans. Breyskleiks synd bætti hun með styrk<sup>11</sup> ok stadfesti æ pislartima Kristz, þviat þa er allir lærisveinar flydu fra drotni, fylgdi hun honum alt til dauda ok stod hia krossi hans med Mario<sup>12</sup> modur hans ok Johanne ewangelista ok Marie Cleophe. Synd vangeymslunnar bætti hun með merkiligri þionostu, þeiri er af guði var lofut, þa er hann mælti sva: «Hvi erut þer þungir konu þessi, gott verk vann hun æ mer ok sendi smyrsl<sup>13</sup> æ likam minn at bua mik<sup>14</sup> til graptar. Synd illgirndar bætti hun med embætti astarinnar, eptir því sem vorr herra bar henni vitne sva mælandi: «Margar syndir fyrirgefaz henni, þviat hun elskadi [mik harðla<sup>15</sup> miok, ok astin hylr hardla mikinn fiolda synda.» Ok sva sem fyrrum nægðiz<sup>16</sup> með henni syndin, þviat hun var full af siau dioflum, þat er netiut morgum syndum ok lostum, sva nægðiz<sup>16</sup> ok með henni guds miskunn, þviat hun vard af hans astgíof full af

1 [ *mgl. B, C.*    2 *sina B, C.*    3 *hlutum B.*    4 *ilmadi B, C.*

5 *mgl. B, C.*    6 *hia fótum tilf. B, C.*    7 [ *heimskan B; heimsk kona C.*    8 *af B, C.*    9 *hond B; munni C.*    10 [ *heyrdi ord B, C.*

11 *styrkleik B, C.*    12 *Marie B, C.*    13 *þetta tilf. B, C.*    14 *saal.*

15 [ *mgl. B, C.*    16 *gnægdiz B, C.*

ollum mannkostum ok krapturn. Svo segir Commestor, at sumir<sup>1</sup> ætli þenna atburð gerz hafa i Nazareth, en eigi fæz profvan til þessa af sialfum guþspiollunum um stund ok stað.

4. Ok er Jesus for þadan i Judeam, gekk hann i nóckurn kastala, tok þa fyrr nefnd Martha hann i sitt herbergi<sup>2</sup>. Senniliga var hon sel, er hun odladiz þann at fæða, er fædir alla veroldina ok sialfr er braud englanna, ok vard maklig at hafva þann at gest, er herbergir ok heimir hvern mann, þann er i heiminn kemr; þann fæddi hun, er fædir allar skepnur, ok lukti i husi þann hinn mikla konung ok herra, er heiminn allan lykr i hnefa ser. Hun sa ok þann, er margir konungar ok spamenn girntuz at sia, ok sæa eigi, ok heyra, ok heyrdi eigi. Mikil tign er at þiggia slíka vinattu af<sup>3</sup> guds syni ok maklig miklu lofi. Ok er hun hafdi hann inn tekit undir sina husþekiu, valdi hvor þeira systra ser þa þionostu, sem hun hugdi<sup>4</sup> honum framaz mundo<sup>5</sup> þoknaz. Maria sat hia fótum hans ok heyrdi kenning hans, fusari at vera fædd helldr<sup>5</sup> en at fæða. En Martha annadiz margháttað<sup>6</sup> matbunadar starf, ok því at hun hafdi hlotit hinn tignazta gest, villdi hon stunda honum at þiona med hinni hæstu tign ok virðing, hybylin<sup>7</sup> at reinsa ok pryða, bua sætin ok hvilur<sup>7</sup>, drykk ok<sup>20</sup> vistir. Sva syndiz henni, sem eigi mætti alt hyskit ok heima-folkit til vinnaz at veita þvilika þionostu vórum herra, sem honum sómði, ok því stoð hun fyrir honum angrsfull ok mælti til hans: »Minn herra, sagdi hun, [þer gefvit<sup>9</sup> eigi at því gaum, er systir min lætr mik eina þionostu veita, fyrir því bid ek þik, at þu<sup>25</sup> biodir henni mer at fultingia.« En hann svaradi: »Martha, þu ert sorgmoð miok ok berr annsemd<sup>10</sup> fyrir<sup>11</sup> marga luti, en eitt er nauðsynligt; Maria valdi ser hinn bezta lut, þann sem eigi mun af henni tekinn vera.« See her agætan herra, þann er fyrir utan alla manngrein<sup>12</sup> vill ollum hialpa ok af ymsum þiggia<sup>13</sup> ymsar<sup>30</sup> þionostur, ok elskar ok lofar. Svo lofadi hann annarrar þionostu, at hann lastaði eigi fyrir annarri, ok mat þo, at því er Commestor segir, framarr þat er Maria sat hia<sup>14</sup> fótum honum<sup>15</sup> ok heyrdi ord hans, i því er hun valdi ser þann lut, er eigi mundi verda af henni tekinn, en eigi fyrir því at hun væri hærri at verðleikum,<sup>35</sup>

1 meistarar tilf. B, C. 2 hus B, C. 3 sialfum tilf. B. 4 trudi B, C. 5 mgl. B, C. 6 saal. B, C; margháttaðar A. 7 hilylin B, C. 8 hvilurnar B, C. 9 [ hvi gefi þer B, C. 10 saal. B, C; andsemd A. 11 um B, C. 12 saal. B, C; manngirni A. 13 þiggr B, C. 14 fyrir B, C. 15 saal. B, C; hans A.

þviat þadan vandiz<sup>1</sup> varr herra at þiggja heimbod at hinni sælu Marthe i hennar herberghi. Ma af þvi marka, hversu mikla velgerninga ok hversu miklar þackir, ok hversu miklar ðmbunir hann veitir fyrir þa gestrisni, er eigi er til heimskrautz gior ok fyrir  
 5 olmusur ok þionostu vid fatęka menn, ef þat er gort fyrir utan rygd ok mōglan ok eptirtølur, ef fram er latit dæmi þessarrar konu Marthe, þar sem fyrir hennar vinskaf ok gestrisni reisti hann<sup>2</sup> af dauda Lazarum brodur hennar ok elskaði aull þau systkin Mariam ok Martham ok Lazarum.

10 5. Fra þeim tima fylgdi Maria Magðalena Jesu ok lærisveinum hans med fullkominni ast bæði at ðnd ok likama, veitandi sinn mikla auð til atvinnu honum ok hans fylgiurum. Fyllti hun þa tvefalldiga<sup>3</sup> hans bodord, þat er<sup>4</sup> sva mælti: Sa er mer þionar, fylgi hann mer, ok þar sem ek em<sup>5</sup>, mun minn þionostu-  
 15 maðr vera.

66. A cinum tima tok Lazarus, sa er fyrr var nefndr, stríðan siukleik<sup>7</sup> heima i Bethania i kastala þeira systra hans, er þa satu yfvir honum. Þær sendo þa menn at segia Jesu: «Nu er [sa siukr<sup>8</sup> er þu elskar.» [Af þeim malum<sup>9</sup> ma skilia, at Jesus var  
 20 þa<sup>10</sup> eigi i Bethania. [Augustinus segir, at<sup>11</sup> fyrir þvi sendu þær honum orð, at brodir þeira var siukr, at vita, ef hann villdi græða hann; en hann dvaldi at græða<sup>12</sup>, til þess at hann mætti hann<sup>13</sup> af dauda reisa. Eigi villdo þær sva mikils dirfaz at mæla sem [konungr Regulus: »Kom þu ok græð,« ok eigi sem centurio<sup>14</sup>  
 25 hundredshöfþingi: »Bíð þu ok mun þegar verða.« Ef hans trua er lofut þvi, at hann þottiz eigi verðr, at Jesus kvæmi i hus hans, helldr mælti hann: »bíð þu, drottinn, ok mun þegar sveinn minn verða heill,« hversu er trua þessarra tveggja systra lofandi, er þorf þotti vinna at eins at segia græðaranum: »Nu er sa siukr  
 30 sem<sup>15</sup> þu elskar,« sem þær segdi: »þörf vinnr um sótt hans vitand þin ein saman, þviat þu gerir eigi bæði elskar ok fyrirlætr.« En þa er Jesus heyrdi sendibodann<sup>16</sup>, mælti hann: »Þessi siuknadr leiðir hann eigi til dauda<sup>17</sup> - [þat er at hallða hann i dauda<sup>18</sup> -

1 af valdiz B. 2 tilf. B, C. 3 saal. B, C; fastliga tiu A.

35 4 hann tilf. B, C. 5 saal. B, C; er A. 6 Her seghir fra Lazarus A; Uppreistr Lazarus B; andlat Lazar. C. 7 siuknad B, C. 8 [sykizt sa B, C. 9 [ Augustinus segir: Af þessum malum þeira B, C.

10 tilf. B, C. 11 [ ok B, C. 12 hann tilf. C. 13 tilf. B, C.

14 [ konungrinn ok eigi sem B, C. 15 er B, C. 16 sendibodit

40 B, C. 17 bana C. 18 mgl. B, C.

helldr er hann fyrir guds dyrd, at sonr guds dyrkiz fyrir hann.«  
 Af því at hann hafði heyrð [sendibodit um<sup>1</sup> sagðan siukleik  
 Lazari, var hann í þeim stad<sup>2</sup> tva dagha, at liðnir mætti verða  
 fyrir dagar fra dauda Lazari, þá er hann kvæmi aptr í Betthanium.  
 Hann mælti þá við lærisveina sína<sup>3</sup>: »Förum enn<sup>4</sup> í Judeam.« Þeir  
 svorudu: »Fyrir því viltu þangat fara, þar sem þeir villdu næstum  
 gryta þik?« Hann svaradi: »Hvart eru .xij. stundir dagsins? Ef  
 nokkurr gengr æ daghinn, drepr hann eigi fótum, þvíat hann sier  
 lios þessa heims; [en ef hann gengr a nott, drepr hann fótum, því-  
 at þá er eeki lios<sup>5</sup>.« Þat ma sva skilia: »Ek em dagr, en þer er-  
 ut .xii. stundir, því þurfvit þer mer eigi rað at kenna eða<sup>6</sup> fordaz  
 med mer at fara.« Eptir þat sagði hann þeim dauda Lazari fyrst  
 med figuru, en þar næst med berum ordum, ok sagðiz fagna fyrir  
 þeira hönd, þvíat batna mundi trua þeira, ef þeir sæi hann af  
 dauda risa, fyrir þat er hann hafði eigi þar verit, þar<sup>7</sup> sem eigi<sup>15</sup>  
 mundi daudinn drotnat hafa, ef<sup>8</sup> lifvit hefði nær verit. Síþan  
 foru þeir í Betthanium, ok hafði Lazarus þá fíora dagha í grof  
 legit. Margir Judar hófðu komit til þeira systra at hugga þær  
 um brodur daudan. Ok er Martha heyrdi, at Jesus for<sup>9</sup> þangat  
 æ leið, rann hun ut af stadnum í moti honum, en Maria sat eptir<sup>20</sup>  
 heima. Ok er Martha sa hann, mælti hun: »Minn herra, eigi  
 mundi brodir minn dauðr, ef þu hefdir her verit. En veit ek, at  
 þu þiggr af guði [alt þat<sup>10</sup> er þu hefvir bedit.« Augustinus segir:  
 Eighi mælti Martha nu: «Bid ek at þu reisir upp brodur minn,  
 þvíat hun vissi eigi at [broður hennar væri naudsynligt upp<sup>11</sup> at<sup>25</sup>  
 risa af dauda, þetta eina mælti hun: »Veit ek, at þu matt, ef þu  
 vill.« Jesus mælti þá við hana: »Upp mun<sup>12</sup> risa brodir þinn.«  
 Hon svaradi: »Veit ek, at hann mun upp risa í hinni efztu upp-  
 risu.« Sem hun segði: «Af því er<sup>13</sup> ek vis, at hann mun upp risa,  
 er almenningr riss upp.« Jesus mælti þá: »Ek er<sup>13</sup> upprisa ok lif.«<sup>30</sup>  
 Sem hann mælti: »Þu [Martha, upp mun risa brodir þinn<sup>14</sup> æ  
 efzta degi, satt er þat, en þó mæ sa upp reisa hann nu þegar, er  
 þá mun hann upp reisa, þvíat ek em upprisa ok lif.« Enn mælti  
 Jesus: »Hverr sa er æ mik truir, mun þó lifa, at hann hafvi aðr

1 [ *mgl. B, C.*    2 sem sendibodit kom til hans *tilf. B, C.*    3 at 35  
 lidnum þessum tveimr dögum *tilf. B, C.*    4 *tilf. B, C.*    5 [ *tilf.*  
*B, C.*    6 ok eigi *B, C.*    7 svo *B, C.*    8 þar sem *B, C.*  
 9 var *C.*    10 [ hvat *B, C.*    11 [ brodir hennar væri naudsynligr  
*B, C.*    12 *Her mgl. 1 Blad i B.*    13 em *C.*    14 [ Martha segir:  
 upp man brodir minn risa *C.*



dauðr verit; ok sa er lifir ok truir æ mik, mun eigi deya at eilifu.« Þat er sva at skilia, at sa sem<sup>1</sup> æ mik truir, þott hann hafvi dauðr verit i likam, mun lifa i önd, þar til er hann lifnar, ok horund hans, su<sup>2</sup> er þa lifnar, mun allðri deya þadan af. Ok  
 5 hverr sa sem<sup>1</sup> lifir i likam ok truir æ mik, þo at hann deyi stund-  
 ligha likams dauða, þa mun<sup>3</sup> eigi deya at eilifu fyrir lif andans ok odaðleik upprisunnar. Þvi næst mælti Jesus: »Hvart truir þu þessu Martha?« [Hon mælti: 4 At skyru, herra, truda ek, at þu ert sonr guds, sa er komt i þenna heim.« Sem hun segdi:  
 10 «Þa er ek fekk sanna tru, truda ek, at þu ert [upprisa, truda ek, at þu ert<sup>4</sup> lif, truda ek, at hverr sa maðr, er æ þik truir, mun lifa, þott hann hafi dauðr verit, ok sa er lifir ok truir æ þik, mun eigi deya at eilifu.« Eptir þetta gekk Martha heim ok sagði systur sinni, at meistari var kominn ok kalladi hana. Hun stoð upp ok  
 15 gekk ut af kastalanum i þann stað, sem systir hennar hafdi skilit við Jesum, ok mælti við hann: »Eigi mundi brodir minn dauðr vera, herra, ef þu hefdir her verit.« Judar margir, þeir sem þar höfdu komit at hugga þær systr um brodur sinn, gengu þegar af kastalanum, er þeir sá Mariam ut ganga skiotliga. Augustinus  
 20 segir: Af því bar ok sva til, at guð villdi marga lata vera vitnis-  
 menn, at<sup>5</sup> hinn ferdagadi risi upp. Ok er Jesus sa Mariam grata ok sva Juða, þa sem hia stoðu, gret hann með kalli ok tárfeeling ok mælti: »Hvar settu þer hann?« Sem hann mælti: »Veit ek, at hann er dauðr, en eigi, hvar hann er grafinn.« Þetta mælti  
 25 hann af manndominum, þviat hann veit alt med guddominum. Maria mælti: »[Kom ok se<sup>6</sup>.« Þat er at skilia, kom til ok veit miskunn, þviat þa sierr<sup>7</sup> Jesus, er hann miskunnar. Ok þa gret Jesus. Judar mæltu þa: »Nu ma sia, hversu hann elskadi þenna mann.« Sumir mæltu: »Mundi eigi sa, er syn gaf þeim er blindr  
 30 var fæddr, mega þat gera, at sea madr dæi eigi?« Enn er þat vitanda, at því let Jesus hann deya mega, at hann mætti hann upp reisa, dvaldi hann hit minna, at hann matti<sup>8</sup> gera hit meira. Jesus gret þa enn hástöfum ok kom til leiðissins; en þat var höggvit niðr i berg ok velt yfir steini. Hann mælti þa: »Rærit af  
 35 steininn!« Martha mælti: »Illa þefar likit, þviat nu hefir hann .iiii. dagha i iordu<sup>9</sup> legit.« Hann mælti þa: »Sagða ek þer eigi, at þu mundir sea dyrd guds, ef þu trydir?« þat er at hinn fuli ok

1 er C.    2 þat C.    3 hann tilf. C.    4 [tilf. C.    5 þess er C.  
 6 [Minn herra, kom til ok sea C.    7 ser C.    8 metti C.    9 leidi C.

hinn ferdagadi mundi upp risa. Ok at frarærdum steininum mælti hann: «Þackir geri ek þer, fadir, þviat þu heyrir mik. En ek vissa, at þu heyrðir mik iafnan. Ek talada þessa luti fyrir sakir lyds þess, er hia stendr, at þeir trui<sup>1</sup>, at þu sendir mik.» Eptir þat kallaði Jesus mikilli roddu med tarfelling: «Lazare<sup>2</sup>, 5 kom ut.» Sem hann segði: Gakk ut þu af grof, er at sonnu er staðr dauðra manna, ok kom ut, þat er i lios, er at sonnu<sup>3</sup> er staðr lifandi manna. Hann gekk þa ut sveipaðr um hendr ok fætr ok huldr med sveitaduki um andlit. Jesus bauð þæ lærisveinum sinum [at leysa hann<sup>4</sup> ok lata brott fara, þat er at skilia lata fara 10 eptir vilia. Þeir gerðu sem hann bauð. See her mikinn vitnisburd gudligrar astar vid Mariam. Maria gret, ok þa gret Jesus; Maria gret, [þa er<sup>5</sup> brodir hennar var eigi lifs; Jesus gret ok kallaði hann til lifs, sva sem hann þyldi eigi at sea Mariam gratandi<sup>6</sup>. Margir Judar, þeir sem til þess höfdu komit at hugga 15 þær systr<sup>7</sup>, ok æ þetta takn sa, truðu æ Jesum. Sumir foru ok sögðu Phariseis yfirgypingum taknit, ok varð þetta verk storum frægt. Comcestor segir, at friadaginn fyrir passionem domini, þa er gudspiallit er lesit, varð sea<sup>8</sup> atburðr a hinum fyrsta degi hins fyrsta manadar eptir lögmalí Moysi. En þeir lutir, er Jesus vann 20 fra [þessum degi<sup>9</sup> til þvottdags fyrir palmsunnudag, koma ekki til þessarrar sögu.

7. A hinum setta degi<sup>10</sup>, ef taldr er sialfr paskadagrinn ok laugardagrinn med .iiii. milli settum dögum, kom Jesus i Bethaniam ok tok snæding i husi Simonis<sup>11</sup> hins likþræ. Hann hafði 25 likþrár verit ok af gudi græddr, en helt þo hinu fyrra nafni; sva sem Matheus er publicanus kallaðr i guþspialli, eptir þvi sem hann var, aðr hann kvæmi<sup>12</sup> til Kristz. Margir af Judum, þeir sem til paskahalldzins foru, komu fyrir þat i Bethaniam, at þeir villdo sia Lazarum, er Jesus reisti af dauda. Höfþingiar kennimannanna 30 hugsudu at veita honum bana, þviat margir menn truðu fyrir hans sakir æ Jesum en fyrirletu þa. Kastalamenn veittu Jesu snæþing, en Martha þionadi. Lazarus sat at matbordi med honum. Af þessu efni, segir Augustinus, at eigi hygdi menn sionhverfing vera þat, er hinn daudi reis upp, var hann einn af uppsitandum, lifði 35 hann, taladi hann, snæddi hann. Sannleikr upprisunnar syndiz,

1 þvi *tílf. C.*      2 *veni foras tílf. C.*      3 *skyru C.*      4 [*tílf. C.*  
5 [þat at Lazarus. *C.*      6 *sytandi C.*      7 *um brodur daudan tílf. C.*  
8 þessi *C.*      9 [þessu *C.*      10 fyrir pascha *tílf. C.*      11 leprosi  
*tílf. C.*      12 kom *C.*

en otrua Juda hneyktiz. Commestor segir, at gallDRAMENN reisa upp dauða menn sva, at þeir binda undir armleggi þeim blauð þau, er galldrilgar figurur eru æa ritadar; þeir ganga ok tala ok megu eigi snæða. En sia upprisa var profut med [sannindum ok  
 5 ollum<sup>1</sup> lifsmörkum ok med löngum tíma eptirkomandi æfvidaga, þviat su bok er heitir Speculum Ecclesie segir Lazarum byskup verit hafa ut i Cípr eptir dreifing Kristz lærísveina um .xxx. vetra ok reist marga af andar dauða, svo sem hann<sup>2</sup> var sialfr reistr af likams<sup>3</sup> dauða. Augustinus segir [in libro de verbis domini<sup>4</sup> ok,  
 10 at boðsmenn spyrdi<sup>5</sup> hann af helviti, en hann sagdi þeim [med glöggri<sup>6</sup> grein, ok þa höfdu helviti fundit sinn birtara, þott þau hefði langan tíma löynz. Maria systir hans tok smyrslaker, gert af þeim steini er alabastris<sup>7</sup> heitir, ok vel varðveitir ospellut smyrsl; þetta smyrslaker var fult af nardo. Nardus er eitt tre  
 15 med þykkum rótum, lágt at uppvexti, svart at lit ok breyskligt<sup>8</sup>. Ofanvert treit ferr dreift, ok er fræit vaxit sem aux. Smyrslagiordarmenn temprá smyrsl af spizum ok öxum ok sva af flurum tres þessa, ok ero af spizunum dyrst smyrslin, en önnur ero lagh ok litils verd. Þvi segir annarr guþspiallamadr þetta smyrsl  
 20 verit hafa af spizum gort, en annarr kallar nardum pistieum, þat er oblandat<sup>9</sup> med öðrum smyrslum eda ufalsadr<sup>10</sup>. Sumir segia, at pisticus taki nafn af stad þeim, er nardus vex eda geriz; smyrslit var libra at mali eda þunga. Hun braut þa, þat er at skilia, at hun upp lauk fyrr nefnt ker ok steypti yfir höfud Jesu,  
 25 ok sva smurði hun fætr hans, en þerði med hari sinu, ok ilmadi smyrslid um alt husit. Aa þeim sama degi görir herra pafinn i þessa minningh olmosor fatækum monnum, þviat þeir ero fætr himnakonungs ok ganga æa iordunni, þat er at mæta vosi ok erfidi i heiminum, ok ero lægztir at virðingu i Kristz likam. Judas  
 30 skarioth, einn af tolf mötunautum Jesu, öþokkadiz við hennar pionostu ok mælti: «Til hvers kemr tapan smyrsla þessa, þviat þat matti seliaz meirr en þrimr hundrudum peningha ok verda<sup>11</sup> gefit fatækum monnum.» Johannes ewangelista greinir, at Judas mælti þetta eigi af því, at hann hirti um [fatæka menn<sup>12</sup>, hellðr fyrir því

35 1 [ sonnum C. 2 tilf. C. 3 andar C. 4 [ mgl. C. 5 spurdu C.  
 6 [ fra pislástodum med gnogri C. 7 alabastrum C. 8 breyskt,  
 en ilmr sem cipressus, flur þess eru litil at verdleik en mikil at þyck-  
 leik C. 9 oblandinn C. 10 Pistis er trua aa girzku mali, ok  
 kallazt því nardus pisticus, sa er ecki er falsadr tilf. C. 11 vera C.  
 40 12 [ olmosur C.

at hann varðveitti fehirðzlor Jesu, ok þa luti, sem offraðir voru, bar hann eigi at eins, helldr bar hann ok brott ok stal, þviat hann átti husfreyiu ok sono, ok fekk þeim. Af þessum sagði David i saltaranum: Verði synir hans föðurlausir, en husfreyia hans eckia; þeim gaf hann þat sem hann stal. Sumir meistarar sanna þat, at fehirðinum væri skipat tiund af ollu offri fyrir starf sitt, ok þottiz hann missa .xxx. peningha i aullu smyrslinu, þviat peninghar ero tiund af hveriu .c. peningha þeira, sem hann talði<sup>1</sup> verd smyrslsins; var hann sva dygdarlaus, at hann villdi sva mikit hafa ok afla æ likam Jesu meistara sins, sem hann þottiz missa i smyrslinu, ok þvi selldi hann drottin fyrir sakir rangrar agirni, er upp rann<sup>2</sup> af þessu efni. Adrir lærisveinar samsinnudu Jude i því, at [þeir letu<sup>3</sup> ser mislika hennar tiltæki, ok þo fyrir utan alt fals, helldr fyrir astar sakir vid fataeka menn. Jesus hirti þa<sup>4</sup> um þessa þykkju ranga, er þeir höfdu<sup>5</sup> æ þionosto Marie, med þessum orðum: «Fyrir hvi erot þer þungir konu þessi, gótt verk vann hun æ mer, þviat fataeka menn munu þer iafnan hafa med yðr, en mik munut þer eigi iafnan hafa. En hun vann þetta at smyria minn likam fyrir komanda graptartima minn.» Sem hann segði sva: Latit hana gera þetta við mik lifanda, medan hun ma, at smyria likam minn, þann er skiott mun grafinn verda, þviat þetta mun hon gera vilia við mik lidinn en mega eigi. Graptarembætti er þat, er hun gorir<sup>6</sup> at tilvisan heilags anda þott ovitandi, en eigi fiarglutran. Ok enn segir hann: «Ek kann yðr at segia, at þetta hennar verk mun sagt vera i<sup>7</sup> minningh, hvar sem þetta guðspiall er<sup>8</sup> predikat. Sem hann segdi: Eigi mun þetta hennar verk þagat þar<sup>9</sup>, sem mitt nafn er predikat. En eigi er undarligt, þott hun leggi fram fyrir mina skyllid smyrsl sitt, þar sem ek mun skammbragdz fyrir hennar skyllid hella ut [mitt blöð<sup>10</sup>.» Her um segir Beda prestr: Maria smurði eigi at eins fætr Jesu drottins, helldr ok hofut hans, sem ver námum af guðspialli Mathei ok Marci. Ok eigi er efanda, at af þessi syndugu konu sagði Lucas, at hun smurði fætr drottins ok þerdi med hari sinu, ok gerði hun þetta hneigð til fota honum æ medal iðranar tara. En siþan eptir upp-reistan Lazarum brodur hennar smurði hun fætr drottins i annat sinn milli fagnada rettlætisverka, ok þa efadi hun sik ekki til þess [at retta sig upp til þess<sup>11</sup> at smyria höfud hans. Hit fyrra sinn

1 vera tilf. C.    2 saal. C.; risa A.    3 [ lata C.    4 sidan tilf. C.  
 5 lögdu C.    6 vid mik tilf. C.    7 hennar tilf. C.    8 mun vera C.  
 9 tilf. C.    10 [ blöði minu C.    11 [ tilf. C.

er eigi greint, hvers kyns smyrsl eda hversu mikil voru, en hit sidarra<sup>1</sup> sinn er greint, at þat var af nardo ok sva mikit sem libra heitir. Commestor segir sva af guðspiallamanna orðum, at hinn næsta morgin eptir þessa atburdi for drottinn til Jorsalaborgar ok reid osnu, ok vann aðra þa luti, sem gudspioll votta, ok hvarf hvert kyelld apr til paskahaldz Juda i Bethaniam. Augustinus hinn mikli segir<sup>2</sup> þat vera kastala, en Beda prestr segir vera borg setta i hallirum Oliveti fiallz, sem fyrr segir<sup>3</sup>. En svo sem æ<sup>4</sup> leidd pinsl drottins, var Maria Magdalena honum astudig ok nærgöngul, sem Johannes ewangelista segir, at hun stod hia krossi drottins med sialfri drotningu himins ok iardar ok oðrum, þeim sem<sup>5</sup> gudspiallit segir, ok bætti [hun med<sup>6</sup> staðfesti nyrrar guds gíafar synd hins forna breyskleiks.

8. At liðinni pisl ok dauða grædarans ok rygð graptar hans bio Maria Magdalena med oðrum konum Mario modur Jacobi ok Salome smyrsl at smyria likam Jesu i leidi lagðan. Þær foru ok kómu þangat hinn sidarra lut nær, þa er himin tok at birtaz af<sup>7</sup> solu til austrs, ok toluðu sin i milli, hverr velta mundi [steini þeim hinum mikla fra munna leiðissins<sup>8</sup>, sva at þær mætti inn fara. En þa er þær litu til<sup>9</sup> annat sinn, var hann fra voltinn, en hann var þa fyrir munnanum, er þær komu i fyrstu, þviat drottinn hafði af<sup>10</sup> luktri grof upp risit. Þær sáu<sup>11</sup> þann guds engil, sem steininn hafði ræðan, sitia æ honum. En fyrir þa ógn, er af stod englinum, fellu varðmenn, þeir sem Judar höfdu sett til at giæta grafarinnar, i omegn<sup>12</sup>, sva at þeir lágu sem daudir menn, en vissu vitz sins ok sæ<sup>13</sup> upprisu drottins, ok voru vottar, ef þeir villdu<sup>13</sup> satt fra segia. A þessi nott skiptiz dægratala; aðr for nótt fyrir degi, en þaðan af skiptiz dægr<sup>14</sup> at miðri nótt, þa er varr herra reis upp, ok er nu síðan hvor nótt sameiginlig<sup>15</sup> hvorum-tveggia degi. Ok er konurnar óttafullar af þessi syn litu um sik, sæ þær tva engla i mannligri mynd ok æsiónu. Þa neigðu þær við þessa syn andlit sin til iardar. Englarnir mæltu þa til þeira: «Fyrir hvi leitit þer lifanda med dauðum?» Sem þeir segði: Fyrir hvi leitid þer i gróf, er dauðra manna staðr er, Jesum þann, er upp er risinn ok lif er allra lifandi manna, sem hann sagði yðr.

1 saal. C; þriðia A.      2 Her begynder atter B.      3 greinir B, C.

4 at B, C.      5 er B.      6 [ med styrk ok B, C.      7 i moti B, C.

8 [ fra munna leiðisins þeim steini harða miklum sem þat byrgdi B, C.      9 i tilf. B.      10 at B, C.      11 sa B, C.

12 umeghin C.      13 villdi B, C.      14 tilf. B, C.      15 sameigin B, C.

«Ok nu farit þer [til ok siait legit, ok segit<sup>1</sup> lærisveinum hans, at hann reis upp ok mun fara fyrir yðr i Galileam.» Þær mintuz þa, at Jesus hafði þeim þetta sagt. I þa minning, er konurnar hneigdu andlit sin en knefellu eigi vid syn englanna, hneigir heilug kirkia andlit sitt en knefellr eigi fra paskum fram um hvitasunnu viku<sup>5</sup> i minning upprisú drottins. Þær foru þa at finna lærisveina Jesu þangat<sup>2</sup>, sem þeir voru i herbergi. En Maria Magdalena for at finna Petrum ok Johannem ok sagði þeim drottin tekinn vera af leidinu, ok kveðz eigi vita, hvert [þeir höfðu fært hann<sup>3</sup>. Com-mestor segir, at med henni sytti afl astarinnar, ella<sup>4</sup> var hun<sup>10</sup> hrædd ok vissi litit ok trudi fyrir því Jesum brott tekinn<sup>5</sup>, þar sem hun fann hann eigi. Þeir runnu þa med henni til leiðissins ok fundu eigi likamann, en sa sveitaduk, þann er sveipat [var med<sup>6</sup> höfud hans, skildan fra öðrum dukum, þeim sem bukrinn<sup>7</sup> var sveipaðr med, ok vaðan<sup>8</sup> i einum stað, ok trudu hann i brott<sup>15</sup> tekinn, sem hun hafði sagt. Eptir þat fóro þeir til [herbergis sins<sup>9</sup>. En Maria stod eptir vid leiðit ok gret. Ok þa er hun leit inn [i þat<sup>10</sup>, þa sa hun hina sönu engla hia þeiri steinþro, sem likaminn hafði i legit, annan at höfði<sup>11</sup>, en annan at fótum. Gregorius segir: Af þessu ma marka, hversu mikit afl astarinnar<sup>20</sup> tindrát hafði hiarta<sup>12</sup> þessarrar heilögu<sup>12</sup> konu, þar sem hun stod eptir hia grof græðarans, þa er lærisveinar hans hurfu fra, ok því bar sva til, at hun [stoð ein eptir, þa er hon ein sa Jesum<sup>13</sup>. Augustinus segir: Eigi finn ek aðra sök, fyrir hvi Maria leit inn<sup>14</sup> i leidit, helldr en þa, at hun trudi hvarki ser ne öðrum um þat,<sup>25</sup> at Jesus væri i brottu, ok hugdiz þann at finna, er hun ðlskadi. Englarnir mæltu þa: «Hvat grætr þu, kona?» Sva sem þeir bannadi henni at grata, þa er efni voro<sup>15</sup> til þess at fagna. Hun svaradi þeim þa: «Brott toku þeir [herra minn<sup>16</sup>, en eigi veit ek, hvar þeir settu hann.» Þeir svara<sup>17</sup> þa engu. Hun sneriz þa ok sá<sup>30</sup> Jesum standa hia ser ok vissi eigi, at hann væri. Hann mælti þa: «Hvat grætr þu, Maria, eða hvat leitar þu?» Sem hann syndi henni at grata eigi þann daudan, sem lifdi, ne leita þann, sem stoð hia henni. Hun hugdi, at hann mundi vera giætzlumadr gardzins,

1 [-at segia B; ok segit C.    2 a leid tilf. B, C.    3 [ hann var 35  
ferdr B, C.    4 eðr ella B, C.    5 af leidinu tilf. C.    6 [ hafði  
med verit B.    7 bolrinn B, C.    8 saman tilf. B, C.    9 [ herbergia  
sinna B, C.    10 [ mgl. B, C.    11 höfðum B, C.    12 tilf B, C.  
13 [ ein sá Jesum, þa er hun ein var eptir B, C.    14 mgl. B, C.  
15 stodu B, C.    16 [ saal. B, C; hann A.    17 svörudu B, C. 40

þess er grofin var í, ok mælti til hans: «Herra, seg mer, ef þú tokt hann, hvar þú settir hann, at ek mega taka hann.» Jesus mælti þá: «María! sagdi hann. Hun kendi hann: þá Jesum. Innocencius segir: Kendi Jesus Mariam, ok þá kendi María Jesum.

5 Fyrrum gret Jesus um sok Márie, þá er hann sa hana grata brodur sinn dauðan, ok reisti hann upp til lifs. Nu gret María um sok Jesu, þá er hun leitadi hans lifanda með dauðum, en Jesus þoldi eigi grat hennar ok syndiz henni [risinn af dauðanum<sup>2</sup>. At kendum Jesu kalladi hon hann meistara ok fell til fota honum

10 ok villdi halda æ honum<sup>3</sup>, eptir því sem hun var vön. Jesus mælti þá: »Hird eigi þú, María, at taka æ mer, þvíat ek hefir eigi enn upp stigit til feðr mins, at skilia í hiarta þínu.« Sem hann mælti: Eigi munt þú oðlaz at taka æ þeim lifanda með þínum hondum, sem þú leitadir dauðan, ok trudir brott tekít lík

15 en eigi son alíafnan fedr. Ok enn mælti hann til hennar: »Far þú ok seg bræðrum<sup>4</sup> mínum, at ek stig upp til míns fedr ok yðvars fedr, til míns guðs ok yðvars guðs.« Sem hann mælti: Skiott munu þeir sía mik<sup>5</sup> til himins stiga.

9. A þessum<sup>6</sup> tíma hurfu grafarverðirnir heim í Jerusalem

20 ok sögðu Phariseis sónn tíðindi, at drottinn var upprisinn. En þeir keyptu storfe at þeim, at [þeir leyndi<sup>7</sup> sannindum [af þessum atburð<sup>8</sup>, en reisa lygi þá, at þeir hefði sofnað vokumenninir, en æ þeiri stundu hefði lærisveinar Jesus<sup>9</sup> stolit líkam hans í<sup>10</sup> náttmýrkri. Þeir toku við fénu ok helldu þessu falsi, sem þeir höfðu

25 saman sett. Ok þat sanna allir Judar alt til þessa dags, at Jesus væri af grofinni stolinn en eigi upprisinn. María Magðalena fór þá með sannri tru ok fullkominni vitand drottinligrar upprisu ok fann konur þær, sem fyrrum höfðu hía henni verit um morgininn, ok sagði þeim sína syn. Þær runnu þá allar saman<sup>11</sup> með rettri

30 tru æleidis<sup>12</sup> til lærisveina Kristz. Jesus rann þá æ moti þeim sva mælandi: «Heilar seth þer.» Þær krupu þá til knia<sup>13</sup> honum ok helldo um fætr hans. Jesus mælti þá: »Farit þer ok segit bræðrum mínum, at þeir fari í Galileam, þar munu þeir mik sía.« Commestor segir, [at þessa vitran í Galilea<sup>14</sup> einkadi drottinn því

35 til, at hann trudi þá alla lærisveina Jesu víð hafa verit, ok þá

1 *agl. B, C.* 2 [ af dauda risinn *B, C.* 3 þeim *B, C.* 4 *saal. B, C;* brodur *A.* 5 til fedrs(!) míns *tílf. C.* 6 þeim *B, C.* 7 [leyndi *B, C.* 8 [ um þenna atburð *B;* um þessa atburði *C.* 9 hans *B, C.* 10 brautu í *tílf. B, C.* 11 samt *B.* 12 *aa* leid *B, C.* 13 *saal. B, C;* fóta *A.* 14 [ í Galileam *B, C.*

asakaði hann þa um tortrygð<sup>1</sup> ok<sup>1</sup> hiartaligan hardleik. Konur-  
 nar runnu þa ok sögdu .xi. lærisveinum sytandum sins herra  
 dauða, at hann var upprisinn. En þeir hugdu, at þær spottadi  
 þa, ok truðu eigi. Petrus rann þa til leiðissins, ok er þat truan-  
 ligt, at þa hafi drottinn vitraz<sup>2</sup> honum, þott þat se eigi i guð-  
 spiollum greint. Se her milldan meistara ok miskunnsaman herra,  
 þann er fyrst syndiz þeim, er framaz voru sorgfullir, Marie ok  
 Petro. See her liosan lampa heimsins ok skinanda guds gimstein  
 med göfugligri birti Mariam Magdalenam<sup>3</sup>, þa er fyrr<sup>4</sup> var saurug  
 ok syndafull, en nu var oll glóandi med<sup>5</sup> astsemð sins græðara<sup>10</sup>  
 ok staðfost at leita sins<sup>6</sup> lausnara, ok fyrir þessa staðfesti fekk  
 hun þann forpris af<sup>7</sup> honum at bera hans sendiboðum hinum  
 hæstum hit hæsta sendiboð hins hæsta fagnadar, ok vera rett kollut  
 postoli postolanna af upprisu hins<sup>8</sup> millda meistara, sem Marcus  
 segir: Maria Magðalena sagdi postolum, at hon sa drottin upprisinn.<sup>15</sup>  
 Konan skenkti<sup>9</sup> sinum bonda i paradiso sáran dauða fyrir áto  
 hins bannaða eplis, en nu<sup>10</sup> boðadi konan karlmanninum hit sanna  
 lif af sialfs drottins grof, ok su er fordum bar fram ormlig ord til  
 alldrtila øllum heimi, su bar nu fram sagnir fra<sup>11</sup> upprisu sins  
 lifgiafara ollum til eilifs fagnadar, ok af þeiri hendi toku ver<sup>20</sup>  
 forðum dauða drykk, sem nu toku ver lifs drykk. Fyrir þessa  
 skynsemi syngr heilug kristni æ hennar messudegi<sup>12</sup> Credo in  
 unum deum sem æ hátíðum sialfs græðarans ok Márie modur hans  
 ok postolanna. See her makligan meistara ok goðan giætzlumann  
 guðligrar hiardar sælan Petrum, þann er sialfr gud leiddi or þoku<sup>25</sup>  
 þrennar<sup>13</sup> neitingar til þrennar iatningar sins sæta nafns, ok  
 syndiz honum fyrst af postolum eptir upprisu sina, þviat hann  
 vissi. Petrum eigi mundo þora, nema hann hefði hann nefndan,  
 med oðrum postolum i Galilea<sup>14</sup> fyrir sik at koma at lata sea sik  
 milli lærisveina, ok at hann mætti æ<sup>15</sup> ser marka, hversu hann<sup>30</sup>  
 ætti oðrum ostyrktir at vorkynna<sup>16</sup>.

10. Sva segir Speculum Historiale, at hin heilaga Martha  
 fylldi þat guds boðord, er hann segir sva: Hverr sa er fyrir lætr  
 hus eða herbergi, foður eða moður, bræðr eða systir, husfreyiur  
 [eða syni<sup>17</sup>, eignir eða akra fyrir minar sakir, mun hundratfalt i 35

1 um tilf. B. 2 birzt B, C. 3 saal. B, C; Maria Magd. A.  
 4 fyrrum B, C. 5 i B, C. 6 meistara ok tilf. B. 7 sialfum tilf. B, C.  
 8 sins B, C. 9 fyrrum tilf. C. 10 tilf. B, C. 11 saal. B, C; fyrir A.  
 12 saal. B, C; messu A. 13 þungrar B, C. 14 Galileam B, C.  
 15 af B, C. 16 varkynna C. 17 [ mgl. B, C.



moti taka ok eignaz eilíft líf. Öll audæfvi sín skipti hon í þria staði. Einn veitti hun Marie Magðalene systur sinni, en hun veitti þann til atvinnu vórum herra ok lærisveinum hans; annan veitti hon Lazaro brodur sínum; hinn þriðia varðveitti hon sialf fram um pislartíma Kristz ok upprisu ok veitti þar af veitzlur vórum herra ok lærisveinum hans. En eptir uppstigning hans lagdi hun þat, sem eptir var, fyrir [fætr postolum<sup>2</sup> Kristz, þa er mikill fioldi kristinna manna hafdi sva mikít samþykki, sem þeir ætti eitt hiarta ok eina önd, ok engin hafdi ne eitt eiginligt, hellr var þeim alt sameiginligt.

11<sup>3</sup>. At líðinni dyrdarfullri upprisu drottins vars [Jesu Kristi<sup>4</sup> voru þær badar systr Maria ok Martha med postolum hans ok<sup>5</sup> lærisveinum framan<sup>6</sup> til uppstigningar hans stadfastar at bænahaldi ok öðrum goðgerningum<sup>7</sup>, til þess er þær þágu med öðrum guds vinum astgiöf hins helga anda. Er þat truanligt<sup>8</sup>, at af þeim megi skilíaz ord Luce ewangeliste, þau sem sett eru í lof vorrar fru. Hann segir, at guds postolar gengu eptir uppstigning lausnarans af Oliveti fialli apr í Jorsalaborg ok upp stígu í eitt loptus, þar sem Petrus hafði herbergi ok adrir postolar guds. 20 Þeir voru allir stadfastir æ bænnum med kononum ok Marie móður hans<sup>9</sup> ok bræðrum hans. Er þat truanda, at þær hafvi þar verit í skola skirlífis ok annarra mannkosta í hófgardi himneskrar paradisi<sup>10</sup> med hinum hæstum raðsmönnum himnakonungs ok vottum vars drottins upprisu, hugsandi hans lögmál<sup>11</sup> nætr ok daga, þar 25 til er þær þágu med öðrum hans vinum haleíta gípt hins helga anda.

12<sup>12</sup>. En þa er vaxa tok fioldi Kristz lærisveina, gerðu Judar at þeim sva mikinn ofríð, at þeir raku þa af sínum heruðum, suma settu þeir í myrkvastofu, sem Petrum, suma gryttu þeir, sem Stephanum, suma halshíoggu þeir, sem Jacobum, suma settu 30 þeir æ skip ok fluttu æ síofardiup at frateknum árum ok austrkerum<sup>13</sup>, strengium ok styrum ok ollum skipreiða, vistum ok vatnkerum<sup>14</sup> [ok ollum þarfendum<sup>15</sup>, utsellda í olmeik vindar<sup>16</sup> ok vógs<sup>17</sup>, at þeir tapadiz sem skiotaz. En þott grimmleíkr Juða

1 tilf. B, C. 2 [saal. B, C; Petr postola A. 3 fra systrum Marie ok Marthe Overskr. B. 4 [Jesus Kristz B, C. 5 öðrum tilf. B, C. 6 fram B, C. 7 godum verkum B, C. 8 trulígt B, C. 9 drottins B, C. 10 paradisar B, C. 11 saal. B, C; upprisu A. 12 Um ufríð Juða vit guds vini Overskr. B; Er menn toku tru C. 13 austrkerum B; auskerum C. 14 vatzkerum B. 15 [tilf. B, C. 16 vindz B, C. 17 vatnz B; vags C.

landflæmði af sinum fostriorðum naligha alla vars herra vini, þa var þo hans almattig hond þeim nalægh, su er þeim skipadi i betri staði, vegsamadi ok tignadi ok auðgaði með breidum bygðum, bæium ok storum kastolum, borgum ok hinum friðuztum fiarlutum, 5 klaustrum ok kirkium. Nu auðgar hann þa eilifum<sup>1</sup> fagnadi, en þa hugði hann hverium þeira med sinni fagrigrigi forsea eiginligan stad: hann skipadi, Narbonam<sup>2</sup> Paulo, Arelaten Theophimo, Tholosam ok Vaskoniam Saturino<sup>3</sup>, Lemovidas Marciali, Santonas ok Aqvitaniam Eutrophio, Cenomannum ok Britanniam Juliano, Turonum Kaciano, Lugdunum Hirennio, Vesuncionem Ferucio, 10 Arusicam odrum<sup>4</sup> Eutrophio, Petragoricas Frontoni, Velliacum Georgio, ok alla Galliam Dionisio. Serhverium heruðum voru serhverir feðr ok forverendr<sup>5</sup> af guði gefnir, þeir sem þau pryddu lifendr med miklum mannkostum ok agætum iartegnum.

13. At hitnanda þessum harða stormi, er Judar gerðu ofrid 15 guds vinum, þa var hin sæla Martha rekin med oðrum lærisveinum af sinum heruðum ok<sup>6</sup> svipt ollum auðæfum med systur sinni ok heilugum Maximino, þeim sem einn var af .lxx. ok tveim Kristz lærisveinum. Sa hafði forðum skirðar þær systr at guds bodi, en nu leiddi hann þær med biortu ðemi blezads lifnadar um himnesk- 20 ar götur heilagra boðorða til eilifs fagnadar. En þa er þau voru oll æ skip komin<sup>7</sup>, leiddi varr herra vind hvassan or sinum fehirðzlum, þann er för<sup>8</sup> þeira flutti i goða höfn hia Marsilio borg. Þau ganga þa til nalægs bæiar<sup>9</sup> at fyrirlatnum farkosti sinum, ok því at þau fundo engan, þann er þeim villdi veita<sup>9</sup> neitt herbergi, 25 taka þau ser náttbol<sup>10</sup> i einu porti skamt fra blothusi heiðinna manna, ok lágu þar æ bænum fastandi þa natt alla. En er dagadi, kom þangat su rangláta þioð, er þar bygdi, at færa fornir skurðgoðum sinum. Þa stod hin heilaga Maria Magdalena upp or flokki heilagra manna med þekkiligu andliti ok predikadi fyrir 30 þar komnu folki gudliga tru med sva<sup>11</sup> mikilli snilld, at allir undruðuz fegrð hennar ok orðfimi<sup>12</sup>.

14. I þann tima reð fyrir borginni Marsilia rikr hertogi, sa er husfreyiu atti. Þeim syndiz heilug Maria Magdalena i svefni biðiandi, at þau veitti hialpir<sup>13</sup> helgum monnum, þeim sem [þar 35 voru komnir aureigar<sup>14</sup>, af sinum eiginligum gnottum; hun ægd;

1 at eilifu i himneskum B, C. 2 saal. B, C; Narbolam A. 3 saal. B; Satrator A. 4 saal. B, C; aurum A. 5 formælendr B, C. 6 tilf. B, C. 7 rekin B, C. 8 far B, C. 9 tilf. B, C. 10 nattstad B, C. 11 saal. B, C; sinni A. 12 ordhegi B, C. 13 nockura 40 hialp B. 14 [ ðreiga voru þar komnir B, C.

þeim um sidir ógurligri guds reidi, nema þau gerði hennar vilia. Tveim sinnum syndiz hun henni, en hit þriðia sinn badum þeim, ok med reidipokka ok elldligu andliti. En þau letu eptir hennar æminningum ok fæddu Kristz lærisveina æ sinum kosti. Þessi fru hafdi lengi obyria verit, en litlu siðarr kendi hun sik fyrir bænir Mario Magðalene barn hafa getit. Ok er þat var vitat<sup>1</sup>, urðu þvi allir fegnir þeira vinir, þviat langan tima höfdu þau saman verit ok mátt eigi barn<sup>2</sup> geta. En þvi at hertoginn villdi reyna, hvart þeir lutir væri sannir, er Maria Magdalena hafdi sagt af Kristi, for hann til Jorsala [at vitia heilaga stað<sup>3</sup>, ok vard viss sanninda um alla þa luti, er Jesus gerdi her i heimi. Ok er hann kom aptr, fann hann son sinn iartegnasamligha fæddan. Nokkurum tima siðarr tok fruin sott ok andaðiz. En fyrir bænir sællar Marie Magðalene lifnadi hun, ok lofudu allir truandi menn gud. Eptir þat foru þau i herat þat er Aquense heitir, þar voru þau iðin at fostum ok bænahalldi ok sneru morgum lyd til guds med predikan ok guþligum taknum. En hann veitti hinni heilugu Marthe storligha<sup>4</sup> gipt i heilsugiöfum vid siuka menn ok snilld [i framflutningh<sup>5</sup> heilagrar predikanar, ok fyrir kenningar hins heilaga Maximini byskups ok þeira systra Marthe ok Marie tok hinn mesti luti manna tru briotandi skurdgod sin ok reisandi heilugh Kristz musteri.

15. Einn mikill dreki var milli þeira staða, er annarr heitir Arelaten en annarr Avicnon, skamt fra æ þeiri er Rodanus heitir. Hans hinir fremztu lutir voru sem æ fugli, [hinir sidarri lutir hans voru<sup>6</sup> sem æ fiski. Hann var digrari en uxi ok lengri en hestr, höfud hafdi hann sem leo; tenn hans voru hvassar sem sverzdoddar; fax hafdi hann mikit sem hestr; hvass kamb<sup>7</sup> gekk eptir baki hans sem breid óxaregg; reistr<sup>8</sup> var aptr æ honum stort ok storligha snarpt; hann hafdi sex fætr furduligha sterka; klær hans voru sem a birni; hali hans var vaxinn æ þa lund, sem æ þeim eitroirmi er vipera heitir; vængi hafdi hann tvo langa ok breida, sva at þeir huldu allan hans likama, ok voru þeir sva sterkir<sup>9</sup>, at fyrir þeira [storan sterkleik<sup>10</sup> letti hann eigi fyrir nokkurskonar<sup>11</sup> höggvopnum ne flugvopnum ne neinum<sup>12</sup> vigvælum.

1 fætt *B, C.* 2 erfingia *B, C.* 3 [ ok vitiadi heilagra staða *B, C.*

4 stormikla *B, C.* 5 [ framburðar ok flutningh *C.* 6 [ hinn sidarri hlutr hans var *B.* 7 *saal. B, C;* kampr *A.* 8 hreistr *B, C.*

9 ok þyckir *tülf. B, C.* 10 [ traustleik *B, C.* 11 neinum *B, C.*

40 12 nockurskyns *B, C.*

Svo var hann styrkr, at hann mátti með sinum grimmeik<sup>1</sup> sigrá .xii. leona eða björnu. Þessi dreki var af landzmonnum kalladr Taraskonus; þat hugðu menn, at hann mundi getinn vera af siodreka þeim, er Leviathan heitir ok í Jobs bok er nefndr, ok hafvi sa dreki farit eptir hinu mikla hafvi austan af Galathia Asie, ok er hann<sup>2</sup> hinn grimmazti dreki, er<sup>3</sup> liggr í sio eða vötnum. Ok hefir<sup>4</sup> þat kvikvendi, er í Galathia elz ok Bonachum heitir, blandaz við siodrekann til þessa getnadar. Þetta olma dyr Bonachum er sva illrar natturu, at þat verpr af ser vellheitu driti, því er brenns<sup>5</sup> af hvat sem fyrir verðr, æ þa, er þat sækia, sva sem um .xxx.<sup>6</sup> faðma, þannig sem skeyti flygi<sup>7</sup>. Þessi dreki drap marga menn, þa er foru um þann skogh, er hann la í. Asna ok hesta reif hann kvika í sundr. Skipum, þeim sem eptir ánni<sup>8</sup> foru optliga, vellti hann iafnlaga. En þa er mannföldi kom til með vopnum at elta hann æ skognum, flyði hann í ána ok leyndiz. Ok um<sup>9</sup> sidir, þa er heraðsmenn gatu með engu móti fordaz hann, ok máttu með [engum móti<sup>9</sup> sigrá hann, heyrdu þeir sögd takn þau, er guð let ser sóma at vinna fyrir sæla Martham, ok komu skyndiliga til hennar biðandi litillatliga, at hun vitiadi heraðs þeira ok leysti þa undan þessum skaðsamliga dreka, er þeim veitti margskyns vandræði. At heyrdo þeira erendi sampindiz ok samharmadi [hun þeira efni<sup>10</sup>, ok treystandi gudligum krapti for hun ok fann drekann a<sup>11</sup> skogi liggjanda æ því manzhræi<sup>12</sup>, sem hann hafdi nydrept, ok tok þa at snæða sitt herfang. En Kristz husfru gekk at honum oskialfandi ok stokti<sup>13</sup> yfir hann vigðu vatni, því sem hun hafdi með ser haft, ok kross drottins bar hun með ser sva sem oruggan skiolld moti þessu hinu illfusa dyri. En hann vard við þessi hennar tiltæki sva óttafullr, at hann matti or þeim stað, sem þa var hann, ekki fram fara ok engan olmleik af ser syna ne neitt mein [af ser<sup>14</sup> gora, ok stod sigradr sem sa sauðr, er ekki af hefir. En hun dvaldi allz ekki, ok batt hann með sinum eiginligum gyrdli, sva at allir undruduz, þeir sem æ þetta sæ<sup>15</sup>. Þvi næst dirfdiz lýðrinn ok gekk alt at drekanum ok barði hann með grioti ok stangadi með spiotum til heliar. Eptir þenna atburd tok sa staðr, sem drekin hafdi hiði<sup>16</sup> haft, af honum heiti ok var

1 mikla grimleik vidiáfnaz eða B, C. 2 tilf. B, C. 3 ok B, C. 4 haf B, C. 5 brennr B, C. 6 þriatigi B, C. 7 flugi B, C. 8 er Rodanus heitir tilf. B, C. 9 [ eingum kosti B, C. 10 [ heilög Martha þeira mein (meini C) B, C. 11 í B, C. 12 mannhæri B. 13 fyrst tilf. B, C. 14 [ mgl. B, C. 15 horfðu B, C. 16 hidit B, C. 40

kalladr Taraskonus, en aðr het hann Verluc, þat kollum ver svartan stað, þviat þar voru miklir ok myrkir skogar.

16. Eptir þat lögdu heradsmenn margar ok miklar bænir at hinni heilughu Marthe, at hun dveldiz ælengdar med þeim. Ok um sidir med samþykki hins heilaga Maximini byskups ok Marie systur hennar var hun [þar eptir<sup>1</sup> iðin at bænahaldi ok vokum<sup>2</sup> ok fostum, sva lengi sem hun lifdi. En hverr mun þat mega med ordum inna<sup>3</sup>, hversu mörg erfidi ok hversu margar þrongvingar, eda hversu miklar sottir, eda hversu margfalldan ofrid, eda hversu mikinn skort hun þoldi matar ok drykkjar i þeim stad. Ok þat er eigi vór<sup>4</sup> at greina, þviat hin fyrstu .vii. ær nærdi hun helldr en fæddi sinn likam med hnotum ok grasarótum brám ok skogar-eplum, sva sem hun mátti minnz [lifa vid 5. Eptir þat var fyrir hennar eggjan ok framkvæmd i þeim stad kirkia gior i nafni vars drottins Jesu Kristz ok Marie modur hans, hardla mikil ok tiguligh, ok þar sömnuduz saman margir brædr ok systr undir postoligum lifnadi. Þar lifdi hun yfrit stirdliga<sup>6</sup> vid sinn likam. A vetrum klæddi hun sik med saudskinnzkyrtli ok herfviligum mótli. A sumrum hafdi hun hárlædi næst likam sinum, en yfir utan kyrtil ok kapu. Jafnan gekk hun berum fótum, hvita hufu gerva af ulfalldahári bar hun æ höfði ser, knutottan gyrdil brugdinn af hrossahári hafdi hun lagdan at miðium kvidi sinum sva hardliga, at holldit morknadi undan<sup>7</sup>, ok fellu madkar af þeim sárum, er þadan af gerðuz. Rekkia hennar var sva fallin, at smatt hris eda vinvidarkvistir voru fyrir halm, en harklædissekkur var til undirbreidu, ok steinn at höfði. Hvarki letti hun af söngum<sup>8</sup> nótt ne dagh, ok starfadi þo iafnan nockut<sup>9</sup> nysamligt<sup>10</sup>. Gestrisni, þa sem hun hafdi vanz<sup>11</sup> i Bethania, helt hun sva einkannliga, at eptir þvi sem fyrri hafdi hun þoknaz bædi gudi ok monnum, vard hun enn storliga fræg ok leiddi med sinum lofligum lifnadi ok heilagri predikan [mörg þushundrat<sup>12</sup> manna gudi til handa, svo at af þeiri frægð ok þvi ægæti, er almenningr sa med henni, toku þeir kristiliga tru med heilagri skirn.

17. Þa er hin heilagha husfru Jesus Kristz Martha predikaði guds bodord æ nöckurri fagri engh, þeiri er la fyrir hlidi borgar-

1 [ tilf. B, C.    2 nattvokum B, C.    3 skyra B, C.    4 wör B; var C.    5 [ nyta B, C.    6 st'dliga A, B, C.    7 fyrir B, C.    8 ne bænahaldi tilf. B, C.    9 tilf. B, C.    10 Her mangler et Blad i B.    11 vanizt C.    12 [ margar þusundir C.

innar, er Avinion heitir<sup>1</sup> vid ána Roddanum, ok græddi þar siuka menn, þa sem til hennar voru færdir, var einn ungr maðr oðrum megin árinna, sa er hana villdi giarna sea ok heyra, þviat hann sa mikinn mannfiolda samankominn þeim megin árinna, sem hann var eigi. En þott hann hefði eigi<sup>2</sup> skip, let hann eigi fyrirvinnaz ne ærvøxtinn hepta sina ferd, helldr kastaði hann klædum ok tok nðckvidr at svima<sup>3</sup> yfir ána. En er hann kom iafnær badum bðckunum, tok hinn [sterkazti stridr<sup>4</sup> straumr árinna med sinu ofvægu<sup>5</sup> affi at draga hann i kaf<sup>6</sup>. Hvat þarf þat<sup>7</sup> til langmælis at draga, margir liopu til ok unnu ekki at<sup>8</sup>, þat sem honum<sup>10</sup> var<sup>9</sup> til fultings. Allan dag [leitudu menn<sup>10</sup> hans med skipum ok soknum, ok fundo hann eigi fyrr en annan dagh nærri nóni. Náðu þeir likinu ok kostudu þvi med 'mikilli sorg'<sup>11</sup> fyrir fætrguds ambatt<sup>12</sup>. En hun samharmaði sut þeira ok bað allan þann lyð, er þar var vid staddr, at leggi az æ iorðina til bænar ok<sup>15</sup> æsta<sup>13</sup> þess almatkan guð, at hann leti ser sóma med sinum mikla krapti at gefa aptr lif sveini þessum. Ok er lydrinn hlyddi hennar bodi, lagðiz hun a likit ok retti hendr sinar i kross sva mælandi: «Heyr þu drottinn Jesus Kristus, er med þinni heilagri ok óætlanligri<sup>14</sup> milldi reistir af dauda þinn kæran vin Lazarum brodur<sup>20</sup> minn, þu helldr med<sup>15</sup> þinni hendi lukla lifs ok dauda, þu kallar dauda menn til lifs, ok þu bydr daudanum bod, ok hann flyrr fyrir þinu valldi. Heyr þu, hinn godgiarnazti gud, mitt miuklæti, ok lit æ bæn ambattar þinnar ok æ þenir annarra þeira, sem nu kalla æ þitt mikla nafn, ok biod, at lifs andi hverfi aptr i þetta<sup>25</sup> lik, til þess at nærverendr ok [tilkomendr, siændr<sup>16</sup> ok heyrendr snuiz til þin af aullu hiarta, ok lofvi þin stortakn af ollum hug, ok trui þik sinn sannan hialpara.» Ok er hun hafði lyktat [bæn sinni<sup>17</sup>, reis hun upp ok tok i haund hins dauda svo mælandi: «Heyr þu, hinn ungi maðr, ris upp i nafni drottins Jesu Kristz af<sup>30</sup> þeim dauda, sem þik helldr.» Þa reis sveinninn upp heill ok osakaðr ok var skirdr i nafni heilagar þrenningar.

18. I þenna tima gerduz þrir sidlatir byskupar til þess at finna hina<sup>18</sup> sæla Martham fyrir gudliga æminning. Engin þeira vissi annars kvomu, ok kómu þo allir senn, Maximinus Aquensis,<sup>35</sup>

1 er adr er nefnd tilf. C. 2 ecki C. 3 symia C. 4 [ stridazti C.  
5 ofvegiu C. 6 kafit C. 7 her C. 8 um C. 9 væri C.  
10 [ leitadi lydrinn C. 11 sut C. 12 ambattar C. 13 bidia C.  
14 oumrædiligr C. 15 i C. 16 [ vidkomendr ok siandr C.  
17 [ þenina C. 18 mgl. C.

ok Trophimus Arelatensis ok Eutrophius Aurasicensis<sup>1</sup>. Ok er þeir voru komnir, bad hun þa vigia kirkiu þa hina virdulighu, er fyrir hennar röksemd var upp smidut i Kristz nafni ok hans milldu modur Marie. En þeir letu þat eptir henni, ok var su kirkia  
 5 vigd .xvi. kalendas Januarij med godfusu guds lofvi, sem vera atti. Ok er þat embætti var framit med<sup>2</sup> skylldu ok setningh, gengu menn til snæðings æ vidrkvæmiligum tima. Ok um sidir þraut vinit, en guðlig milldi sneri at þeim hiaverandum vatni i vin fyrir bænir sinnar heilagrar husfru Marthe.

19. Eptir skilnat þeira systra Marthe ok Marie predikadi Maria Magdalena lengi guds bodord. En þa er þat kom til eyrna henni, at Pall postoli baud, at konur þegdi i kirkiu, girntiz hun<sup>3</sup> at þrongva sik med andligu upplitningar liosi<sup>4</sup>, ok fyrir guðliga æminningh flydi hun leyniliga i hina snðrpuztu eyðimork, ok var  
 15 hun þar .xxx. vetra i þeim stad, er henni var med eingiligum hondum fyrirbuinn, aullum monnum okunnig, en saudd at eins himneskum næringum, lofandi guð nætr ok daga med heilögum bænum æan afláti; þessi hellir, er hun bygdi, var undir rotum fiallz nokkurs, þess er storliga var bratt ok oslett. Eigi veitti henni  
 20 huggan vatn ne vidir, ok eigi græn graus i þessum stad, þviat guðlig milldi birti i þrotnan þessarra luta, at hans vinkona var þar saudd eigi at eins iardligum<sup>5</sup> helldr himneskum krasum. I þessi iardholu varð hun sva framarliga tignut, at siau sinnum æ hverium degi i þann tima, sem heilog kristni syngr med rettri  
 25 reglu .vii. [tida halld<sup>6</sup>, var hun upphafin med engiligum hondum i loptit, ok heyrdi hun þa hina haleituztu lofsöngva himneskra fylkinga eigi at eins med andligum helldr ok med likamligum eyrum. Med þessum hinum sætuztum saunghliodum sadda fluttu þær somu engla hendr hana aptr i helli sinn; þar lofadi hun gud an  
 30 aflati ok þurfti eigi likamliga vist.

20. Einn sidlatr kennimadr hafði ser gort litit hus .xv. stadia undan þessu fialli við einn litinn brunn ovitandi allra takna, þeira sem gud gerði æ sinni vinkonu Marie Magðalene. Stadium er .c. ok .xxv. fadma, ok er þat áttungr milu. Þessi kennimadr var  
 35 vanr at ganga i eyðimork i fostu inngang<sup>7</sup> ok vera þar med mikilli bindandi ok sifelldo<sup>8</sup> guds lofi alla fóstuna. Ok æ einum tima fostunnar, þa er hann var þar i eydimorkinni eptir sinni veniu,

<sup>1</sup> saal. C; Aurelatensis A. <sup>2</sup> eptir C. <sup>3</sup> einkanligarr tilf. C. <sup>4</sup> lifi C.  
<sup>5</sup> saal. C; iardliga A. <sup>6</sup> [ tidir C. <sup>7</sup> igang C. <sup>8</sup> sifellu C.

lauk gud upp augu hans, ok sa hann <sup>1</sup>, med hverium hætti guðligir englar stigu niðr yfir þann stad, sem hin heilaga Maria Magdalena var, ok at þeir fluttu hana syngiandi i hæd himins. En eptir dagstundar bid fluttu þeir lofandi gud hana aptr i sinn stad. En því at langt var milli þess stadar, sem hann var i, ok hellis Marie, <sup>5</sup> matti hann sia, at englarnir fluttu eitthvert, en eigi hvat þeir fluttu. Hann tok þa at bidia gud, at honum birtiz sannleikr [um þetta mal<sup>2</sup>, med margföldum tárur. Annan dag eptir at morni skundadi hann sinni ferd i þann stad, sem honum hafði synin birtz. Ok er hann kom nær steinkast fra hellinum, toku fótleggir <sup>10</sup> hans ok lærleggir at skialfva en briost hans at hrædaz. En þa er hann sneri aptr, matti hann ganga, hvert er hann villdi. En þa er hann sneriz æfram, voru allir limir hans af settir sinum öflum, sva at vanmegn likamans bannaði honum æfram at fara. Hann skildi þa, at guds vili<sup>3</sup> talmadi hann at forvitnaz þetta stormerki, nam<sup>4</sup> <sup>15</sup> hann þa stad. Ok at ækolludu Kristz nafni segir hann sva: «Ek særi þik fyrir nafn lifanda guds, at ef þu ert<sup>5</sup> nockur skynsöm skepna, su er byggir i þessum helli, at þu svarir mer ok skyrir fyrir mer allan sannleik þins lifnadar.» Ok er hann hafði þrim <sup>20</sup> sinnum frammi haft þessa særingh, svarar honum sæl Maria af hellinum ok bauð honum nærri at ganga, ok sagdi sik vera Mariam, þa er i gudspialli er fræguz af fiolda sinna eigiuligra synda. Ok siþan greindi hun ut alla frasögn lifs sins. Ok eptir þat er hun [var utrakin<sup>6</sup>, mælti hun: »Þvi at mer er þat af gudi vitrat, at <sup>25</sup> ek muna bratt liða or þessum heimi á medal manna, bid ek, at þu finnr Maximinum byskup skiotligha ok segir honum þat, er þu hefvir sieth<sup>7</sup> ok heyrð af minu efni. En æ hinum fyrsta paskadegi æ óttusöngs tima skal hann ganga einn i bænahus sitt, þat er hann hefir<sup>8</sup> smidat, ok mun hann mik þar finna þangat flutta med engilugum hondum<sup>9</sup>.« <sup>30</sup>

**21.** Kennimaðrinn sa engan mann, en hann heyrði roddina, þa er taladi, ok hugdi þetta helldr vera engils rödd en manz. En þa er hann spurði fleiri luta, fekk hann engin andsvör þadan af. Hann for þegar at finna Maximinum byskup ok sagdi honum alt, þat er honum var bodit ok hann hafði sieth<sup>7</sup> ok heyrð. Byskup <sup>35</sup> vard storliga feginn, er hann heyrði þessa sögu ok gerði gudi þackir. A sialfum paskadags morni gekk hann i sönghus sitt ok

<sup>1</sup> þa tilf. C.    <sup>2</sup> [ af þessarri syn C.    <sup>3</sup> bannadi honum ok tilf. C.  
<sup>4</sup> gaf C.    <sup>5</sup> maðr eða tilf. C.    <sup>6</sup> [ hafði utrakit C.    <sup>7</sup> seð C.  
<sup>8</sup> ser tilf. C.    <sup>9</sup> iðna at guds lofi tilf. C.



sa sæla Máriam standa i midium flokki þeira engla, er hana fluttu þangat. Svo mikill liomi ok birti skein um hana, at alt husit birtiz af framarr en af dagligu liosi. Ok er guds madr nam stadar i husdurunum, sa hann helga engla, þa er [hana fluttu þangat<sup>1</sup>, liða til himins, en hana standa i miðium flokki þeira med upprettum höndum i kross, svo at nær tveggia alna rum var æ medal likams hennar ok iardar. En þa er hann óttaðiz nær at ganga, þa taladi hun til hans med biortu andliti, því er af sifeldri<sup>2</sup> syn heilagra engla skein framarr en solar geislar, ok bauð honum blidliga þangat at kalla kennimenn ok klerka, sem hann gerdi. Hann gaf henni þa<sup>3</sup> holdd ok blod drottins. En hun tok þat med hinni mestu tara uthelling ok bað alla þa, er [vid voru<sup>4</sup>, biðia fyrir ser<sup>5</sup> alhugliga. Eptir þat lagðiz hun oll til iardar frammi fyrir altarinu, ok for þa su hin helga ónd or likam til guds æ sialfum upprisudeginum. Sumstadar segiz, at hun hafi fram lidit ellifsta kal. Augusti<sup>6</sup>; ma þat fyrir því segiaz, at þa ero henni tidir gôrvar, ella fyrir því at drottinsdagrinn ma tekinn vera fra paskadeginum eda upprisudeginum, [er iafnan<sup>7</sup> kemr at hendi. Eptir þat er hun var salut, kendo allir hiaverendr sva mikinn ilm, at alla .vii. daga eptirkomandi þraut alldri i þessu bænahusi. Hennar likam skipaði hinn helgi Maximinus smurðan med dyrum smyrslum i tiguligri steinþro, ok síþan let hann smida yfir hennar sæla likam<sup>8</sup> vegliga kirkiu med dasamligum hagleik. Gróf hennar eda steinþro var smidut, sem enn ma sia, af hvitum marmara ok grafit æ sialfum steininum, hversu hun kom i hus Simonis ok smurdi med litillæti fætr drottins med dyrdligu smyrslu ok skammadiz eigi at grata milli bodsmanna.

22. En sæla Maria hafdi boðit hinum heilaga Maximino byskupi at segia hinni sælu Marthe systur sinni, at hön mundi skiott finna hana. En hun endi eigi þat fyrirheit lifandi helldr lidin. Litlu síðarr<sup>9</sup> kom hinn sæli Fronto Petragoricensis ok heilagr Georgius Welliacensis<sup>10</sup>, sa er daudr hafdi verit ok upprisinn<sup>11</sup>, at finna sæla Martham, þvíat þeir voru badir utreknir af sinum sætum fyrir þa sok, at borgarmenn þeira höfdu rækt þeira predikan. Ok er þeir höfdu med henni verit nockura daga, foro þeir heimleidis ok sættuz vid sina borgarmenn fyrir bænafulting,

1 [ þessa höfdu þangat flutt C.    2 sifalldri C.    3 at þeim hiaver-  
 ondum C.    4 [ hia stodu C.    5 henni C.    6 manadr tilf. C.  
 7 [ iafnan er hann C.    8 legi C.    9 Her beg. atter B.    10 saal.  
 40 B, C; celsaracensis A.    11 upprisit B, C.

þat er hin heilaga Martha hafði til guds fyrir þeim. En adr þeir færi heim, taladi hun leyniliga vid sełan Frontonem ok hafði radagiord<sup>1</sup> vid hann um þa luti sem hann<sup>2</sup> villdi. Eptir þat iatadi hun fyrir honum þa luti, sem hun þottiz móti gudi gort hafa, ok sagdi [sik skiott mundo af likam<sup>3</sup>. En hann het henni<sup>5</sup> at veita henni<sup>4</sup> þionosto, ef-gud villdi sva hafva til skipat.

23. En því at<sup>5</sup> gud, ömbunari allra goðra luta, villdi giallda hinni sælu Marthe makligar malagiafir fyrir margháttada<sup>6</sup> velgernainga, þar sem hun þoknaðiz honum um alla luti, let hann ser sóma at segia henni fyrir, at hun mundi æ .xii. manaða fresti<sup>10</sup> liða af þessi verolld. En hun tok bradliga eptir þat riðusott, ok letti su eigi af henni, meðan hun lifdi her i heimi. En er hun atti .viii. daga olifat [i likam<sup>7</sup>, sa hun önd Márie Magðalene systur sinnar til himins borna af heilögum englum. Hun vóttaði þessa syn ollum bræðrum ok systrum þar samansömnudum i guds<sup>15</sup> lofi<sup>8</sup> sva mælandi: »Samfögnum ver oll i drotni ok giorum þackir hans dásamligri virðing, þvíat nu let hann ser sóma at flytia önd Marie systur minnar fyrir þionosto sinna heilagra engla til fyrirheitinna sæta sins signada rikis. Minnz þu nu ok, sagdi hun, min sæta systir, þins fagra fyrirheitiz, þess er þu hetz at vitiá<sup>20</sup> min, þar sem þu lifir at eilifu med sönnum drotni Jesu Kristo.« Ok eigi blekti heilög Maria Martham, því at fyrir hinn atta dag flutti hun hana i sanna sælu himneskrar paradisi<sup>9</sup>. Eptir þat þyngdiz sottarfar hennar, svo at hun lagdiz i rekkju. Þvi næst eggiaði hun alla brædr ok systr at hallda med stadfesti kristiligha<sup>25</sup> tru ok skyrdi fyrir þeim oll auðæfvi heilagrar kirkiu, þau er hun hafði<sup>10</sup> samnat ok fal þeim æ hendi. Hun bað þa, at allir helldi [vöku sinni<sup>11</sup> ok bædi<sup>12</sup> henni alt til framfarartima hennar gudligrar miskunnar. Þeir gerðu ok sem hun bað. Eptir þat tok hun likam<sup>10</sup> vars herra med hinni mestu tárfeiling hlifandi önd<sup>30</sup> sina med því signada vegnesti ok heilogum þenum.

24. A miðia<sup>13</sup> natt fyrir framferdartima sællar Marthe, at sofnadum bræðrum ok þeim monnum, sem vöku helldu med kertum ok liosum, þaut mikill hvirfilvindr uppvaktr af þeim er öfundar alla dugandi menn, hinum illgiarna andskota, i herberginu, sva at<sup>35</sup>

1 raadagerdir *B, C.* 2 hon *C.* 3 [ honum sik mundu skiott liða af likama *B, C.* 4 graptliga *tíl. B, C.* 5 almattigr *tíl. B, C.* 6 margfallda *B, C.* 7 [ her i heimi at likama sinum *C.* 8 nafni *B.* 9 paradisar *B, C.* 10 saman *tíl. B.* 11 [ vökum *B.* 12 fyrir *tíl. B, C.* 13 miðri *B, C.*

sloknuðu þriu stor kerti ok þrir lampar. En Kristz ambátt skelfö-  
 iz við þenna atburd<sup>1</sup> ok sa þa hræðiligan flokk illgiarnra anda  
 fyrir ser. Hun tok þa at biðiaz fyrir með þessum ordum: «Minn  
 fadir, minn gud, minn kærastzi gestr! Samnaðir eru svikarar minir  
 5 at svelgia mik, mer at moti halldandi rit i hondum ser, þau<sup>2</sup> er  
 skrifadir ero æ þeir lutir, sem ek hefir<sup>3</sup> illa gert, mælt ok hugsat,  
 sva mælandi<sup>4</sup>: Guð fyrirlet hana, stríðum henni nu ok gripum  
 hana, þviat nu er engin sa er hana leysi. Guð minn, guð minn,  
 ver nær mer; guþ minn, guþ minn, lit æ hialp mina. Minnz þu  
 10 eigi, drottinn minn, æ æskusyndir minar ok óvitzkur.» Við þessi  
 ord voknudu þeir, sem sofvit höfðu, ok [leitadu i annat hus<sup>5</sup> at  
 elldi til þess at tendra liosin, þau sem sloknat höfðu, ok dvolduz  
 at þessu um stund, þviat þeir fundo eigi elldinn i hinu næsta  
 husi, ok foro þeir<sup>6</sup> i annat hus, þat er firrmeirr var, at<sup>7</sup> þeir  
 15 fengi sitt erendi. En hun var þa einsaman meðan<sup>8</sup>. Ok þa sa  
 hun sæla Mariam Magðalenam<sup>9</sup> renna at rekkiunni, ok hafdi log-  
 brand i hendi, af honum tendradi hun oll kerti ok sloknaða lampa  
 i herberginu. En er hvor þeira heilsadi aðra með eiginligu nafni,  
 þa sa hun þann, er hvervetna er nalægr<sup>10</sup>, drottin Jesum Kristum,  
 20 sva til sin talanda: »Kom til min, hin kæra<sup>11</sup> vinkona, su er  
 forðum var min husfru. Nu mun ek færa þik or myrkvastofu  
 likama þins til himinrikis hallar, at þu fagnir þar at eilifu með  
 heilugum monnum minum, eigi sem gestr helldr sem heimakona  
 heilagrar truar ok samborgari heilagra manna. Með mikilli ann-  
 25 send<sup>12</sup> þionadir þu mer her æ iarðriki ok tokt mik i þitt herbergi  
 ok saddir mik; nu mun ek giallda þer [ömbun fyrir þina þionostu  
 stundliga, þa<sup>13</sup> er gengr um allan iardligan sætleik<sup>14</sup>, at þar sem  
 ek er<sup>15</sup> sialfr, ser þu með mer, þviat þu þionadir mer ok fylgdir  
 mer. En hugganar miskunn, þa<sup>16</sup> er ek veitta þer i heilsugiðfum  
 30 [við menn, þa sem<sup>17</sup> þu kendir kenningar, mun ek eigi fra þer  
 taka ok hvergi minka, helldr margfallda. Ok þa, er þinnar grafar  
 vitia goðfusliga, mun ek milldliga heyra fyrir sakir þinnar astsend-  
 ar, ok ek mun framkvæmð veita rettum bænum þeira. En nu  
 bið þu litla stund, þviat skiótt munt þu til min koma.« Þvi næst

35 1 motburd *B, C.* 2 þar *B, C.* 3 hefir *B, C.* 4 kallandi *B, C.*  
 5 [ foro i annat hus at leita *B, C.* 6 þa *B, C.* 7 ef *B, C.*  
 8 aamedan *B, C.* 9 systur sína *tilf. B.* 10 iafnan *tilf. B, C.*  
 11 kærsta *B;* kærasta *C.* 12 *saal. B;* andsend *A;* astsend *C.*  
 13 [ fyrir stundligri þionostu þa aumbun *B, C.* 14 sælleik *B, C.*  
 40 15 em *C.* 16 *saal. B, C;* su *A.* 17 [þeira er *B, C.*

komo þeir aptr, sem til þess fóro brott at sækia liosin. Þá undruðuz þeir allir, er þa voru oll login tendrat<sup>1</sup>, þau er oll voru slokin, þa er þeir gengu or herberginu. Eptir þat frettu þeir at, hvi sva hafði<sup>2</sup> til borit. En hun kalladi til sin þa af bræðrum, sem hun vissi at heilagligaz lifðu<sup>3</sup>, ok birti fyrir þeim alla iartegn gulligrar vitianar. Þar eptir let hun sik færa undir alldintre, þat sem<sup>4</sup> var a bak musterinu, ok dreifa þar undir sik i kross æ iorðina ausku, en þar æ ofan litlar saðir, ok hárklaði þat er hun la æ dagligha<sup>5</sup>; horfði hun til himins ok hafði krossmark fyrir augum ser biðandi svo sinnar dauðastundar med fullri tru. Ok er allir, þeir er hia<sup>10</sup> stodu, lágu æ heilögum bænum, þa let hun lesa til enda passionem [domini nostri<sup>6</sup> Jesu Kristi, þa er hun hafði med ser flutta af Jorsolum æ ebresku<sup>7</sup> ritaða. Ok annat sinn let hun upp hefia; en þa er sva var langt lesit, [sem sialfr drottinn sagði vid sitt lifát hin siðursto orð<sup>8</sup> Pater in manus tuas, domine<sup>15</sup> spiritum meum etc., þat þyðiz<sup>9</sup> svó: fadir, i hendr þinar fel ek anda minn, þa sofnaði hun sælligha i guði [hinn .viii.<sup>10</sup> kalendas Januarij, hinn setta dagh viku æ hinni .xi.<sup>11</sup> tið dags, er hun var [.lxx. vetra<sup>12</sup> at alldri.

25. Utferð hennar gerdu hennar felagar ok förunautar med<sup>20</sup> allri godfysi, þeir sem aðr voru hennar heimamenn ok verðugir mikillar frægðar af sinu sonnu litillæti ok sidlæti, Eudochius<sup>13</sup> ok Sintex ok Germanus ok Epaphras ok Sostines, lærisveinar Pals postola ok förunautar Trophimi, ok Parmenas, er einn var af .vii.<sup>14</sup> hinum fyrstum diaknum, ok Marcilla, su er var þionostokona<sup>25</sup> hinnar sælu Marthe ok hun hafði undir skirn halldit. Þessi var su kona, er kalladi [til vars<sup>15</sup> herra or miklum mannfolda sva mælandi: «Sæll er sa kviðr, er þik bar, ok þau briost er þu drakt ero sæl.» Þessir allir [med mörgum oðrum<sup>16</sup> tilkomnum hófðu at heyrðri sótt guds þionostokono þar vakat tvo daga yfir henni med<sup>30</sup> kertum ok liosum oðrum. En æ drottinsdaginn biðgguz þeir [til graptligrar<sup>17</sup> þionosto, sumir gretu, sumir sungu salma.

26. I þenna tima bar sva til æ hinni þridiu tið dags i borginni Petragoricas, þa er Fronto byskup sǫng messo ok sat æ stoli fyrir altari, meþan pistill var lesinn i sialfri hofudkirkiu, at hann<sup>35</sup>

1 tendrut *B, C.* 2 hefði *B*; h<sup>i</sup> *C.* 3 lifði *B.* 4 sett *tílf. B, C.*

5 iafnliga *B, C.* 6 [vars herra *B, C.* 7 ebreska tungu *C.*

8 [ *mgl. B, C.* 9 mæli *B.* 10 [ .vii. *B, C.* 11 niundu *B, C.*

12 [ siantug *B.* 13 *saal. rettet*; Euchodens *A*; Euchobius *B*; Eycodius *C.*

14 *tílf. B.* 15 [ aa vorn *B.* 16 [ *saal. B, C*; af mörgum *A.* 40

17 [ at veita henne graptliga *B, C.*

sofnadi. I þeim svefni vitradiz honum sialfr græðarinn<sup>1</sup>. Jesus Kristus sva mælandi: «Minn elskulighi vin Fronto! Ef þu vill enda þitt fyrirheit, þat sem þu hezt minni husfru Marthe, þa far nu skyndiliga at veita henni graptliga þionosto ok fylg mer.» Ok  
5 er hann hafði þetta talat, kómu þeir med augabragdligri ferd badir i Taraskonum ok gengu i kirkiu hinnar guðligu fru Marthe ok toku at syngia med öðrum standandi hia hennar heilaga lik-ama. Ok um allan liksöng helldo þeir heilagar bækr i [höndum ser<sup>2</sup> fyrir syngiandi, en adrir andsvarandi ok eptir syngiandi fluttu  
10 þessa þionosto. Ok badir báru þeir<sup>3</sup> likam sællar Marthe ok i leiði lögdu. En meðan þessir lutir gerduz, gekk diakninn<sup>4</sup> at sofnaðum<sup>5</sup> byskupi i Petragoricas, þar sem hann sat i sinum byskupsstoli, at lyktaðum ollum þeim söngum<sup>6</sup>, sem fyrir guðspiallit áttu<sup>7</sup> af klerkum fram at flytiaz. Hann knuði<sup>8</sup> byskup  
15 med hendi sinni ok beiddiz blezarar. En byskup svaf sva fast, at hann vaknadi ekki við hit fyrsta æatak. Allr lyðr undradi, hvi hann dvaldi sva lengi folkit i kirkiunni ok helt eigi fram messunni. Ok um sidir gekk diaknit<sup>9</sup> annat sinn at byskupi, knuði hann [ok mælti: «Vakit herra, þviat langt hefir liðit umfram  
20 vanalighan tima, þar sem messan mátti vel sungin hafa verit; hefir folkit lengi bedit ok er at þrotum komit<sup>10</sup>.» En hann vaknadi um sidir sva sem af sætum svefni ok mælti: «Oho, bræðr minir! Hvat gerðut þer mer, fyrir hvi voktut þer mik sva skiótt? Da-  
25 drottinn Jesus Kristus leiddi mik af þessum stað til likflutningar hinnar sælu Marthe sinnar husfru, ok nu hofum vid veitt henni graptliga þionosto, sva sem ek het henni fyrrum<sup>11</sup>. En til þess at þer vitid mik i þessarrar heilögu<sup>12</sup> konu likferð verit hafva, sendit nu i Taraskonum þa menn, er hingat beri fingrgull mitt ok messu-  
30 glófa gullbuna, þa er ek dro af mer, ok fekk ek til geymslu sacriste kirkiunnar, adr ek lagda likit i gröf. En þa er ek gekk af kirkiunni, gaf ek eigi gaum at<sup>13</sup> at heimta gullit ok<sup>14</sup> glofana af þeim, er ek fekk, þa er þer vöktut mik.» Þa voru þegar sendir menn, sem byskup bað<sup>15</sup>, i Taraskonum, ok profudu þeir sva alla  
35 luti vorþit hafa<sup>16</sup>, sem hann sagdi. Þeir báru heim gullit ok

1 drottinn *B, C.*    2 [ sinum eiginligum hondum *B, C.*    3 heilagan tilf. *B, C.*    4 diakn *B, C.*    5 sofanda *B, C.*    6 songh *C.*  
7 saal. *B;* atti *A, C.*    8 knyði *C.*    9 saal. *A, B;* diakninn *C.*  
10 [ *mgl. B, C.*    11 forðum *C.*    12 heilagrar *B;* *mgl. C.*  
40 13 *mgl. B, C.*    14 ne *B, C.*    15 baud *B.*    16 tilf. *B, C.*

glofann annan, en annan helt sacristus<sup>1</sup> kirkiunnar eptir til vitnisburðar um þetta daindi<sup>2</sup>. Hinn sæli Fronto sagði bræðrum, þa er hann gerði minning þessarrar sælu konu Marthe, at þa er þeir höfdu hana i grof lagit ok þeir gengu or kirkiu, spurdi einn boklærör brodir þess stadar, sa er okkr fylgdi af kirkiu, sialfan drottin, hveer hann væri eda [hvadan hann væri, eda<sup>3</sup> hvert nafn hann ætti. En hann svaraði honum öngu ok syndi honum opna bok, þa er hann hafdi i hendi. A hienni var ekki annat ritad en þetta vers: In memoria eterna erit iusta hospita mea, ab [auditu malo<sup>4</sup> non timebit in die novissimo. Þat er svo at skilia: I eilifri minning mun vera rettvís husfru min, eigi mun hun óttaz vid heyrn illra luta æ hinum sidarsta degi. Ok þa er hann rakti bokina, fann hann þetta sama vers ritat æ ollum blöðunum<sup>5</sup>; því ma auðsynt [vera, at Martha husfru Kristz mun vera<sup>6</sup> i eilifri minning engla ok manna, ok eigi mun hun ottaz æ hinum efzta dómi af þeiri heyrn, er sialfr guð sagdi illum monnum, þeim er makligir-ero bölvannar: Farit þer bolvadir fra mer i eilifan elld, [þann sem fyrirbuinn er diöfnum ok hans englum<sup>7</sup> et cetera.

27. Þat birta optlig takn ok heilsugiafir, þær sem yfvir siukum monnum geraz vid gróf [hinnar sælu Marthe<sup>8</sup>, hviliks verdleiks hun er fyrir guði nu ok fyrrum, [þo at ver lukim fátt upp af mörgum. Einn konungr var<sup>9</sup> Klodoveus at nafni, hann reð bæði Francia ok Theuthonia, ok var fyrstr til guds snuinn af þeim fyrir predikan Remigij byskups<sup>10</sup> af Reimsborg ok tok heilaga skirn. Hann hafdi mikinn verk i lendum, sva at læknar mattu honum enga bot vinna. En því at almennilig<sup>11</sup> frægð vóttaði, at [hveer sem einn siukr maðr, sa sem fullri tru vitiaði steinþro<sup>12</sup> heilagrar Marthe, yrði heill<sup>12</sup>, for hann þangat ok fann sannindi af [þessum lut ok<sup>13</sup> frægð af sialfs sins heilsu fagnandi<sup>14</sup>. Ok til þess at eigi syndiz hann ofakklátr við þann liufa lavarð, er hann græddi fyrir arnadarord sinnar heilagrar husfru, auðgaði hann staðinn med konungligri mikilmenzku ok lagdi þangat bæi ok kastala, sva at mikit herat, þriar milur at lengð ok breidd,

1 secretarius B, C. 2 daendi B. 3 [ mgl. B, C. 4 [ audicione mala B, C. 5 hennar blöðum B, C. 6 [ þickia ath Martha mun vera husfru Jesu Cristz B. 7 [ mgl. B, C. 8 [ hennar B, C. 9 [ ok at vær lukim faa hluti upp af morgum, þa var einn konungr B, C. 10 erkibyskups B, C. 11 saal. B, C; almenningr A. 12 [ hverir sem einir siukir menn, þeir sem med fullri tru vitiodu steinþroar heilagrar Marthe, urdu heilir B, C. 13 [ þessi B. 14 saal. B, C; fagnadi A. 15 at tilf. B, C.

skylldo æfinliga þangat til liggja badum megin árinna, er Roddanus heitir. Þessa giöf lögtok hann [ok styrkti með sinu fingrulli; þar með lögtok hann<sup>1</sup> ok, at þessi staðr skylldi frials vera af ollum pyndingum ok leikmanna ælögum. Var ok þessi staðr  
 5 i svo mikilli vernd settr af fultingi sialfs upphefiara allra rettinda, at hverr sem einn fékk nöckut víti, sa er þessa stadar rettarbótum gorði nöckut æ móti með stuld eda ráni eda nökkurskyns ofriki eda rangindum eda rangsæri, svikum eda falsaradómi. Marcilla ok Sinthex ok Epaphras hinir skirlifuztu ok hinir postoliguztu<sup>2</sup>  
 10 menn foru i Slavoniam ok predikuðu þar guds erendi með staðfesti goðra vorka. Marcilla lifði .x. ær upp fra andláti sællar Marthe ok ritaði lifssögu<sup>3</sup> hennar a ebresku i einni mikilli bok; en ek Sintex snera i latinu, let ek þo marga luti eptir eigi snuna. En Eudochius<sup>4</sup> ok Germanus, Parmenas ok Sostenes, fostrar ok foru-  
 15 nautar sællar Marthe, þionodu gudi vid hennar virðuliga grof, sva lengi sem þeir lifðu, ok urðu i þeim stad pindir i friði heilagrar kristni með ágetri<sup>5</sup> endalykt.

28. Hin sæla syndakona skein ok morgum taknum eptir sina framför. En þo sám ver, sagdi sa er soguna ritaði, einn  
 20 prest Pál at nafni i borginni Cesar Augusta, þann<sup>6</sup> er eigi villdi fela sik undir bænatrausti hennar, helldr a þat ofan trudi hann eigi taknum hennar. A nöckurum degi, þa er hann steig a hest sinn miukan ok makreiðan, til þess at rida erenda sinna, varð sa mótburdr, at hestrinn tok at laupa svo flugliga sem hit  
 25 skiotazta skogardyr um grafir ok götuleysi, sva at kennimaðrinn efaði, hvart hann skylldi láta af honum fallaz æ iorðina eða uppi sitia, ef hann mætti rada<sup>7</sup>. Ok meðan hestrinn for sva með ser, þa hugleiddi hann, hversu marga illa luti hann hafdi gort ok mælt i moti hinni sælu Marie Magdalene, ok het þa iðrandi at viðfrægia  
 30 þadan af hennar takn, ef hun leti ser soma at hialpa honum, þo at hann væri omakligr, i þessu [hinu mikla<sup>8</sup> vandrædi. Ok þat veittiz honum án dvol, þviat varla hafdi hann heitit staðfest, aðr hestrinn gerðiz honum audmiukr, sva at hann matti vikia honum æ hveria leið, er hann villdi. Hann gerði þa guði<sup>8</sup> þakkir ok  
 35 sælli Marie Magdalene. En svo hafði hann langt afleiðis riðit, at varla gat hann aprt sott allan daginn, þat er hann reið æfram, fra morni til dagnala af æði hestzins. Þenna sæa ver síðan hia

1 [tilf. B, C. 2 postoligstu B, C. 3 lif B, C. 4 rettet; Euthodius A; Eudvodius B; Eudodius C. 5 sælligr B, C. 6 saal. B, C; sa A. 7 saal. B, C; rida A. 8 æatlanligar tilf. B, C.

leiði Marie Magdalene vottanda með hinum mesta hiartans trega alt þat, er hann hafði við hana misgert, ok segiandi þenna atburð með mikilli viðrkomning ok iðran.

29. Hinn sæli Maximinus byskup ok iatari almattígs guðs styrði kristni sinni alt til dauðadags styrkiandi hana með predikan 5 ok iartegnum, þviat guðs milldi veitti fyrir hans bænir lif daudum ok syn blindum, heilsu líkþram, höltum göngu, [frelsing diófuloðum<sup>1</sup>, ok græðingh ollum sóttum. En þa er sa timi nalgaðiz, er hann vissi af gudligri vitran, at hann mundi liða or likam, let hann i þeiri sömu kirkiu bua ser steinþro hia steinþro sællar 10 Marie, var hann ok þar grafinn eptir sitt andlat. Ok er sæ staðr i sva mikilli virðing halldinn, at engin<sup>2</sup> konungr ok engin<sup>2</sup> höfðingi eða valldzmaðr, sa er þangat gengr at biðia ser miskunnar, er sva stollz eða storr, at eigi leggi hann fyrst vópn af ser at niðrkastadri grimd, ok gangi síþan med fullu litillæti i þat haleita musteri 15 med allri goðfysi; ok veitaz þar i þeim stað fyrir bænir sællar Marie Magdalene ollum, þeim er með fullri tru biðia ser miskunnar, slik þarfindi, sem guð ser hverium hialpsamliguzt, ef þeim heyrir at leysaz i þessum heimi; þiggia menn þar iafnliga bæði andar heilsu ok likama, at veitanda drotni Jesu Kristo konungi 20 allra verallda, þeim er með feðr ok helgum anda er vegr ok veldi, dyrð ok sæmd um endalausar alldir allda. Amen.

30. Þvi at vór osnilld<sup>3</sup> vinnz eigi til at telia mikileik ok fiolða takna sællar Marie Magdalene, niunu ver fá luti greina af morgum til trubotar heyronðum<sup>4</sup> monnum, ok segia fyrst fra því, 25 er likami hennar var fluttr or þeim stað, sem hann var fyrst grafinn, i þann stað, sem hon var lengi vegrömút af tilskipan guðligrar milldi.

I þann tima er líþit var fra pisl vars herra Jesu Kristz 5 .deoxl. ok niu ár, at rikianda hinum milldazta konungi Lodovico 30 ok Karolo syni hans, var viða goðr friðr i kristni guðs, nema þar sem Sáraceni - er Agareni heita med réttu nafni af Agar ambátt þeiri er Sára gaf i faðm Abrahe bonda sinum, ok gat af henni Ismaelem<sup>6</sup>, þann er þessi þioð var frá komin - striddi<sup>7</sup> æa kristnina. Var þat mest um Hispaniam ok þar nalæg riki, at þessi stormr 35 gekk yfir.

1 [ rak diofla fra odum monnum B. 2 eingi B, C. 3 litil mal-snilld B, C. 4 saal. B, C; heyrandi A. 5 eða upprisur hans tilf. B, C. 6 saal. B, C; Ismaelis A. 7 saal. A, B, C.



31. A þessum tímum hafði naliga í erfð tekit alla Burgundiam Geirarðr hertogi, sa er tengðum var bundinn við þessa fyrr nefnda konunga. Þessi maðr var hinn tignazti at burðum ok hinn diarfazti undir vópnum ok hinn audgazti at fiarlutum. Fru hans var iðfn at kynstærd ok at godum sidum ok at ollu agiæti. En þviat þau áttu engan erfingia, miðloðo þau sinn mikla fiarlut þeim monnum, sem gud óttuduz, ok olmosum hans med tiguligum frialsleik ok hugarkostum. Þar næst skipudu þau med hinu rök-samazta raði af fyr nefndri barnleysis sok sialfan gud sinn erfingia, ok lögdu margar eignir til kirkna med hinni hæstu goðfysi. Þau letu ok margar kirkiur ok munklifvi af nyiu<sup>2</sup> reisa ok lögðo þar til nogligar proventur af sinu goðsi þeim monnum, er þar skylldo gudi þiona i klerka sidum eda reglu. Nær þessum tima kom Johannes pafi af Roma norðr i Galliam fyrir bæn fyrir nefndra konunga ok hertogans. Ok milli annarra agætra luta, þeira er hann gerði i þessi ferd, vigði hann musteri þau, er Geirarðr hertogi hafði reisa latit fyrir hans bæn guði til sæmdar ok hans milld-uztu mofur Marie ok Petro ok Paulo höfðingium postola hans.

32. En er pafvinn hvarf apr i Rómam, sendi hann marga helga dóma fyrir ast hertogans<sup>3</sup> til mustera þeira, er hann hafði vigt. Ok er nockur ár liðu þaðan framm, af þrotnanda styrkleik<sup>4</sup> konungligs valldz varð Frakka riki fyrir miklum hernaði med sionum ok vida hvar annarstadar, ok fyrir margfolldum ránum ok manndrapum, sva at i mörgum stöðum brunnu klaustr ok kirkiur, ok Viceliacum munklifi, þat sem fyrr nefndr Geirarðr setti við æ þa er Chore heitir, var med ollu nidr brotit ok at velli lagit. Ok þa er af letti ofriðrinn, var þat smidat æ einum háfum halsi ok storliga brottum i öruggum stad fyrir ælaupum ok hernadi af þessum sama Geirardi med hinum mesta kostnadi ok mikilmenzku. Var þessi staðr kalladr Viceliacus, þviat þaðan ser ollum megin himin af klaustranum fyrir haleiks sakir halsins, ok kallaz Vice-liacus sva sem vicus celiacus, þat er himneskr bær eda nalægr himni. Ma þat tilheyriligt vera bædi fyrir himneskan lifnat þeira, sem þat klaustr hallda, ok fyrir haleik halsins. Var þar þa endr-smidut kirkia sællar guds modur Marie ok sælla guds postola Petri ok Pauli sem fyrr med mörgum ok miklum iartegnum.

33. I þenna tima hófðu Saraceni her uti um Hispaniam, ok eyddu þeir nær alla Aquitaniam ok mikinn lut af Provincia. Ok i þessum stormi brutu þeir höfudborgina Aquensem ok erkibyskups-

40 1 aud B, C. 2 upp tilf. B, C. 3 iarlsins B, C. 4 styrk B, C.

stolinn ok ræntu þar ollu fe ok toko mikinn fiolda folks at herfangi, en eyddu borgir ok bæi med elldi ok iarni<sup>1</sup>. Marga karla ok konur flógu þeir kvika, sem siðr er til at gora vid kristna menn. Ok sa ver siðarr, segir sa er söguna hefir skrifat, æ þetta hervirki, er ver truum vóra menn þolat<sup>2</sup> hafa i3 sitt syndagialld, þa er þau riki bygðu. En hermenn foru heimleiðis med sitt herfang [til sinna rikia<sup>4</sup>. 5

34. Ok því at mörgum monnum var kunnigt nær ok fiarri, at hin sæla Maria Magdalena hafdi af hinum heilaga Maximino byskupi grafin verit i Akvenses heraði, ok þar voro varðveitt hennar virðuligu bein, gerði fyrr nefndr hertogi Geirardus<sup>5</sup> ok Heydo abóti, er þa var yfir skipadr klaustrid i Viceliaco, þat rað med samþykki at senda þann munk, er Baldilo er nefndr, med fullkominni godfysi ok fengnu foroneyti i borgina Aquensem, at hann flytti helgan dóm sællar Marie Magdalene eða nöckut af hennar limum til þeira i fyrr nefndan stad, ef guðlig milldi villdi styrkia þessa ætlan. Hvat þarf þat til langmælis at draga, for hann ok fram kom. Ok at fundinni steinþro sællar Marie fluttu þeir hennar likam i Viceliacum, ok grofu þar med mikilli sæmð ok mörgum taknum, sem ver liðum<sup>6</sup> um sakir leti ok favitzku. 10 20

35. Sa atburðr gerðiz við þa borg, er Avern heitir, at riddari nöckurr varð fanginn i orosto ok settr af þeim, er hann toku, i [þungar beior<sup>7</sup>, sva at hann matti sik hvergi hræra. Ok at kominni hatið drottinligs burdar, þa er engi villdi fyrir hann borga þa utlausn, sem fyrir hann var lögð, skaut guðlig milldi því i hans briost at æsta hina milldo Mariam Magdalenam, at hun odladiz þat af vórum herra, at svo [leysti hon<sup>8</sup> hann af fiðtrum, sem hann leysti hana af syndum. En er hann kalladi opt æ hennar signada nafn, spruttu iarnin af hans lærleggium. En þegar er sa, er hann helt, vissi þenna atburð, gaf hann honum frelsi at fara, hvert er hann villdi. En sa sem bundinn var, bar berfætr þau sömu iarn i Viceliakum ok upp hengdi hia steinþro sællar Marie Magdalene vottandi ollum vidverondum, hversu guds milldi leysti hann fyrir arnan sinnar sælu þionostokonu. 25 30

36. Annarr maðr af borg þeiri, er Bituricas heitir, var ok strengðr med storum ok þungum fiðtrum af hinum agiarnazta ok grimmazta sinum ovin; hann ægdi honum pinslum ok limaláti, 35

1 iarnum *B, C.* 2 þolt *B, C.* 3 sakir(!) *B, C.* 4 [ i sitt riki *B, C.* 5 Geirardr *B, C.* 6 fatt *tilf. A.* 7 [ *saal. B, C;* þungbær iarn *A.* 8 [ *saal. B, C;* leystiz *A.*

nema hann gylldi fyrir sik sva mikit fe, sem hann mátti eigi faa. Ok er engin villdi borga fyrir hann, eggjaði hann einuhverr at snua sinni vón til Mariam Magdalenam. Ok er hann bað hana ser miskunnar at æsta vid almatkan guð, spruttu þegar um leið af  
 5 honum iarnin, sva at kolfrinn flaug niðr hia hælum honum. En allir ottuðuz, þeir er hia stoðu. Hann stoð þegar upp, þviat enginn bannaði honum, ok bar fiðtra, þa er hann [var bundinn<sup>1</sup> med, i klaustrið Viceliacum ok bað upp hengia i saunghusi hia steinþro sancte Marie vottandi þetta takn.

10 37. A þessum sama tima gerdiz þessu likt takn. Þar sem Castrum Lautonis<sup>2</sup> heitir, var lyðmaðr einn sterkliga fiðtradr æ hondum ok fotum, ok grimmliga ok ómannliga ok omilldliga kvaldr til fiarlausnar af einum ranglatum manni. Enn pindi maðr het þa med [afi allrar<sup>3</sup> goðfysi, at hann skyllði vera at eilifu þionn hinnar  
 15 heilögu Marie Magdalene, ef hun oðladiz med sinum verdleikum, at guds milldi leysti hann or þessarri nauð, sem hann var i staddr. Ok er hann hugsadi þat optliga, sa hann æ nockurri nótt standa fyrir ser storliga friða kono, þa er honum bauð með bliðu andliti upp at standa. Hann þottiz svara: «Bundinn er<sup>4</sup> ek, sva at ek  
 20 ma eigi upp risa.» Þvi næst vaknaði hann ok kendi sik lausan. Sþan gekk hann i Viceliacum ok gerði godri guds vinkonu<sup>5</sup> þægiligar þackir fyrir sina frelsing.

38. Mikill fioldi karla ok kvenna [villdo fara<sup>6</sup> æ skipi ok flytiaz yfir æ þa er Ligeris heitir. Ok er þeir voru kómnr æ  
 25 mitt diupit, gerði at þeim mikinn storm, sva at vindrinn kafði skipit. Allir þeir er æ skipi voro, urðu sva óttafullir við [vón voveiflign<sup>7</sup> dauda, at þeir gleymðu at æsta ser guð undankvamu med truar trausti eða bænahaldi. En þa er skipit tok at sökva, tendradi guðs milldi hiarta einnar konu at kalla með grátligri  
 30 roddu æ vinkonu vars lausnara, þott aðrir geymði ekki at hugsa nema grata dauða sinn, sva mælandi: «Heyrþu, hin goða guðs kæra Maria Magdalena! bid ek þik fyrir þau hin þægiligustu tár, er þu dögdir med drottinliga fætr, at fyrir þitt hit agiæta arnadar-  
 orð verða ek leyst or þessum haska<sup>8</sup>.» Ok þvi at hun var með barni, het hun, ef hun fæddi svein, at gefva hann til [munklifis  
 35 Viceliaco<sup>9</sup>. Vón hennar vard eigi at hegóma, þviat iafnskiott sem

1 [ hafði verit bundinn B.    2 Nautonis B, C.    3 [ allri B, C.  
 4 em B, C.    5 Marie tilf. B, C.    6 [ villdi roa B, C.    7 [ van  
 vaveiflign C.    8 lifshaska B; daudahaska C.    9 [ til munks i  
 Viceliacum B, C.

hun hafði heitit, vitraðiz henni virduligh kona, su er hönd sina retti til hennar ok með lettu sundi flutti hana til landz, sva at hun [lifvir þa einsaman<sup>1</sup> fyrir arnadarord sancte Marie Magdalene, en allir adrir druknudu. A næsta æari at fæddum sveininum ok skirdum, færði hun hann almatkum gudi ok sælli Marie Magdalene, 5  
eptir því sem hun hafði heitið henni.

39. Makligt er at vátta minniligt takn ok opinbert, þat er guðlig mildi gerdi fyrir verdleika sællar Marie Magdalene i hennar fyr nefndu klaustri at æasiandum mörgum monnum. Mikit folk karla ok kvenna kom til hennar virduligu grafar at æsta ser eirdar 10 i sinum nauðsynium. I þessu liði kom þangat ein ung mæ, su er modir hennar leiddi; hennar fingr lagu allir i lófa æ hinni hægri hendi, sva at hun var med ollu onyt til vinnu. Kunnig var konan ok kunnigr var staðrinn, hun var af því heradi er Alisium heitir af eign Marcelli<sup>2</sup>, ok het hun Alleburgis. Um kveldit þa 15 er munkar sungu aptansöng eptir vanda<sup>3</sup>, gekk hun optligha til altaris biðiandi ser miskunnar ok kallandi æ nafn sællar Marie Magdalene. Ok um sidir þa er hun ætladi fra kirkiu at ganga, mintiz hun við þat heilaga altari, er i mestri virðing var halldit af folkinu, leggiandi þar æ bada hnefa. Ok þegar um leid er hun 20 retti sik upp, sa allir, þeir sem hia stoðu, með guðligum krapti retta fingrna ok hondina heila. En at sienu þessu mikla takni lofudu allir gud ok sæla Mariam Magdalenam.

404. Eigi er ok med gleyming yfirlidanda þat dyrliga takn,

1 [einsaman þaa lif B, C. 2 Merelli B, C. 3 veniu B, C. 4 Herefter 25 optages Recensionen B og C i Texten, da A her er betydelig afvigende, og Sagsaens Slutning desuden mangler i denne Codex. Cap. 40 og hvad der er tilbage af Cap. 41 meddeles her nedenunder efter A:

40. Eighi trui ek um þat lidanda, at einn blindr madr var af því virki, er Kæistellum heitir, leiddr til nefndz þess munklifis. En þa er leiddtozi hans vóttaði sik sia musterit i klaustranum, kalladi hinn blindi: «Heyrðu, heilog Maria Magdalena, hvart mun mer audit verða at sia turna þinnar kirkiu?» Ok iafnskiott sem hann hafði þetta mælt, lukuz upp augu hans, ok sa hann þegar, sva at mila var millim hans ok staðarins, þat sem hann hafði beðit. 35

41. Með ollu er eigi yfirhylianda með þögn þat dasamliga stor-merki, er guðligh mildi fullgerði æ einum pilagrimi. Einn riddari var sa, er upp sotti til stadar hinnar goðu guðs vinkonu með mikilli goðfysi eptir sið sinnar þiodar. Ok þa fyrir litlu aðr hafði hann hennar grof vitiada með mikilli astsemd. Litlu sidarr er hann gekk i orrosto, fekk hann bana fyrir vópnum sinna ovina. Ok af frændum ok vinum var hann sveipaðr eptir hætti með sveitaduki, ok vakat yfir honum med mikilli hrygd ok grati. Ok millum annarra sutfalldra orða toku menn 40

er veittiz einum blindum manne. Sa var af þeim stad er kalladr er Kastal, hann for til klaustrs heilagrar Marie Magdalene, þess sem fyrr var nefnt, væntandi at hann mundi þar heilsobot fa, ok er leidtogi hans sagdi honum, at hann sa kirkiuna, þa sem þeir  
 5 skylldu til sækia, kalladi hinn blindi madr svo mælandi: «Heyrdu hin helga Maria Magdalena, villda ek, at su hamingia kæmi mer at hendi, at ek mætta sia turna kirkiu þinnar.» En er hann hafdi þetta mællt, þa lukuz skiott upp augu hans, ok feek hann syn  
 10 eptir milo leingd leidarinnar.

41. Med'ollu [eigi er ok<sup>1</sup> hliodi hylianda dyrdarfullt stor-merki dasamligs kraptz, þat er hin helga Maria Magdalena vann<sup>2</sup> vit einn sinn pilagrim i því landi, er Aquitannia heitir. Þar var riddari sa einn, er eptir sid þess landz elskadi hennar heilagleik af  
 15 öllum hug, hann hafdi ok nockut sinn vitiad med godfysi hennar heilags doms. Nöckuru sidarr þa er hann var i bardaga staddr, var hann drepinn af sinum ovinum. Frændr hans ok vinir toku lik hans ok sveipudu dukum, sem þar var sidr til um dauda menn at bua, ok sætu sidan yfir likinu med hrygd ok græti. Toko  
 20 eptir þat fulltings at bidia sæla Mariam Magdalenam med harmandi kveinan ok æ at minnaz med enu diarfligsta<sup>3</sup> tilmæli miskunnarinnar, hversu miok þessi enn daudi hafdi hana elskat, þa er hann var lifandi, ok svo sem þeir undruduz, fyrir hveria sok hun let pilagrim sinn deyaia án iatning ok idran synda. Med miskunn guds  
 25 ok fyrir tru þeira ok bæn eptir litla stund tok at hræraz likami ens dauda. Allir þeir sem hia voru undruduzt<sup>4</sup> miök. Eptir þat settiz hann upp ok bad, ath hann skylldi vera leyst af næbondum. Sagdi þa, at heilog Maria Magdalena let hann endrlifna, til þess ath hann mætti skriptaz ok idraz synda sinna, þvíat þeir höfdu æ  
 30 hennar nafn kallat med hreinni tru ok heilagri bæn, sagdi ok, at hanu mundi þegar andaz, er hann hefdi þionostu tekit. Eptir þat var hann leyst, sem hann bad. Komu þa til hans prestar. Skriptadiz hann sidan ok giordi idran fyrir syndir sinar, ok er hann hafdi bergt holldi ok blodi Jesus Kristz, leid hann annat  
 35 sinn af þessum heimi. Margir voru vottar ok sannanarmenn

med mikilli asakan at telia æ sæla Mariam Magdalenam fyrir astar sakir við hinn framlidna, fyrir hvi hon hefði þolat, at pilagrimr hennar hlyti voveifligan dauda, svo at hann fengi eigi iatat syndir sinar eða skript tekit. Ok þa er þeir höfdu lengi

40 1 er eigi C. 2 tilf. C. 3 dyrligsta C. 4 ottuduz C.

þessarrar iarteignar. Nockurir af þeim komu i Viceliacum ok sögdu þenna atburd fyrir otalligu folki, er þangat hafði sotti af ymisligum londum eda herodum, svo sem hann hafði gerðz. A enum fysta paskadegi [drottinligrar upprisu<sup>1</sup> lysti þessi iarteign fyrir ollum hiauerondum<sup>2</sup> byskup af borg þeiri er Katurica heitir, er kominn var i Viceliacum heim at sækia helgan dom sællar Marie Magdalene. Dyrkadiz þa drottinn Jesus Kristr a sinni upprisutid af tvenre upprisu þessa riddara, er fra var sagt, er hann lifnadi um stund af likamligum dauda, til þess ath hann hreinsadz af syndum ok risi upp af andar dauda. Lofudu allir gud ok sæla Mariam Magdalenam, er fyrir sina verdleika audladiz af almatkum gudi svo mikla hialp þeim til handa, er hana hafði af ollum hug elskat.

42. Su en agæta iarteign er nu man ek segia, veitir ollum syndogum monnum mikit traust sannrar vonar<sup>3</sup>, at þeir munu finna likn ok lausn sinna misgerða, er fyrir nafn sællar Marie Magdalene bidia ser litillatliga gud miskunnar. Einn madr, sa er gerdi idran sinna misverka, ritadi syndir sinar æ einu brefi, eptir þat for hann i Viceliacum ok fal þetta blad undir duki æ alltari sællar Marie Magdalene, ok er hann hafði lokit bæn sinni, adr hann snere heim æ leid, tok hann brefit. Ok er hann leit æ þat, sæ hann, at allt var af mad, þat sem æ hafði verit ritad. Skildi hann þa af opinberligri iartein, at hann hafði likn audlaz i augliti gudligrar milldi fyrir bæn ok arnadarord sællar Marie Magdalene.

43. Þat gerðiz æ odrum tima, at einn riddari, sa er ættadr var af Aquitannia ok þar fœddr, for til vöku i Viceliacum, ok er hann ætladi eptir lyktada bæn til sins heimilis at venda, kom hann i þann stad, sem ovinir hans sato fyrir honum, einn madr med sonum sinum, þeira brodur hafði riddarinn adr drepit. En er hann vard varr [þessa ofridar<sup>4</sup>, hliop hann skiotliga af baki mul þeim, er hann hafði æ setid adr, ok setti hann fyrst i mot sverdum sinna ovina. Ok er einn af þeim brødrunum geek sva diarfliga fram, at hann villdi mulinn i braut keyra, sva at riddarinn hefði öngva hlif af honum, ok þeir mætti audvellegða taka til hans medr sinum wopnum, edr þeir mætti hann höndum taka, þa bar sva til, ath pilagrimr sællar Marie Magdalene feck þenna tekit. Weittiz honum ok skiott medr gudligri giof<sup>5</sup> svo mikit afl, ath hann setti brodur i mot brædrum ok son æ mot födur ok hlifdi ser medr þersum skilldi i mot þeira skotum ok sverdum. Eptir þat giorðiz

1 [ þa er halldin er hatid drottinligrar upprisu C. 2 lyd tilf. C.

3 truar C. 4 [ vid þessa ofridarmenn C. 5 milldi C.

sva medr vitian gudligrar mildi, ath reidin sefadiz ok sneriz i hogwæri; fellu þeir nu aller fram a iordina fyrir fætr honum ok badu ser liknar fyrir sina dirfd, sogdu sik wera seka vit gud ok iattudu sik misgert hafa vidr hina millduztu Kristz þionostukonu

5 Mariam Magdalenam, ok hetu nu, ath þeir skylldu honum all dri sidan grand gera. Giorduz þeir sidan fullkomiiga sattir sin a milli fyrir miskunn sællar Marie Magdalene ok foru til sinna heimkynna lofandi gud ok hinu helgu Mariam Magdalenam. En sæ, er hun hafdi af daudanum leyst ok frelsat, gerdi henne margfalldar þackir,

10 svo sem hann hefdi fyrir hennar mildi af helviti ok sialfum andardaudanum upp risit. Lati drottinn vorr oss tyia bænr sællar Marie Magdalene, sa er med fedr ok helgum anda lifir ok rikir gud um allar all dir all da. Amen.

## MARTINUS SAGA BYSKUPS.

### I.

(Cd. 645 qv.)

#### S. Martini episcopi.

Martinus var æzæpr af Ungara lande, en hann var fædr a 5  
Langbarþa lande. Frendr hans voro cyngøfger oc þo heipner.  
Pater eius var riþera hefðingi, en hann fylgþi sialfr oc riþera  
syslo i eóseo, þevgi at sialfvilia sinom, þviat hann fystez guþi at  
þ(i)ona þegar a ungom alldre. Þa er hann var .x. vetra, þa fór  
hann til kirkio at osatt frenda sinna oc beidez at vera primsingdr. 10  
Þa snørisc (hann) allr til guþs lofs, svat hann ætlaþez at fara i  
einseto, þa er hann var .xii. vetra, ef eigi bannaþe ostyreleicr  
eóseo hans. En þo var hugr hans avallt i munclivom eþa at  
kirkiom, oc barse hann þat fyrer a ungom aldre þegar, sem hann  
fylði i verki siþan. En (er) þat var boþorð kononga, at gamalla 15  
manna syner være tekner til riþera syslo, þa var oc Martinus  
tekenn til riþera liþs, þviat pater eius seldi hann fram, es oþocca  
lagþe a tru vere hans. En þa var hann .xv. vetra. En þion let  
hann ser fylgia, oc þionapi hann þeim sialfr oftaz oc dro scofot af  
honom oc þerde, oc oto baþer mat saman. Þria vetr fylgþi hann 20  
riþera syslo, aþr hann være scirþr, oc var þo hreinn af øllom  
þeim læstum, es þeire syslo ero vaner at fylgia. Micla gozco oc  
ast oc þolenmøþi, micla ast oc litelæte hafði hann við alla sam-  
riþera sina. Sva sparliga neyti hann oc fozzlo, at hann þóte heldr  
a þeiri tíð muner en riþere. Af slicom (hlutom) var hann hug- 25  
þeær øllum samriþerum sinum, svat aller unno honom. Eigi var  
hann enn ða scirþr, oc gærði hann þo hvitvoðungs vere, þviat hann

1 lat.: veteranorum.



veite hiolp vesolum oc vann með þeim, er erviþe hefðo, føde valaþa oc clædi næþa<sup>1</sup>. Ecce hirde hann sér af riþera fe nema hversdagliga atvinno, minntese guþspiallex<sup>2</sup> mals oc bar eigi ahyggio fyrer aurom annars dax fetzlo.

5 2. Þat var of vetrardag i frosti miklo, at Martinus mæte clæþlausom manne i borgarhlípe. Sa bað þa, es umb líþo, at þeir miscunnape honom. Þa scilþe<sup>3</sup> guþs maþr ser vera ætlaðan þann, er aþrer veitu eigi miscun. En hvat scylde<sup>4</sup> hann gefa, þar er hann hafði þa eki nema clæþi þau er hann stoð í, þviat hann hafði  
10 oll aunnor veit i slicia þurft. Þa bra (hann) sverðe oc reist i svndr metul sinn oc gaf halvan enom valaða, en [halvan hafðis hann sialfr<sup>6</sup>. Þa hlogu sumer at honom, er hann var stutbuen. En þeir comose við, er heille voro i hug, er þeir hefðo eki slic vere unnet, þar es þeir mato clæþa enn auma, svat þeir være  
15 (o)calner efter. Enn ena næsto not efter, þa er Martinus somnaþi, þa sa (hann) Crist<sup>7</sup> serydan þeim hlut motuls, es hann gaf enom valaþa. Þa mælte Crist<sup>7</sup> við engla líþ, er hia honom stoþ: »Martinus p(r)imsingdr at eins clædi mik þvisa clæþi.« En Martinus hofse eigi til metnaþar efter þessa syn, þót hann kenndi gøzseo  
20 guþs i sino verki, heldr toc hann scirn, þa er hann var .xviii. vetra. En þo hvarf hann eigi fra riþera syslo, þviat líþs hofþingi dvalþi hann oc het þvi, at hann mundi fyrerlata veraldar syslo efter scirn.

3. En er vikingar herioþo a Fraclande, þa samnaþi Julianus  
25 líþe oc tok at [heita heitfe<sup>8</sup> riþerom. Þa þotese Martinus finna macliga tíþ at leynas(!) fra riþera syslo oc melte við konongenn: »Hingat til þionaða ec þer, latu mic nu þiona guþi. Taki sa gíof þina, er beriase scal, en ec em Cristz riþere, oc er mer eigi lofat at beriase.« Þa reidez konongr oc qvat Martinum fyrer hugleyse  
30 vilia raþase fra orosto en eigi fyrer tru. En Martinus svaraþi: »Ef þu eignar þetta hugleyse mino heldr en tru, þa mun ec fara a morgen vapnlaus til orostu oc ganga i gegnom fianda sveit i Jesu Cristz crossmarki serydr en eigi scilde ne hialme.« Þa var Martinus varþveitr, at reynt mæte verþa, ef hann efndi þat er hann  
35 het. En annan dag sendu vikingar sendimenn til friþar oc gengo a hænd kononge orostolaust. Þena sigr veite guþ af þenom Mar-

1 *necqua Cd.* 2 *evþspiallex Cd.* 3 *sliþe Cd.* 4 *scylde scyldi Cd.* 5 [ *hafan Cd.* 6 *ipse Cd.* 7 *.xm. Cd.* 8 *riþigere veita heidfe; donativum erogare militibus lat.*

tini, at eigi yrði hann sendr vapnlaus til orosto, þvíat þann sigr ate Cristr at veita riðera sinom, at aller sætesc ón mannfalle.

4. Síþan hvarf Martinus fra riðera syslo oc for i borg þa, er Pictauis heiter a Fraclande, oc sote heim helgan byscop þann er Hilarius het, oc var hann lengi með honom oc toc næqveriar enar minne vigslor, þvíat hann villdi eigi taca enar meire. Þa var hann mintr i draume, at hann færi til ættiarþar sinnar oc telþi þar tru fyrer frændom sinom. En byscop baþ hann mioc, at hann seyldi afr coma at lokenne syslo sinne. Martinus var hryggr, aþr hann færi i for þessa, oc sagþi brøþrom, at hann mendi margar meingørþer taca i fòr þeire, sva sem síþan reyndisc. Þviat þa er hann for suþr of fiall, þa mæte hann illvirkiom, einn þeira reide øxe at honom, en annar støþvaþi. Þa var hann tekinn oc bundinn oc seldr einom þeira til varþhalz. En sa leide hann fra auprom oc spurþi, hverr hann vøre. En hann sagþisc cristenn vera. Illvirkenn spurþe, ef hann hrødesc. En Martinus letze alldregi ohrødare en þa, þvíat hann qvaze vita guþs miscunn þvi meire iver ser, sem freistnen var meire. En hann letze meir harma illvirkian, er eigi var verþr miscunnar. Þa toc illvirkinn tru, es Martinus hafði lengi talet fyrer honom, oc læysti hann or bøndom oc fylgþi honom a gæto, oc sa marger þann síþan i siþligo live. En er Martinus for fra Meilansborg of dag, com diofull a mot honom i mannz like oc spurþi, hvert hann færi. En Martinus qvatse fara þangat, sem drotenn callaþi hann. «Hvargi sem þu hverfr eþa hnigr, qvat fiandinn, þa mun diofull standa at mote þer.» Martinus svaraþe: «Drotenn bergr mer, eigi mun ec hrøpasc, hvatki sem menn gera við mic.» Þa hvarf ovinn o(r) auglite hans. En sva sem Martino sagþi aþr hugr, þa leysti hann moþor sina oc marga aþra fra heipne i kenningom sinom. En pater eius hvarf eigi fra villo. En Arrius villa for umb allan heim. Þa reis Martinus einn berliga i gegn otru kennemanna, oc toc hann af þeim margar meingørþer oc bardaga, oc var hann braut rekinn or borg, oc for hann þa til Langbarþa landz. Þa fra hann, at Hilarius byscop var rekenn fra byscopsstole sinom fyrer ofriþe villo-manna, oc for hann þa til munclivis i Meilansborg, oc var þar undz villomenn toco hann enn a braut þapan. Þa for hann til eyiar þeirrar es Gallinaria heitir, oc ein(!) heilagar(!) prestir með honom, oc lifðe nækveria stund við grasa røtr. En er Martinus fra, at konongr hafði lovat Hilario afrcomo til stols sins, þa for

hann norþr a Fracland efter byscope, oc toc Hilarius feginn við honom. Oc sete Martinus munclife scant fra Pietausborg.

5. A þeirð tíð com .i. primsignðr maþr til Martinus at heyra kenningar hans. En er þaþan liþo faer dagar, þa toc sa maþr  
 5 braþa sot oc dó fyrr enn hann vøre seirþr. En Martinus hafði heiman faret oc com þa heim, er hinn var nyandaþr, oc stoþo muncar hryggver i ver liki hans. Þa bað Martinus alla út ganga fra likino, en hann lauc aftr durom oc fell a kne til bõnar hia likino. En er hann hafpi lengi a bøn veret, þa scilþe hann, at  
 10 guþs crafr nolgaþise, oc retese hann up af bõn: oc beiþ misericordie dei. En er þaþa(n) liþo tver stunder, þa hrørþise enn dauþe oc hóf up augo sin. Þa gorþi Martinus þacker guþi oc lau(e) up huseno, oc sæ aller þar livanda þaum, er þeir baro dauþan þangat. Siþan toc hann seirn oc lifðe marga vetr siþan. Oc var hann it  
 15 fyrsta vitne crapta Martinus. En hann sagþi sig vera leidan fra licam fyrer domstol ogorlex domanda oc dõmþan til myrera staþa. Þa como .ii. englar fyrer do(m)andan oc sogðo, at þar var sa, er Martinus (baþ fyrer). Siþan leido þeir ener somo englar hann aftr til licams, oc lifnaþi hann.

20 6. Enn for Martinus annan dag of aer eius auþex mannz, þess er Lupicinius het. Þa heyrþi hann grat oc horausti oc spurþi, hvi þat gegndi. En honom var sagt, at .i. þrell hafði hengþan sic. Þa gec Martinus inn i hus, þa(t) er liket la, oc byrgþi uti  
 25 alla aþra, oc var lengi a bøn hia likino. En er hann reis af bõn, þa lifnaþi enn dauþi oc leitaði við up at risa. Þa toc Martinus i hõnd honom oc seti hann á fõtr oc leide hann livanda út ór huseno i augliti allz lyðs.

7. A þeirð tíþ var Martinus valþr til byscops i Turonsborg. En eigi var auþvelt at coma honom fra munclife sino, aþr .i.  
 30 borgarmaþr fann þat raþ, at hann sagði sot kono sinnar oc baþ Martinus fara þangat. En er hann com til borgar, þa var þar mikill mannfiolþi saman comenn, eigi at eins þeirar borgar lyðr heldr oc af 3 enom næstom borgom oc herõpom, oc var einn vile  
 35 oc eit atqveþe allra at vilia Martinum til byscops. En faer voro þeir, er þvi mëlto i gegnu, oc fundo þeir þat til, at hann vøre liotr at alite oc illa horþr oc herviliga buenn, oc męti hann af þvi eigi byscop vera. En þeir er heilli alit hõfðo, hlogo at heimseo hinna oc qvaþo þa lova Martinum, þa er þeir villdo lasta hann, þviat þeir mato engva sanna alcitne finna i gegn honom. Sa byscop er

nemdr Defensor, er mest stoð i gegn alþýðo vilia of þetta mal. En hann varþ ða þungliga fyrer rekinn með spamannz orþom, þviat sa mate eigi til comase fyrer þrong manna at lesa i otosengve, er lesa scyldi. Þa toc sveinn nocqerr up saltera oc sœng vers þat, er hann fann fyrst. En sva mæler i verseno: Af munne barna oc u(n)gmennes gærðer þu þer lof, drotenn, i gegn ovinom þinom, at þu eydir (ovin) oc Defensorem. En er þetta vers (var) sunget, þa gærþise romr af alþýðo, oc scœm(muþ)use gagnmælendr, en allir tœlþo at guþs raþi þetta vers sungit, at ovinr þeira Defensor heyrði þetta [til vitnes<sup>1</sup> verx sins, en af ungmennes munne hœvise lof guþs iver Martino.

8. En siþan er Martinus toc byscops vixlo, þa helt hann eno sama litilleti i h(i)arta sem fyrr oc enom sama clæþabuninge. Oc var hann sva fullr af scynsemi, at hann varþveiti byscop(s) tign en tynde eigi munca sit. Hus ati hann afast kirkio nœqeria stund. En er hann leidese alþýð(o) þys, þa fœrþi hann hus sin .ii<sup>er</sup>. milor fra borgenne. En sa staþr var sva miog af manna vege, at eigi þurpte annarrar einseto, þviat þangat ma einom megin comase of þrongva gœto mille fiallz oc ár þeirar er Liger heitir. Þar lét Martinus setia munclive sit, oc fylgðo honom þangat marger muncar; .lxxx. voro lerisveinar hans, þeir er epter hans dœmum lifðo. Aller hluter voro œllom sameigner, oc var œngom lovat þar at selia ecki ne caupa. Enge var (i)þrot ne sysla framet nema rit, oc gærþo unger menn einer þat, enn ener ellre tœmþose avalt til þonar. Falega gengo þeir ut or huse nema til kirkio, oc drac engi þar vin nema siyer være. Flester voro þar hareþþom scrydir. Þeir urþo marger þar siþan byscopar, þvi at œll þioð villde helzt velia ser kennimenn yr munclif Martini.

9. Staþr var .i. scæmt fra Turonsborg, sa er menn hugðo helgan vera af greþtri guþs vata, þviat ener fyrr byscopar leto þar kirkio gœra oc altare. En Martinus spurþe ena ellzto kennimenn bœþi at tið oc at namne þislarvata þeira, er þar voro grafner. En er þeir visso eigi scyrt at segia honom, þa sa hann við at coma til þess staþar, oc leitape eigi a alþýðo siþ, þviat hann vise eigi et sanna, oc (eigi) veite hann þeim fullting, at eigi effdi hann villo. Þa for hann of dag með fa munca til þessa staþar oc stoþ lengi fyrer altare oc baþ guþ, at hann syndi .honom, hvær þar være grafinn. Þa leit (hann) til vinstri handar standa leiþilegan scugga, oc bauþ hann honom at segia namn sit oc verþleic. En

<sup>1</sup> [ *rettet*; tnes *Cd*; ut testimonium operis sui Defensor audiret *lat.*

(sa) sagbise veret hafa þiofr oc drepenn fyrer glæpi sina oc eiga ecki sameign með helgom monnom. Þessa røð heyrðo aller, þeir er hia voro. En Martinus einn sa þann er mælte, oc sagði hann hvat hann sa, oc let braut taca altari, þat er þar var, oc leysti  
5 lyð fra villo.

10. Enn mæte Martinus of dag monnom þeim, er liki heipens (mannz) fylgþo til gravar, oc nam hann staþar, er hann sa mart lip fara, oc visse eigi, með hvat þeir foro. En er hann sa, at vindr hrørþi duca iver likino, þa hugþi hann, at blotmenn  
10 vøre, þviat þorþkarlar voro vaner oft at bera securþgot hvitom ducom hulet of acra sina. Þa gørdi (hann) crossmare a mót þeim oc bað þa hrørasc (hverge) or stað, aþr þeir legþi byrþe sina. Þa stirþno(þo) þeir fyrst sem steinar. En er þeir leitubo viþ at hrørasc, þa snorusc þeir i hring oc mato eigi framar ganga, unz  
15 þeir logþo niþr likit, oc sa hverr til annars, oc visso eigi, hvat þeim var orþet. En er Martinus sa, at þeir foru með lik en eigi með blót, þa gørdi hann cross efter þeim oc gaf þeim leyfi at fara með liket þangat sem þeir villdo.

11. Enn vilde Martinus høgga blottre up eit a nøqeriom  
20 bø, en heipner menn riso i gegn oc léto hann eigi høgga treet. En hann talþe fyrer þeim oc qvat eigi goðdom vera i tre heldr diofla blot, oc qvat hann þeim heldr fallet at þiona hinnaguþi, sem hann leze þiona. Þa svaraði .i. þeira, sa er diarvastr var: »Ef þer er nøqvert traust i guþi þinom, ðeim er þu þionar, þa munom ver  
25 sialfer høgva treet, en þu tak vit þvi, es þat fellr, oc mun þic þat eki saka, ef guþ þinn es með (þer), sem þu segir.« En hann het þeim þvi ohrodr at gøra þat, er þeir beido. Þa urþo þeir aller sater a þenna maldaga, oc virdo þeir litels scaþa tresens, ef þeir felldi þvi ovin blota sinna. En treet var hallt a einn veg, svat  
30 einsynt var, at þangat munde falla, oc bundo þeir Martinum þar undir treno, oc hyggio(!) þeir sialfer oc voro glaþer. En muncar stoþo langt fra oc greto oc væto eigi lifs Martino. En er treet brast oc reiþ ovan at høfði honom, þa gørdi hann crossmare a mot þvi oc hafði traust allt i guþi. Þa fell treet af þvero fra Martino,  
35 sva sem vinnde lysti a mot, oc var at comet, at nøqverer menn myndi verþa fyrer treno, þeir er aþr þotoz i eoruggom stað vera. Þa toco heipner menn at undrase tácn. En muncar feldo tár pro gaudio, oc lofuþo hvarertveggio nomen Jesu Cristi, oc var mioc sva engi efter af þvi liþe, sa er eigi tæki tru oc hafnaþi blotum.  
40 En aþr Martinus qvæmi þangat, þa voro faer eþa enn helldr engver

heraðsmenn, þeir es kynni namn Cristz, en af hans croptum oc dæmom efdesc trua, svat nes hvert (oc) herað (var) kirkna fult eða munclifa, þviat þar es hann braut hof, þar let hann kirkio gera eða munclifi setia.

12. Slican crapt synd(i) Martinus enn a annarre tíð, þa er hann lagþe eld i hof a næqveriom bæ; þa laust eldi i hus þat er nest var hofino. En er Martinus sa þat, þa ste hann up a huset scyndiliga oc rann a mot eldinom. Þa mate þar lita sialldsena orostu, er þeir elldr oc vindr gengose at mote, oc gøðise sva af craste Martinus, at eldr vann þat eit, er honom var boþet at vinna. 10

13. Enn villdi Martinus briota et blotaþgasta hof a øprom bæ, oc reis i gegn honom micell fiolþe heiþenna manna oc roco hann a braut meþ micelle meingeyrþ oc bardøgom. Þa for hann þaðan til nalegs staþar oc scrydise hareleþe oc fastaþi .vi. døgr oc baþ, at guþs crafrtr bryti hof þat, er hann mate eigi briota fyrer 15 ofrike manna. Þa syndise honom .ii. englar sva sem riþerar vapnaþer oc scialdaþer oc letose sender af guþi at veita liþ Martino oc støþva heiþenn lyð, at enge rise i gegn honom, meþan hann bryti hofet. Þa hvarf Martinus afrtr til bæiar oc braut hofet alt til iarþar oc øll scurþgøð oc stalla, er þar voro, at augsiøndom 20 heiþnom mænnom, es hia voro. Þa scilþo þorpcarlar sic vera støþvaða af guþs craste, at eigi berþiz þeir lengr i gegn byscopi, oc toco mioc sva aller tru oc neito scurþgøðom, þeim er hvartki mego biarga ser ne øprom.

14. Þat var enn er Martinus braut hof a einom bæ, at 25 heiþner menn riso i gegn honom; .i. þeira, sa er diarfastr var, bra sverþe oc villde þegar høgga Martinum. En er hann reide sverþ at Martino, þa fell hann openn oc varþ hrødr fyrer guþs crapte oc bað ser lienar.

15. En brøt Martinus scurþgot i øprom staþ, oc villde .i. 30 heiþenn maþr leggja saxe a honom. En (er) hann lagþe þvi fram, þa fell saxet or hefte oc fannze alldregi. Oft gat hann sva talet fyrir heiþnom monnom, at þeir bruto sialfer scurðgot sin, þau er þeir bønnoþo honom aþr at briota. Sva var hann matogr at grøþa siuca, at enge com sva siucr til hans, at eigi tøki þegar 35 heilso sina.

16. I borg þeire er Treveris heitir, var mæer siuc 1, su er sic hafði til enskes hrørþa lengi, oc var mioc sva dauþ at øllom licam. En frændr hennar stoðo þar hryggver oc biþo anlatz (hennar), þa

er sagt var, at Martinus var comenn til borgar. En er þat heyrþi pater meýiar, þa rann hann þegar til kirkio oc fell til fota Martino, oc mælte: »Doter min deyr vesalegom dauþa, oc er þat dauþa verra, at ande er i briosti henne, en lica(m)r er mior sva dauþr. En ec biþ, at þu comer oc bletzer hana, oc vęti ec, at hon mune af þer heilso taca.» Martinus svaraði oc qvat inn gamla mann eigi virþa ret, oc talðesc hann overþr at geta iarteinir at guþi. En pater meýiar baþ ðess at meirr, at Martinus vitiapę hennar, oc baþo meþ honom byscopar, þeir er þar stoþo hia. Þa for Martinus til husens, en margr lyðr stoþ fyrir ðurom husens oc beiþ ðess, er guþs þrell hugþi at gera. En hann fell til þonar fyrst, sem hann var vanr i slicca þurpt. Siþan vigði hann viþsmior oc helkti i munn meýionne, oc toc hon þegar mal sit. Þa toc allr lica(m)r hennar at styrkiase, sva sem hann for hęndom umb; unz hon reis up heil oc stoþ a fętr sina.

17. A þeire tið ęrþesc þrell hofþing(i)a ðess er Tetradius het. En er Martinus var þepinn at bletza þann, þa baþ hann leiþa til sin en oþa. En ohreinn andi let eigi braut leiða en oþa, heldr beit hann til þeira, er taca vildo hann. Þa fell Tetradius til fota Martino oc bað, at hann qvęme sialfr til ens oþa. En Martinus letze eigi fara mundo til hus heiþens mannz. Þa het Tetradius at taca tru oc scirn, ef þrellenn yrþi heill. Þa for Martinus oc rac ohreinan anda fra sveininom. En Tetradius toc scirn oc lagþi ast a kenningar Martini oc iarteiner.

18. Þa er Martinus gec inn i hus næqers buanda of dag, þa stoþ hann a þresk(e)ldi oc letze sia hrepiligan dioful i sciðgarþe oc bauþ honom braut at fara. Þa ęrþe [ohreinn ande i. þion, er a gęto hans varþ, oc toc sa at gnista tęnnom oc bita til þeira, er fyrer honom urþo, oc hrędoz aller við hann oc flyðo. En Martinus gek a mot honom, oc nam hann staþar. En inn oþi for i mót meþ gapanda mun. Þa reti Martinus fingr sina i munn honom oc mælte: »Bitu fingr þessa, ef þu mąt næqvæt.« En hann gafði(!) munn þess at meirr, sem hann tęki við heito iarne, oc þorðe eigi at bita fingr hans. En er Martinus neodi(!) ohreinan anda braut at fara fra enom oþa, ða for hann meþ valldgange, þviat honom var eigi lofat ut at fara or munne.

19. Þa er Martinus com til borgar þeirar er Parisius heitir, þa mæti (hann) lieþrom manne, oc cy(s)te hann oc blezaði honom. Oc varþ sa þegar heill oc com til kirkio annan dag efter oc gerði

40 1 [rettet; ohreinde Cd.

þacker guði fyrir heilso sína. Þat er oc sagt frá Martino, at siukir menn finga oc heilso sína oft, er þeir snurto við trefr af cleðom hans.

20. Arborius het greife, trúr maþr oc vitr. En doter hans [hafðe riðosott.<sup>1</sup> En rit Martinus hafði þangat comet litlo apr. 5  
En er (sottin) com at meyonne<sup>2</sup>, þa lagðe Arborius ritet iver briost henne, oc hvarf ðegar soten frá henne. En Arborio þote sva micels vert of iartein þessa, at hann hét guði meydome hennar, oc for þegar sialfr<sup>3</sup> at færa hana Martino, at hann vigþe hana til nunno oc serydi hana meydoms scrufe. 10

21. Paulinus het maþr, sa er auga síns annars hafðe mist i sot. Þa dro Martinus fioptr iver augo hans, oc nam þegar allan vere or augom hans, oc toc hann sion oc varþ síþan trumaþr micell.

22. Maximus (var) sigrsell<sup>4</sup> i orostom oc sva rikr oc dramlatr, at engver kennimenn ne byscopar þorðo i gegn honom at 15  
mæla ne hirðmonnom hans nema Martinus einn, er postola crapt hafði i ser, þviat ef hann vilde konongenn næcqvers beiþa, þa bauþ hann þat scyldlega heldr en hann bæþi, oc sa hann við at coma til borþs með honom, þot konongrenn byði honom heim með ser, oc qvað ser ofallet vera at blanda mætuneyti við ðann, er annan 20  
konong hafði felldan en annan flömðan ór lande. En Maximus svaraði þvi, at (hann) tæki eigi konongdom af fyse sinne heldr at raþe landzmanna, oc letze hann scylldr at veria land<sup>5</sup> sit, oc qvað hann eigi guþs vilia horfinn frá ser, þar er hann hafðe gagn haft i þeire sócn, (er) enge vate<sup>6</sup> honom sigrs. Af slicom orþom eþa 25  
bénom konongs for Martinus of dag til hallar konongs, oc varþ hann glaðr, es hann gat þat at honom. Gøfgom mœnnum var bopit sem at hatið. Þar var inn retlatasti iarl Euodius oc .ii. ener æzto rikismenn br(o)þer konongs oc foþurbroþer. En a mille þeira sat prestr Martinus, en hann sat sialfr<sup>3</sup> a stoli fyrir kononge. 30  
Þa var kononge forþr dryckiarbolli. En hann mælte við ðionenn, at fyrr scyllde selia bollann Martino, þviat hann var fuss at taca dryccio af hendi heilax mannz. En er Martinus hafði drukit, þa selldi hann preste sinom bollann, oc virde enge annan meira ne maclegra<sup>7</sup> at taca við drykio hans en kennimann. Þessa tiltekio<sup>7</sup> 35  
unndraþez konongr, oc aller þeir es þar voro, oc varþ ðeim Martinus tíþr af ðvi, er hann gærði þat i konongs hell, en engi byscop hafði sva gørt við ármenn hans. En hann sagðe Maximus fyrir

<sup>1</sup> [ rettet; hafðo sot Cd.

<sup>2</sup> rettet; meionne Cd.

<sup>3</sup> ipse Cd.

<sup>4</sup> sigrsellr Cd.

<sup>5</sup> landz Cd.

<sup>6</sup> vate Cd.

<sup>7</sup> tiltelkio Cd.



oorðna hluti, at ef hann villde fara til Langbarða landz, sem hann fystesc, oc eiga orosto víþ Valentianum konong, at hann mænde sigr hafa i enne fyrsto soen, en falla i annarre litlo síparr. En þvi gec sva efter, sem Martinus sagði, þviat Valentianus flæði ur  
5 enne fyrre orrosto. En er vetr var a mille, þa samnaði Valentianus lífe oc com a ovart oc felldi Maximum.

23. Clarus het ungr prestr, sa er scilþesc víþ alla eigo sina oc gærðisc leris(v)einn Martinus oc varþ a scamre stundo algærr i  
10 ellom goðom craptom ennar hæsto tru. En hann ate hus scamt fra munclife Martinus, oc voro með honom marger brøþr. Þa com til hans .i. ungr maþr, sa er het Anatholius, oc sagðisc muncr vera oc syndi sic litelatan i augliti manna. En er hann hafði þar necqeria stund veret, þa sagði hann engla guþs coma til sin oft oc mela víþ sic, oc syndi hann þat með necqeriom iarteinom, unz  
15 sumer truþo. Þa sagði (hann) sva, at englar føre hvern dag a mille hans oc guþs, oc talþesc hann vera .i. af spamonnom. En Clarus trupi alldrege orþom hans. En Anatholius ægþi honom guþs reiþe oc vite, ef hann villde eigi trua orþom sva heilax manz, oc sva melte hann of síþer: »Þessa not mun drotenn senda mer af himne  
20 hvit clæþe, oc seal þat vera yþr tacn, at ec em i guþs crapte, er ec em serydr guþs clæþe. Þa varþ orþom micel forvitne a at reyna þetta tácn. En er at miþre not com, þa þote scialva allr claustragarð(renn), oc var set oft líós til cliva þess, er inn unge maþr var í, oc var heyrðr þangat sva sem þyss rennanda oc romr margra rada. En er cyrdesc iver  
25 þvi, þa gec hann ut or [clivanom] oc callaþi þangat .i. af brøþrom oc syndi honom cyrtil þann es hann var serydr. En sa undraþisc oc heimte þangat fleire, oc helldo liose til oc lito a clæþit vandliga. Clæþe var blaut oc harðla [hv]it purpura glicast. En eigi scilþo þeir hverseyns þat var, oc þreiforþo þeir umb oc mato eigi scilia, at  
30 annat være en clæþe. Þa eggiaðe Clarus brøþr at fara til bønar oc bíþia, at guþ syndi þeim þetta scyrra. Þa varo þeir a bøn þat er neþr lifði. En er dagr com, toco þeir i hond Anatholio oc villdo leiþa hann fyrer Martinum. En hann brautse við, þvi at (hann) qvat ser bannat at syna sic Martino. En er þeir neydo  
35 hann at fara, þa hvarf et hvita clæþi allt yr hændom þeim, þviat diofull þorði eigi at syna Martino sionhverfing sina.

24. Þess er oc getanda, með hverso micelli vel diofull freist-  
aþe Martinus of dag, þa er hann var a bénom .i. i huse sino, þviat sløgr freistari hulþi ilzco sina með flærþsamligo liose oc synd-  
40 isc Martino biartr oc bliþr i alite serydr konongscrøþe oc hafð(i)

corono yr golle oc gimsteinom. En er þeir höfdo lenge þagat baþer, svat hvargi qvat orð at øprom, þa melte diofull fyrri: »Kenner þu, Martinus, þann er þu ser nu? Cristr em ec, comenn til iarþar at synase þer.« En er Martinus svarapi eigi, þa endrnyiaþi diofull dirfþ sina oc melte: »Martinus, hvat ifar þu at trua þvi, er þu ser? Cristr em ec.« Þa scilþe Martinus de spiritu sancto, at diofull var en eigi guþ: »Dominus Jesus Cristus dixit sic eigi coma mundo meþ konongseruþe ne golle; ec mun eigi trua, at Jesus come, nema meþ crossmarke sia ec hann, oc i þeire asionu oc buninge sem hann var pindr.« Þa hvarf ovinr or auglite hans sva sem reyer. En sva illan daun gerði efter i huseno, at þa var iflaust, at diofull hafði þar comet.

18. Þa er Marteinn gek um dag til hus eins bonda, nam hann stadar, er hann kom at dyruni, ok kalladiz sea hræðligan dioful i gardzhlidi, ok mællti, at hann skyldi i brutt fara. Þa tok ohreinn andi ath eða einn mann af hium bonda. En sa tok þegar ath grenia ok gnista tønnum ok bita til manna. Þa hrædduzt þeir, er hia voru ok i nand, ok flydu. En Marteinn for æ mot honum ok bad hann standa kyrran. En sa nam stadar ok greniadi ok gapte munne. Marteinn retti fingr sinn i munn honum ok mællti: «Bitt þu nu, ef þu matt nokkut.» En enn odi gapti munnum þess at meirr ok þordi eigi ath bita hondina helldr en þar væri gloanda iarn. En er ohreinn andi var nefndr æ brutt at fara fra enum oda, ok var honum eigi lofat ur munnum ath fara, þa for hann brutt med þarfagang.

18b. En er heilagr Martinus gerdi slikar iarteinir þa(r) i Treverisborg, þa kom hersaga i borgina ok hrezla mikil yfir lydinn. Þa serdi Martinus odan mann til þess at segia, hveriu gegndi hersaga þessi. En hann sagdi, at .xvi. voru þeir dioflar, þeir er upp komu hersogunni til þess eins, at Marteinn skyldi flyia or borginni fyrir þa sok. En þat var lygi ein. En þa er ohreinn ande sagdi þetta i midri kirkiu fyrir alþydu manna, þa leystist borgarlydrinn fra hrædzlu hersogu þessarrar.

19. En er Marteinn for um dagh til borgar þeirar er Paris heitir, þa mætti hann likpram manni vid borgarhlid, ok hvarf til hans ok blezadi honum, ok vard sa þa þegar heill, ok kom hann annan dag til kirkiu ok gerdi gudi þackir fyrir heilsu sina. Þat verdr ok at segia, at marger menn feingu þar heilsu, er snurtu vid trefr klæda hins helga Marteins.

20. Arborius het einn gaufugr madr ok vel truadr, en dottir hans hafdi tekit ridusott. Arborius hafdi litlu adr tekit vit riti þvi, er Marteinn hafdi sent honum. En er þat rit var lagit æ briost meyiunni, þa vard hun heil þegar sottar. Æn Arborius virði sva mikils iartægn þessa, at hann het gudi at gefa meyna til munklifis i nunnusetr, at hun helde eilifum meydome, ok for hann þegar ok færði hana Martino, ok villdi hann eigi, ath hun tæki vigslu af audrum byskupi en honum, er henni hafdi heilsu gefit.

21. Paulinus het madr, er sidan vard mikill trumadr, en þa sa(t) hann i augnaverik, ok var kominn laustr mikill æ auga hans

annat. Þá dro Marteinn fiódr yfir augat ok nam allan verk or, ok varð hann þegar heill.

21<sup>b</sup>. Þat varð enn um dag, er Marteinn skyldi ganga ur nockuru lopti, þá brast steigi undir honum, ok fell hann niðr, þar sem oslett var undir, ok skeindizt hann i morgum stodum. Sidan var hann borinn i hus sitt ok la i sarum miok svo hettr. En æ næstu nott sa hann eingil guds koma til sin, ok þo hann sær hans ok smurdi heilsamligum smyrslum. En er annarr dagr kom, þá varð (hann) heill, sva sem honum hefði eeki verit at meini  
10 enn fyrra dagh.

22. Maximus het konungr rikr ok ægætr, ok hafði opt haft gagn i orrostum. Vid hann var allr lyðr hreddr, ok þorðu aungvir menn a mot honum at mæla. En Marteinn var einn sva, at hellt postoligri skynsemi; ef hann kunni þaurf ath bidia konunginn  
15 nockurra hluta, þá var þat helldr bodord en bæen, er hann beidde. Konungr bad hann opt koma til bordz med ser. En Marteinn sa miok vid þvi ok lezt eigi vilia eta ne dreka med þeim, er annan konung hafði til bana radit en annan or landi rekit. En Maximus svaradi þvi, at hann kvezt eigi konungdom tekit hafa af fysi sinni  
20 helldr at radi lidsmanna, ok kvat ser skyllt vera at veria oddi ok eggju land sitt, ok lezt hann aungan ovin sinn drepit hafa nema i orrosto, ok kvad hann guds afl tæia til þess, at hann mætti gagn hafa, ok lez eigi slikum sigri nad mundu hafa, nema gud efði hann. Marteini þotti konungrinn enn sannliga mæla ok het at koma  
25 til bordz hans, sem konungrinn hafði bedit, ok varð hann feginn, er hann gat þat af Marteini. Þá var mörgum monnum bodit sem at hatidardegi, ok komu þar enir gaufgustu menn, (Eu)odius enn rettlatasi iarll oc .ii. gaufgir hofdingiar brodir konungs ok fodurbrodir, æ millum þeira sat prestr Martini, en hann sat siolfr æ  
30 stoli fyrir konungi. En at midiu matmali var konungi færðr drykiarbolli. En hann mælti, at Marteini skyldi fyrr selia kerit, ok vætti þess, at hann mundi fyrstr taka vid bollanum eptir byskup(s) hond. En er Marteinn hafði drukit, þá selldi hann presti sinum fyrst bollann, ok virði sva sem eigi væri konungr makligri  
35 en gædingar hans at taka fyrr vid dryckiarkeri byskups en prestrinn. Aullum þotti þetta undarligt, þeim er i hollinni voru, ok varð um þat datt, er Marteinn hafði sva gert i konungs holl, at eingi byskup þorði annarr þat at gera heima i husum frenda sinna eða vina. Þá spasogu sagði Marteinn konung(i), ef hann

40 i gydingar *Cd.*

feri til Langbarda landz, sem hann hafdi etlad, at beriazt við Valentianum konung, at hann mundi gagn hafa í fystu orrostu, en falla í annarri litlu sidar. En þat for sem hann sagði, at í inni fystu orrostu kom Valentianus æ flotta, en er þess var vetr æ milli, samnadi hann þa lidi miklu ok kom æ ovart ok feldi Maximum konung.

23. Klarus het prest(r) einn ok munkr ok lærisveinn Martini, algiorr at ser í ollum kröptum ok truverkum. En hann atti hus skamt fra munklifi Marteins, ok voru margir brædr med honum. Þangat kom einn ungr madr, hann het Anatholius, ok sagdizt munkr vera, ok var tekit við honum, ok syndizt ath eins goda atferd hafa. En er hann hafdi (þar) nokkura stund verit, þa sagði hann eingla guds koma til sin. Þa er aungvir villdu því trua, þa batt hann þat iarteinum nokkurum, sva at sumir trudu. Sva framarliga sagði hann um sidir, at einglar guds kvemi vel hvern dagh til hans, ok lezt hann vera einn af spamonnum. Klarus prestr gerdi því alldregi trua. Anatholius egdi honum reidi guds ok viti fyrir þat, er hann villdi eigi trua sva heilags manz ordum, ok sagði sva: «Þessa nott mun drottinn senda mer hvit kledi af himni, ok munu þer sia mik skryddan því klædi, ok skal þat ydr vera mark heilagleiks mins.» Þa var ollum forvitni mikil æ at reyna þat er hann het. En at midri nott var sed lioss til hus þess, er inn ungi madr var inni, var ok heyrdr þangat romr mikill ok gnyr, sva sem menn rynni ok væri málgir. En af þeim gny þotti skialfa allt munklifit. En er hliott var ordit, þa geck Anatholius ur klefa sinum ok kalladi til sin einn af munkum ok syndi honum kyrtil þann, er hann var í, ok kalladi sa til sin adra. Þa runnu þangat munkar ok helldu ath liosi, ok var þat blautt ok hvitt, ok mattu þeir eigi kenna, hvers kyns kledi þat var, þreifudu um, ok þotti aullum klædi vera. Þa bad Klarus brædr alla vera æ bænum, at drottinn syndi þeim gerr, hveriu þetta gegndi. Þa voru allir munkar æ bænum þat sem optir var netrinnar. En er dagr kom, þa toku brædr í hond honum ok villdu leida hann til Marteins, þvíat þeir vissu vist, at eigi mundi diofuls velar felaz fyrir honum. Þa tok Anatholius í moti at standa ok kvad ser bannad vera at syna sik Marteiini. En þeir neyddu hann til at fara þangat; þa hvarf klædit af honum, þvíat diofull þordi eigi ath syna velar sinar Marteiini.

24. Þess skal ok geta, med hversu mikilli slegd fiandinn þordi at freista siolfan Martinum, þvíat hann bra liosu liki æ sik



um dag, at hann mætti leynazt, ok var hann purpura skryddr ok hafdi korono æ hófði gulli buna ok setta gimsteinum ok gullbuna skua æ fotum, ok var hann skryddr sem konungr, ok hann var hyrliqr i æliti, sva ath hann matti likari þikkia eingli en diófi, ok kom inn i hus þat, er Marteinn var æ ben. En er Martinus sa hann, þa let hann nidr falla bænina, ok þogdu þeir badir um stund. Þa melli diofull fyrri: «Kenn med þu, Marteinn, þann er þu ser, Kristr em ek af himne kominn ath vitrazt þer.» Martinus þagði ok villdi aungu svara. Þa endrnyiadi diofull dirfd sina ok mælti i annat sinn: »Hvat efar þu, Marteinn, ath trua þvi sem þu ser? Kristr em ek.» Þa skilde Marteinn af helgum anda, at diofull syndizt honum, en eigi gud, ok svarar: »Drottinn Jesus Kristr het eigi at koma i konungs skrudi ne purpura skryddr, ok man ek eigi trua, ath Kristr se, nema ek sæa hann i þeim likama, er hann var pindr, ok hafi hann krossmark ser.» Þa hvarf ovinrinn æ brutt sem reykr; en sva illr daunn var eptir i husinu, at eingi matti efi æ þvi vera, ath diofull hafdi þar komit. En þessa sogu sagði Martinus siolfr sidan lærisveinum sinum.

25. Enn for Martinus um dag um byskups sýslu sina a nokkurum vetrardegi, ok gisti hann kennimenn nokkura, er einni kirkiu þionudu. En þeir hófdu kyndan elld adr i svefnstofu hans ok borit mikinn halm i rekkiu hans. En er Marteinn for at sofa, þa styggdizt hann vid blautleik rekkiunnar, sva sem honum væri þat mikil meingerd, þviat hann var vanr at liggia æ berri iordu, sva at harklædi eitt var undir honum. Þa kastadi hann undan ser aullum halme utar til ofus, en hann breiddi undir sik harklædi æ bera iord, sem hann var vanr, þviat hann var farmodr. En er halminum var kastad æ ofnenn, þar sem glædr voru undir, þa fell halmrinn sumr nidr i elldinn i gegnum golfpilis raufar, ok tok þa at loga allt saman. Marteinn hræddizt elldinn, ok rann hann fyrir til dyra, en hann minntizt bænar sinnar, ok villdi lata loku fra hurdu, ok matti eigi. Þa lagði logann at honum, sva at klædin brunnu nokut, þau sem hann var i, ok var honum heitt. Þa mintizt hann, at betra var at treystazt gudi en at flyia, ok tok hann skiolld truar ok bænar ok gek i logann midian ok bad fyrir ser, ok lagði þegar logann fra honum, sva at honum vard eeki mein ath. En er þeir sa, er uti voru, at husit logadi, þa brutu þeir upp dyrrin ok leiddu ut Marteinum heilan ur eldinum, þar sem þeir hugdu hann andadan mundu vera. En Marteinn sagði sva siolfr, at þa hefði fiandi honum næst lagit, at hann mundi

tæla hann, er hann gadi eigi fyrir hræslu sakir at beriazt i gegn haska med bena trausti. En hann kvad logann leggja til sin, med(an) hann braust vid ath komazt brutt ur husinu, en þegar lagdi logann fra honum, er hann gerdi krossmark yfir ser ok hvarf til bæna traustz. Þessa hluti, sem nu eru sagdir, ritadi Sulpicius 5 lërisveinn Marteins um lif hans ok iartegnir, en Gallus lërisveinn hans ritadi þat, sem eptir ferr.

26. Marteinn var genginn til kirkiu um dag, ok kom ath honum klædlaus madr nockurr ok bad hann gefa ser klædi. Þa kalladi hann þangat diakn sinn ok bad hann skyndiliga sækia klëdi hinum valada manni. Þa for Martinus ok sat i kirkiuskoti, þar sem hann var vanr at sitia einn saman, þa er adrir kennimenn foru til syslu sinnar, þar til at mal var at fara til hamessu. Martinus var alldri vanr at sitia i skotinu æ stoli, knack atti hann ser, þann er hann sat æ, ok voru þriu stig unndir knackinum, sva sem mansmenn eru vanir ath sitia æ. En eingi madr sa hann sitia i kirkiu. En er diaknit(!) dvaldi at selia klëdit enum valada manni, þa for hann þangat, er Martinus sat i skotinu, ok lezt kalinn vera ok kvad diakninn ei hafa selt ser klëdit. Þa for Marteinn ur kyrtili sinum, sva at hinn valadi sa þat eigi, ok selldi honum ok bad hann fara leidar sinnar. Þa kom diakninn litlu sidarr ok sagdi, at menn voru komnir til kirkiu ok bidu messu. Martinus svarar, at hann matti eigi messu syngia, fyrr en enn voladi hefdi klëdit. Diakninn vissi eigi, at Martinus væri kyrtils-lauss, þviat hann var i kapu sidri, ok spurdi hvar hinn valadi væri, er hann sa hann eigi þar. «Sæli mer kledit, sagdi Martinus, ok man til vera hinn valadi at þiggia.» Þa reiddizt diakninn ok tok or fata aurk vandan kyrtil slitinn ok stuttann .v. penninga verdan ok kastadi fyrir fetr Martino ok mællti: »Her er nu kledit, en hvar er hinn valadi?« Þa bad Marteinn diakninn fara til kirkiu, en hann for sidan i kyrtilinn leyniliga, sva ath eingi vissi. Sidan for hann at syngia messu i þvi klædi ok færa forn gudi. A þeim degi sa prestar nockurir ok munkar ok nunnur nockurar himnerskan eld yfir hofdi Martini, þa er hann saung messuna, ok syndizt sva (sem) harin æ hofdi honum risi i gegn eldinum ok hefizt upp i loft allt saman. 30 35

27. Ewancius het einn vel truadr madr, ok var þo miok bundinn i veralldar folskyldum, hann tok sott mikla ok sendi Marteiini ord, er hann þotti miok at bana kominn. Marteinn dvaldi eigi at fara. En fyrr en hann kemi midleidis, þa kendi inn siuki madr 40

kraft hans, ok tok þegar heilsu ok for siolfr a mot honum. En annan dagh, er hann villdi braut fara, þa dvaldi Evencius hann ok bad hann eigi fara, þviat höggormr hafdi lostid einn af hium hans. Þann svein fann Evencius miok-sva daudan ok bar hann  
 5 heim æ auxlum ser ok lagdi nidr fyrir fetr Martini. Þa hafdi eitir ormsins farid um alla limu sveinsins, ok var hann allr blasinn sem belgr. Marteinn for haundum um hann ok tok fingri sinum fyrir sarit, er ormrinn hafdi hauggvit. Þa tok eitrid ath renna aullum megin til handar Martini. En er hann letti fingrinum fra  
 10 sarinu, þa sprak eitrid ur undinni med blodi. Sveinninn reis upp heill, en þeir lofudu gud, er þetta sæ.

28. A nockurri tid for Martinus um byskupssyslu sina, ok fylgdu honum lærisveinar hans. En er þeir attu dvol nockura, þa for hann æ veginn fyrir æ leidinni, ok er leiti bar æ milli þeira,  
 15 þa komu æ moth honum menn, þeir er baru varning sinn æ morgum eykium. En er kykvendin sa Martein i svortum kledum, þa felðuz þau ok hlupu af gautunni ok vöfduzt i reifunum, ok gerdizt farartalmi þeim, er skynda villdu. Þa reidduzt þeir ok hlupu af baki hestum sinum ok baurdu Martinum leingi med  
 20 svipum ok staungum. En hann hafdi þolinmædi vid meingerdir þeira ok brást aungan vegh vid, er þeir baurdu hann. En þeir fylltuz þess ath meirr grimleiks i mot honum, sem þeim virdizt, at honum þotti einkis um vert, er þeir bordu hann, helldr en hann kendi eigi. Þa komu lærisveinar hans eptir, er dvalizt hofdu, ok  
 25 fundu hann miok-sva örendan ok serdan allan likama hans, ok hofdu þeir hann æ asna sinum ok skundudu þadan æ brutt, er sea osomi hafdi ger verit. En riddarar hurfu aprt til hesta sinna, er þeir voru saddir æ reidi, ok gerdu faur sina ok villdu skynda. En þa voru hestar þeira stirdir, sem at steinum væri ordnir, ok  
 30 mattu hvergi hrerazt ur sporum. Þeir eptu æ þa ok baurdu, þar til er þeir hofdu madar allar svipur sinar; sidan runnu þeir i skog ok hiuggu ser vondu ok steingr. En er þeim kom þat ækki at halldi, þa vissu þeir eigi, hvat ath skylldi hafa, er faraskiotar stodu sem liknerski. Þa skildu þeir, at guds kraptr hepti for  
 35 þeira, ok spurdu þa menn, er þeir hittu, hvern þeir hofdu bardan litlu adr. En þeir urdu þess visir, at þeir hofdu Martein byskup bardan, ok þurptu þa eigi at geta til, hvi for þeira dvaldizt. Þa runnu þeir allir skyndiliga eptir honum ok iosu molldu i hofud ser ok andlit ok fellu til iardar fyrir kniam Martino ok badu ser  
 40 liknar ok þess, at hann leyfði þeim at fara, ok tauldu ser i þvi

þisl, er þeir vissu þenna glæp ser æ hendr, ok taulduzt þess verdir, at iord rifnadi fyrir þeim kvikum, eda þeir stirdnudu sem farar-skiotar þeira siolfir, ok badu med tarum, at hann fyrirgefi þeim synd þessa. En Marteinn vissi farartalma þeira ok sagdi, adr þeir kemi, at þeir mundi koma. En hann var eigi ofusari at veita þat, er þeir badu, en þeir at þiggia, ok blezadi hann þa ok bad þa fara med allum þeim farargreida (ok) skiotum sinum, hvert er þeir villdu.

29. Enn atti Martinus for um dag til kastala þess er Karnatinum heitir. En bær fiolmennr var æ gotu hans; þadan kom mikill flokkur (heidinna) manna æ mot þeim, því at einghi madr kunni Kristz nafn æ þeim bæ. En þo foru þeir ut æ vidan voll, er þeir spurdu þangatkvomu Martini. En hann skildi, hvat honum var fallit at gera, ok toc hann at telia fyrir þeim tru ok guds ord, at þeir kynni skapara sinn. Ok gek þa fram kona nockur ok bar i fadmi ser lik sonar sins nyandadzt ok mællti (vid) Martinum: »Vitum ver, at þu ert vinr guds, af því giallt mer son minn, er nu er andadr.« Þa hurfu at fleiri med henni ok badu þess, er hon bad. Marteinn sa, at maurgum mondi su iartegn stoda til andar heilsu, ef gert væri, ok tok i hendr ser likit ok fell til bænar fyrir augliti alþydu. En er hann hafdi bæninni lokit, þa reiss sveinninn upp, ok selldi Marteinus hann lifanda modurinni. En allr mannfjolldi sa tok tru, sa er þar var, ok fellu þeir til fota honum Martino ok badu hann krisna þa. En hann primsigndi þa þegar æ þeim velli, er þeir stodu, ok skirdi þa litlu sidar.

30. A þeiri tid er Marteinn hafdi litlu adr til byskups verit kosinn, þa atti hann skyllda faur til konungs fundar, þess er Valentinianus het. En er hann vissi, at Marteinn mundi þess bidia, er hann villdi eigi veita, þa bad hann vardveita dyrr, at Marteinn metti eigi inn ganga. Konungr var dramblatr, ok spillti þat mest fyrir honum eina, er kona hans var bundin i Arrius villu, ok sneri hun aullu hugskoti hans fra gaufgan vid Martein. En er Marteinn hafdi komit um sinn eda tys(v)ar til konungs hallar ok nadi eigi inn at ganga, þa tok hann ath bidia um nætr ok daga til guds med tarum ok med vökum ok faustum, at hann matti framkoma því, er hann villdi. Þa syndizt honum eingill guds ok bad hann fara ottalaust til konungs, en hann kvezt mundu upp luka dyrum ok mykia dramb hans konungsins. Þa styrektizt hann af þessu vidmæli eingilsins ok for auruggr til hallar ok gek inn, sva at konungr bannadi. En er konungr sa Martein kominn,

þa ygldizt hann æ dyrverdinum(!), er hann hafdu(!) inn latit ganga, ok gerdi hann eigi upp risa mot honum ne luta. Þa kom elldr upp undir stoli konungsins, ok brunnu klædi hans nedan, ok vard honum heitt. Þa reis hann upp af stolinum ok laut Marteini ok gofgadi þann, er hann ætladi at fyrirlita, ok veitti honum þat, er hann ætladi, at hann mundi bidia vilia, ok beid eigi þess, at hann veri bedinn. Konungr baud Marteino opt til bordz med ser ok villdi gefa honum margar gjafir, en Marteinn villdi aungar þiggia.

10 31. Claudiomakus het bær skamt fra Turonsborg; en þangat var kirkiusokn fiolmenn, þviat þar eru helgir domar margir ok nunnusetr. En Marteinn hafdi dvalizt i husi einu, þvi er nalægt var kirkiunni. En er hann var brutt farinn, þa toku nunnur halm þann allan, er under honum hafdi verit i husinu, ok skiptu  
15 med ser. En er fair dagar lidu þadan, þa tok ein þeira þann hlut halmsins, er hon hafdi feingit, ok batt vid hæls odum manni, þeim er villu andi kvaldi, ok vard sa þegar heill vtan alla dvol.

32. Ða er Marteinn for ur Treverisborg um dagh, kom i mot honum kyr ein diofulod, er geingit hafdi fra nautum ok gert  
20 monnum geig. En hirdar runnu eptir ok kaulludu, at Marteinn skyldi sea vid kunni. En er hann sa rasandi ku fara at ser, þa hof hann upp hond sina æ mot kunni ok bad hana standa. En er hun nam stadar, þa sa Marteinn dioful sitia æ baki kunni, ok mællti, at hann skyldi i brutt fara ok kvelia eigi smala manna  
25 saklausan. Inn illgiarni andi vard ath hlyda bodordi hans ok flydi. Kyrin vitkadizt ok skildi heilsu sina ok fell til fota Marteins. En hann blezadi ok bad hana apr hverfva til hiardar sinnar hegia sem saud.

33. Enn metti Marteinn um dagh veidimanna lidi, þa er  
30 hann for um byskupssyslu sina. Hundar elltu hera æ vidum velli, þar sem honum (var) ecki fy(l)sni at fordazt, ok var þa ath komit, ath hann mundi tekinn verda. Marteinn sa aumu æ dyrinu ok bad, ath hundarnir næmi stad. ok letti ath ellta dyrit. Þa namu þeir stadar at hinu fysta ordi hans, sva sem þeir veri graf-  
35 nir nidr, en herinn setti undan ok fordadizt sva fiandr sina.

34. Fra þvi skal segia, hvilik voru hversdaglig ordh Marteins, þviat þau voru full andligrar skynsemi. Saud nykliptan sa hann um dagh ok mællti: »Sia saudr fyllti gudspialls ord, hann hafdi .ii. kyrtla ok gaf þann annan, er hann hafdi adr. Sva skulu

þer ok gera.« Enn sa hann svinahirdi halfnauctan i skyrtu skinsz ok mællti: «Þessum skinnkyrtilsmanni var Adam glíkr, þa er hann var brutt rekinn ur paradisu; en vær skulum nidr leggja enn forna Adam en skryda oss enum nyia Adam, þat er Jesu Kristo. Enn kom Marteinn a voll, þar sem naut hofdu bitid, en i sumum 5 stodum hofdu svin rotat; sumstadar var vollrinn fagr ok vaxinn allskyns grasi ok blomum, þar er ecki var bitinn, ok mællti hann: »Sea stadr vallar, er smali hafi yfir farit ok bitit af it fegrsta, merker hiuskapar lif, þat er tynt hefir meydoms tign, þott þat hafi nockurn ævoxt godra hluta, sva sem her er nockut gras æ 10 vellinum. En sia hlutr, sem oskaddr er ok fagr, merker meydoms dyrd, þa er skinn fyrir gudi i aullum kraptablomum. Sea er makligh fegrð ok gudi þægiligh<sup>z</sup>, þviat ecki ma annat iafnazt vid meydom. Sva sem þeir villazt miok, er hiuskap iafna vid hordom, sva eru þeir ok heimskir, er hiuskap iafna vid meydom. En su er 15 grein æ þvi, ath meydomr mun koma til dyrðar, en hiuskapr til varkunnar, en hordomr til eilifra pislá, nema idran ok yfirbot hreinsi hann.

35. Riddari nockurr kom til Marteins ok gerðizt munkr ok gerði ser hus i leynilegum stad sva sem einsetumadr. En slægr 20 fiandi freistadi hans i hugrenningu, sva ath hann beiddi Martinum, at kona, su er hann hafði atta, færi þangat ok væri med honum, en hun var þa nunna. Marteinn varnadi þess ok kvad omakliga samvistu þeira, er hann var munkr, en hun nunna. En riddarinn taldi ecki hetligt i þvi, þott Marteinn lofadi þetta, ok 25 kvad þau eigi aftr mundu hverfa til ennar fyrri munudar, þar sem þau voru bæði vigð til guds þionustu, ok kvad hann Krist hafa lofat æ sinum tidum samvistu karlla ok kvenna. »Segdu mer þat þa, kvad Marteinn, hefir þu nockut sinn verit i orrostu?« En hinn kvezt þar opt hafa verit. Marteinn svarar: »Segdu þa, ef 30 þu satt nockura konu standa i fylkingu ok beriazt i orrostu?« Þa skammadizt riddarinn ok þakkadi gudi, er honum var eigi lofat at lifa eptir villu sinni, ok var hann þeygi akafliga ávitadr, helldr leidretr makligum dæmum, þeim er riddara voru kunnigh.

35<sup>b</sup>. Ein mærr var su, er hafði sik sva brutt fra augliti karla, 35 at hun let eyngan karlmann koma til sin. En Marteinn gek þar fyrir dyrr um dagh ok villði finna hana, þviat hann hafði fregit krapt hennar ok tru. En þeir er honum fylgðu ætludu vist, at mærin myndi þvi fagna ok ganga þegar æ mot honum, at þat

mætti verða vitni guðligrs verðleiks, er slíkr byskup villdi koma til húsanna. En hún lét eigi rakna staðfesti fyrirtalanar sinnar, ok sá sva við at sea karla, at hon villdi eigi síölfan Martinum lat(a) koma til sín. En er kona, su er send var, sagði

5 Marteinn þessi svaur meýjarinnar, þá fór hann gládr a brutt ok lofadi staðfesti hugskoð hennar, ok þótti eigi sér þat meingerd þótt hún villdi eigi sía hann, helldr fagnadi hann því, er hon villdi betr gera, en dæmi fyndiz til (i) herodum þeim. En hverr mundi sá byskup annarr æn Marteinn, at eigi mundi sér þikkia

10 i meingiord, ef hann væri sva fyrirlitinn af nockurri meýio. En hann gerdi þá virðing hennar sem einiskiz mannz adr ne sídan, þvíat hann hafdi allðri við gíof tekít, en hún sendi honum goðar gíafir, ok tok hann við aullum ok sagði sva, at kennimenn attu eigi at fyrirlita gíafir [meýjar þeirar<sup>1</sup>, er kennimönnum var betri.

15 36. A nockurri tíð satu þeir Gallus ok Sulpicius lerisveinar Marteins uti fyrir dyrum hús hans ok voru hleodir, sva at hann vissi eigi, at þeir væri þar, þvíat hurðin var vanlígá aptr lokin. Þá heyrdu þeir róm inn í húsit sva sem manna mal, ok varð þeim ogn at því mikil, at miklu nockuru mundi gegna. En er .ii.

20 stundir voru líðnar, þá geck Marteinn ut or húsínu. En Sulpicius var kunligast vanr at mæla við hann, bað hann Marteinn segia þeim, við hveria hann mælti í húsínu Marteinn, eða hvat ogn su merkti, er þeir hrædduzt baðir. Marteinn var traubr at segia, en ecki var þat, at eigi geti Sulpicius af honum um síðer.

25 »Segia mun ek yðr um síðir, kvað Marteinn, en ek bíð, at þið segit aungum. En helga María, Agnes ok Tekla voru hía mer í húsínu.« En hann sagði til ælita þeira ok buning(s), ok kvað hann þer eigi at eins þann dag vitia sín helldr miklu optar, Petrum ok Paulum kállazt hann opt sía, ok sagði þá koma til sín.

30 37. Kennimanna fundr<sup>2</sup> var um dag í borginni þeiri er Nemaus heitir. Til þess fundar villdi Marteinn eigi fara, en þó villdi hann vita, hvat þar (væri) gert eða mællt. A þeim degi er þeir fóru Marteinn ok Sulpicius æ skipi, en þó sat þar Marteinn einn fíarri maunnum auðrum í nokuru rúmi skipsins, þá

35 kom eingill guðs at honum ok sagði honum þá hluti, sem gerduzt æ kennimanna fundinum. En er at var leitát, hvenar<sup>3</sup> verít hafði kennimanna fundrinn, þá spurðizt sva til, at æ þeim degi hafði verít, ok þat allt mællt æ þeim fundi, sem eingillinn hafði sagt Martino.

40 1 [ meýja þeira *Cd.* 2 fundar *Cd.* 3 hvarenar *Cd.*

38. Enn gerdizt iartein i borg þeiri er Karnotinum het. Bondi einn frendi Martini ferdi dottur sina<sup>1</sup> .xii. vetra gamla<sup>2</sup>. En hon hafði allðri mal sitt haft. Bondi bad Martinum leysa tungu hennar til mals. En hann svaradi, at þeir byskupar voru helgare ok mattu þetta helldr gera, er þa satu atverendr honum, 5  
Valentinus ok Victricius. Þa toku byskuparnir at bidia Martein med boandanum, at hann veitti þeim huggan, er gret. Þa dvaldi Martein eigi leingr litilleti ath syna helldr oc veita milldi, ok bad alla menn adra ut fara ur kirkiunni nema byskupa ok fedr meyarinnar. Þa fell hann a kne til bænar, sem hann var vanr. 10  
Sidan bio hann ok vigdi vidsmior ok helkti i munn meyiunni, ok spurdi hana sidan at nafni faudur sins. En hon svaradi þegar skyrt ok sagdi. En fadir hennar felldi tar fyrir fagnadi ok fell til fota Martino, ok lezt þessa rödd dottur sinnar fysta heyrda hafa.

39. Kona eins rikismanz sendi Martein vidsmior i glerkeri 15  
at vigia fyrir naudsynium ymissa sotta. En glerkerit var eigi fullt. En er Martinus vigdi vidsmiorit, þa lezt prestur nockurr sea þat vaxa vid vigsluna. Sa voxtr hellzt þar til, (er) sellt var konunni, ok var þa sva fullt kerit, at eigi matti aptr luka, ok hafði vidsmiorit runnit æ faut honum ok þess er-med for. Glerker 20  
fullt vidzsmiors, þess er Martinus hafði vigt, var i glug einum ofarliga, en sveinn einn kom til ok svifti ofan duke þeim, er yfir var breiddr, ok vissi hann eigi, at kerit var undir. En (þat) fell nidr æ steina, ok ugdu menn þa, at blezan Martein(s) mundi fyrirfaraz. Þa var glerkerit fundit heillt, sva sem æ enn blautasta 25  
dun hæfði fallit, ok eigi var vizsmiorit nidr slagnat. En sea hlutr gerdizt eigi af athburd einum nema af krapti sinum, þviat eigi matti blezan hans fyrirfarazt.

40. Enn foru munkar um dag hia bæ nockurum, en hundr hliop at þeim ækafiga olmr. Þa mællti einn þeira: »I nafni Mar- 30  
teins þegi þu!« Þa þagnadi hundrinn sva<sup>3</sup> sem tungan veri skorin ur honum. Eigi at eins gerdi Martein siolfr iarteinir, ok gerdu margir i hans nafni.

41. Avicianus iarll var aullum kunnr ath grimleik sinum, en hann kom um dag til Turonsborgar med miklum grimleik, ok 35  
fylgdu honum bandingiar marger, er til pislar [voru etladir ok til bana<sup>4</sup> annan dag eptir. Þa gerdiz hryggleikr yfir borgarlydnum af grimlig[ri fyriretl]an iarlsins. En er Martein sa ok fra þat, þa

<sup>1</sup> son sinn *Cd.*    <sup>2</sup> gamlan *Cd.*    <sup>3</sup> at *tif.* *Cd.*    <sup>4</sup> [ *saal. rettet;* veri etladir ok til bana verit etladir *Cd.*



for hann einn til husa iarllsins litlu fyrir midia nott, þa er allir menn svofu. En er hann matti eigi inn komazt, þviat dyrum var aptr lokit, þa fell hann æ kne til bælar fyrir dyrum. En er Avicianus var<sup>1</sup> fast sofnadr, þa vakti eingill guds (hann) ok mællti: «Þrell guds liggir her uti fyrir dyrum, en þu hvilir ok sefr.» Þa hræddizt iall ok reis upp ur reckiu sinni ok kalladi æ præla sina ok kvad Marteinn uti fyrir dyrum ok vilia inn fara. En þionustumenn voru syfiadir ok gengu eigi leingra en til ens hinsta þrauskaulls, ok hlogu at herra sinum ok sogdu villu eina bera fyrir hann ok kvadu aungan mann fyrir dyrum vera, ok sva gatú<sup>2</sup> þeir talit fyrir iarllinum, ok kvodu aungan mann fyrir<sup>3</sup> dyrum. Ok lagdizt iarllinn til svefns i annat sinn. Þa bardi eingill guds æ honum þegar ok let hann eigi sofa ok sagdi, at Marteinn stod fyrir dyrum. En er þrælar dvoldu ut at ganga, þa reis iarll upp siolfr ok gek upp skialfandi ok fann þar Marteinn, sem honum var sagt, ok vard honum ogn at vitran sva mikils krapz. »Fyrir hvi fortu svo vid mik<sup>4</sup> drottinn? sagdi iarll. Eigi er naudsyn ath mæla vid mik, veit ek, hvat þu villt, ok se eg, hvers þu leitar; far þu æ braut, þegar þu vill, ok haf þat, er þu vill ok þu kyss, at eigi glati mer reidi guds, fyrir þat er ek gerda. Tru þu þvi, at eigi var litil ogn bodin, adr ek gek til hurdar.« En er Marteinn hefir brutt farit, þa heimti iarll þargat þiona sina ok let upp luka aullum myrkvastofum ok leysti alla bandingiana, ok for siolfr i brutt þegar. En borgarlydrinn tok at glediazt. En þo at Avicianus iarll væri grimr ok agiarn, þa þordi hann all dri at gera rán Turons borgarmonnum.

42. Enn kom Marteinn um dag til huss iarlsins, ok sa hann [mikinn diofuls sitia æ halsi honum. Þa bles Marteinn æ hann, ok flydi illr andi fra honum þegar. Hugdi iarllinn æ sig blasit vera til hadungar. »Til hvers hædir þu at mer?« sagdi iarllinn. »Eigi at þer sagdi<sup>6</sup> Marteinn, helldr at þeim en[um svarta], er sitr æ halsi þer.« En fra þeim degi var Avicianus iarll all dri iafngrimr sem adr, þviat hann matti skilia, at hann hafdi af diofuls vilia grimleik framhafdan, ok þvi annars, at Marteinn hafdi brutt rekit ohreinan anda fra hiarta hans.

42<sup>b</sup>. Munklifvi Marteins var .ii. milur fra Turons borg. En ævallt er hann gek til kirkiu, þegar hann ste um dyrr husins, þa toku ærir menn at skiolfa, þeir sem i kirkiunni voru, sem illmenni

1 h<sup>1</sup> (d. e. hafdi) Cd.    2 gauta Cd.    3 fyrum Cd.    4 sag sva tilf. Cd.    5 [ mikill diofull Cd.    6 iarllinn tilf. Cd.

hredizt, þa er domandi nalgast. Af þeim skialfta odra manna vissu þeir, er i kirkiunni voru, nær Marteinn mundi koma. Ok er hann kom til kirkiu, þa matti sia margra diofla breytni yfir enum odum monnum, adr þeir flydu. Sumir hengu i lopti, sva at eigi toku fetr til iardar, en fotum sumra sneri i loptt upp, ok fellu þo klædin eigi nidr um þa, sva at þeir yrði nauektir, ok eigi gerði þat augum Martini oskil. Sumir sogdu glæpi sina eda nafn, sva at eingi spurdi þa: einn kvezt heita Þorr, annarr Odinn; margir adrir nefndu sik. Eptir þessa hluti flydu ohreinir andar med kvalum fyrir krapti Martini.

43. Einn bær var sa, ath brad hrid ok hagl spillti aukrum manna a hverium missorum. En þeir er þar biuggiu(!) badu Martein veita ser miskunn i skada þessum. Sa het Auspicius greifi, er þetta eyrendi bar Martein, þviat honum var einna mest mein at haglinu. Þa bad Marteinn fyrir stad þeim, ok leysti allt herad fra bradahrid þessi, sva at aungum manne vard mein at haglinu æ þeim .xx. vetrum, er Marteinn lifdi sidan. En æ þeim misserum er Marteinn andadizt, þa endrlifnadi su en sama hrid i þeim stad, at allir mattu: vita, at þat hefði eigi af atburd einum æ brutt horfit helldr af bænum Martini.

44. I einum fornum kastala, þar sem nu er munkbygd, var fyrr blot ok skurgod i ramlighum stopli, þeim er ger var ur slettu grioti. I þeim stopli ofanverdum sat skurgodit. Þenna stopul hafði Marteinn bodit at briota Marcello presti. En er hann kom þangat, þa avitadi hann prestinn um þat, er hann hafði eigi brotid stopulinn. En Marcellus fann þat vid, at stopull sia væri sva ramgiorr, at trautt mundi briota mega, þott aull alþyda kemi til, ok kvad þat torvellt verda ostyrkum monnum, þeim er mæddir voru i vokum ok faustum. Þa snerizt Martinus til bæna traustz ok vakti þa nott alla. En at morne kom vedr sva mikit, at nidr braut stöpulinn allan til iardar.

45. Enn vard þessum likr hlutr æ audrum bæ, at Marteinn villdi briota einn ramlegan stöpul, þann er blotadr var, ok nadi hann þvi eigi. Þa snerizt hann til bænar at vanda sinum. En sidan syndizt ofan falla af himne stopull iafnmikill blotstoplinum, ok fell i hofud skurgodinu ok leysti i sundr stöpulinn allan sem molld ok ösku; þviat himnerskr kraptr þionadi Martein ei at eins osyniliga helldr ok syniliga fyrir alþydu augum.

46. Svo sagdi Refrigerius prestr, at kona su var, er blodræs mæddi miok. En er hun kom vid kyrtils trefr Martini, þa tok hon heilsu sina eptir dæmum gudspiallz, sva sem sagt er fra drotni vorum.

5 47. Haugormr einn skreid yfir ana þvera þangat til landz, er Marteinn var ok lærisveinar hans. »I nafne drottins byd ek þer aptr at fara til sama landz,« kvat Marteinn. Þa snerizt orm-rinn aptr til sama landz vid ord Martein(s). En er allir undraduz, þeir er þetta sa, þa komz hann vid ok mælti: »Hogormar hlyda  
10 mer, en menninir eigi.«

48. Martinus var vanr at æta fisk um paska i eptirlikingh þess, er drottinn at fisk eptir pisl sina. Þa spurdi hann um dag litlu fyrir matmal, ef fiskr væri buinn. En sa diakn, er fæslu bar munka, ok hann var vanr at fiskia, lezt hann þa ecki fiskt  
15 hafa ok aungan mann annan æ þeim degi. »Far þu nu, sagdi hann Marteinn, ok legg ut net þitt, ok man fram koma veidiskap-rinn.« En klaustrinn þeira var skamt fra anni, sem Sulpicius segir fra i bok sinni. Þa drifu ut allir at sea fiskemanninn, ok þotte aullum vissa veidi, er Marteinn hafdi til visat ok þurpte  
20 siolfr at hafa. Ok at enu fysta netvarpe dro diakninn mikinn lax i litlu neti, ok fann hann þegar heim med feng sinn.

48<sup>b</sup>. Arborius gaufugr madr lezt þat sed hafa nockut sinn, þa er Marteinn song messu, at hönd hans var skryd sva sem enum dyrligstum gimsteinum, ok sa hann skina lios gaufugligt  
25 yfir honum.

49. Maximus konungr var godr at audru, en hann vard tældr af radum kennimanna eptir vig þess manz, er Priscellianus het. En sa byskup het Ithacius, er Priscillianum hafdi radit. En konungr hellt hendi yfir honum ok yfir audrum lagsmaunnum hans, sva at  
30 eingi aasakadi<sup>1</sup> hann þeirar syndar, er hann hafdi Priscillianum radinn. Þa sompnoduzt byskupar saman i Treverisborg ok gengu i lag ok radagerd med Ithakio byskupi, ok urdu allir undir einni sok, nema einn byskup, sa er het Teognistus, hann gerdi eigi at ganga i lag med þeim ok fyrirdæmdi þa med berligu atkvædi.  
35 Þa gerduzt margir hlutir til þess, at Marteinn villdi finna konunginn. En er byskupum var sogd þangatkoma<sup>2</sup> Marteins, þa toku<sup>3</sup> þeir at hrædazt, þviat þeir hofdu adr litlu eggiað til konunginn til þess, at hann sendi herinn til Yspanialandz at drepa villumenn. En þat var vist, at þar mundi marger godir menn  
40 verda fyrir styriolld þeiri, er i herfor<sup>4</sup> tekizt, þviat þeir mundi  
1 aaskakadi *Cd.* 2 þangatkomu *Cd.* 3 trudu *Cd.* 4 herfortn *Cd.*

litla gera grein manna ok dema meir at aliti eda klædabunadi en at saunri tru. En byskupar vissu, at Marteinn mundi þetta eigi lika, ok varð þeim at því mestr oroi<sup>1</sup>, at Martinus mundi sik skilia fra tidagerd þeira, þa er hann kemi, ok þottuz þeir ecki traust hafa, ef hann væri berliga i mot þeim. Þa redu þeir þat konung-  
inum, at hann sendi menn sina i mot Marteinn at banna honum inngonguna i borgina, nema hann heti því at hafa frid vid alla byskupana, þa sem þar voru. Þessa sendimenn gat Martinus sva slægda i malum, at hann sagdizt koma med Kristzt fridi. En er hann kom i borgina, þa gekk hann um nætr at eins til kirkiu til  
bæna, at hann yrði eigi i samlagi med Ithakio byskupi ok audrum byskupum, þeim er hans lids voru. En eftir þria daga gerdizt hann at fara til konungs fundar. Su var en fysta bæn hans vid konunginn at bidia reidi af iorllum tveimr Nersete ok Leochadio. En þeir hofdu badir einna mest<sup>2</sup> stadi<sup>t</sup> i mot konunginum, ok  
fylgdu þeim konungi, er Maximus hafði fra landi felldan. Þat var ok annat mest kostgæfi Martini at stodva herfor þa, er stofnud var til Yspanialandz, þviat sva milldr var hugr hans, at hann villdi eigi at eins leysa goda menn fra bana, þa er i þeim ofridi mundu falla, helldr villdi hann ok biarga villumonnum vid dauda.  
En konungr dvaldi um dag ok annan at veita Marteinn þat, er hann bad, þviat hann matti eigi bratt sefaz, ok þat annat, at hann villdi komazt at fæ þeira, þviat hann var fegiarn ok þurpti miok fiar at kaupa ser lid, þviat honum bar opt orrostur til handa. Þa runnu byskupar til konungs fundar ok tolduzt fyrirdæmdir,  
er Marteinn villdi eigi vera i tidagerd med þeim, ok letuz þeir eigi standaz, ef hann efði þess byskups atkvedi, (er) einn hafði þa fyrirdæmda, ok segia þeir þat eina til liggia at reka Marteinn braut ur borginni, ef hann villdi tæla villumenn, eda enn helldr hefna þeira, ok segia<sup>3</sup> ecki afrek i at hafa drepit Priscillianum,  
ef Marteinn skyldi hefna hans. Sidan fellu þeir til fota konunginum ok badu med grati, at hann neytti konungligs rikis i gegn Marteinn. Þeir hofdu ok i radi at telia Marteinn med villumonnum. En þott Maximus vildi miok<sup>4</sup> teia byskupum sinum, þa vissi hann tru Marteins ok heilagleik meira en allra annarra byskupa, ok  
leitadi hann annars ræds vid hann, en byskuparnir kendu, ok heimti hann æ mal ok kvaddi hann blidliga, ok segir villumenn fyrirdæmda helldr af radi rikismanna en byskupanna, ok kvad aungva sok til þess vera, at rekia þyrfti Ithac(i)um byskup ne lags-

1 orni *Cd.*    2 nest *Cd.*    3 segir *Cd.*    4 meiook *Cd.*

menn hans, ok let hann Teognistum meirr gert hafa af ovina sundrþycki vid þa en sannri sok, ok kvad hann verda einn æ mali sinu, en segir adra kennimenn hafa fund att fyrir faam dogum ok ordit samdoma æ þat, at Ithacius var osannr at þessi synd. En er Marteinn skipadizt ecki vid þessi ord, þa reiddizt konungrinn ok gek fra<sup>1</sup> mali þeira, ok sendi þegar menn at drepa þa, er Martinus villdi lif þiggia. En er Martinus vard varr<sup>2</sup> vid þat, þa gek hann þegar um nottina til mals vid konunginn ok het at vera i tidagerd med byskupum, ef þeir gengi undan, sem til draps voru dæmdir, ok hyrfi þeir aptr, er sendir voru at heria til Yspania-landz. Þa dvaldi Maximus eigi at veita þat, er Martinus bad. Þrim dogum sidarr skyllði vigia byskup þann er Felix het; sa var heilagr madr ok vel þess verdr, at hann veri vigdr æ villdri stundu. Þann dag valdi Martinus til þess at vera i tidagerd med Itachio, ok ætladi hann betra at lifa eftir þeim um eina stund ok biarga þeim, er bani la vid. Þa badu byskupar, at hann ritadi nafn sitt med nofnum þeira, ok gatu þeir þat eigi af honum. En annan dag for hann æ brutt ur borginni. Ok er hann atti skamt til bæiar þess er Andetenna het, þa settizt hann nidr einn saman i skogarnefi, ok idradizt, er hann hafdi gengit i tidagerd med byskupum. En er forunautar hans voru genguir littad<sup>3</sup> fyrir æ leid, þa kom eingill guds til hans<sup>4</sup> ok mællti: «Sok er til þess, er þu kemzt vid, en eigi mattir þu annan veg or<sup>5</sup> leysa; endrbett þu ok krapt þinn ok tak upp stadfesti, at eigi fair<sup>6</sup> þu skada dyrdar ok heilsu.» Fra þeiri tid varadizt Marteinn miok vid at koma i samlag Itachij ok sveitunga hans. Sextan vetr lifdi hann sidan, ok kom til einskis kennimanna fundar. En (ef) nockurt sinn greddi (hann) seinna siuka menn, en hann var vanr, þa lezt hann þess at giallda, at hann hafdi verit at tida(gerd) med Ithacho, þott hann veri helldr af naudsyn en af vilia sinum sialfs. En þo tok hann med fullu sidan aptr sitt verkaup (ok) alla dyrd sina, þviat odr madr var leiddr sipan til hus hans, ok vard hann fyrr heill, en hann kemi inn um þrauskaulld.

50. Kaupmenn foru æ skipi um dag i þvi hafi, er Tirrenum heitir, ok gerdi hrid at þeim, sva at þeim var vid bana hett. En þar var æ skipi einn madr ættadr af Egíptalandi, ok var sa enn heidinn, sa kalladi ok mællti: «Gud Martini, biarg mer!» Þa stodvadiz þegar hridin, ok komu þeir þar æ land, sem þeir villdu.

1 at Cd. 2 vart Cd. 3 itida Cd. 4 drottins tilf. Cd. 5 ok Cd.

6 farir Cd.

51. Likonius het einn gauf(u)gr madr ok vel truadr, en flest aull hiu hans hofdu tekit sott mikla. Þa sendi hann rit Marteín ok bad ser fulltings. En Marteinn taldi þenna hlut torvellðan at gæta af gudi, þviat hann vissi, at guds bardagi (var) yfir hiu hans, en þo let hann eigi af (at) fasta ok bidia viku alla i samt, þar til er hann gat af gudi þat, sem hann bad. En er Likonius reyndi guds milldi yfir lidi sinu, þa for hann til Marteíns ok gerdi gudi þakkir ok sagdi hiu sin aull leyst<sup>1</sup> fra bana. Þa færði (hann) Marteín .c. marka silfrs, en Marteinn rekti eigi gíof þa, ok þa eigi, þvi at hann hafði fyrr tekit fe þat til þess at leysa herfeingna menn ur höftum, en þat kemi heim til munklifs. En er munkar eggiudu hann at hafa nockud<sup>2</sup> af fenu til fezlu þeim eda til kleða, þviat þeir attu fed hvar(s)tveggja, þa svarar hann: «Kirkian skal oss fæða ok klæða, en ver skulum vid ecki ægirni hafa.» Einn af bræðrum, sa er eigi þarf at nefna, at eigi mælim vær þann kinnroda helgum manni, þa er hann kom um dag til gloda i husi Martini, þa sat hann æ knacki breitt vid elld ok hellt upp klædum sinum ok bakadiz. Marteinn vissi, þott hann sei eigi, at hinn gerdi helgum elldi oskil, ok kalladi ok mælti: «Hverr gerir skemd i husi voru elldi ok sitr nokkvidr.» En er sa heyrdi, er vid elldinn sat, þa fann hann, at ecki matti leynast fyrir Marteín ok skammadiz hann þa, er hann var ævitadr, ok gekk i gegn fyrir Marteín þvi, er hann hafði gert.

52. Ðat var um dag, þa er Marteinn sat fyrir dyrum nokkurs litils hus sins, þa sa hann diofla .ii. standa æ hamre, þeim er var fyrir ofan munklift. En þeir hlogo at ok mæltu: «Heill sva Brieti, heill Brieti!» Þar til at þeir vissu eigi, hverri æ(d)i þeir hofdu ausit i briost honum. En þa kom þar Brietius rennandi, sva sem odr væri, ok spio upp morgum brixlum æ Marteín. Marteinn hafði avitad hann um þat, er hann for med stóðhross ok starfadi i ymsum kaupabata ok keypti mansmenn, þar sem hann atti ecki sliet, adr hann var klerk(r). En þvi reidizt Brietius allra hellzt, af þvi ad dioflar eggiudu hann fram, sva at hann matti eigi gæta tungu sinnar en trautt handa. En Marteinn le(i)t hyrliga til hans ok villdi stauva miukum ordum ædi hans. En illr andi hafði sva odan Brietium, at hann styrði ser eigi siolf(r), ok skalf hann allr fyrir reidi ok taldiz helgara en Marteinn, þviat hann kvezt upp hafa vaxit i munklifi, en Martinum hafa verit fyrst i riddara fylking ok leingi oskirdan, en sidan sionhverfingamann.

1 hiu Cd.      2 nocudu Cd.

En er Briccius hafdi þetta mællt ok margt annat verra, þa gekk hann æ brutt ok for aprtr enu somu leid, sem hann hafdi þangat farit, ok þottiz þa hefnt hafa sin. En Martinus bad fyrir honum, æmedan er hann mællti þetta. Þa kom Briccius aprtr, er skamt  
 5 leid, ok idradizt orda sinna ok fell til fota Martino ok bad ser liknar ok lezt diofull verit hafa, þa er hann lastadi Marteinn. En eigi var torvellt at geta þat af Martino, at hann fyrirgefi þat, ær misgert væri vid hann. Þa sagdi hann lerisveinum sinum, hversu hann hafdi sed Briccium eggiadan af dioflum, ok lezt hann eigi  
 10 reidazt þeim brigzlum, er þess mein var, er mællti. Sva ok sidan þa er Briccius gerdi marga hluti moti Martino, þa tok hann eigi fyrir (þær) sakir prestskap af honum, þviat hann villdi eigi hefna meingerda, ok mællti þat opt, at hann skylldi sitia meingerdir Briccio, sva sem Jesus Kristr sat Jude.

15 53. Martinus vissi leingi fyrir andlat sitt ok sagdi bredrum, at nalgadizt endir efi hans. Þa atti hann faur til bæiar, þess er Condatensis heitir, þviat hann villdi sætta kennimenn, er þar voru missatter vordner. En þott hann vissi andlat sitt nalgazt, þa rezt hann þo i faur þessa, ok þotti þessi god æflok krapta sinna, at  
 20 hann endrbetti frid kristninnar. Ok er hann kom til ær nockurrar med lerisveinum sinum, þeim er honum voru vanir at fylgia, sa hann skarfa veida fiska ur ænni. «Þetta er liking diofla, segir Marteinn, ok gripa (þeir) þa, er eigi sia vid þeim, ok þeir seta ovorum, ok verda þo alldri saddir.» Þa baud hann sidan med matkum  
 25 orda krapti fuglunum<sup>1</sup> at flyia æ fioll ok eydimerkr fra anni, ok neytti hann þess velldis vid fuglana, sem hann var vanr at neyta vid diofla. En skarfarnir flyctuzt þegar allir saman ok flugu fra ænni æ fioll ok skoga. En allir dadu kraprt Marteins, er fuglar skylldu hlyda bodordum hans. Marteinn dvaldist nockura daga æ þeim bæ,  
 30 sem hann var til farinn, ok setti kennimenn þa, sem þar voru osattir. En er hann biozt heim at fara, þa tok hann sott ok sagdi lærisveinum sinum, at hann mundi þa andazt. Þa gerdiz hryggleikr mikill, ok mælltu allir sem eins munni: «Hvi fyrirlætr þu oss, fadir, eda hverium selr þu oss til vardveizlu? Grimir vargar vilia gripa hiord þina; hverr bannar þeim at bita, ef hirdirinn fellr fra? Vitum ver, at þu fysist til guds, en ecki þverr verdkaup þitt, þott þu andizt eigi enn. Miskunna þu oss helldr, en þu fyrirlatir oss.» Þa komzt Marteinn vid ok ifadizt um, hvart hann

1 [rettet; med sidan malkum enda kraptunum *Cd*; potenti virtute verborum *lat*.

villdi helldr lifa eda deyia, þviat hann villdi þa eigi fyrirlata, ok eigi villdi hann skiliazt fra Kristi, ok fal hann gudi æ hendi allan sinn vilia ok mællti: «Ef ek em enn naudzynligr lyd þinum, drottinn, þa neiti ek eigi erfidi; verdi vili þinn! Þung er sysla likamligrar orrostu, ok hefi ek nu ærit leingi starfat i þvi. En ef þu bydr mér enn at ver(i)a herbudir þinna manna, þa mun ek eigi sakazt vid elli mina, ok standa þa i herbudum þinum, medan ek fylla vilia þinn. En þott gomlum se gott at hvilaz eptir erfidi, þa hefi ek þann hug þo, er yfir stigr alldrinn ok kann eigi at lata fyrir ellinni. En ef þu vill vorkynna elli minni at hvilazt, þa er mer godr vili þinn; en þu vardveit siolfr þegna þessa, er ek uggi, at fyrirlatnir verdi.» Marteinn let hvarki yfir stigaz af erfidi ne af dauda, þviat hann hreddizt eigi at deyia oc nitti eigi at lifa.

54. En (er) sott Marteins vox dag fra degi, þa let hann þo eigi af at gera guds þionustu, ok vackti hann æ bænum netr ok daga i gegnum, ok neyddi til alla likams limu at þiona andanum, ok hvildi i somu rekkiu, sem hann var vanr, æ harkledi i osku. En er lærisveinar hans badu, at hann leti bera halm undir sik, þa svarar hann: «Eigi samir krisnum manni at andazt annars stadar en i molldu; en ek misgeri, ef ek syni ydr annat demi.» Hondum ok augum hellt hann ævallt til himins ok leysti alldri anda sinn fra bæn. Þa badu prestar, þeir er til hans komu, at hann hegdi likama sinum ok snerizt æ ymsar hlidir. En hann svaradi þeim: «Latid mig helldr sia himininn en iordina, brædr, at andinn fari sina gætu retleidiz til guds.» En er hann hafdi þetta mællt, þa sa hann dioful standa hia ser, ok mællti vid hann: «Til hverss stendr þu her, blodugt dyr? ekki munt þu med mer finna; fadmr Abrahe mun mik taka.» En er hann hafdi þetta mællt, þa sendi hann aund sina til guds æ himna æ midri þvattnott, þa er hann (var) attrædr at alldri. En þa hafdi .vi. vetr ens [.iiii<sup>a</sup>. tigar<sup>2</sup>, er hann var vigdr til byskups, en þa voru [.cccc.ok .ii.3 vetr lidnir fra burd Cristz. Þa heyrdu margir eingla saung til himins. En þeir er hia andlati hans voru, letuz sea guds dyrd æ likama hans. Andlit hans skein liosi biartara, ok var hvergi fleckr æ likama hans. Hverr mundi þvi trua, at hann hafdi molldu hvillt ok i harkledi ævallt verit? Þviat þa syndizt allr likame hans snæve biartare, sem þegar væri hann i ædli upprisudyrdar sinnar. Þa kom mikill fioldi manna at þiona likfylgiu hans, allr borgar lydr ok allr af akrum ok bæium, ok margir ur



enum næstum borgum; allir gretu, ok allra hellzt munkar, er þar voru þann dag .ii. m. Aull hiord harmadi frafall hirdiz sins, þott helldr veri fagnanda, þviat gud tok hann til hirdar sinnar. Trua bannadi þeim at grata, en allt eggjadi þa at harma, þviat iafnheilagr var fagnadr af dyrd hans, sem mannlígt var at harma andlat hans. Varkyn(nan)da (var) gratondum, en fagnanda með fagnondum, þviat milldligt var at fagna Martino, ok milligt var at grata hann.

55. Þangat hafði margr lydr komit bæði ur Turons ok Peitu borg, þar er Marteinn hafði leingi verit, adr en hann varð byskup. Þa var þræta mikil æ medal þessa hvarratveggia lyds. Peitu borgarmenn sögdu sva: «Varr munkr ok varr æboti var Marteinn, vær eigum at hafa hann heim með oss; en ydr er ærit þat, er þer attud at heyra kenning hans leingi, ok atut ok drukkut með honum ok vorut styrktir blæzan hans ok gladdir iartegnum hans. Se ydr þetta gnotgt allt, en oss se lofat at hafa hann andadan með oss.» Þa svára Turons borgarmenn: «Ef þer segit oss gnoGAR vera iartegnir hans, þær sem hann gerði, þa viti þer, at fleiri iarteinir gerði hann með ydr en með oss. Þar reisti hann upp .iii. menn, en her .ij., ok sagði hann þat opt siolfr, at krafr hans var meiri fyrir byskupsdom en síþan; af því er naudsyn, at hann fylli þær iarteinir með oss andadr, er hann fyllði eigi lifandi. Oss var hann gefinn af gudi, en tekinn fra ydr. Ef forn log skulu halldazt, þa æ hann i þeiri borg at vera grafinn, sem hann var vigdr. En ef þer vilit eignazt þat af munksvigslu, þa vitid er þat, at fyrr var hann munkr i Melans borg.» Aa þessa lund þrættu þeir allt til nætr. En þa varðveittu hvarirtveggju likama Martein(s), ok etludu Peitu borgarmenn at hafa hann æ brutt með ser, þviat þeir voru fiolmennari. En gud villði eigi rena lata Turons borg hirdi sinum, þviat Peitu borgarmenn sofnudu æ midri nott, sva at eingi þeira matti vaka. En er Turons borgarmenn sa þat, þa gripa þeir likam Martini ok letu fara ut um einn glug, en adrir toku vid uti, ok letu fara til skips, ok sva i brutt ok ofan eptir æ þeiri, er Vigenna heitir, ok fellr i æ þa, er Liger heitir, ok fellr su til Turons borgar. En er þeir sungu lof gudi, þa voknudu Peitu borgarmenn vid þat ok mistu þess, er þeir villdu hafa, ok urdu heim at fara vid sva buit. En Turons borgarmenn fylgdu honum til graptar með lofsaugum ok himnerskri dyrd enum heilaga Martein.

56. Eingi sigr ne dyrd verallig ma iafnazt vid líkfylgiu Marteins. Konungar iardar reka flotta herfeingins lids fyrir

kerrum sinum, en like Marteins fylgdu þeir, er hans kenningum stigu yfir freisne heims; þessa ríkis monnum fagnar vesaligt sigrop ok vopnaglam, en Martein fagnar gudligt lof ok himnerskar raddir; iardlig tign endizt med ogleði ok grimum kvalum, en Marteinn er gladr tekinn i hvíllð Abrahams; Marteinn var her valadr ok mat sik litils, en nu er hann audigr ok mikils metinn med helgum monnum æ himnum.

57. [Sulpicius Severus<sup>1</sup> sendir rit Aureliano lærisveini Marteins fostbrodur hans ok segir andlat Marteins. Sidan er þu gegtt i brut i myrgin, Aureliani brodir, þa sat ek einn i husi, ok hugda ek at von ovordinna hluta ok at leidendum þessa lifs ok ogn domadags ok eilifra kvala, ok allra mest at því, at sea hugrænning gerðiz af oll, þat er endrminningh synda minna; ok gerði þetta allt saman (mik) hryggan. En er ek mæddumzt af hryggleik hugar, þa sofnada ek laust þat, sva sem myrginsvefnar eru vanir at vera, ok þottumz ek miok sva vaka. Þa þottumz ek sea helgan Martein skryddan hvítu skrudi: andlit hans var sem elldr, har hans sem purpure, en augu hans sem stiornur; i þeim buningi ok aliti þotti mer hann vera, sem ek matta kenna, en trautt i gegn sea. Brosti hann vid mer ok hafði bok þa i hendi, er ek hafða ritadum lif hans. Fell (ek) til fota honum, ok bad ek hann blezandar, ok kenda ek, at hann lagði hond sina yfir haufut mer; þa leit ek æ hann vandliga. En er hann hafði blæzad mer, þa gerði hann krossmark yfir mer; þa hófzt hann i lopt upp fra mer, ok sa ek eptir honum, sva leingi sem ek matta, til þess er himinn opnadz yfir honum. En litlu sidar sa ek Klarum prest lærisvein hans stiga upp somu gautu. En er ek villða fara eptir þeim, þa vaknada ek ok fagnada þessi syn. Þa kom inn gangandi sveinn nockurr ok oglad(ari), en hann var vanr. Ek spurða, hvat hann villði mæla, er ek sa, at hann biost til mals, ok ox honum fyrir augum. Hann svaradi: «Tveir munkar komu or Turons borg ok sogdu Martein byskup andadan.» Þa fagnada ek ok fellda ek tar, ok ma ek nu eigi vatni hallda. Kom nu hingat, brodir, ok gratum badir samt þann, er vid elskudum badir, þott ek vita, at eigi sæ gratanda eptir helgan mann, þann er sigr vann æ þessum heimi, ok hefir nu tekít dyrd fyrir rettletí. En ek ma eigi siolfum mer banna at grata ok harma, þvíat ek hefi mist allrar hugganar þessa lifs; en helldr skyllða ek fagna, ef ek mætta fyrir har(mi), þvíat hann er nu samteingdr guds postolum ok spamonnum ok iafningi<sup>2</sup>

<sup>1</sup> [Severus ok Sulpicius *Cd.*    <sup>2</sup> iafningum *Cd.*

enna æstu pislarvotta. Þótt hann veri eigi æ þeiri tíð, at hann mætti pindr vera fyrir guds nafni, þa misser hann þeygi dyrdar guds votta, þviat hann villði ok matti guds vottr vera i fysi ok krapti ok ast ok allre millde ok miskunnsemi. Hans ast kolnadi  
 5 allðri af veralldar kullða, helldr ox hun dag fra degi allt til enda lifs. [Þeifar astar hans naut: ek einna mest, þviat hann elskadi mik overdan frammar en flesta adra. At hverium megi mer slik huggan sidan vera? En hvener megi su stund i lifi minu, er ek muna eigi harma þat, er ek skal lifa leingr en hann? Hversu ma  
 10 ek hafa unad lifs eða gladan dag, eða hversu mega ek ugratandi gera minningh Marteins, eða mega ek, brodir, annat tala við þik en um hann? En til hvers skal ek reita hug þinn i þessum malum? Ek skyllða þik hugga, þott ek mæga eigi siolfan mik. Lat mik eigi leingr dvelia rit þetta, þviat ek vil, at þu komir sem  
 15 skiotazt. En af því geri ek þetta mal langt, at sva sem rit þetta syndi upphaf harms, sva mætti þat ok veita þer huggan af vidrmæli okkru.

58. A þeirri tíð var Ambrosius byskup i Melans borg. En er hann saung messu drottinsdag einn, þa var sa vandi, at eigi skyllði  
 20 lectio lesa, fyrir en byskup baud. En er spamannz lectia var lesin, þa skyllði lesa Pals lectio adra. Ok er þar var komit, þa var Ambrosius byskup sofnadr fyrir alltare, ok treystuz menn eigi at vekia hann. Ok er fall vard æ tidum um .ii. stundir æða þriar, þa voktu þeir hann ok mælltu: «Lidin er nu stund, biod þu,  
 25 drottinn, at lesa lectio, þviat menn mæðazt at standa.» Ambrosius byskup svarar: Eigi skulut þer hryggiazt, þviat mer stodadi mikit svefn sea. En þer skulut þat vita, at Marteinn byskup brodir minn er nu skildir fra likama, ok veitta ek þionustu liki hans, ok var enn bæn olokit, er þer vðktud mik.» Þa undruduzt þeir, er  
 30 heyrdi, ok mercktu þann dag ok stund, ok reyndi, at æ þeim degi ok þeiri stund var Marteinn byskup iardadr, sem Ambrosius sagðiz þiona likfyldgi hans. Sell er sa madr, er þess andlati saung lydr heilagra lof gudi, fognudu flokkar eingla, ok rann æ mot honum allr herr himnakraptz; diofull skamadizt ok flyði, kristnain  
 35 styretizt af krapti, kennimenn dyrkoduzt af vitran. Mikael tok hann upp með einglum, Maria tok hann með lidi hreinlifismanna ok heilagra meya, paradiz lauk(z)t upp fyrir honum, ok fagnar hann utan enda með aullum guds helgum maunnum i himinriki.

59. Severinus Kolnis borgar byskup gaufugr madr i lifi sinu

1 [ rettet; þeiri astar naud annat Cd.

ok lofligr i aullum hlutum, þa er hann gecc um kirkiu med klerkum sinum eptir morgintidir at veniu sinni æ þeim drottinsdegi, er Marteinn hafdi andazt, þa heyrdi hann eingla saung til himna, ok kalladi hann þangat diakn sinn ok spurdi, ef hann heyrdi rodd þessa. Diakninn svaradi ok letz eigi heyra. Þa mællti byskup, at hann skyldi vandliga at hyggia. Diakninn hlæradi ok tylldizt: æ tær, ok matti eigi heyra saunginn, þviat hann var eigi iafnheilagr sem byskup. Þa fellu þeir til iardar ok badu drottin, at hann leti diakninn heyra saung þenna. En er þeir risu upp af bæn, þa spurdi byskup enn, hvart hann heyrdi. 10 Þa svarar hann: «Saung heyri ek til himins, en eigi veit ek, hvat hann merkir.» »Ek man segia þer, kvad byskup, hvat þat taknar: Marteinn er farinn ur þessum heimi, ok bera einglar hann nu til himins ok syngia lof gudi. En þa er dva(u)l vard æ saunginum adan, þa kom diofullinn, ok vid mattum eigi heyra, med illum 15 einglum ok villdi dvelia hann, en fann ecki sins verks med honum, ok flydi hann med skemd. Æn hvat mun verda af oss syndugum maunnum, ef ovinrinn hugdizt granda mundu sva heilogum manni?« En er Severinus byskup hafdi þetta mællt, þa merkti diakninn dag ok stund ok sendi mann i Turonsborg skiotliga. En sa spurdi 20 vandliga, er hann kom þar, ok vard viss, at æ þeirri tid andadizt Martinus, er Severinus byskup heyrdi eingla saung til himins.

60. A enu .xvi<sup>da</sup>. æari fra andlati heilags Martein(s) byskups tok sa heilagr madr byskupsdom i Turonsborg, er Perpetuus het. En er hann hafdi byskupsdom tekit, þa villdi hann auka kirkio, 25 þa er ger hafdi (verit) til dyrdar helgum Martino, ok þat gat (hann) frame(t), sem hann etladi, at þar var kirkia mikil ger. En er su tid kom, er byskup villdi kirkiuna vigia ok taka upp helgan dom Marteins ur þeim stad, er haun var adr grafinn, þa baud hann til þeirar hatidar enum næstum byskupum ok morgum 30 munkum ok kennimonnum i upphafi manadr þess, er Julius heitir, þvi at hann villdi þa vigia kirkiuna. En er þeir höfdu vakat um nott, þa grofu þeir iord til yfir leidi Martini at morne. En er þeir komu at steinþro hans, þa mattu þeir hana hvergi ur stad hræra þann dag ok annan eptir enn næsta. Þa urdu þeir ugladir 35 ok vissu eigi, hvat þeir skyldu til taka. Þa mællti einn þeira: »Viti þer, at eptir þria daga er vigsludagr hans, ok ma verda at þvi, at þa vili hann, at hann se upptekinn.» Þa hurfu allir til bænar ok fostudu ok vaktu æna næstu .iii. daga<sup>2</sup>. En enn .iiii.

dag villdu þeir upp taka steinþrona, ok mattu hvergi hræra. Þa urdu allir okveda ok baruz þat fyrir at hylia steinþrona med molldu. Þa syndizt þeim gamall madr, at yfirliti gaufugligr, snæve biartare, ok lezt æboti vera ok mælti vid þa: »Hvi erut þer 5 hryggir æda hræddir? Seait þer eigi, at Marteinn stendr hia ydr ok er buinn at tæia, þegar þer takit hondum steinþrona.« Þa varp sa mautli af ser ok tok til steinþroarinnar med audrum kennimaunnum. En sumir baru lios ok krossa, ok sungu allir lof gudi. En er hinn gamli madr tok til steinþroarinnar, sa er 10 þeim hafdi vitrazt, þa geck hon aull ur stad letliga. Ok var þa heilagr domr Marteins færdr til þess stadar, er nu er hann gaufgadr ævallt síþan. En er tidum var lokit, þa var leitad vandliga ens gamla mannz, adr til borz var farit, ok matti hann hvergi finnast, ok eingi hafdi hann sed ur kirkiu ganga. En því ma rett- 15 liga trua, at annathvart hafi þar vitrazt eingiligr kraptr eda Marteinn siolfr ella, sa er eigi syndizt síþan. Ok i þeim stad gerast margar iarteinir sidan fra þeim degi, þær sem eigi er tom at rita, þvíat þar fa siukir heilsu, en blindir syn, heyrn daufir, en dioflar flyia fra odum monnum, i nafne fodur ok sonar ok anda heilags, 20 þess er lifir ok rikir einn gud i þreningu um allar alldir allda. Amen.

---

### III.

(*Cd. Holm. 2 folio*).

Her hefr upp sogu ens helga Martinus erkibyskups.

25 I þann tima er styrdi guds cristni hinn helgi Silvester pafi, en keisari var yfir öllum heimi Constantinus Magnus son Constancij konungs ok Helene ennar helgu drottningar, var fæddr enn helgi Martinus byskup a Langbarda landi, en hann var æzskadr af Ungaralandi. Frændr hans voru göfgir at veralldligri 30 virþingu ok þo heidnir. Fadir hans var riddara höfþingi, hann fylgdi ok sialfr riddara syslu i æsku sinni, fyst i hird Constancij konungs sonar Constantini, en eptir þat var hann i riddara sveit

Juliani níþings, eigi at sialfvilia sinum helldr eptir vilia frænda  
 sinna, þviat hann girntiz gudi at þiona þegar a unga allðri. Þa  
 er hann var .x. vetra gamall, for hann til kirkiu vid usatt frænda  
 sinna ok beiddi kennimenn at primsigna sik, ok eptir þat sneriz  
 hann allr til guds lofs, sva at hann fystiz þa þegar i einsetu at  
 fara, ok þat mundi hann gert hafa, þa er hann var .xiii. vetra gamall,  
 ef eigi hefði ostyrkleikr allðrsins i moti stadið. Hugr hans var  
 hvergi nema at munklifum edr at helgum kirkiu, ok hugsadi  
 hann þat þa dag ok nott, sem sidar kom fram um hans æfi. En  
 þa er þat var bodið, at allðrænna manna synir skylldu vid vopn-  
 um taka, þa var Martinus selldr framm af fedr sinum ok dubbadr  
 til riddara, þviat þat matti i öllu finna, at fadir hans lagði oþocka  
 a tru hans ok sidlæti. En þa var Martinus fimtan vetra gamall,  
 er hann var riddari, ok var honum feinginn einn skosveinn til  
 þionustu, ok þionadi þo Martinus sialfr optar sveininum ok dro  
 skoklæði af honum ok þerdi fætr hans; badir attu þeir mat saman,  
 ok byrladi Martinus honum ok þionadi allt at bordi þeira. Þria  
 vetr var Martinus med vopnum, adr hann væri skirðr, ok var  
 hann þo hreinn ok skirr fra ollum löstum, þeim er þeiri syslu  
 kunnu at fylgia. Marga vega syndi hann mikla ast ok þolinmæði,  
 gæzsku ok litillæti vid alla samriddara sina; sva sparliga neytti  
 hann ok fæzlu, at hann þotti a þeiri tid fyrir þær sakir helldr  
 munkr en riddari. Af slikum hlutum var hann þeckr samridd-  
 orum sinum, sva at allir unnu honum. Eigi var hann þa enn  
 skirðr, ok gerði hann þo hvitvæðings verk, þviat hann veitti hialp  
 voludum ok vann med þeim, er erfidi höfðu, fæddi hann hungrada  
 en klæddi nöckta. Ecki hirti hann ser af riddara malagiðf nema  
 hversdagliga atvinnu, eigi daufheyrdiz hann vid gudzspialligum  
 ordum, ok eigi hugsadi hann þat annan dag, hvat annan þurfti  
 at hafa.

2. Sa atburðr gerðiz um vetrartid, þa er Martinus for i miklu  
 frosti med odrum riddorum um hlid borgar þeirar, er Ambianen-  
 sium heitir, þa vard þar fyrir þeim einn fatækligr madr miðg  
 kalinn ok aumligr at sia, ok bad þa, er um lidu, nockuro klæði  
 til sin kasta edr nockurn veg ser at miskunna, ok villði eingi til  
 hans lita af þeim riddorum, er um ridu. Þa kemr Martinus at  
 honum, ok bad hann sem adra miskunna ser. En Martinus skildi,  
 at honum mundi þetta miskunnarverk hugat vera, þar er adrir  
 höfðu hia ser latid lida, þeir er fleira höfðu til haft. En hvat  
 matti hann at gera, hann hafði ecki laust utan einn möttul yfir

ser, ok i einum kyrtli undir, en allt annat hafdi hann gefit fataekum monnum. Sidan bra hann sverdi ok sneid i sundr möttulinn ok gaf halfan enum fataekia, en halfan hafdi hann sialfr. Þa hlogu sumir at honum, þeir er vid voru staddir, ok þotti hann vera helldr stuttbuinn; en þeir er med heilla hug voru, komuz vid, er þeir höfdu eigi slikt verk unnit, þa er þeir mattu klæda enn fataekia, sva at þeir væri okalnir eptir. En ena næstu nott eptir þenna atburd, þa er Martinus sofnadi, þa sa hann Jesum Crist skryddan þeim hlut möttulsins, er hann hafdi gefit enum fataekia. Drottinn leit a sik et vandligzta ok bad Martinus kenna klædit, þat er hann hafdi gefit. Ok eptir þat heyrir hann drottin mæla biartri roddu vid eingla fiolda, þann er var umhverfis hann: «Martinus primsigndr at eins skryddi mik þessu klædi.» Sannliga var drottinn vorr minnigr þeira mala sinna, er hann mællti i gudzspialli: «hvæt er þer gerit enum minztum af minum þionum, þat geri þer mer.» Syndi drottinn fyrir Martino því berliga þenna atburd, at honum mætti verda til dyrdar en öllum ódrum til vitnisburdar, hvæt olmusugiafir megu i guds augliti. En Martinus hofz eigi til metnadar eptir þessa syn, þott hann kendi gudligrar gæzku i sinu verki, helldr tok hann skirn litlu sidar, ok hafdi hann þa .iii. vetr med vopnum verit, en var .xviii. vetra gamall skirdr, ok hafnadi eigi þegar vopnaburd, þvíat riddara hofþingi dvaldi hann ok het því, at hann mundi fyrr lata veralldar syslu at lidinni þeiri tid, er aqvédinn var hans hofþingsskapr yfir riddorum. Sia von dvaldi Martinum tvo vetr eptir skirnina i riddara syslu.

Þrir voru synir Constantini keisara, het einn Constancius, en annarr Constantinus, en enn þridi Constans. Constancius þessi enn sami var rikr konungr ok vafdr i Arrius villu ok let marga dyrliga byskupa i utlegd færa. Athanasium erkibyskup rak hann a brott fra stoli sinum af Alexandria ok villdi hafa drepit hann, en vid honum tok enn helgi Maximinus byskup a Fracklandi i borg þeiri er Treveris heitir, ok beid hann þar þess, er Arrius do illum dauda ok makligum; ok vard þat med þeim hetti, at þa er hann skylldi fara til byskupa stefnu at þræta um helga tru, ok villdi hann henne fyrirkoma, þa for hann at sitia naudsynia sinna ok dreit or ser iþronum öllum, ok þar for lifit hans med. Constancius konungr setti hofþingia yfir Fracklandi Julianum, er kalladr er apostata, þat kollum vær gudniþing, fyrir því at hann hafdi veitt honum lid, þa er hann hefndi Constancij brodur sins, en honum hafdi at bana vordit grimmr hervikingr, sa er Magnencius het.

Julianus var af því kalladr gudniþingr, at hann hafði verit lærdr madr ok lector at vigslu i borg þeiri er Nichomedia heitir, en þa er hann vard keisari, kastaði hann cristnenni ok baud enn mesta ofrid cristnum monnum.

3. Þeir atburdir gerduz, at hervikingar gengu<sup>1</sup> a Frackland, ok safnadi Julianus keisari her i moti þeim ok nam stadar med ollum herinum vid borg þa er Vagionum heitir, ok tok þar at gefa mala riddorum sinum. Nu þottiz Martinus hellzti leingi iardligum konungi þionat hafa, villdi hann ok eigi taka malann, ef hann villdi eigi beriaz, gengr til mals vid keisarann ok segir sva: «Her til hefir ek þer þionad, keisari, nu verdr þu at þola, at ek þioni (hedan) af gudi; taki sa malagiöf þina, er med þer vill beriaz; Criz riddari em ek, ok er mer eigi leyft at beriaz.» Þa reiddiz Julianus miög ok qvad hann þetta gera fyrir hugleysis sakir en eigi gudligar truar. Þa sagdi Martinus konungi med mikilli stadfestu: «Ef þu eignar þetta hugleysi helldr en tru, þa mun ek a morgin ganga fram i milli fylkinga vopnlaus, vera hvorki skryddr hialmi ne bryniu, helldr mun ek bera merki med helgu crossmarki drottins Jesu Criz ok ganga öröggr i gegnum allar fylkingar vorra andskota.» Þa<sup>2</sup> var Martinus vardveitr, ok ætladi konungr at reyna um morguninn þat, sem hann hafði bodit. En annan dag eptir sendu vikingar menn a konungs fund ok badu fridar, ok geingu allir konungi a hond orrostulaust. Þenna sigr veitti almattigr gud af þenum Martini, at hann yrði eigi sendr vopnlaus til orrostu, en konungr feingi valld sinna ovina an öllu mannfalli.

4. Eptir þessa atburdi fyrirlet enn helgi Martinus riddara syslu ok for til fundar vid hinn helga Hilarium Peitu byskup a Fracklandi. Hann tok vid honum vel, ok dvaldiz Martinus þar med honum nöckveria stund. Hilarius byskup villdi vigia Martinus til diakns ok binda hann sva i gudligu embætti, þviat hann sa med honum heilagt sidlæti ok alla ena dyrligstu mannkosti. En Martinus villdi þa enn eigi vid þeiri vixlu taka fyrir litillætis sokum. Þa baud hann, at hann skyllði vera exorcista; vid þeiri vixlu tok Martinus, þviat honum þotti su litillatligri vera. Litlu eptir þetta var hann amintr i svefni, at hann skyllði vitia frænda sinna heidinna ok telia tru fyrir þeim. Sidan bad hann Hilarium byskup leyfis at fara, ok leyfði hann honum ok bad med tarum, at hann skyllði þegar aptr koma til hans, er hann hefði þessi ferd lokit. Nu rezt Martinus til ferdar, ok sagdi þo byskupi ok

<sup>1</sup> ganga tilf. Cd.    <sup>2</sup> þar Cd.



bræðrum, adr hann færi, at hann mundi marga gagnstæðliga hluti þola i þeiri ferd. Ok er hann kemr a fiallveg, þann er Alþes heitir, villiz hann gótunnar ok hittir a illvirkia. Einn þeira reiddi at honum óxi ok villdi höggva hann, en annarr stöðvadi. Þa var  
 5 Martinus tekinn ok bundinn ok selldr einum þeira til varðveizlu, en sa leiddi hann fra odrum monnum ok spurdi, hvat manna hann væri. En hann qvaz cristinn madr vera. Illvirkinn spurdi, ef hann ræddiz nockut. Martinus lezt allðri hafa verit oræddari en þa, þviat hann qvaz vita guds miskunn þvi meiri yfir ser, sem  
 10 freistnin var meiri, en illvirkiann sialfan lez hann harma, er hann skyllði eigi verðr guds miskunnar. Sidan taldi hann tru fyrir illvirkianum ok feck snuit honum fra allri hans illzku ok utru; en sidan leysti hann Martinum ok fylgdi honum a gautu. Ok eptir þeira skilnat rez illvirkinn i munklifi ok lifði sidlatliga þadan  
 15 fra alla sina æfi. Fra þvi er nu sagt, at Martinus for um dag leidar sinnar fra borg þeirri er . . . . . or herbergi sinu nema til kirkiu, allir mótuduz þ(ar) saman. Eingin þeira drack vin, nema siukir væri; flestir voru þeir harklæðum skryddir gervum af ulfalda hari, en i blautara buningi þotti þeim  
 20 lostr vera. Fiöldi redz þangat góðfugra manna; sumir þeir er sik fraumdu i sva miklu litillæti ok þolinmæði, ok margir urdu þeir byskupar sidan, þviat óll þiód villdi ser hellz kennimenn velia or hans munklifi. Þeir voru keisarar, þa er Martinus var byskup: Gracianus ok Valentinianus brodir hans, synir Valentiniani ens  
 25 ellra. Gracianus gaf keisara nafn Theodosio enum goda, til þess at hann sigradi þessar þiódir: Scithicas ok Halanos, Hyni ok Gados, ok sigradi hann þa i morgum orrostum. Eigi mattu Arrius menn bera þeira samþyeki, ok letu þeir þa lausar margar kirkiur, þær er þeir hófðu adr haft i sinu valldi .xl. vetra.

30 9. I þenna tima styrði Damasus pafi guds cristni. Sa er fystr sagdr atburðr i iarteinagerd Martini, sidan hann varð byskup, at stadr var sa einn skamt fra Turons borg, er menn hugdu helgan vera af grefti guds þiningarvotta, þviat enir fyrri byskupar letu þar kirkiu gera ok allteri. En enn helgi Martinus spurdi eptir  
 35 ellztu kennimenn, a hverri tíð þessir menn hefði verit, eðr hvat þeir þislarvottar hefði heitid, er þar voru grafnir. En er þeir vissu eigi skyrt at segia honum, þa sa hann við at koma til þess stadar, ok leitadi eigi a alþydu sid, þviat hann vissi eigi et sanna, ok

1 Her mangler 1 Blad i Codex.

(eigi) veitti hann þeim fullting, at eigi efldi hann villu<sup>1</sup>. Þá for hann um dag með fa múnka til þess stadar ok stóð leingi fyrir allteri ok bað gud, at hann syndi honum, hvern þar væri grafinn. Þá leit hann til vinstri handar sér standanda leðiligan skugga, ok bað hann honum at segja nafn sitt ok verðleik. En hann sagðiz 5  
verit hafa þjófr ok drepinn fyrir glæpi sína ok eiga eeki sameigit með helgum monnum guds. Þessa röðd heyrdu allir, þeir er hía voru, en Martinus einn sa þann er mælti, ok sagði hann þeim, hvat hann sa, ok lét síðan brott taka allteri, þat er þar var, ok leysti lyd allan frá þessi villu. 10

10. Enn mætti Martinus um dag monnum þeim, er líki heidins mannz fylgdu til grafar, ok nam hann stadar, er hann sa mart líd fara, ok vissi eigi, með hvat þeir foru. En er hann sa, at vindr hrærði dukana yfir líkinu, þá hugði hann, at blotmenn væri, þvíat þorpkarlar voru vanir opt at bera skurgod sín hvítum 15  
dukum vafit um akra sína. Þá gerði hann crossmark í moti þeim ok bað þá hvergi hræraz or stad, aðr þeir legði byrði sína. Þá stírdnudu þeir fýst sem steinar, en er þeir leitudu víð at hræra sík, þá sneruz þeir í hring ok mattu eigi framar ganga, vnzst þeir lögdu níðr líkit, ok sa hvern til annars, ok vissu eigi, hvat þeim 20  
var vordit. En er Martinus sa, at þeir foru með lík en eigi með blot, þá gerði hann crossmark eptir þeim ok gaf þeim leyfi at fara, hvert er þeir villdi.

11. Sa atburðr varð enn, at Martinus villdi upp höggva eitt blotat tre a nöckurum bæ, en heidnir menn risu í gegn honum ok 25  
letu hann eigi höggva tred; en hann taldi fyrir þeim leingi, ok qvad eigi vera guddom í trenu helldr diöflablot, ok qvad þeim helldr fallit vera at þiona himnagudi, sem hann lez þiona. Þá sagði einn þeira, sa er diarfastr var: «Ef þer er nöckut traust í gudi þínum, þá munum vær sialfir höggva tred, en þu tak víð því, 30  
er þat fellr, ok mun þik þat eigi saka, ef gud þinn er með þer, sem þu segir.» En hann het þeim því óhræddr at gera, þat sem þeir beiddu. Þá urðu þeir aller sattir a þenna maldaga, ok vírðu þeir lítils skada tressins, ef þat felldi óvin blota þeira. En tred 35  
var hallt a einn veg, ok var auðsynt, at þangat mundi a falla, er Martinus var undir, ok hiuggu þeir sialfir ok voru gládir miðg. En munkar stóðu langt frá trenu ok gretu ok væntu eigi lífs Martini. En er tred brast ok reid ofan at höfði Martino, þá gerði hann crossmark í moti því, ok hafði hann traust í gudi. Þá fell

tred af þveru fra Martino, sva sem hvössum vindi lysti i moti þvi, ok urdu þar undir nöckurir menn, þeir er adr þottuz i ðruggum stad komnir. Þa toku þorpkarlar at undraz takn þetta, en munkar felldu tar fyrir fagnadi, ok lofudu hvorertveggju Jesum Crist, ok  
 5 var sa eingi i þvi lidi eðr nalægium þorpum, at eigi tæki tru ok hafnadi blotum. En adr Martinus kæmi þangat, þa voru ðngir eðr faer þeir menn, er kynni nafn drottins. En af hans kröptum ok bænum efdiz trua, sva at hvert nes ok herad var kirkna fullt eðr munklifa, þviat þar allz stadar, er hann braut hof, þa let hann  
 10 kirkiur gera eðr munklifi reisa.

12. Slikan kraptr syndi Martinus enn a annarri tid. Þa er hann lagdi elld i hof a nöckurum bæ, þa laust elldi i hus þat, er næst var hofino<sup>1</sup>. En er Martinus sa þat, þa ste hann upp a husit skyndiliga ok rann a mot elldinum. Þa matti þar lita sialldsena  
 15 orrostu, er þeir elldr ok vindr genguz i mot, ok gerdiz sva af krapti Martini, at elldr vann þat eitt, er honum var bodit at vinna.

13. Enn villdi Martinus briota eitt blotaudgazta hof a odrum bæ, en þa reis i gegn honum mikill fiöldi heidinna manna ok raku hann a burt med mikilli meingerd ok bardögum. Þa for  
 20 hann þadan til nalægs stadar ok skryddiz harklædi ok fastadi .vi. dægr ok bad, at guds kraptr bryti hof þetta, er hann matti eigi briota fyrir ofridi manna. Þa syndiz honum tveir einglar sva sem riddarar vopnadir ok skialldadir, ok sogduz sendir af gudi at veita lid Martino ok stödvá heidinn lyd, at eigi risi i moti honum,  
 25 medan hann bryti hofit. Þa hvarf Martinus aptr til hofsins. Þa urdu þorpkarlar enn varer vid ok ætludu at gera for hans sem fyrr. En þa fellu sumir, en sumir stirdnudu sem tre ok mattu eigi hræraz. Þa braut Martinus hofit allt til iardar ok skurgod ok stalla at augsjandum heidnum monnum, þeim er hia voru. Þa  
 30 skildu þorpkarlar sik vera stödvada af guds krapti, at eigi berdz þeir i gegn byskupi, ok toku miög sva allir tru, þeir er vid þenna atburd voru staddir, ok neittu skurdgodum, þeim er hvorki megu biarga ser ne odrum.

14. Þat var enn, þa er Martinus braut hof a einhverium bæ, 35 at heidnir menn risu i gegn honum; einn þeira, sa er diarfaztr var, bra sverdi ok villdi þegar höggva Martinum. En er hann bra sverdinu at Martino, þa fell hann a bak aptr ok vard ræddr fyrir guds krapti ok bad ser liknar.

15. Enn braut Martinus skurdgod i einhverium stad, ok villdi

40 1 husino Cd.

heidinn madr leggja skalm a honum. En er hann lagdi framm, þa rak hann a honum heftid, en skalmin fanz alldri sidan. Opt gat hann ok sva talit fyrir heidnum monnum, at þeir brutu sialfir skurdgod sin, þau er þeir bönnudu honum adr at briota. Sva var hann ok mattugr at græða siuka, at eingi kom sva siukr til hans, at eigi tæki heilsu, þegar er hann blezadi. 5

16. I borg þeiri er Treveris heitir var mæR siuk, er sik hafði til einskis rærða leingi ok var miög daud at öllum likam, en frændr hennar stodu þar hryggir yfir ok bidu andlaz hennar. Þa er sagt, at Martinus var kominn þangat til borgar. En er þat vissi fadir meyiarennar, þa rann hann þegar til kirkiu ok fell til fota Martino ok mællti: «Dottir min deyr vesaligum dauda, ok er þat dauda verri, ath andi er i briosti henne, en likamrinn er miog sva daudr; en eg bid þik, at þu komir til hennar ok blezir hana, ok væntir ek, at hon muni af því heilsu taka.» Martinus svaradi ok qvad enn gamla mann rangvirða, ok taldiz hann þess overdr at geta iarteinir at gudi. En fadir meyarinnar bad þess at meir, at Martinus vitadi hennar, ok sva badu med honum þeir, er þar stodu hia. Þa for Martinus til hennar; en margir lydir stodu fyrir dyrum ok bidu þess, er guds þræll hugdi at gera. En hann fell a kne til bænar, sem hann var vanr i slika þurft. Sidan vigdi hann vidsmiör ok hellti i munn meyiunni, ok tok hon þegar mal sitt. Þa tok allr likamr hennar at styrkiaz, er hann for hondum um hana, unz hon reis upp heil ok stod a fætr sina. 15

17. A þeiri tid ærdiz þræll höppingia þess, er Tetradius het En er Martinus var bedinn at bleza hann, þa bad hann leida til sin enn oda. En oreinn andi let eigi a brott enn oda, helldr beit hann til þeira, er hann villdu taka. Þa fell Tetradius til fota Martino ok bad hann fara til ens oda. En Martinus lez eigi fara mundu til hus heidins mannz. Þa het Tetradius at taka tru ok skirn, ef þrællinn yrði heill. Þa for Martinus ok rak ohreinan anda fra þrælinum, en Tetradius lagdi mikla ast a kenningar Martini þadan i fra. 30

18. Þa er Martinus geck inn i hus nöckurs mannz um dag, þa nam hann stadar a þreskelldi ok qvaz sia hrædiligan diöful i skidgardi, ok baud honum brott at fara. Þa ærði oreinn andi einn þion, er a götu hans vard, ok tok sa þa at gnista tönnum ok bita til þeira, er fyrir honum urdu; ok (Martinus) bad hann stadar nema, en inn æri for at honum med gapanda munninn. Þa retti Martinus fingr sinn i munn honum ok mællti: «Bittu fingr þessa. 40

ef þu matt þer naekvat.» En hann gapti munninum þess at meir, sem hann tæki vid heitu iarni, en hann þordi eigi at bita fingr hans. En er Martinus neyddi oreinan anda til a brott at fara fra enum oda, þa for hann i brott med valldgangi hans, þviat honum  
5 var eigi lofat at fara ut um munninn, þar sem þeir enir helgu fingr voru fyrir.

18<sup>b</sup> (30)<sup>1</sup>. Þa er hinn helgi Martinus hafði skamma stund byskup verit, þa atti hann naudsynlig eyrindi vid Valentinianum keisara. Modir þessa Valentiniani var Justina drottning, ok voru þau bæði  
10 vöfd i Arrius villu ok veittu storar skapraunir enum helga Ambrosio byskupi; sem segir i sögu hans. Valentinianus vissi vonir, at Martinus villdi finna hann ok beida hann þeira hluta, er hann villdi eigi veita; bydr nu um sinum monnum at gæta sva konungs hallar, at Martinus nædi eigi at finna hann, þviat modir hans ok  
15 frilla eggjudu hann þess fyrir sakir Arrius villu at veita einga lydni Martino byskupi. Iafnan leitadi Martinus til at finna hann, ok atti hann eigi kosti. Leitar Martinus ens kunnazta fulltings, heitr a gud til styrktar skryddr harklædi, fastadi vid vatn ok braud ok var a bænum nætr ok daga ok bad gud fulltings. En a enum .vii.  
20 degi föstunnar vitradiz honum guds eingill ok bad hann upp risa ok fara til hallarennar, sagdi þa opnar mundu vera dyrnar, þott konungr leti læsa, lez hann ok mundu bleyta skapshafnir konungsins, þott hann ætladiz stirdr at vera. Ok þa er Martinus var styrkr af ordum eingilsins ok studdr af gudligu fulltingi, þa ferr  
25 hann til hallarinnar, ok er hann kemr þar, þa eru opnar dyrnar, geingr hann sidan i höllina inn, ok stendr eingi i mot. Nu ser konungr, at Martinus er inn kominn, ok verdr hann styggrr vid ok ygliz a sina menn ok spyrr, hvi þeir leti hann na inn at ganga. Ok er Martinus nalgadiz, vill konungrinn eigi heilsa honum ok eigi  
30 risa upp i moti honum. Þa verda þar undarligir atburdir, elldr kom upp i hasætinu undir konunginum, sva at logudu klædi hans öll, þau er at stolinum höfdu hörft, ok vard hann naudigr at standa upp fyrir Martino, er hann villdi eigi lostigr, ok fell sidan til fota honum ok baud þa med litillæti at veita Martino alla þa hluti,  
35 er hann villde þegit hafa, ok a sogort ofan villdi hann hafa gefit honum margar gíafir virduligar. Martinus villdi eigi þiggia gíafir hans, en for vid þat a braut, er hann hafði allt þegit af honum þat er hann villdi.

<sup>1</sup> *Det, her og senere, i Parenthes indsatte Tal henviser til Capitelinddelingen i Recension I og II af Sagaen.*

19. Þat er sagt, at Martinus fór enn til borgar þeirar er Parisius heitir, þar mætti hann líkþram manni ok kysti hann ok blezadi honum, ok varð sa þegar heill, ok kom sa til kirkiu annan dag eptir ok gerði þækir gudi fyrir heilsu sína. Þat er ok sagt frá Martino, at siukir menn feingu heilsu sína, er þeir snurtu trefr af klæðum hans. 5

20. Arborius het einn ríkr greifi trur madr ok vitr, en dottir hans hafði ridusott. En rit Martini hafði þangat komit litlu adr. En er sottin kom at meyiunni, þa lagði Arborius ritid yfir briost henne, ok hvarf sottin frá henne öll. En Arborio þotti sva mikils um vert um iartein þessa, at hann het gudi meydómi hennar, ok fór þegar sialfr at færa hana Martino, at hann vigði hana þegar til nunnu. 10

21. Paulinus het madr, sa er auga síns annars hafði mist í sott. Þa dro Martinus fióðr yfir auga hans, ok tok af slimit, er adr var yfir dregit, ok tok hann syn sína ok varð trumadr mikill. 15

21<sup>b</sup>. Sa atburðr er enn sagðr, er Martinus skyllði ganga um dag í lopt eitt hatt, þa brotnaði steginn, er Martinus kom í ofanverðan, ok féll hann ofan ok meiddiz miðg; voru bein hans miog lest, ok stor sar voru víða a líkam hans. Þa qvómu at lærisveinar hans, ok urðu ryggir víð, er þeir sa hann sva matt-litinn ordinn. Síðan toku þeir hann upp ok baru í .i. litinn kofa, ok satu þar yfir honum, ok var hann þungt halldinn, ok lá hann þar, þat sem eptir var dagsins. En ena næstu nott eptir vitradiz honum guds eingill ok strauk um öll sar hans ok bein ok bað hann heilan verða; ok um morgininn eptir qvómu lærisveinarnir til hans ok fundu hann alheilan, ok urðu allir gratfegnir ok lofudu gud. 20 25

22. Nw verðr frá því at segia, at höfþingia skipti varð yfir Fracklandi, tok Maximus konungdom, en Gracianus var drepinn af iarli þeim er Andracacius het, ok eptir þat tok Maximus ríkt ok rak or landi Valentinianum ok þau Justino bæði. Hann var madr ríkr miðg ok sigrsæll í orrostum, grimmr ok dramblatr ok víðr alla ovæginn. Honum þórdú óngir byskupar í gegn at mæla utan Martinus einn, er postolum almattigs guds var líkr í sínum krapti, þvíat sva er frá sagt, at alla þa hluti, er Martinus villði af honum þiggia, þa bað hann honum af guds halfu at gera sva sem sínum undirmanni, ok var Maximus miðg ræddr víð hann. Maximus konungr bað íafnan Martino til veizlu. En Martinus svaradi enu sama ok qvað sér vera ofallit at samneyta þeim manni, 30 35

1 stundum hann hann til *ulf. Cd.*

er annan konung hafdi af radinn en annan or landi rekinn. Maximus svaradi því fyrir sik, at hann hefði eigi konungdom tekið af sinni fysi heldr at radi allra landzmannna, ok lez hann skyldr hafa verið at veria land sitt, ok qvad hann eigi guds vilja ser hafa i moti stadið, þvíat hann hafði sigr haft i þeim bardaga, er eingi madr vænti honum lífs. Af slíkm orðum ok bænnum Maximi þá Martinus veizlu at honum, ok varð konungurinn því akafliga feginn. Mörgum göfgum monnum var búið til þessarar veizlu óðrum en Martino. Þar var iarl sa er Evodius het, enn rettlatazti madr, ok brodir konungs, ok sva föðurbrodir hans, en a milli þeira sat prestr Martini, sa er honum hafði þangat fylgt, en sialfr Martinus sat i hasæti hia konunginum. Ok er veizlunni var skipat, koma inn skutilsveinar konungs. Konungur bendi þeim manni, er a hans bordkeri hellt, at hann seli byskupi kerit, ok vilði, at hann blezadi ok drycki fyrri, en hann ætladi ser sidar at dreka. En er Martinus hafði druckit, þá selldi hann kerit presti sinum ok virði eingan makliga at taka við sinni dryeki heldr en prest sinn sialfs. Þessa tiltekiu hans undradiz konungur ok allir, þeir er við voru staddir, ok varð þeim Martinus tíðr af því, er hann gerði sva (i) konungs höll, sem eingin byskup hafði fyrr gert, at virða meira kennimenn en veralldliga höfþingia. At þessi veizlu sagði Martinus konunginum marga oordna hluti fyrir, þá sem sidar komu fram um vidskipti þeira Valentiniani keisara, sagði hann sva Maximo konungi, at ef hann færi sudr yfir fiall, sem hann barst fyrir, at beriaz við Valentinianum keisara, þá mundi hann sigr hafa i enum fysta bardaga en lata(z) þó litlu sidar fyrir sinum ovinum. Þetta geck allt eptir, sem Martinus sagði fyrir, þvíat þá er þeir borduz, feck Maximus sigr, en Valentinianus flyði a fund Theodosij konungs, ok efði hann hann a moti Maximo, ok börduz þeir a odru ari eptir ok drapu Maximus skamt fra borg þeiri er Aquilegia heitir. Eptir þat kom Theodosius Valentiniano aptr i ríki sitt, ok tok þá Valentinianus retta trú fyrir Theodosium, þvíat þá var dauð en versta drottning Justina modir hans.

22<sup>b</sup>. Marga dasamliga hluti veitti almattigr gud enum helga Martino byskupi, þá er eigi eru einkum greiniliga i frasagnir færdir, i fagrlegum fyrirburðum ok i hversdagligu vidmæli við guds eingla edr adra helga menn, þá er honum sogdu oordna hluti fyrir edr letu hann vita þá hluti, er annars stadar gerduz a londum ok honum var forvitni a at vita. En i annan stad þoldi hann hvers-

dagliga skapraun i fianda freistni ok morgum sionhverfingum, þviat diöfullinn leitadi þvi meir hans at freista, sem hann for fyrir honum avallt rakligar en fyrir odrum astvinum almattigs guds, sva sem synaz mun i þessum atburdum er nu fara eptir.

22<sup>c</sup>. Þers er vid getit einnhvern dag, þa er Martinus sat i kofa sinum ok var a bænum, þa kemr at honum diöfullinn med hareysti mikit ok hafdi i enni hægri hendi oxahorn mikit allt alblodugt ok skok at Martino ok mællti vid hann: »Hvat er nu, Martine, hvar er nu kraptr þinn? drepit hefir ek einn af þinum monnum.« En Martinus bad hann a brott dragaz, ok eptir þat kallar hann a lærisveina sina ok bidr þa fara um allt munklifit ok leita, ef nöckurr er horfinn af brædrum, ok segir þeim sidan, hvat fyrir hann hafdi borit. Þeir fara at leita ok finna heila alla munka, en þo sakna þeir þorpkarlz eins, þess er vanr var aka til skogar eptir elldividi brædra ok færa til munklifis. Martinus bad þa leita hans vandliga. Þeir foru sidan at leita hans ok fundu hann liggia saran miög ok kominn at bana. Þeir velltu honum i sleda ok oku til munklifis. Martinus kom til fundar vid hann ok spurdi, hversu at hefði boriz. En hann sagdi, at oxinn annarr, sa er hann skylldi ekit a hafa, hefði ærzt i hondum honum ok rekit hornit annat i smáþarma honum. Martinus gallt honum aprt heilsu, ok lifdi hann þo skamma stund þadan fra.

22<sup>d</sup>. Optliga bra diöfullinn a sik ymsum likium ok freistadi sva Martini, stundum i Þors liki, stundum Odins, stundum Freyiu, en stundum i Friggjar liki edr annarra heidinna manna; en öll þau liki kendi Martinus ok nefndi a nafn þau öll ok rak i brott med sinum krapti. Iafnar avitadi diöfullinn Martinum um þat, at hann hefði þa menn i sinu munklifi, er verit höfdu illvirkiar edr manndrapamenn edr hordomsmenn, ok hafdi upp syndir þeira ok qvad þa alldregi hialpaz mundu. Martinus svaradi honum, qvad hann liuga þetta sem allt annat, «ok mun almattigr gud at helldr miskunna þeim monnum, er sættaz vid hann ok skiliaz vid glæpi sina ok hverfa eigi aprt til þeira sidan, at ef þu öllum verri ok herfiligri, enn versti diöfull, villdir skiliaz vid glæpi þina ok idraz þinna misgerda, þa mundir þu eigi hlutlaus sitia hia guds miskunn at enum efzta domi.« Eptir þat hvarf diöfullinn i brott fra Martino. En þo ma hedan af marka, hver ast Martino var a mönnunum ok hveria stund hann lagdi a at snua þeim



aleidis, er hann leitadi vid, ef hann mætti a nöckvera leid, at stöðva vesöld diöfulsins.

23. Clarus het prestr ungr, sa skildiz vid alla eigu sina ok gerðiz lærisveinn Martini ok vard a skamri stundu algerr i godum 5 kröptum ennar hæstu truar. En hann atti hus skamt fra munklifi Martini, ok voru með honum margir brædr. Þa kom til hans einn ungr madr, sa het Anatholius ok qvaz munkr vera ok syndi sik litillatan i augliti manna. En er hann hafði þar nöckura stund verit, þa sagði hann eingla guds koma opt at mæla vid sik, 10 ok syndi hann þat með nöckurum iarteinum, unz sumir trudu. Þa sagði hann sva, at einglar færi hvern dag milli hans ok guds, ok taldiz hann vera einn af spamönnum guds. En Clarus trudi allðri ordum hans, en Anatholius ægði honum guds reidi ok miklu viti, ef hann villði eigi trua ordum sva heilags mannz, ok sva 15 mællti hann um sidir: »Þessa nott mun gud senda mer af himne hvitt klædi, ok skal þat ydr vera takn, at ek em i guds krapti, ok ek em skryddr guds klædi.« Þa vard öllum mikil forvitni a at reyna þetta takn. En er ad midri nott kom, þa þotti skialfa allr klaustragardrinn, ok var sed lios til klefa þess, er enn ungi 20 madr var i, ok var þangat heydr romr manna mikill ok hareysti þvi næst. En er kyrdiz yfir þeim, þa geck hann ut or klefanum ok kalladi þangat einn af brædrum ok syndi honum kyrtil, þann er hann var skryddr með. En sa undradiz ok heimti þangat fleiri brædr, ok helldu þeir liosi til ok litu a klædit vandliga. 25 Klædit var blautt ok hvitt purpura likaz, en eigi skildu þeir, hvers kyns þat var, ok þreifudu þeir þar um ok mattu eigi skilia, at annat væri en klædi. Þa eggjadi Clarus brædr at fara til bænar ok bidia, at gud syndi þeim þetta skyrra. Þa voru þeir a bænum, þat er nætrinnar var optir. En er dagr kom, þa toku 30 þeir i hond Anatholio ok villdu leida hann fyrir Martinum, en hann brauz vid þvi ok qvad ser bannat vera at syna sik Martino. En er þeir neyddu hann til at fara þangat, þa hvarf et hvita klædi allt or höndum þeim, þviat diöfull þordi eigi at syna Martino sionhverfingar sinar.

24. Þess er ok getanda, með hversu mikilli væl diöfullinn 35 freistadi Martinus um dag, þa er hann var a bænum einn i husi sinu, þviat slægr freistari huldi illzku sina með flærðsamligu liosi ok syndiz Martino biartr ok blidr i aliti skryddr konungs skrudi, ok hafði koronu or gulli ok gimsteinum setta. En er þeir höfdu 40 þagat badir leingi, sva at hvorgi qvad ord at öðrum, þa mællti

diöfullinn fyrri: »Kennir þú, Martinus, þann er þú ser nu? Cristr em ek, kominn til iardar at synaz þer.« En er Martinus svaradi eigi, þa endrnyiadi diöfullinn dirf(d) sina ok mælti: »Martinus, hvat ifar þú at trua þat er þú ser, Cristr em ek.« Þa skildi Martinus af helgum anda, at diöfullinn var en eigi gud. Martinus sagdi þa: »Drottinn Jesus Cristr sagdiz eigi koma mundu med konungs skrudi ne med gulli, því mun ek ok eigi trua, at Cristr se kominn, nema ek sia hann med crossi edr crossmarki ok i þeiri asionu, sem hann var pindr med.« Þa hvarf oreinn andi or augliti hans sva sem reykr; en sva illan daun gerdi eptir i husinu, at þa var ifalaust, at diöfullinn hafdi þar verit.

25. Martinus for enn um byskupssyslu sina a nöckverri tid, sem vandi byskupa er til, ok toku vid honum kennimenn a einhverium bæ ok biuggu honum rekkju, um kvelldit i husi því, er nær var kirkiu, ok höfdu þeir gervan elld mikinn i husinu um daginn adr, þvíat þat var mikit ok kallt. En er Martinus villdi fara at sofa, þa sakadiz hann um blautleik reckiu sinnar, þvíat munkar höfdu borit undir hann mikinn halm, en hann var vanr at hvila a iördu berri, sva at barklædi eitt væri undir honum. Þa varp hann undan ser halminum öllum, en hann hvildi þar, sem hann var vanr, ok sofnadi bratt, þvíat hann var farmodr. En halmrinn sa, er hann hafdi varpat undan ser, fell i gegnum golfpilis raufar i ofn, er undir var, ok festiz þegar elldr i halminum, ok tok sidan husit at loga. Martinus vaknadi ok rann þegar til duranna, er hann sa elldinn, fyrir en hann mintiz bænar sinnar, ok villdi lata loku fra hurdunni, ok matti eigi. En elldrinn sotti hann sva miög, at fôt hans brunnu. Þa mintiz hann, at eigi var traust i flotta helldr i gudi, ok skryddi hann sik þa tru skilldi ok hvarf apr i logann til bænar. Þa stödvadiz elldrinn þegar ok grandadi honum eigi. En er munkar urdu varer vid ok sa husit loga, þa brutu þeir þegar dyrin utan ok fundu Martinum heilan a bænum i elldinum. En hann sagdi sva sidan, at þa hefdi hann mest verit af diöfli svikinn ok tældr, er hann gadi eigi bænar trauz fyrir ræzlu, ok lez hann kenna hita, medan hann ræddiz ok villdi ut briotaz, en þegar er hann ræddiz eigi ok gerdi crossmark fyrir ser ok tok til bæna traustz, þa sagdi hann sva, at hann kendi eigi hita af elldinum sidan.

26. Martinus for enn um dag til kirkiu ok mætti klædlausum manni i frosti miklu. Sa bad Martinum gefa ser nöckut klædi.

Þá heimti Martinus þangat diakn sinn ok bad hann selia nökud klædi ennm volada. Sidan geck Martinus inn i kofa sinn hia kirkiu, ok sat þar einn saman, sem hann var vanr opt a milli tida, þa er adrir kennimenn foru til sinnar syslu. En er diaknit dvaldi at gefa enum fatækia, þa kom hann þangat til skotzsins, er Martinus sat, ok sagdiz kalinn vera, en diakninn seinan at gefa ser klædit. Þa for Martinus þegar or kyrtli sinum, sva at enn valadi vissi eigi, ok feck honum klædit ok bad hann þa fara i brott. En diakninn kom litlu sidar ok qvad mal at syngia messu, þviat lydrinn beid hans i kirkiunne. En Martinus sagdi: »Eigi ma ek til kirkiu fara, adr en enn fatæki hefir klædit.« Diakninn skildi eigi, at Martinus sagdi fra ser sialfum, þviat hann sa eigi, at Martinus var kyrtillaus undir kapunni, ok spurdi, hvar enn fatæki væri. «Seli mer, qvad Martinus, til mun enn voladi at þiggia.» Þa reiddiz diakninn ok tok lodolpu eina stutta ok kastadi fyrir fætr Martini, eigi betr en .v. penninga verda, ok mællti: »Her er nu klædit, en ek se eigi enn volada.« Þa bad Martinus hann ut ganga ok bida sin uti fyrir dyrum, þviat hann villdi eigi lata sia sik, medan hann færi i klædit, til þess at leynaz mætti þat er hann hafdi gefit. En god verk heilagra koma upp, þott þeir vili leyna, þviat Martinus for at syngia messu i þessu klædi. En a þeim degi, þa er hann blezadi allteris forn, þa vitradiz elldligr böllr yfir höfði honum ok se upp ok nidr, ok syndiz sem har hans rettiz upp i mot. Þat sa mær ein ok prestr .j. ok munkar þrir, en vær dænum eigi um þat, hvi adrir mattu eigi sia.

27. Evancius het madr, sa er miög var bundinn i veralldligri syslu ok truadr vel. Hann tok sott mikla ok sendi ord Martino, þa er hann var hættr, en hann for þegar ok dvaldi eigi. En adr Martinus kæmi eigi midleidis, þa kendi enn siuki miskunnar hans ok tok heilsu sina ok rann a mot Martino ok band honum heinn med ser. En annan dag eptir hafdi höggormr særdan einn þræl hans vodvænligu sari, en Evancius fann þrælinn ok miog sva daudan, tok hann upp sidan ok bar hann æ ðxl ser ok lagdi fyrir Martino. Þa var eittr komit um alla lidu þrælsins, ok var hann blasinn, sem belgr væri. Martinus for hondum um allan likam hans ok setti fingr sinn fyrir sarit, þat er ormrinn hafdi höggvid. Þa sotti eitrid ok þrotinn or öllum lidum hans til fingrar Martini. En er hann letti fingrinum fra sarinu, þa sprændi þar or bogi bædi eitrs ok blods. En þrælinn reis þegar upp heill. Þa lofudu allir gud, er þetta takn sa.

28. Enn for Martinus of dag med lærisveinum sinum, ok attu þeir eptir dvöl nöckveria, en hann for einn undan, unz leiti bar a milli. En odrum megum leitissins foru kaupmenn med klyfiada hesta ok asna. En er þeir sa Martinum i lodnu klædi svörtu, þa unduz hestarnir af götunni ok vöfduz i taumum ok gerdu mikinn farartalma kaupmonnum. En þeir reidduz ok hliopu af hestum sinum ok bördu Martinum med svipum ok stöngum. En hann hafdi þolinmædi i moti ok var sva sem omali fyrir þeim, en þeir bördu hann þess at meir, er þeim þotti, sem hann kendi eigi bardagans. Þa qvomu lærisveinar hans eptir ok fundu hann saran ok blodgan liggia vid götuna, þa hofu þeir hann upp a asna einn ok foru a brott skyndiliga. En kaupmenn hurfu aprt til hesta sinna ok villdu snua aleidis for sinni, en hestar þeira voru sva ordnir stirdir, sem treedr steinar ok mattu hvergi or stad hræraz. Þa bördu þeir hestana med svipum, en sidan hiuggu þeir vöndu ok stangir i skogi ok keyrdu med því hestana, ok stodu þeir fastir, sem likneski væri. Þa vissu kaupmenn eigi, hvat þeir skylldu gera, þvíat þa skildu þeir, at guds craptr hefti for þeira. Þa vitkuduz þeir um sidir ok spurdu menn, þa er þeir fundu, hvern þeir hefði bardan. En er þeim var sagt, at þeir höfdu Martinum bardan, þa þotti öllum audsynt, hvers þeir gulldu at, ok runnu sidan skyndiliga eptir Martino ok skömmuduz sin ok gretu ok iosu molldu yfir hofud ser, ok fellu til fota Martino ok badu ser miskunnar, at hann vægdi þeim ok leti fara leidar sinnar, ok sögduz þo þess verdir, at iördin rifnadi undir þeim edr þeir stirdnadi sva sialfir sem hestar þeira, ok letu þeir ser þat sialfir ordna mikla pisl, er þeir vissu eptir ser ordinn sva mikinn glæp. En Martinus veitti þeim þegar miskunn ok blezadi þeim, ok mattu þeir þegar rida leid sina ok lofudu gud.

29. Enn for Martinus um dag um bæ nöckurn fiölmennan, ok kom lid heidinna manna mikit a moti honum, þvíat eingi madr kunni Crist a þeim bæ. En þa var mörgum forvitni a at sia Martinum, þvíat þeir heyrdur mart agætligt fra honum sagt. Þa tok Martinus at boda guds ord, ok komz hann vid af öllum hug, er sva mikill mannfölldi skylldi eigi kunna skapara sinn. Þa geck framm kona nöckur ok hafdi i fadmi lik sonar sins nyandads ok mællti vid Martinum: »Vitum vær, at þu ert vinr guds; gialltu mer einga son minn, er nu er daudr.« Þa hurfu fleiri at ok badu med henne. Þa sa Martinus, at hann mundi geta takn af gudi mörgum til hialpar, ok tok vid likinu ok fell a kne til bænar ok

badz fyrir litillatliga. En er hann reis upp af bæninni, þá selldi hann sveininn lifanda modurinni. Þá kölludu allir sem einni röddu ok iatudu Cristi ok letuz allir a einn gud trua. En Martinus primsigndi þá þegar a þeim velli, er þa voru þeir, en skirdi þa því næst.

30 (31). Claudiomacus het stadr einn skamt fra Turonsborg, ok er nunnusetr i þeim bæ, þar hafdi Martinus gisting a nöckurri tid. En er hann var i brott farinn, þa gengu meyjar inn i husit, þat er (hann) hafdi i verit, ok lasu upp halm þann allan, er hann  
10 hafdi hafdan undir ser, ok skiptu med ser sva sem helgum domi. En er fair dagar lidu þadan, þa batt ein þeira a hals odum manni halm þann, er hon hafdi hirdan fyrir helgan dom, ok vard enn odi þegar heill.

31 (32). Þa for Martinus enn um dag fra Treverisborg, en  
15 a mot honum com kyr ein, hon var od af diöffi, hon liop fra nautum ok stangadi menn, er fyrir henne urdu. En er hon kom til Martinus beliandi, þa gerdi hann crossmark a mot henne ok bad hana stadar nema. En er hon nam stadar, þa sa Martinus diöfulinn, sitia a baki henne. Þa mælti Martinus: »Far a braut,  
20 ovinr, fra smala manna<sup>1</sup> ok kvel eigi meinlaus. kvikendi.« Þa flydi diofullinn i braut, en kyrin skildi, hverr hana græddi, ok fell til fota Martino, en hann blezadi hana ok bad aptr fara til hiardar sinnar ok vera all dri ohægja sidan.

32 (33). Enn mætti Martinus um dag veidimomnum nöckur-  
25 um, þar er hundar elltu hera a vidum velli, ok var heranum at komit þa ok þa, at hann mundi tekiinn verda, ok dvaldi hann daudann i optligum hveckingum sinum. Martinus sa aumr a dyrinu, þviat hann var armvitigr, ok baud hann hundunum at standa ok lata herann forda ser. Hundarnir namu stad þegar, sem  
30 þeir væri bundnir edr iardfastir, en herinn for i fridi, hvert er hann villdi.

33 (34). Naudsyn er a at geta orda Martini nöckut, hvilik voru hversdagliga, þviat þau voru lík andligri speki. Saud ný-  
kliptan sa hann um dag ok mælti: »Sia saudr fylldi gudzspiallz  
35 bodord, hann hafdi tvo kyrtla ok gaf annan þeim, er eingan hafdi adr; gerit þer þar eptir.« Enn sa hann um dag svinahirdi i skinnfötum ok mælti: »Slikr var Adam i skinnfötum brott rekinn or paradiso, en vær skulum leggja nidr enn forna Adam, er sa merkir, en skrydaz enum nyia Adam, þat er Cristr drottinn.«

40 1 manni *Cd.*

Þar kom Martinus enn, er naut bitu a velli, en svin rotudu i stodum, en i stodum var blomgadr völlr af enum fegrstum grausum. »Se her nu liking lifs manna, sagdi Martinus, hiuskap merkir sia hluti iardar, er smali hefir af bitit et fegrsta, ok er þo gras eptir; en sia hlutr, er svin hafa um snuit, merkir hordom; en sa hlutr, er skinn i öllum blomum ok enum fegrstum grosom, merkir meydoms dyrð, sa er ecki ma aunat vid iafnaz. Sva sem þeir villaz miög, er hiuskap iafna vid hordom, sva eru þeir ok heimskir, er hiuskap iafna vid meydom. En spakir menn gera þa grein, at hiuskapr se til liknar, en meydomr til dyrdar, en hordomr horfir til pislar, nema yfirbot fylgi.

34 (35). Ridderi nöckurr kom til Martinus ok gerdiz munkr, ok litlu sidar settiz hann i einsetu. En kona hans var vigd til nunnu. Ok er hann hafdi skamma stund i einsetunni verit, þa vard hann fyrir freistni, slo fiandinn því æ hann, at hann fystiz þess, at kona hans væri i einsetunni hia honum, ok þar kemr þessu mali, at riddarinn leitar þessa vid Martinum, ef hann mundi þat leyfa vilia, at þau væri a samt. Martinus villdi þat vist eigi leyfa ok qvad þat eingan hatt, at einsetumenn hefði conur hia ser. Riddarinn bidr þess opt ok qvad eigi samvistu þeira fyrirfara mundu godri fyrirætlan. Martinus svaradi honum þa a þessa lund: »Hefir þu nöckut i bardögum verit?« En hann svaradi ok lez opt þar hafa verit, er menn höfdu barizt. Martinus spurdi þa enn: »Segdu mer þat þa, hefir þu nöckut sed, þar sem þu hefir staddr verit i bardögum edr i fylkingum, konum skipat til bardaga med körlum?« Ok er riddarinn heyrdi þessi svör Martinus, þa skammadiz hann villu sinnar ok eptirleitunar, en þackadi Martino þat, er hann hafdi hirtan hann med skynsamligri dæmisögu, þeiri er hann matti audvelliga skilia, en eigi med stridmælum.

35 (36). Nu munum vær fra því segia, er vær komum fyrr nöckut ordi æ, at helgir menn qvomu iafnan at finna Martinum. Þat var einnhvern dag, at tveir lærisveinar Martini voru fyrir durum uti kofa Martini, þar er hann var einn inni, ok vissi hann eigi, at þeir væri þar, þvíat hurdin var aprt a milli þeira. Sidan heyrdu þeir inn i kofann mal miög margra manna, ok urdu ræddir vid ok þottuz þegar vita, at miklu mundi gegna. En at alidnum .ii. stundum dags, þa geck Martinus ut til þeira. Þa for Sulpicius þegar til motz vid hann ok spurdi, hvat romr sa taknadi, er þeir höfdu heyrt i husit. Martinus var fyrir at segia þeim. Sul-

picus bad akaftiga, at hann segdi þeim, fyrir því at sa var eingi hlutr, er hann villdi vita af Martino ok legdi hann stund a at bidia hann, er hann mundi eigi vis verda. Sidan svaradi Martinus þeim a þessa lund: »Segia mun ek ydr nu, ef þer vilit vita, en þa bid ek ydr, at er segit eingum manni. Meyiar guds mællto vid mik, Agnes, Tæcla ok Maria.« Sidan sagdi hann þeim gerla fra yfirlitum þeira ok buningi, ok qvad þær eigi at eins þann dag koma at vitia sin, helldr miklu optar. Petrum ok Paulum sa hann optaz allra postola guds.

10 36 (37). I borg þeiri er Nemausus heitir (var byskupa þing) fiolment, en Martinus hafdi eigi viliat fara þangat, en var þo forvitni mikil a at vita, hvat þar væri rætt. Þenna sama dag atti Martinus a skipi at fara, ok lærisveinar hans med honum, en hann sat i framstafni, fyrir því at hann var avallt vanr ser ein-  
15 setu at leita til þess at bidiaz fyrir. Sidan vitradiz honum guds eingill ok sagdi honum vandliga fra því ðllu, er byskuparnir höfdu ráðit a þinginu, ok allt þat sem þar hafdi til tíþinda gerzt. Sidan sagdi Martinus þat allt lærisveinum sinum, ok leitudu þeir sidan at, ok hafdi a þeim sama degi verit byskupa fundrinn ok slikir hlutir  
20 allir ræddir, sem Martinus sagdi.

37 (38). Sa hlutr gerdiz til tíþinda i borg þeiri er Carnotena. heitir, at einn gamall madr færði Martino dottur sina .xii. vetra gamla, ok hafdi hon mallaus verit alla æfi sina. Sia madr bad Martinum litillatliga, at hann skyllði gefa mal meyiunni ok  
25 qvad því trua fastliga, at hann mætti þiggia af gudi slikt, er hann villdi bedit hafa. En Martinus veik því af hondum ser fyrir litillætis sokum, ok qvad þat eigi sitt vera at gera þat, helldr byskupa þeira, er þar voru þa vid staddir, Valentiniani ok Victrij, ok taldi þa ser helgari vera. Fadur meyiarennar bad þess  
30 at meir, at Martinus færðiz undan, ok sva byskuparnir badu med honum. En er Martinus hafdi synt litillætít, þa vard hann ok at syna miskunnina, en dvaldi eeki heilagleikinn ok bad alla menn ut ganga, þa er vid voru staddir, nema byskupana ok födur meyiarennar. Sidan lagðiz Martinus til bænar eptir veniu sinni, ok at  
35 lokinni bæninni reis Martinus upp ok tok litit af vidsmiorvi ok blezadi; eptir þat tok hann med fingrum sinum tungu meyiarennar ok dreypti a af vidsmiðrinu, ok eigi bleckti þann enn helga mann eraptr heilagleiksins. Eptir þat spurdi hann meyna, hvat fadur hennar hetí, en hon svaradi þegar ok sagdi með skyrum  
40 ordum. Þa fell fadur meyiarennar til fota Martino ok mællti med

tarum ok miklum fagnadi, sva at allir heyrdur, ok qvad þessa enu fystu rodd dottur sinnar heyrta hafa. Allir urdu fegnir, þeir er vid voru staddir þenna atburd.

38 (39). Ein iarlz kona, þess er Avicianus het, sendi Martino vidsmiðr at vigia, þviat þat þurfti at hafa vid morgum meinum ok siukleikum. Þat var i ampullu einni, ok var hvergi nær full, adr Martinus blezadi, en vid blezan hans vard ampullan sva full, at yfir flaut alla vega, ok öll klædi sveinsins, þess er med for, voru i vidsmiorvi einu. En er heim kom vidsmiorit, þa tok iarlskonan feginsamliga vid ok setti upp med duk einum i glugg nöckurn hafan. Litlu sidar kom til þionustusveim einn ok kipti dukinum, þeim er yfir var breiddr, þviat hann vissi eigi, hvat undir var; ok i því er hann kippir dukinum, hrytr ampullan ofan, su er i var vidsmiorit ok af gleri var gerr, ok kemr hon æ golf þat, er af marmara var gert. Allir þeir er vid voru staddir, urdu ryggir ok ugdu, at vidsmiorit nundi fyrirfarit vera en ampullan brotin, ok foru at leita, ok fundu heila ampulluna, sva sem hon hefði fallit i dun, en vidsmiorit var eeki or farit. Þetta vard eigi af atburd einum saman helldr af heilagleik Martini, þviat blezan hans matti eigi fyrirfarazt.

39 (40). Eigi gerdi enn helgi Martinus at eins iarteinir fyrir sialfan sik, helldr gerdu margir menn iarteinir i nafni hans. Sa atburdr gerdz um dag, þa er lærisveinar Martini foru um bæ nockurn framm, þa kom hlaupandi i moti þeim hundr einn olmr ok go miðg. Þa mælti einn af þeim lærisveinum: «I nafni Martiui byd ek þer at þegia.» Þa þagnadi hundrinn, sva sem tungan væri skorin or munnni honum, ok vard tungan fost vid gominn.

40 (41). Avicianus het iarl einn grimmr akafliga ok enn mesti manndrapamadr; hann kom um dag i Turóns borg med foruneyti sinu morgu ok litt stilltu. Þar voru i för med honum margir bandingiar, ok ætladi hann um morgininn eptir at kvelia þa allzskonar pislum, ok stefudi sidan til öllum borgarlydinum at sia a meiþingar þeira. Vid þessi tíþindi vard ryggir allr borgarlydrinn, ok foru skyndiliga at segia Martino. Ok þegar er hann spyrr þetta, þa ferr hann sem skiotaz til herbergia iarlz, ok kemr hann þar um midrar nætr skeid. Þar voru þa dyrr allar aptr byrgdar, en menn i svefni. Martinus legz nidr til bænar fyrir dyrum þess hus, er Avicianus svaf i. Avicianus sofnar fast ok vaknar vid þat, er guds eingill knudi hann ok mælti: «Þræll guds liggur uti fyrir dyrum þinum, en þu sefr.» Jarlinn spratt



upp ok vard ræddr ok kalladi a þræla sina ok sagdi, at Martinus  
 var uti fyrir dyrum, ok bad, at þeir skyldu lúka upp dyrum ok  
 lata Martinum na inn at ganga. Þrælarnir gengu til dyra ok luku  
 upp hurdu ok liopu inn aptr ok sogdu þetta ecki vera utan svefnora.  
 5 Avicianus trudi því þegar ok lagdiz til svefnis ok sofnadi þegar.  
 Ok iafnskiott sem hann var sofnadr, þa kemr eingillinn enn at  
 honum ok knyr hann med meira ofressi en fyrr, ok bad hann  
 skunda i moti Martino, ef hann villdi eigi taka hefnd a ser.  
 Avicianus leypr upp þegar ok vard ræddr miðg, ok er þrælarnir  
 10 voru seinir a fætr, þa ferr hann sialfr til dyranna ok kallar miðg  
 ok qvad einga hvilld fa mega, fyrr en hann fyndi Martinum. Ok  
 nu lykr hann upp dyrunum ok finnr Martinum ok mællti vid  
 hann: «Hvi hefir þu sva gert vid mig, drottinn minn? trua mattu  
 því, at ek mundi eigi her kominn at finna þik, utan ek væri adr  
 15 til skelfdr af guds eingli. Ecki þarftu at mæla, veit ek, hvers þu  
 girniz. Allt skal þat þegit, er þu villt vera lata; fardu a brott  
 sem skiotaz, at ek verdi eigi fyrir meiri guds reidi, þvíat ek  
 þickiumz nu ærins at hafa kent um piningarnar.» Nu hverfr  
 Martinus a brott, en hefir ecki ord mællt vid iarlinn, en arnat þo  
 20 slikt allt, sem hann villdi. Avicianus hverfr inn aptr ok bidr  
 riddara sina buaz, en hann lætr þionustumenn sina leysa þa menn  
 alla, er i böndum voru, en hann sialfr for a braut þegar or borginni  
 ok gerdi þar all dri ofrid, medan Martinus lifdi.

41 (42<sup>b</sup>). Munklifi ens helga Martini var um tvær milur  
 25 brott fra borginni. En þeir atburdir urdu iafnan i höfudkirkiu i  
 borginni, þa er þar var mikit fiolmenni, ok þar kom saman fioldi  
 mikill diöfulodra manna ok bidu byskups i kirkiunni, ok hefði(!)  
 hann verit um nottina adr at munklifi sinu ok ætladi þa til kirkiu  
 at fara. Iafnskiott sem hann hof sinn helga fot ut or klaustra-  
 30 gardinum, þa kendu þess enir diöfulodu menn, ok toku allir ath  
 oazt ok at skialfa sva sem dæmdir menn ögurligan domanda, ok  
 sogdu þeir diöflarnir þann þa koma mundu, er þa mundi a brautu  
 reka or herbergiunum sinum, ok vissu þa allir menn, nær byskup  
 mundi koma. Þat var einnhvern dag, þa er Martinus kom til  
 35 kirkiu, þa voru þar fyrir honum diöfulodir menn, ok vofdi annarr  
 i löptinu uppi, sva at fætr hans attu langt til iardar, en a odrum  
 horfdu upp fætr en nidr höfut. Martinus harmadi þa miðg ok  
 baud öllum monnum at ganga or kirkiunne ut, en hann var einn  
 eptir hia enum odum ok lagdiz til bænar a midiu kirkiugolfi, en  
 40 reis eigi fyrr upp, en þeir voru badir heiler.

42 (18b). Sa atburð gerðiz eitthvert sinn, þá er Martinus var staddr í Treverisborg, þá kom í borgina voveiflig hersaga, ok varð borgarlydrinn allr hræddr við. En Martinus þóttiz eigi vita, hvort þetta mundi satt edr logit, ok baud, at leida skyldi til sin diofulodan mann, ok spurði hann hann, hvort þetta væri satt edr logit. En oreinn andi svaraði fyrir munn ens æra ok qvad þá verit hafa saman .xvi. diofla ok gert þessi rad med ser, til þess at Martinus flyði or borginni fyrir þessi hersögu. En allt var iafnskiott, at hann hafði þessa sögu sagt, at þá varð madrinn heill en borgarlydrinn frelstr.

42<sup>b</sup> (42). Enn kom Martinus um dag til husa Aviciani iarls, er adan var getit, ok sa hann einn svartan dioful sitia a halsi honum. Martinus bles a mot fiandanum, en Avicianus iarl hugdi, at hann gerði honum til hadungar ok mællti: «Fyrir hvi veitir þu mer hadung?» Martinus sagði: «Eigi þer hólldr enum svarta, er sitr a halsi þer.» Eptir þetta flyði diðfull af stoli sinum. En iarl var miklu ogrimmi avallt sidan, þvíat hann skildi þá, af hvers eggian hann hafði grimmr verit.

43. Bær sa var einn í stad þeim er Cennonicus heitir, er menn urdu fyrir miklum bardögum, ok var þat med því moti, at hagli sva storu rigndi a akra manna, at ollum spillti. Heradsmenn toku þat rads, at þeir sendu til fundar við Martinum greifa sinn, þann er Auspicius het. Hann varð fyrir meirum sköðum um þetta en adrir menn, ok bad hann Martinum, at hann veitti þeim fullting. En Martinus bad gud fulltings ok liknar þessum monnum, ok veitti gud þeim þá miskunn fyrir bæn hans, at eingum manni værd mein at því hagli a enum næstum .xx. retrum, er Martinus lifði sidan. En til þess at þat er synt, at þetta varð fyrir iarteinir Martini en eigi atburð, þá kom sia en sama rid aptr í heradit a þeim misserum, sem Martinus andaðiz, ok var þat í því synt, at allr heimr gret andlat hans en fagnadi lifi hans, sem vert var.

44. Í þorpi, er Abaciensis heitir, var kastali einn forn, en í castalanum var steinstöpull einn rangiðr, en a ofanverðum stöplinum sat skurdgod<sup>2</sup> a stoli, ok höfðu enir fyrri menn haft þar a mikinn atrunad. En þá er Martinus kom í þannu stad, villdi hann lata briota þenna umbuning allan, ok baud um presti sinum, þeim er í því þorpi var ok Marcellus het, at koma þessu a leid. En er Martinus kom aptr þangat odru sinne, ok hafði þess a milli verit nockur rid, ok var þá enn heill stöpullinn, þá avitadi Mar-

<sup>1</sup> enn *Cd.*    <sup>2</sup> skurdgor *Cd.*

tinus prestinn um ulydni vid sik, er hann hafdi eigi brotit stopulinn. Marcellus færdiz undan med því, at hann taldi torvelligt at briota stopulinn, ok qvad ostyrkia munku því eigi aflla mega, er trautt mundu sterker riddarar. Martinus rann þa til ens ðrugga fulltings  
 5 ok var a bænum alla nottina, ok um morguninn eptir kom sva mikit hvassvidri, at i sundr braut allan stöpulinn.

45. Annarr atburdr vard enn litlu sidar þessum glíkr, at Martinus villdi briota stöpul einn hafan ok akafliga ramligan, ok skurgod mikit var upp af stoplinum. En hann matti því eigi a  
 10 leid koma, ok stödu fyrir margir hlutir. Sa var einn, er monnum var litit um, þeim er atrunad hofdu haft, at hann væri brotinn, en hitt i annan stad, at hann var sva ranger, at þat matti tregliga sækiaz, at hann yrði unninn. Martinus var þess meira um at briota hann, sém fleiri hlutir stödu fyrir, þeir er torvelligir  
 15 þottu. Þa sneriz Martinus til bænar at veniu sinni, ok i því bili var senn eldligr stöpull hrynia or himnum ok i hofud skurgodinu, ok leysti sa enn eldligi stöpull i sundr skurgodit allt ok sva stöpulinn allt til iárdar, ok var ecki eptir þeirar forneskiu utan dust eitt. Þessir atburdir voru til þess syndir, at menn mætti þat  
 20 vita, at slikan crapt, sem gud veitti Martino i heilsugiðfum vid siuka menn edr valldi a öllum likamligum lutum, slikan allan veitir hann honum i himneskum hlutum, sva sem i þessu takni syndiz, er af himnunum kom.

46. Þat er enn sagt fra Martino, at kona ein, su er blodsott  
 25 hafdi, snart vid trefr af klædum Martini, ok vard hon þegar heil. Þessi iartein var þeiri likuz, er drottinn gerði sialfr ok i gudspiðllum er fra sagt af þeiri konu, er slika meinsemd hafdi.

47. Þat gerðiz enn einn dag, þa er Martinus for med arbacka  
 30 nockurum ok lærisveinar hans, þa svam edr reektiz at þeim backa, er þeir voru a, höggormr mikill. Martinus mælti vid orminn: «I nafni drottins mins Jesu Cristz byd ek þer, at þu hverfir i brott fra þessum backa.» Höggormrinn sneriz vid ok lyddi ordum hans ok for þegar til annarrar strandar. Allir undruduz, þeir er vid voru staddir ok sa þenna atburd. En Martinus mælti til  
 35 lærisveina sinna med tarum: «Höggormarnir hlyda mer nu, en mennir vilia eigi hlyda því, er ek mæli.» Sidan foru þeir þangat, sem þeir ætludu.

48. Þat var vandi ens helga Martini at eta lagx a paskum, ok er þess vid getit eitthvert sinn laugardaginn fyrir paska, at  
 40 i hafdi *Od.*

Martinus kom at mali vid diakn þann, er Cato het ok bordhallð þeira munkanna skyllði annaz, hvort lags nøckurr væri buinn, sa er þeir mætti hafa un paskana. Kato diakn svaradi, at hann qvaz sialfr farit hafa ok adrir fiskimenn um morginun til arinnar at veida fiska, ok höfðu þeir ecki veitt feingit. Martinus mællti: »Fardu nu þegar ok legg ut netit i ana, ok mun at koma fiskrinn.« Diakninn for til arinnar, þot honum þætti eigi veidiligt vera, ok lagdi ut netit, sem Martinus baud. En aen var skamt fra munklifino, ok foru fleiri munkar til fyrir forvitnis sakir, ok væntu allir godrar veidar, er Martinus baud, at veida skyllði, ok þurfti sialfr at hafa. En er hann hafði ut lagit netit, þa liop i mikill fiskr, ok tok hann laxinn ok bar feginn heim til munklifis. En adrir menn feingu ecki veitt, þeir er til arinnar foru þann dag, neitt.

48 b. Arborius greifi sagði sialfr fra þeim atburðum, at hann hafði sed, þa er Martinus bioz til messu, felitit klæði koma fram undan messufata ermiani; en i messunni, þa er Martinus blezadi fornina, ok hann leit til handar hans, þa syndiz honum hondin biört akaffiga, en ermrin a hendinni purpura likuz buin vid gulli ok gimsteinum; ok vid þat er hann hrærdi handa ok blezadi, þa þottiz Arborius heyra, at gimsteinarnir gnötrudu saman i erminni, ok ioku sliker hlutir mikit ast hans vidr Martinum.

49. Þeir atburdir gerduz, þa er a lifi var Maximus konungr, er fyr var fra sagt, at hann hafði med ser byskupa þa, er mörg ill rad lögðu fyrir hann, ok var af þeim byskupum einn Itathius byskup, sa er radinn hafði virðuligan höfþingia þann er Pricillianus het, ok þeir kölludu villumann. En konungr hellt sva hendi yfir þeim byskupum, at eingi madr þordi at saka þa um dauda Pricilliani. Margir byskupar adrir vöfduz i samneyti vid þa a byskupa stefnu i Treveris borg ok attu vid þa bæði svefn ok mat ok sva tidagerd. Þessir enir sömu byskupar höfðu eggia(t) Maximum konung at senda mikinn her til Spanlandz til þess at bana þeim monnum, er byskuparnir kölludu villumenn, ok dæmdu þeir þetta mal eptir likamligu aliti ok klædabunadi manna en eigi at rettri raun edr gudligri eptirleitun. Ok voru til þessar ferðar radnir iarlar nøckurir, þeir er fyrir lidinu skyllðu vera, ok mundi þessi för at miklum skada verða guds cristni ok morgum godum monnum ok helgum at liftioni, þviat þeir er sendir voru mundu litla grein kunna, hverir helgir væri. En er Martinus spyrr þessa ætlan, þa þottiz hann eiga eyrindi a konungs fund fyrir sakir þessar ennar illu ætlunar, þviat hann villði eyða hana, ok margra

annarra naudsýniá þeira, er langt er fra at segia. En er byskupar fragu, þeir er i borginni voru, at Martinus var þangat von, þa urdu þeir ræddir miðg ok badu konung, at hann skyllði Martinum eigi lata na innan borgar, nema hann heti því at hafa frid vid byskupa, þa er þar voru fyrir, þvíat þeir vissu þat a sialfa sik, at þeir voru olikir Martino i radagerdum sinum. Konungrinn gerir sem þeir badu, ok sendi i mot Martino riddara höfþingia einn med nöckurum ridlorum, ok skylldu þeir eigi lata Martinum na at koma innan borgar, nema hann heti því at hafa frid vid þa byskupa, er þar voru fyrir. Martinus svaradi þeim því, at hann mundi med Cristz fridi fara i borgina, ok þa leyfdu þeir honum inn at ganga. En er Martinus kom i borgina, þa gerdi hann eigi at ganga i tidagerd þeira, helldr var hann a bænum i kirkiu um nætr ok söng þa tidir sinar. En er hann hafdi verit þriar nætr i borginni, þa for hann til konungs hallar fyrir sakir þeira vandqvæda, sem fyrr var fra sagt. Þat var enn ok eyrindi hans at bidia lifs iörlum tveimr, þeim er fyrir konungs reidi voru vordnir, annarr het Narsetus en annarr Leucadius. Þeir höfdu badir verit winir Graciani keisara; en þo voru enn adrar sakir vid þa af konungs hendi, þær er vær munum ecki fra segia. Nu kom Martinus fyrir konung ok bad lifs iörlunum ok sva þess, at herferdin skyllði eydaz. Var honum eigi at eins mikill hugr æ at biarga cristnum monnum, helldr villdi hann forða heidnum monnum vid bana. En konungr dvaldi um dag edr annan at veita þat, er hann var bedinn. En er Martinus geck eigi i tidagerd med byskupum, þa qvomu þeir til fundar vid konung ræddir miðg ok skialfandi ok sögduz vera fyrirdæmdir af Martino, ok sogdu konung eigi eiga at hlyda ordum hans, er eigi at eins veitti skiol villumonn- um, helldr hefndi hann þeira daudra; kölludu þeir ecki i veitt i dauda Pricilliani, ef Martinus hefndi hans. Sidan badu þeir konung med tarum ok fellu til fota honum, at hann neytti rikis sins nu i gegn Martino, ok næsta kölludu þeir hann ok villumann. En þott Maximus væri þeim eptir málssamr um adra hluti byskupum, þa villdi hann þo eigi eptir þeim mæla þat, er til aleitni var vid Martinum, ok vissi hann, at Martinus var þeim helgari i tru ok sidlæti, ok leitadi ser annarra rada, en þeir kendu til. Sidan heimti hann Martinum til mals vid sik ok qvaddi hann blidliga ok hialadi vid hann marga hluti ok sagdi villumenn helldr dæmda at lögum af domundum en af rogi kennimanna, ok qvad

hann ónga sauk til þess, at hann rækti tídagærd þeira, þar er kennimanna fundr hafði at verit attr, ok adrir kölludu þa saklausu utan Martinus. Martinus skipaðiz eigi við ord þessi. Þa reiddiz konungr ok setti sik fra hiali við Martinum, en setti þegar menn til i stad at drepa þa menn, sem Martinus bad lífs. Þetta fregnar Martinus, ok ferr þegar til hallar konungs, ok bauð nu konungi-  
 num at ganga i tídagærd með byskupum, ok hefði þa þeir menn líf, er konungr hafði ætlat at lata drepa ok einkum iðrlunum. Þat skyldi konungr ok til vinna at lata eyðaz herförina til Span-  
 landz. Konungr veitti þat feginsamliga, er hann beiddi. En  
 eptir þria daga lídna var ætlat at vigia byskup þann, er Felix het, hann var inn helgasti maðr ok makligr at taka byskups tign. Ok þann enn sama dag geck Martinus i tídagærd með þeim ok villði helldr leggja a sik nöckura abyrgð, en þeir væri drepnir, er adr voru til bana radnir. Annan dag eptir for Martinus brott  
 af borginni ok var ogladr ok ryggr um þessa samneyting, ok for sidar of daginn en foruneyti hans. En er þeir qvomu framm i skog einn, þa settiz hann niðr ok hugsadi fyrir ser, hveria tiltekiu hann skyldi hafa um þetta mal. En er hann hafði skamma stund þar setit, þa kemr at honum guds eingill ok mællti við  
 hann: »Sok er til þess, er þu ert ogladr, en þo mattir þu eigi annan veg leysa or þessu vandræði. Taktu nu traust af gudi ok endrbæt crapt þinn, at sia hlutr verði eigi til minkunar þinnar dyrdar, helldr til æxlingar.« Þadan ifra var Martinus varr um at samneyta alldri slikum byskupum, ok þa .xvi. vetr, er hann lífdi  
 sidan, kom hann til einskis byskupa fundar. Þat varð nöckurum sinnum eptir þenna atburð, at Martino varð torvelldra at reka diöfla fra oðum mönnum, en verit hafði; þa sagði hann sva með tarum, at þat kom til þess, er hann hafði samneytt byskupum fyrir naudsynia sakir, en þo endrbætti hann þat bratt með fullu  
 trausti, þviat þat var litlu sidar, at diöfulodr maðr var leiddr til husa hans, ok varð heill adr hann kæmi i husin inn.

50 (52). Þa er hinn helgi Martinus byskup skein i allzskonar kröptum, ok nafn hans ok frægð for um allan heim, þa ófundu(du) þat adrir byskupar ok gerdu rad með ser, hversu þeir mætti Martino  
 fyrirkoma. Þeir atburdir verða, at kona ein varð lettari at sveinbarni, ok vissu menn eigi födur sveinsins. Þa taka byskup-arnir þat ræðs, at þeir eggja hana til at kenna Martino barnit, ok qvedia þings til at hafa þar uppi þetta mal við Martinum, sva at allr lyðr heyrdi. En Martinus svaradi þolinmodliga ok bad færa

ser barnit. Ok því næst var þat þangat borit ok sellt Martino, ok tekr hann vid því badum hondum ok klappadi blidliga ok mællti: «Sonr minn, sonr minn!» En sveinninn var eigi allrar viku gamall ok svaradi þo Martino med skyrum ordum: «Eigi ertu fadir minn, qvad haun, helldr Jon kaupmadr.» Þa fellu allir menn til fota Martino ræddir ok badu ser liknar. En enn helgi Martinus fyrirgaf þeim godgiarnliga sina meingerd, en tekr sveininn til sin ok skirdi ok kalladi Briccium, ok feck sidan sialfr þessum sveini alla atvinnu ok fæddi hann upp i munklifi sinu. Ok þa er Briccius var ungr at alldri, þa vigdi Martinus hann til munks ok nökuru sidar til prez, ok unni honum mest allra sinna lærisveina; en Briccius var honum motgerdasamr ok geck iafnan miög i mot honum med miklum skapraunum. Briccius var madr skapbradr ok olatr ok olydinn Martino; en ef Martinus ræddi um vid hann, at hann skyldi betr gera, þa svaradi Briccius illa ok let litt vid skipaz morgu sinne vid umrædur hans. En Martinus hafdi hoglyndi i mot ok lagdi því meiri stund a at snua honum aleidis, sem hann þoldi fleiri skapraunir af honum. En þott Briccius væri oværr i skapi a unga alldri, þa hafdi hann þo med ser leynda mankosti, þa er hann spöndu mest til astar vid gud ok enn sæla Martinum. Hann var madr skirlifr ok hreinn fra allri likamligri saurgan, sva at hann hafdi alldri vid konu skipt a æfi sinni.

Þat er nu fra sagt einnhvern dag, er Martinus sat uti hia kofa sinum, sem hann var vanr stundum, þa er hann var eigi a bænum, edr menn qvomu til mals vid hann, þa vard honum litit upp a gnipu, þa er yfir munklifinu var, ok ser hann þar sitia a gnipunni .ii. diöfla. Þeir voru kätir ok gladir ok mællto sem einum munni: «Heill sva nu, Briccius, heill sva nu, Briccius!» En því mællto þeir þetta, at þeir vissu, hverri ædi þeir iosu i briost honum. En er skamt var at bida, þa kom Briccius þar laupandi ok var þa ordinn odr ok ærr af eggian diöflanna, sva at hann gætti varla handa sinna ok mællti vid Martinum mörg hardyrdi. En Martinus hafdi avitadan hann enn fyrra dag um marga ohlydni, þa er hann hafdi gerda. Slikum avitum reiddiz Briccius ok mællti mart osæmiligt vid Martinum, kalladi hann ecki vera sva godan mann, sem adrir toku a, en sagdiz sialfr vera miklu betri, þar er hann hafdi verit alla æfi sina i munklifi, en Martinus hafdi verit .xviii. vetr heidinn, «ok ma hann þess eigi dylia, en nu er hann elldiz, berr fyrir augu honum hverskyns sionhverfingar.» Slikt sva mællti Briccius ok mart annat verra, þat er betra er at þegia en

fra at segia. Þá geck Brictius i brott um sidir ok þottiz þa hafa hefnt sin. En medan Brictius hafði þetta mællt, þa svaradi Martinus eirgu, helldr hafði hann bedit fyrir Brictio alla þessa stund. Eptir þat er Brictius var a brottu, sagði Martinus þeim monnum, er þar voru vid staddir, hvat diöflarnir höfdu mællt, ok kendi þetta 5 þeira illzku en eigi illvilia Brictij. Litlu sidar kom Brictius til fundar vid Martinum ok fell gratandi til fota honum ok bad ser liknar, en Martinus fyrirgaf honum þegar blidliga. Þat var einhvern dag, þa er Brictius geck uti, þa mætti hann þorpkarli einum fataekum ok siukum, ok for sa at leita ens sæla Martini byskups 10 ok mællti vid Brictium: «Ek bid her i allan dag, ef ek mætta finna enn sæla Martinum, ok veit ek eigi, hvar hann er.» Brictius svaradi: «Ef þu leitar þess ens æra manz, þa gacktu framm nöckuru<sup>1</sup> leingra ok se, hvar hann sitr ok gapir i himineun upp sva sem vitlaus madr at vanda sinum.» Enn fataeki madr for at 15 finna Martinum ok bad ser miskunnar, ok hvarf heill ok feginn fra þeim fundi. Litlu sidar funduz þeir Martinus ok Brictius, ok mællti Martinus vid hann: «Er þat satt, Brictius, at þer þikirk ek ærr vera?» Brictius vard farr vid ok qvaz þat eigi einkum mællt hafa. Þa sagði Martinus: «Þat hefir þu mællt, ok heyrda ek 20 gerla, hveriu þu svaradir enum fataekia manni, er hann spurdi at mer; en ek segi þer þat nu vist med sönnu, at ek hefir þat þegit af gudi, at þu skallt byskup vera næstr mer, ok kann ek þer þat at segia, at þu skallt marga gagnstædliga hluti þola i þinum byskupsdomi.» Þa svaradi Brictius med hlatri miklum: «Hefir ek eigi 25 þat satt sagt, at sa er ærr madr, er slikt mælik.» Eptir þat hætta þeir þessi rædu. Margir menn mællto þat vid Martinum, þa er Brictius var prestr ok gerdi honum skapraunir, hvi hann tæki eigi embætti af honum. En Martinus svaradi: «Ef Cristr þoldi Judam, hvi muna ek þa eigi þola Brictium.» 30

51 (50). Sa atburdr var eitthvert sinn, þar er kaupmenn voru a sio staddir, þa gerdi at þeim mikla rid, ok var vid sialft buit, at skipit mundi faraz, en þeir tynaz, ok voru þeir ræddir miog. Þa tekr til orða egipzkr madr einn heidinn ok mællti: «Gud Martini, hialpdu oss.» Ok þegar er hann hafði þat mællt, þa 35 stödvadiz ridin, ok [lofudu þeir<sup>2</sup> gud ok enn helga Martinum.

52 (51). Licuncius het einn göfugr madr ok trufastr, er vard fyrir miklum bardaga: önduduz sum hiu hans med bradri sott, en sum lagu siuk. Hann sendi rit Martino ok bad hann hialpa ser.

<sup>1</sup> nöckura *Cd.*    <sup>2</sup> [ löfu *Cd.*



En Martinus taldi þat torvelligt vera, þviat hann skildi þat af krapti sinum, at þessir menn voru vordnir fyrir bardaga guds. Sidan tok Martinus ok fastadi ok var a bænum viku alla samfast, ok let eigi af at bidia, adr þessir menn allir voru heilir. Eptir þat for Likuncius a fund Martini ok sagdi heil öll hiu sin, en færði Martino at giöf .c. marka silfrs. En er Martinus var bedinn at þiggja þat, þa sagdi hann: «Fædi kirkian oss ok klædi, en vær þurfum eigi framar at girnaz.» Likuncius leysti menn or höptum med þessu fe öllu, eptir þvi sem Martinus lagdi fyrir hann.

53. Enn heilagi Martinus byskup vissi leingi fyrir andlat sitt ok sagdi brædrum deili a þvi, at andlatztid hans nalgadiz. Þat bar ok saman, at hann heiman for til þorps þess, er Condarensis heitir, ok er þar byskupsstoll i þvi þorpi. Martinus villdi sætta kennimenn, er þar voru missattir vordnir, ok þotti honum þau god sin æfilok, at hann endrbætti frid heilagrar cristni, adr hann andadiz. En er hann for med lærisveinum sinum (i), nandir a nöckurri, þa sa hann fugla hia anni, þa er skarfar heita, ok veiddu þeir fiska or anni eptir edli sinu. Martinus nam stadar ok leit til lærisveina sinna ok mællti klöckvandi: «Fuglar þessir, er vær siam, þeir bera diöfla liking a ser, þeir sitia um uvara ok taka þa, er vitlitlir eru ok þeim trua, ok gleypa sidan, en sediaz all dri.» Sidan baud hann fuglunum, at þeir flygi a braut a fiöll ok skoga, ok neytti þess velldis vid þa, sem hann var vanr, þa er hann rak diöfla fra odum mönnum. Þa flyektuz skarfarnir saman i einn dun ok flugu fra vatnföllum i brott a fiöll ok heidar. En Martinus for, sem hann hafdi ætlat, til þessa byskupsstols, ok dvaldiz þar nöckura rid ok sætti þa menn alla, er þar voru missattir. Ok er hann ætladi heim at fara, þa kendi hann ser sottar, ok gerdiz hann bratt miog mattfarinn ok heimti til sin lærisveina sina ok sagdi þa skamt eptir mundu vera þeira samvistu, sva sem hann hafdi þeim adr fyrir sagt. Þeir urdu allir vid þessa sögu ryggir ok gretu akafliga ok mællto vid hann sem einum munni: «Af hvi fyrirlætr þu oss, heilagr fadir, huggunarlaus, edr hverium felr þu oss a hendi, þa er þu skilzt vid (oss)? Skædir vargar munu gripa hiordina, þegar hirdirinn er fra farinn, edr hverr mun þa skyla oss vid þeira bitum ok ogurligum arasum? Witum vær þat allir, at þu girniz til guds at fara, en eigi mun þverra dyrd þin, þottu lifr nockvi leingr, ok eigi munu minkaz þinar ombunir; helldr miskunnadu oss, heilagr fadir, ok far eigi fra oss.» En er Mar-

1 Her er andlat ens helga Martini byskups *Overskr.*

tinus sa lærisveina sína grata, þá er hann unni mikit, en var sialfr fullr miskunnar, þá sneri hann öllu sínu radi ok fysi a guds forsiö, þviat hann sialfr vissi eigi, hvort er hann villdi lifa edr deya, þviat hann villdi eigi ryggia lærisveina, er hia stödu, en hann var þö fuss, sem von var, at fara til guds, ok svaradi a þessa lund: »Heyrdu, drottinn! ef lyd þinum er naudsyn a, at ek lifi leingr, þá vil ek eigi skiliaz vid þesskonar erfidi; verði vili þinn, drottinn. Þung þiki mer, drottinn, byrdr likamligs erfidis, ok vist hefir ek ok leingi lifat ok þolat margar þrautir fyrir þínu nafni, þá mun ek þö eigi sakaz vid mikinn alldr ok vera buinn til at beriaz undir þínu merki, ok eigi skal ek a hæl fara i orrostunni; ok þött gömlum manni se æskilig. hvilld eptir langt erfidi, þá sigrar þö hugrinn aratóluna; gott er mer þat, drottinn, ef þu villdir vægia alldrinum en vorkynna ellinni. En um lydinn em ek ræddr, ok ef þu tekr mik fra, drottinn, þá vardveittu sialfr lydinn, verði allir hlutir eptir þinum vilia.« Þö var sa öumrædiligr madr, er eigi var sigradr i erfidi ok eigi i dauda, fyrir eingu vætta neigðiz hann, ok eigi vissi hann, hvort hann villdi helldr lifa til hialpar mönnunum edr deya ok fara til guds.

54. En er sötin tók at vaxa, en likaminn at mædaz, þá let hann þeygi öndina lina likaminum, ok var avallt a bænum en vakti i sífellu. Eeki skipti hann ok um reekiu sína, et sama var hon göfuglig ok hæglig, i ösku hvildi hann, ok breitt a ofan harklädi. Þá badu lærisveinarnir, at þeir skylldu na at leggja halm undir hann. Þá sagdi enn helgi Martinus: »Eigi somir, brædr minir, annan veg at deya<sup>1</sup> en i moldu edr harklädi. En ef ek gef ydr önnur dæmi, þá misgeri ek sialfr.« Hendr ok augu hof hann avallt til himna, en hugr hans hvarf alldregi af heilagri bæn. En er prestar þeir, er vid voru staddir, badu, at hann skylldi snuaz nöckut i rekiunni a ymsar lidar ok gera ser hægra, þá svaradi enn helgi Martinus a þessa lund: »Latit vera, brædr minir, latid mik helldr na at sia himin en iörd, at önd min megi fara rettleidis til guds.« Ok er hann hafdi þetta mællt, þá sa hann, hvar diöfullinn stöð eigi langt a brott, ok mællti vid hann: »Hvi stendr þu her, et dreyrgazta hrædyr? Eeki muntu finna med mer þinna verka. Abrahams fadmr<sup>2</sup> mun vid mer taka.« Ok er hann hafdi þetta mællt, þá skildiz su en helgazta önd vid likamann med fögru andlati. Þat var a drottinsnott, er enn helgi Martinus andadiz nær midri nött fyrir drottinsdaginn, ok heyrdi margir

menn fagnar raddir til himna upp, þa er guds einglar færdu önd hans til eilifra fagnada. Aller þeir er hia andlatinu voru, sa mikla dyrd a likam hans: andlit hans var biartara en lios, en likami hans hvitari en snior ok þotti þegar bera a ser mikla liking oordinnar upprisu, ok mundi þvi eingi madr trua nema sæi, at likami hans mætti sva alreinu vera, sa er nytekinn var or ösku ok harklædi. En þangat kom, þa er Martinus var andadr, mikill fioldi manna or öllum enum næstum borgum ok herödum, ok var þo mestr munka fioldi. Þeir voru eigi færri saman komnir en 10 mm. Allr fioldi manna dreif ok þangat af Turons borg ok allir flestir or Peitu borg. En þessir menn allir gretu miög ok hörmudu frafall Martini, ok allra mest munkarnir. En þott þeir greti, þa var þvi fagnanda, er Martinus for til guds, heilagligt var at fagna dyrd hans, ok milldligt at grata dauda hans, þviat trua eggjadi 15 fagnadanna en heilug ast harmsins.

55. Eptir andlat ens helga Martini gerdiz þræta mikil milli Turonar manna ok Peitu manna. »Vorr var hann munkr ok vorr var hann aboti, sogdu Peitu menn, ok fra oss tokut er hann ydr til byskups, ok nadut sidan hversdagliga vidmæli hans ok iarteignagerd ok helgum kenningum, ok a svogort ofan byskupligri blezan. Nu megu ydr slikir hlutir þörf vinna, en vær munum hafa helgan dom hans med oss.« Turunar menn sogdu: »Ef er segit oss mega þörf vinna iarteinir hans, þa vitit þer þat sialfr, at hann gerdi fleiri iarteinir med ydr en med oss, þviat hann 25 reisti her upp einn daudan mann en þar .ii.; sagdi hann ok sva sialfr, at hann hefdi fleiri iarteinir gert fyrir byskupsdom sinn helldr en i byskupsdominum. Nu hæfir þat eitt, at hann fylli þat med oss andadr, er hann fylldi eigi lifandi, er hann fra ydr i brott tekinn en oss gefinn af gudi. Nu med þvi at er vilit, at 30 vær hafimz lög vid, þa vitit þer þat, at at þeim stoli a hverr at hvila, sem hann hefir verit vigdr til. En ef er vilit þat segia, at hann eigi þar at hvila, sem hann var fyst munkr, þa viti þer þat, at hann var i Melans borg fyrr munkr en med ydr.« En er þeir þrættu a þessa lund, þa kom nott, ok vardveittu hvorirtveggju likit, ok ætludu þeir or Peitu borg at taka likit um morgininn eptir fra Turons monnum naudgum. En gud villdi eigi ræna Turons menn byskupi sinum. Ad midri nott sofnudu Peitu menn allir, sva at eingi madr vakti af þeim enum mikla mannfölda. Þess neyttu Turons menn ok toku likam ens helga Martini ok 35 letu ut um glugg einn, en sumir toku vid fyrir utan ok letu 40

koma a skip ok foru a brott med ollum skipum sinum, sva sem vatnföllum gegnir til Turons borgar. Peitu menn vöeknuðu við araglam þeira ok soknuðu ens æzsta gimsteins, er þeir skyldu varðveitt hafa, ok foru heim til borgar sinnar. En Turons menn baru lík ens helga Martini í hofudkirkiu í Turons (borg) með göfugligri líkfylgiu, ok lögðu því næst í grof með fögrum lofsöngum.

56 (58). Á þessi tíð var enn helgi Ambrosius byskup yfir Melans borg. En er hann söng messu þann drottinsdag, er Martinus var andadr, þá stóð hann ok studdiz við allteri ofan í pistli ens helga Pauli postola. En þá er at guzspialli var komit ok byskup skyldi bleza diakninn, þann er guzspiall skyldi lesa, þá varð fall á tíðunum eigi skemri stund en um .iii. tíðir dags. Þá gengu menn at Ambrosio ok vöktu hann ok mællto: »Bíð herra vorr nu, at lectia se lesin, þviat allr lydrinn er modr ordinn ok hefir leingi bedit.» Þá sagði Ambrosius: »Hrelliz er eigi, bræðr, þviat mer er mikit veitt í þessum svefni, þviat drottinn hefir ser latit soma at syna mer miklar iarteinir; þviat þer skulit nu þat vita, at broðir minn Martinus er nu líðinn af þessa heims lífi, ok veitta ek nu þionustu hans líki, ok var einn capituli eptir osungiinn, þá er þer voektud mik.« Þá undrúðu allir ok merktu þann dag ok stund, ok spurðiz sva til, at Martinus hafði á þeiri tíð andaz, sem Ambrosius sagði sik þionat hafa líki hans.

57 (59). Sá atburðr varð enn í öðrum stad á þeiri somu nott sem Martinus andaðiz, at enn helgi Severinus, er þá var byskup yfir Kolni, gekk kirkna í mille með klereum sinum eptir ottosöngs tíð. Þá heyrði hann fagnar eingla raddir í himinenn upp ok kalladi til sín diakn sinn ok bað hann at hyggia vandliga, ef hann heyrði eingla song. En erkidiaknenn tylltiz á tær ok studdiz við staf byskups ok hleradi ok matti eigi heyra sönginn. Þá fellu þeir til iardar báðir ok báðu guð, at hann heyrði; en er þeir risu upp af bæninni, þá spurði byskup, ef hann heyrði. Diaknenn svaradi: »Ek heyrí söng fagan í himin upp, en ek skil eigi hvat þat taknar.« Byskup sagði: »Ek mun segia, hvi taknar. Herra minn Martinus fór nu af þessum heime, ok færðu önd hans guðs einglar fagnandi til himna. En er dvöl nöekur varð á adan, er þu mattir eigi heyra sönginn, þá kom díof(ul)lín til með illgi(ö)rnnum einglum ok hugðiz hallda mundu salunni, en hann fann þó eeki sinna verka með honum ok flyði á braut með skemd. En hvat mun af oss verða syndugum monnum, þá er ovinnrinn þordi at deila til slíks kenningar.« En er Severinus hafði þetta mællt, þá sendi

hann erkidiakn sinn til Turons borgar at spyria, hver tidindi þar höfðu gerz a þeim dögum. En sa er sendr var kom aprt ok sagdi, at a þeiri enni sömu tid hafdi Martinus andaz, sem Severinus hafdi heyrt einglasönginn.

5 58 (57). Severus er Sulpicius het öðru nafni, lærisveinn ens helga Martini ok enn mesti astmadr, er þessa sögu hefir fyst ritat, sagdi Martinum hafa ser vitraz, sva sem hann sagdi a riti þvi, er hann sendi Auriliano diakni, en sva mælir a ritinu eptir qvediu-  
 10 husi, ok var þa i hug mikil ahyggia, sem opt verdr af von oordinna hluta ok leidindi nyligra hluta, af domadags ogn ok ræzlu eilifra kvala. En sia ogleði öll saman geriz mest af endrminningu<sup>1</sup> synda minna. En eptir þessa mæding hugarins lögdumz ek i reykeiu mina, ok sofnadi ek, sem opt er vant, at svefn kemr  
 15 eptir ogleði. En er ek var sofnadr, sva at ek þottumz nær þat vaka, sva sem morginsvefnar verda opt lausari en adrir, þa þottumz ek sia helgan Martinum byskup skryddan hvitu skrudi: andlit hans var sem elldr, en har hans sem purpuri, ok syndiz mer hann sva, sem ek ma varla ordum til koma fra at segia, en ek matta  
 20 kenna hann en lita varla i gegn honum. Hann brosti vid mer ok hafdi bok i hendi, þa er ek hafda ritat eptir lifi hans. Ek hugdumz falla til fota honum ok bidia hann blezunar, ok kenda ek, at hann lagdi hond yfir hofud mer. En i millum blezunarorda er ek leit vid honum, ok villdi ek avallt a hann sia, þa<sup>2</sup> syndiz  
 25 mer hann lida i lopt upp, unz sky baru hann or augliti minu til himius. En litlu sidar sa ek Clarum prest lærisvein hans, þann er fyrir skömmu andadiz, ok for hann enn a sömu gotu eptir, sem lærifadir hans for fyrir. En er ek villda fara eptir þeim, þa vaknaði ek, ok tok ek at fagna syn þeiri, er ek hafda sed. Þa  
 30 kom inn sveinn einn farandi ok var ogladr, en ek spurda, hvat honum væri at ogleði, en hann svaradi: »Tveir munkar qvomu or Turons borg ok sögðu Martinum byskup andadan, en ek gret akafliga, er ek heyrd a þetta, ok nu falla mer tar um kinnr, er ek rit rit þetta, ok ma ek eigi huggaz af harmi minum. En ek vil,  
 35 brodir, þik lata hluttakanda vera harms mins, sva sem vid erum badir hluttakendr einnar astar. Kom þu til min, brodir, ok gratum badir þann, er vid elskudum badir, þott ek vita, at makligra væri at fagna en at grata, þviat honum er nu gefin dyrd eilifs rettlætis, þviat hann hefir borit sigr af þessum heime; en ek ma

40 <sup>1</sup> endrnygingu *Cd.* <sup>2</sup> þy *Cd.*

eigi stöðva harm minn, ok hefir ek mikinn arnanda sendan fyrir mer, en tynt hefir ek þó þessa heims huggun; fagna skyldi ek helldr, ef harmr mætti lata fyrir skynsemi, þvíat Martinus er nu kominn i sveit með postolum ok spamonnum guds; ok þetta mæli ek i leyfi allra heilagra, at hann er iafningi enna hæstu heilagra manna, at því er ek trui, ok fylgir hann nu guds lambi reinn fra öllum synda sauri, samteingdr hiördu rettlatra manna ok allra hellz piningarvotta guds; þvíat hann matti ok villdi vera piningarvottr guds i fysi ok crapti, þott skynsemi þessar tidar veitti honum eigi pining; ok þott nu kolni hvern dag ast margra, þa kolnadi eigi hans ast, helldr ox hon dag fra degi. Þeir ar astar hans naut ek överdr, þvíat hann elskadi mik fram ar en nöckurn annan. En nu ma mik einskis manz ast hugga hedan i fra, ok harma ek þat hvern dag, er ek lifda honum leingr, ok ma ek hans all dri ok löckvandi minnaz. En til hvers græti ek þik, brodir, i þessu riti, þar er ek villdi, at þu værir huggadr, þott ek megi eigi hugga sialfan mik af harmi minum.« Þetta bref ritum vær til þess, at þadan af ma marka, hveria ast menn höfdu a Martino, þeir er með honum höfdu verit. Enn helgi Martinus byskup fullr af öllum crauptum ok heilagleik andadiz a dögum Archadij keisara sonar Theodosij ok Honorij brodur hans; en i þenna tima var pafi yfir Romaborg Innocensius, sa er fystr var með því nafni. Martinus hafdi einn vetr ens niunda tigar, er hann andadiz, en hann hafdi byskup verit .vi. vetr ok .xxx. Þa voru lidin fra higatburd drottins vors Jesu Cristz .cccc. vetra secundum Speculum Historiale.

59 (60). A enu sextuganda ari fra andlati ens helga Martini byskups tok sa madr byskups tign i Turons borg, er Perpetuus het. En er hann hafdi byskupsdom tekit, þa villdi hann i öllum hlutum vegsama enn helga Martinum byskup ok let taka ofan kirkiu, þa er ger hafdi verit enum helga Martino, en gera adra miklu meiri ok dyrligri. En þa er kirkiar var alger ok byskup villdi vigia hana ok taka upp helgan dom Martini or þeim stad, sem hann var grafinn, þa baud hann til þessar hatidar öllum enum nalægztum byskupum ok abotum ok morgum munkum ok kennimonnum i upphafi manadar þess, er Julius heitir. Þeir vöcktu um nottina fyrir þann dag, er þeir ætludu helgan dominn upp at taka, ok um morgininn eptir leitudu þeir til ok grofu yfir steinþro Martini. En er þeir villdu hana upp taka, mattu þeir eingan

veg hræra hana. Þá urdu þeir ogladir við ok vissu eigi, hvat þeir skylldu til taka. Þá tok til orða einn af klercum ok mællti: »Witid þer eigi, at eptir .iii. daga er vixludagr ens helga Martini, ok mun hann a þeim degi vilia vera upptekinn, sem hann var til byskups vigdr.« Þá baud byskup, at menn skyllði a bænum vera þa .iii. daga ok fasta ok vaka ok bidia Martinum arnadarordz at um þetta mal. En a enum .iii. degi geingu þeir til grafarinnar ok villdu upp taka steinþro, en mattu hvergi hræra. Þá urdu allir uqvæda við ok vissu eigi, hvat til skyllði taka, ok baruz þat helz fyrir at hylia steinþrona molldu. En i því bili syndiz þeim gamall madr, hvitr fyrir hæru, skryddr hvitum purpuraklædum, kennimanligr miög, ok hugdu þeir hellz, at abote nöckurr mundi vera. Sa madr tok til orða ok mællti við þa: »Hvi standit er nu ok hafiz eeki at? Se þer eigi enn helga Martinum, (er) stendr hia ydr ok er buinn til at starfa med ydr, ef er takit til.« Sidan varp hann af ser motli sinum ok tok til steinþroarennar med þeim, ok var þa audvellt at hræra hana þangat, sem þeir villdu. Eptir þat baru þeir helgan dominn i kirkiu med allri dyrd, crossum ok kertum ok reykelsikerum ok miklum lofsöngum, ok settu nidr helgan dominn i haleitan stad hia allteri, ok beid hann þar, unz hann var i skrin lagdr. Sidan hofu þeir messu upp ok sungu hatidliga, ok þa er messunni var lokit ok öðrum tidum, ok menn gengu til veizlu, þeir er byskup hafdi þangat bodit, þa bad hann leita at þeim virduliga manni, er þeim hafdi synz, þa er þeir toku helgan dominn upp, ok fanz hann hvergi. Ymsar voru þar getur manna a, hverr sa enn dyrligi madr mundi vera, sumir ætludu guds eingil, en sumir sialfan Martinum byskup. Þar verda sidan at þeiri kirkiu, er enn helgi Martinus hvilir, allzkonar iarteinir, fa sion blindir, en heyrn daufir, en diöflar flyia fra odum mönnum, en likþraer hreinsaz. Hefir almattigr gud vegsamat enn helga Martinum byskup umframm vel flesta adra sina astvini fyst i lifinu med þvíliku valldi ok iarteinagerd, sem nu hafit er heyrt, ok sva faheyrdum iarteinum, at hann hefir .iii. menn af dauda reist ok þa eina, er sva voru komnir i valld diöfulsins, at þeir attu einga von til guds, þvíat þeir voru uskirdir ok sva herfiliga at teknir, at sumir höfdu fyrirfarit ser sialfir; ok er fyrir þa sök sva sungit i hans enum helgum lofsöngum, at hann hafi .iii. sinnum sundrat helviti. En i sialfu lifinu var hann sva reinn ok skirr ok fraskila öllu saurlifi, at til slíks finnaz varla dæmi, ok er hann af því kalladr af allri

alltare ok retti hendr sinar fra ser ok bad leingi fyrir enum siuka, sidan reis hann upp ok tok af alltari budk, er Benedictus hafdi sent honum ok helgir domar voru i, ok for til ens siuka ok tok span af krossi drottins ok gerdi kross med honum **æ** oxl hans ok a ollum armi ok mælti: «Sa gud, er holldgaz let eingetinn son 5 sinn af helgum anda ok beraz i heim þenna fra Mariu mey, ok var pindr til lausnar ollu mannkyni a þessum enum helga krossi, sa sialfr gud, skapare allrar skepnu, lati ser soma at græda þik fyrir krapt ens helga kross.» Ok er hann hafdi þetta mællt, þa sprack i þrim stodum ok fell or mikit blod. Plodegarius matti 10 eigi vatne hallda, er hann sa svo mikla iartein, ok lofadi gud ok enn helga Benedictum, er þa lærisveina hafdi fostrad, er slik takn giordu. Ok þangat for mestr luti borgarlyds, ok þotti hverr sæll, er sia matti Maurum. En eigi eignadi hann ser þetta helldr lausnara vorum Jesu Kristo ok drottinligum krossi ok verdleikum ens sæla 15 Benedicti. Harderadus var þa nær alheill ok bad Maurum, at hann færi eigi a braut enn næsta dagh, adr hann hefdi komit til hverrar kirkiu i borginni, ok færa lof gudi ok helgum monnum fyrir sakir heilsugiafar sinnar, ok þat veitti Maurus honum.

6. A fimtanda degi þadan, sem nu var greint, hofu þeir ferd 20 sina. Þa bar svo til, ath þionn þeira, sa er Serglus het, fell af baki ok a hvassan stein, ok er hann villdi upp risa, þa var hann allr lamdr, svo at hann matti hvergi hræra sik, ok brotinn var fotr hans enn hægri, ok allr var hann sarr. Maurus geck þangat ath, sem hann læ, ok hellt ath fæti hans enni winztri hendi, en 25 med hægri hendi gerdi hann krossmark yfir honum, ok mælti svo: «I nafne almattigs gud(s), þess er leysir med krapti sinum fiotrada ok þa sem i hoptum ero, riss upp þu heill ok þiona oss þrælum guds, svo sem Benedictus baud þer.» Serglus reis upp þegar heill, ok foro þeir til þess, er þeir komu til kirkiu. Þar sat madr fyrir 30 kirkiudyrum, sa er blindr hafdi verit alla æfi sina, ok bad giafar alla þa, er ut eda inn gengu i þa kirkiu. Hann heyrdi getid, ath Maurus var þar kominn lærisveinn Benedicti. En er Maurus geck or kirkiu ok forunautar hans, þa lagdiz enn blindi madr nidr a stræti fyrir þa ok kallade: «Ek særi þik, Maure þræll guds, fyrir 35 þa ena dyrligu pislarvotta, sem her hvila, ok fyrir göfugleik nafns meistara þins Benedicti, attu gefir mer syn af bænum þinum.» En er guds madr heyrdi þetta, bad hann, ath hann stædi upp, ok er hann stod upp fyrir honum, þa spurdi Maurus, hversu leingi hann hefdi þar verit. Hann sagdi, at sa var enn ellepti wetr fra 40

þvi, er hann kom þar. «Fyrir hvi, sagdi Maurus, hafa eigi þessir enir helguztu pislarwottar, er pinaz letu fyrir guds sakir, gefit þer syn, ef þeir villdi þik sia lata, þviat þeir mundu audlaz þat af gudi, þviat þeira er slikt at gera, en eigi wort, ok þurfum wær  
 5 þeira æ hverri stundu.» Geck þa Maurus i brott. En þessi kalladi eptir honum akafliga ok taldi upp vesold sina. Þa hvarf Maurus aptr til hans ok felldi tær, ok sa i gaupnir ser, en stundum i himenenn, ok lagdi kross yfir augu ens blinda ok mælti: «Drottinn ok grædari Jesus Kristr, sa er satt lios er, þat er lysir  
 10 hvern mann komanda i þenna heim, hann sialfr lati ser soma fyrir akall nafns sins at lysa þessum manne ok fyrir werdleika þessa heilagra piningarwotta, sem hvila i þessum stad, ok ens helga vors meistara Benedicti, ath sia madr megi lita dasamlig werk sialfs guds skapara allra luta ok lausnara wors ok hann at lofa feginsamligri  
 15 röddu ok verki sannrar tru.» Ok er hann hafdi þetta mællt, þa fell þegar blod mikit af augum ens blinda manz, er Linus het, ok tok hann þegar syn sina ok sa sol, er hun skein biart, ok söng Benedicite med miklum fagnadi. Hann hafdi numit salltara ok allar hversdagligar tidir, svo at hann hafdi heyrt adra syngia. En  
 20 er su iartein var sogd wm borgina, þa for þangat mikit fiolmenne ok badu, at Maurus skyllde gefa þeim blezan. En hann mælti sva: «Benedicat vos dominus in Syon omnibus diebus vite vestre.» Þat mælir sva: Blezi ydr drottinn, sa er byggvir i Syon, æ ollum dögum lifs ydvars. En hann mælti svo vid Linum, ath  
 25 hann skyllde þar þiona gudi ok helgum pislarvottum hans.

7. Sidan foro þeir Maurus þadan i brott, ok er ecki getit um ferd þeira, adr þeir toko ser herbergi eitt kvellð nær kirkiu, er helgud var Mariu drotningu, ok þar var hus litid hia, er kona su var i, er Remicia het, ok sonr hennar, er legit hafdi tvo daga  
 30 i dae, svo at menn vissu eigi, hvort hann var iendr eda eige. Kona su hafde mist bonda sins litlu adr, ok fell henne nær harmr sia allr saman, ok sat hun yfir syni sinum gratandi. En Maurus geck til kirkiu snemma nætr, sem hann var vanr. En er æ leid nottina, þa kom honum i hug, hve aum honum þotti vera kona  
 35 sia, er sat yfir syni sinum nær daudum, eda hversu nær henne fell harmr sia allr saman, er su var eingi stund, er hun matti sig fra grati hallda. Þa fell Maurus til bænar af nyiu ok bad drottin, at hann miskunnadi konu þessi ok gerdi heilan son hennar. Þa reis hann upp af bæn ok for til felaga sinna hliodliga, ok  
 40 vakti Simplicium munk ok bad hann upp risa leyniliga ok fylgia

ser. Ok er þeir komu til kirkiu, mællti Maurus: »Mikil sott er mer i því, er ek se konu þessa hryggva, ok vil ek, at vit farim badir til reckiú ens siuka manz, ok mætti svo vel verda, at haleit tign almattigs guds grædi hann.« Ok er þeir komu þar, þa mællto þeir svo: »Kristr drottinn ok grædari wor, einka won ollum siukum ok harmsfullum, sa er miskunnandi war eckiu þeiri, er færði lik sonar sins med miklu fiolmenne, ok reisti upp son hennar til lifs at asiandum flockum Gydinga, nu lati hann ser soma ath hugga þessa konu med þeiri somu milldi ok gialldi henne son sinn alheilan.« Ok er þeir höfdu þetta mællt, foru þeir i brott. 10 En sa er tva daga hafdi i dae legit an vitz ok mals, tok nu at mæla vit modur sina: »Hird eigi þu at grata, sagdi hann, þvíat med tarum eins þræls guds var ek aptr kalladr til lifs fra helvitis kvolum.« Ok er hann hafdi þetta mællt, reis hann upp ok for til kirkiu, þa er þeir sungu ottusong Maurus ok hans forunautar, 15 veik þegar þar at, er Maurus var, ok mællti: »At sonnu ertu sa, er mik kalladir fra domstoli þeim til lifs med þinum tarum ok verdleikum, er ek var til kvala dæmdr.« Sia iarteign for um allt þat herad, ok foru margir menn i moti þeim, þar sem þeir foru, ok sungu lof gudi þeim, sem svo dyrkar helga menn sina. Sa 20 madr het Olegius, er nu (var) fra sagt, ok tok munks wigslu i munklifi því er Sirensis heitir.

8. Þeir Maurus foru sidan ferd sina, þar til er þeir komu i þorp þat er Autisiodorensis heitir, ok var þat skirdags aptan. Þar heyrdu þeir getid Romani, munks þess er verit hafdi tænadarmadr 25 heilags Benedicti fyrir longu, sem sagt er i sogu hans. Þa hitti Romanus Maurum ok foronauta hans, ok bad hann, at þeir færi þangat allir um paskana. En Maurus var fus at finna Romanum ok einkum af því, ath hann vissi, at þa mundi heilagr Benedictus andaz þvottdaginn, ok hugdi gott til ath tala vit Romanum, ok 30 foru þangat fostudaginn, ok tok Romanus wel vit þeim. Forunautar Mauri keyptu fæzlu, þa er hafa þurfti um paskana. En þeir Maurus ok Romanus ræddu um dyrd eilifs lifs. En er þeir hófdu lokit tidum um morguninn, þa mællti Maurus vit enn helga Romanum: »Aa morgin er sa dagr, er heilagr fadir vor Benedic- 35 tus mun fyrirlata þetta lif ok stiga upp til eilifs lifs.« En er Romanus heyrði þetta, þa tok hann akaffiga at grata. Maurus villdi hugga hann ok mællti: »Oss hæfir helldr at fagna hans andlati, þvíat þar hófum vær nu mikinn fulltingsmann ok formælenda fyrir oss, ok er hann oss nu nalægari, hvar sem vær erum staddir, en 40

þa at hann væri her i heimi.« Ok þo at hann mællti slikt, þa matti Romanus eigi hallda sik fra tarum. Nott þa vakti Maurus ok foronautar hans, ok svo Romanus ok nockurir hans lærisveinar, ok sungu þeir allir salma ok bænir i minningu andlatz heilaghs

5 Benedicti eptir sid Romveria. En er nott su leid or hondum ok lokit var tertio um morguninn, þa var Maurus at kirkiu ok la a kirkiugolfi. Þa bra því vit, at hann þottiz vera heima i munklifi Benedicti, ok sa hann gotu liggia upp til himins austr fra kofa Benedicti; hun var þakin fogrum mötlum ok mörgum itarligum

10 steinum. Þessa syn sa med honum .ii. brædr. Þeir undrudu miok syn þessa. Sidan sa þeir mann a gotunni buinn virduliga ok biartan i alite. Hann spurde, hverr þessa götu ætti. Þeir kvoduz eigi vita. Þa mællti sa, er æ gotuuni var: »Þessa gotu stigr heilagr Benedictus upp til himins.« Sa annar, er sa syn

15 þessa med enum helga Mauro, var heima i munklifi Benedicti, en annar fiarlægr þeim stad, svo sem segir enn sæli Gregorius pave. Maurus sagdi vitran þessa Romano ok felogum sinum, ok helldu þeir þar gofugliga upprisutid drottins vors ok foru i brott annan dag i paskum. Þa mællti Romanus vit enn sæla Maurum: »Ef

20 ek mætta fyrirlata þenna stad, þa munda ek giarna þer fylgia, enn kærastu vinr; nu bid ek, ath gud almattighr se ævallt med þer ok brædrum þinum ok leidi ydr til sannrar fyrirheitziardar, þeirar er hann het voldum monnum sinum.«

9. Þadan foru þeir til þess stadar er Aurelianus heitir, þar

25 var þeim sagt andlat Berticiamni byskups, ok þat med, ath annar var til byskups tekinn ok vigdr i hans stad, sa het Dompnulus. Þessi tidendi öflodu þeim ahyggiu mikillar ok hrygleiks, ok vissu eigi, hvat þeir skylldu til rads taka. Heilagr Maurus mintiz æ spasogu meistara sins, þa er hann sagdi mart torvelligt vera i

30 þessi stundligri dvol, þvíat gud launar þat margfalldliga, er menn þola til vandræda her i heimi fyrir hans sakir; «letz hann oss ok, sagdi Maurus, avallt fylltingsmadr(!) vera skylldu. Abraham hofutfadir for a brótt af fodorleifd sinni at bodordi guds ok til annars landz ok audladiz af gudi blezan allz sin(s) kyns. Vær skulum

35 ok gladir vera i þessi utlegd ok bida svo hugganar af gudi ok likiazt eptir meistara worum, er geck fra allre eigu sinni, ok um sidir leyndiz hann fra fostra sinum ok villdi gud(i) einum lika ok at honum einum hyggia, ok fyrir þat audladiz hann mikla miskunn ok tign af gudi, svo at eingi hefir fremri verit heilagra manna, þa

40 er postola leid, ok setti fleiri munklifi en nockur annarra ok færði

gudi margar þusundir algerra munka.» En af þessi aeggian heilags Mauri þottuz þeir þegar stodugari vera en adr ok spurdu leidtoga sina, hvat þeir skyldu til rads taka. Harderadus mælti: »Þat syniz mer til liggia, ath vit, er eptir ydr vorum sendir, ok er sem þer hafit fyrir vorar sakir þolat mikit vil ok erfidi i þessi för, ath vit leggim þat erfvidi a ockr at fara til fundar vit þenna byskup, sem ockr er okunnigr, ok segim honum allan tilgang farar vorrar, ok kunnim sidan ydr skyrt ath segia hans vilia, en þu bid her, enn göfgazti fadir, i þeim stad, ok brædr þinir þeir sem med þer ero. En ef sia byskup vill eigi þat gera lata, sem hinn fyrri byskup sendi ord til, þa munum vær finna adra gotu, ok mun gud eigi lata verða þarflaust erfvidi ferdar ydvarar.«

10. Sidan foru þeir til þess, er þeir komu til borgar sinnar, ok tok byskup vid þeim forkunnar vel ok het þeim þegar audæfum sinum ok allre virðing þeire, er þeir höfdu adr haft. Þeir sogdu honum fra för sinni ok letuz þat hafa aflat, sem þeim var bodit, ok spurdu, hversu hann villdi þenna lut vera lata. En honum kvodz(!) ecki mikit um utlenda menn ok letz ecki mundu klaustra smida lata at rade utlendz manz. En er Harderadus heyrdi, at byskup tok þvi ecki flíott, þa sendi hann frænda sinn, er Hardemarús het, til fundar vit Maurum, ok bad hann eigi hryggvan vera um þessa sök, helldr skyldi hann fara til herads þess, er Andegaunensis heitir, ok kvaz hann þar mundu fyrir vera, þa er þeir kæmi þar. Maurus vard gladr vit þetta ok felagar hans. Sidan foru þeir i þann stad, er Testis heitir, ok fundu þar Harderadum ok konu hans, er Cecilia het, ok sonu þeira, ok höfdu þau þar bedit tvo daga ok buit þeim goda veizlu. Þa gengu þeir Maurus ok Harderadus brott fra odrum, ok Cecilia kona hans, til tals, ok sagdi Harderadus allt, sem farit hafdi med þeim byskupi. Þa spurdi Maurus, hvat til rads skyldi taka. Harderadus svaradi: »Ek a mann þann, er Florus heitir, hann a miklar eignir i herodum þessum ok odrum, ok hann er mestr höfðingi æ ollu Fraklandi, þa er konungrinn lidr, ok hefir svo mikil metord af honum, at hann dæmir nær um oll mæl, þau sem verða milli manna i hans riki, ok þott hann starfi i mörgum veralldligum ahyggium, þa þionar hann þo stadfastliga almattigum gudi, ok hann vill munklifi reisa lata af sinum eignum, ok þangat ætlar hann ser til, þa er hann fær leyfi til þess af konunginum. Hann er kvongadr madr, ok eigi af því at hann girntizt þat, helldr let hann at



bæn konungs ok frænda sinna; hann a einn son vit konu sinni, ok ætlar hann honum i þat munklifi, sem hann lætr gera, ok þangat ætlar hann ath fæ þa menn, ath algiorvir se i klerkdomi ok godum sidum, at sonr hans læriz af þeim ok þeira dæmum.

5 Nu ætla ok at gera mann til hans, þann er skyri fyrir honum sök hingatkomu ydvarrar, ok sa segi oss sidan hans vilia, ef hann vill eigi sialfr fara at finna oss. En vær munum fara fyrir til þess stadar, sem hann hefir ætlat, at munklifit skyllði setia, ok litum a, hverso oss syniz sa stadr til þess fallinn.« En er Maurus  
10 heyrði þetta, þa vard hann hardla feginn, ok foru þeir þegar annan dag til þessa stadar.

11. Þa red fyrir Fraklandi Theobertus konungr, ok var Florus i ferd med honum ok metinn allra manna mest. Ok er sendimadr Harderadi hafði uppborit erende sin fyrir Florum ok  
15 sagt honum, at þeir Maurus voru þa æ ferd komnir, ok sva ath Dompnulus byskup villði eigi vit þeim taka, þa geck þegar Florus æ konungs fund ok sagði honum, hver sok til var, er Maurus var þangat kominn, ok sidan sagði hann konungi sinn vilia ok beiddi, ath hann leyfði, ath Florus leti munklife setia, ok sidan  
20 redi Maurus þar fyrir. Konungrinn svaradi: »Svo sem þu hefir oss hingat til truliga þionat ok gert i ollu vorn vilia, þa megum vær eigi synia þer þess, sem þu bidr, ok far þu sem fyrst ok finn þa menn, er þer hafa ord sent, ok mun ek til leggja mina ham-  
25 ingiu, ok tak vit þeim enum helgum monnum wirduliga, ok giörr þat, er þik fysir ok gudligh tign lætr þer i hugh koma; bid þa helgha menn, ath þeir arni oss ok sonum vorum miskunnar vit gud, ok at þeir bidi optliga fyrir ollu landzfolkinu, ok seg svo, at vær erum bunir at veita þeim hlydni i ollu því, er þeira embætti heyrir til; bid ek, at þeir halde vel reglum sinum eptir bodordi  
30 meistara sins. Ok ek mun smida til afla, eptir því sem þu beidir, ok sia smid verdi skiott algjör.« Sidan for Florus med þessum ummælum konungs til bæiar sins þess er heitir Glannafolium.

12. En er Maurus ok Harderadus urdu varir vit kvomu Flori, þa gengu þeir a mot honum, ok þegar er þeir hittuz, ste  
35 Florus af baki ok fell til fota enum helga Mauro. Ok er hann reis upp, þa mintuz þeir til ok felldu tær fyrir fagnadi. Sidan tok Florus ena vinzstri hönd Møri<sup>1</sup> ok kysti æ sidan ok mælti: »Mikill fagnadr er oss a hingatkomu þinni, þar sem þu ert þræll ens hæsta guds ok lærisveinn ens helga Benedicti, þvíat hans

vegr ferr nu um allan heim, ok lofat se nafn drottins, þess er þik sendi ok þina forunauta til þessa herada ok oss til tenadar. « Annan dag eptir syndi Florus Mauro stad þann, er hann ætladi munklifit at setia. Þá sendi hann eptir syni sinum Bertulfo, ok selr hann i hendr Mauro til læringar. Hann var þá atta vetra 5 gamall. Þá lysti ok Florus yfir því, at hann ætladi ser þangat, ef hann fengi leyfi til þess af konungi. Sidan let hann samna smidum mörgum ok verkmonnum, ok var þar munklifit reist, er odrum megum var fiall, en odrum megin á mikil. Fyrst var þar kirkia gior, ok sidan er vigd var, var helgut enum sæla Martino 10 byskupi ath radi Mauri, ok þar var hann grafinn at þeiri kirkiu.

13. Florus hafdi haft einn steinsmid fra konunginum, hann var lærdr madr. Þat var einn dag, at Maurus sat uti hia, þar er þeir smidudu, ok sa a bok sina, ok þar var Florus hia honum, ok skyrdi Maurus honum af bokinne. Þá vard þat, at smidr sia 15 fell ofan af hinum hæsta steinvegg ok æ einn mikinn stein, hann fell a bak aptr ok lamdiz mi(o)k. Allir ætludu hann andadan ok ræddu um, hvar hann skyldi grafa, þvíat blod fell hvervetna um hann. Þá komu þeir til Maurus ok Florus þar til, sem hann la. Maurus baud, at hann skyldi bera til kirkiudyra. Hann bad þá 20 adra i brott fara, en hann fell til bænar fyrir alltare, ok er hann lauk bæn sinni, geek hann ut ok gerdi krossmark yfir enum lamda ok mællti: »I þess nafni, er manninn skapadi or leiri iardar ok gaf honum lifs anda, ris upp þu heill ok smida klaustra þenna, þar til er lokit er.« Hann aurdgadiz upp þegar, ok sem hann vakn- 25 adi af svefni, ok undradi, er hann var þar kominn. Maurus sagdi, at adrir baro hann þangat. Ok er hann var þangat kominn, komu þeir þar Florus ok Simplicius. Florus fell til fota Mauro ok mællti: «Ath sonnu er þu Maurus lærisveinn Benedicti, þess er vær heyrdum opt fra sögd þvíilik takn.» Ok eigi þordi hann at 30 koma vid klædi hans.

14. En þá er sa kom til smidar er græddr var, toku nöckurir enir verri menn at amæla enum helga Mauro ok sögdu, at hann hefði þessa iartein til þess gert, at hann væri þá meira virdr en adr, en eigi fyrir sakir gæzku, ok hann mundi því farit hafa fra 35 sinu odale ok til fiarlægra herada, ok svo at hann mundi slika luti gera af nockorum golldrum en eigi af guds krapti. Ok er þeir ræddu slikt, þá hliop diofull i þria verkmenn ok kvalde akafliga, svo at einn feck bana af, sa het Flodegissus. En er guds madr

fra þat, felldi hann tar ok geck til kirkiu Martini, ok bad fyrir  
 enum andada ok svo fyrir þeim, er ohreinn andi kvaldi. Sidan  
 reis hann upp af bæn ok geck þangat, sem enir odu menn voru.  
 Þeir rifu klædi af ser med tonnum. Hann gerdi krossmark yfir  
 5 þeim ok mælti: «Drottinn vor Jesus Kristr, eingetinn guds son,  
 sa er þann matt gaf lærisveinum sinum, at þeir trædi undir fotum  
 höggorma ok eitorma ok allan uvinar krapt, leysi hann ydr nu af  
 þessi diofuligri kvol.» Þeir gnistu tönnum ok iusu molldu i höfut  
 ser, en hann geck at þeim eigi at sidr ok retti fingr sinn i munn  
 10 þeim. En ohreinn andi matti-eigi þar ut fara, sem fingr hans  
 voru fyrir, helldr for hann med saur i brott. Þa baud Maurus,  
 at enn andada skyldi bera i kirkiuskot, ok svo var gert. Hann  
 vakti alla þa nott ok bad med tærum, at hann gæfi lif enum  
 andada, ath eigi vægi diofull sigr a honum. En um morguninn  
 15 eptir let hann Simplicium munk syngia messo fyrir þeiri enni  
 somu salo, ok er messo var lokit, þa gengu þeir þar til, er likit  
 la. Þa mælti Maurus: «Drottinn Jesus Kristr, þu er upp reistir  
 Lazarum, er fiora dagha hafdi i grauf legit, ok fyrir bænir þræls  
 þins Helye lifgadir þu eckiu son, ver þu nær oss þrælum þinum  
 20 ok gialld þeim likama önd sina, þa er diofull tok i brott med  
 mikille kvol.» Ok er hann hafdi þetta mællt, þa skalf likit, ok  
 eptir þat settiz madrinn upp. Maurus mælti þa: «Ef þu villt  
 lifa, þa far þu i brott þegar ok kom all dri i þenna stad sidan.»  
 Þetta baud hann honum fyrir litillætis sakir ok þess, ath hann  
 25 villdi eigi ordlof af monnum hafa fyrir þetta verk.

15. A enum atta vetri þangatkvomu heilags Mauri var  
 klaustrid algert. Þa var Eutropius heilágr byskup i því heradi.  
 Fiorar voru kirkiur i munklif Mauri. Ein var helgud Petro  
 postola, onnör Martino byskupi, þridia Severino byskupi, en fiorda  
 30 var giör æa þa leid sem enn hæsti turn, ferskeytt at vexti, ok var  
 helgut enum sæla Michaelle höfudeingle. Florus mintiz þa þess,  
 er hann hafdi heitid, ok for til fundar vit konung ok bad leyfiss  
 af honum til þess at taka munks vigslu ok þann sid, er þar æa at  
 fylgia, ok bæta svo yfir misverka sina, er hann hafdi gert i veralld-  
 35 ligri atferd, med bænum ok odrum andar avóxtum. En er konungr  
 leyfdi eigi þat, þa vard Florus ugládr ok villdi þo eigi skiliaz vit  
 konunginn. Konungrinn bad hann þar vera nockura daga, ok svo  
 gerdi hann. Konungr spurdi vandliga ath Mauro ok iarteignum  
 hans ok lifi ok allri atferd, eda hve margir munkar komu þangat  
 40 med honum. En Florus sagdi honum allt greiniliga slikt, sem

hann vissi af. Þá mællti konungrinn: «Ef ek víska, ath þat likadi guds þræli, þa væra ek fuss ath sia hann ok stad þann, sem þar er reistr, ok vegsama hann med konungligri giöf.» Florus mællti: «Leitum fyrst ath þvi, hversu þetta hugni enum helga Mauro, ok gerum sidan eptir þvi sem honum þickir vera eiga.» Sidan sendi konungr hann þangat ok mællti svo: «Kunn þu bratt ath segia oss, hversu hann vill vera lata um þangatkvomu vora. Mikit þætti mer undir þvi, ef Mauro þætti svo vera mega, ath ek væra vit staddr, þa er þu leggr nidr veralldligan buning ok locka þina.» En er Florus kom til munklifiss Mauri, ok margir gaufgir menn med honum or höll konungs, þa sagdi hann bratt Mauro vilia konungsins. En heilagur Maurus leyfdi þat, eptir þvi sem konungr beidde, ok kvad æ skyrt um dag, hvenær hann skyldi koma.

16. Konungrinn kom ath nefndum degi. Gengu þaa i mot honum allir munkar ok toku vel vit honum ok lidi hans. Konungrinn virði þa litils metord sin ok tign, er hann hafdi af landzmonnum sinum, ok um morg lond onnur foru hans agæti, hann fell til fota enum sæla Mauro med miklu litillæti i purpuraklædum ok dyrligu konungsskrudi, ok bad enn sæla Maurum med tarum, ath hann helldi bænum fyrir honum ok ollum hans undirmonnum. Þa tok Maurus i hond honum ok reisti hann upp. Konungrinn mællti þaa: «Agæt er tign meistara ydvars, ok fyrir longu kunnig hingat um lönd, þviat kraptr hans heilagleiks ok agæt verk, þau er vær heyrdum fra honum sogd, reynaz nu verda hversdagliga giör fyrir bænr ydrar ok verdleika, ok veitir þat oss mikinn fagnad.» Sidan bad hann Maurum, at munkar tæki hann i sveit sina ok samlag, ok nafn hans væri ritad med þeira nöfnum. Hann fal þeim a hendi son sinn Theodebaldum, ok baud honum sveininum ath vera eptirlatr enum sæla Mauro ok brædrum ok hagfelldr þeira stad, ok hann væri tenadarmadr ok hlifeskiolldr þeira optliga. Þa spurdi konungr, hverir þeir væri, er þangat komu med honum, ok mællti, at þeir skyldu standa allir saman, ok spurdi, hvat hverr hetu. En er honum var sagt, þa mintizt hann til þeira allra, ok sidan kysti hann allt munka lid. Ok er hann sa Bertulfum hia odrum brædrum, þa spurdi hann, hverr sa væri enn unge munkr. Maurus sagdi honum, ath sæa var son Flori. Þa kalladi konungrinn hann til sin ok fal hann æ hendi Mauro fyrir astar sakir vit fodur hans. Sidan kannadi hann öll munkahuss ok hugdi at,

1 hversu Cd. 2 sagdi Cd.

hversu honum þotti smídat vera, ok leitz vel æ. Eptir þat geck hann til Petrs kirkiu ok gaf til þess stadar þorp nockut, er Boskus heitir, ok ónnur þorp, þau er þar lagu i nand, ok let rita æ stadar-skra þessar tilgiafir allar. Þa lysti konungr yfir því, at hann

5 mundi allt þat veita Mauro, sem hann beiddi æ þeim degi. Þa geck Florus til konungs ok bad, at hann leti giðra bodord konungligrar tignar yfir testamento því, sem hann let rita, ok þat veitti konungr honum. Þa voro færðar þær giafir þangat, er Florus gaf til stadarins, þat var bæde gull ok silfr ok gimsteinar ok klædi

10 dyrlig. Sidan gaf hann frelsi .xx. þrælum sinum ok þar med godar giafir. Eptir þat geck hann til alltaris, þar sem Maurus var fyrir ok óll klerkasveit, en odrum megin hia alltari stod konungrinn ok fylgd hans. Þa leggr Florus nidr allt heimsskraut; klyfti aboti fyrst af hærri hans, ok þa konungr næst, ok sidan hvern at ódrum merkis-

15 manna þeira, er konungi fylgdu. Konungrinn felldi tar fyrir fagnadi, er hann sa svo mikla godfysi med honum. Þa kalladi hann til sin broðurson Flori Landramnum ok feck honum velldi þat allt, sem Florus hafði adr haft. Sidan bad aboti konunginn, ath hann gengi i hus þat, sem gestir voru vanir at vera ok af

20 virktum var gert. En er konungr kom þar, þa fell enn sæli Maurus til fota honum klöckvandi. Konungrinn reisti hann upp ok spurdi, hvat hann villdi. Maurus mælti: «Sia er bæn ens minzta allra þioda, þeira sem her eru i þessum klaustra, at þer sed her i nott ok lid þat allt, sem ydr fylgir, ok neytid her þeira

25 guds giafa, sem brædr hafa ydr fyrir buit med godfysi.» En er konungrinn taldiz undan því litillatliga, þa mælti radgiafi hans, sa er Ebbo het, enn spakazti madr: «Veitid þeim þetta, herra, er þeir bidia med svo miklum godvilia, ok uggi ek, at gud reidiz oss, ef vær reitum i nockuru hug þeira.» Ok þa veitti konungr

30 þat, sem þeir bædu. En adr þeir foru i brot, þa let hann þangat kalla Florum. En er konungr sa hann klæddan munkaklædum, felldi hann tár ok mælti: «Þackir geri ek almattigum gudi fyrir þinni godfysi. Bid ek þik, ath þu þioner nu gudi þinum þeim mun betr ok rækiligar i þessi enni helguztu atferd, sem nu þionar

35 þu ædra konungi, en þa er þu hellt upp voro hofdi ok hafdir veralldligan bunad ok styrdir virduliga því valldi, sem þer var i hendr feingit, ok þu megir svo heimtaz fram i godlifi, sem salmaskalldit segir, at helgir menn munu fara af krapti i krapt, til þess er þeir sia gud guda i Syon.» Sidan tok konungrinn blezan af

40 Mauro abota ok for a brott sidan,

17. Annan dag for aboti at sia þorp þat, er konungrinn hafdi gefit til munklifissins, ok dvaldiz þar tvo daga. Þangat var færdr kararmadr, sæa er .vii. vetr hafdi i kór legit i því sama þorpi, ok var þa vitlaus; ok er guds madr signdi hann, reis hann upp þegar alheill, svo sem honum hefdi ecki til meins verit. 5 Sidan for aboti heim ok kannadi lif ok sidu lærisveina sinna, svo sem gert hafdi enn sæli Benedictus, ok eggdiadi þa til gods lifs. Aa odru æri þangatkvomu Mauri. rediz margir menn þangat ath þiona þar gudi. Sumir selldu sono sina til læringar enum helga Mauro. En er .vi. vetr ok .xx. voru lidnir fra því, er munklift 10 var sett, þa voru þar .c. munkar ok fiorir tigr; su sama tala hellzt leingi sidan, ok villdu menn hvorki auka ne minka þa tólu, er Maurus hafdi sett, ok matti þa vel endazt þat, er þar la til, ef eigi var fleira lid. En þa er Florus hafdi þar verit .xii. vetr ok þria manadi ok þria daga, þa tok hann sott ok andadiz .xii<sup>mo</sup>. 15 kalendas Septembris, ok for til guds.

18. Theobertus konungr hafdi .xiii. vetr radit fyrir Fraklande, þa er hann let velldi af hendi, ok tok konungdom Theobaldus son hans. Hann stiornadi miok eptir því sem fadir hans ok var vel vit enn sæla Maurum ok klerka hans. Hann for 20 eptir andlat fodur sins at finna enn helga Maurum ok færði honum godar gjafr ok gaf til stadarins tvo bæi; hann vard skamlifr. Eptir hann tok riki Lotarius, hann for opt at finna Maurum ok sotti miok eptir hans radum. Þat var eitt sinn, at Maurus sendi .ii. brædr til hans af nockurum naudsynium, tok hann vit þeim 25 forkunnar vel ok let þegar til reidu þat, sem þeir beiddu. Hann spurdi þa vandliga at, hversu mikil tillaug enir fyrri konungar hefdi haft til munklifis þeira. En þeir sögdu honum þat glögliga. Þat var einn dag, at Maurus ok nockurir brædr med honum foru i þorp, þau er þangat lagu til munklifis þeira, ok komu þar sem 30 Gandiacus heitir. Þa geck Maurus til bænar i hus nöckut, ok .ii. munkar med honum. Ok er þeir höfdu setit þar um hrid, þa var þeim sagt, ath Ansegarius erkidiakn var þar fyrir dyrum uti ok villdi hitta Maurum. Hann baud honum inn at ganga. Ok sidan er þeir höfdu talat slikt, er þeim var skyllnaz, kalladi Maurus til 35 sin Simplificium munk ok mælti vit hann: »Þessum manne eigum vær vel ath fagna, þvíat hann er enn kæraste vor win ok var fyrrum heimamadr wor, ok skulum vær byrla honum astar vín ok heilagrar elsku sem andligir menn andliga.« Simplificius mælti: »Eigi höfum vær meira vin en i einu litlu keru, þat sem vant er 40

ath hanga i kofa worum.« »Ber þó þat hingat,« sagði Maurus. En er þat kom, mællti hann: »Takit oss ok nockut braud.« Maurus gerdi krossmark yfir kerino ok mællti: »Mattugr er gud, sa er matbord bio þrælum sinum i eydimork ok let vatn gnogligt  
 5 spretta fram af hellu einni, þa er Gydingum var vatzfatt, ok enn hefir hann matt til þess at gefa oss þrælum sinum gnott wins, svo at vinniz, sem vær kunnum oss þörf til.« Af þessu enu litla keru drucku siautigi manna, ok drack hverr af þrim sinnum, ok var þa kerit fullt, er þeir höfdu druckit, svo sem fyrir öndverdu<sup>1</sup>. Sia  
 10 iarteign þotti þeim lik vera því, sem Heliseus spamadr gerdi, er hann fæddi leingi marga smidu med litlum mat. Eptir þat for Maurus heim ok forunautar hans, ok mætti siukum manne midleidis ok gerdi krossmark a mot honum, ok tok sa þegar heilsu.

19. A þeiri tid kom Lotarius konungr i þat herad, ok sendi  
 15 ord hinum helga Mauro, at hann kæmi til motz vit hann. Maurus for þegar ok nockurir brædr med honum. Konungrinn gaf til stadar þeira þorp þat, er Blazon heitir, ok bæ þann, er Langavollr heitir. Þa bad enn helgi Maurus konunginn leyfiss til þess, at þeir munkar ok hann sialfr kiöri mann til (a)bota, þann er þeim  
 20 syndiz vel vera tilfallinn, ok konungr leyfði þat. Tok hann blezan af abota ok for heim sidan. Heilagr Maurus sagði svo brædrum sinum, ath hann villdi nidr leggja umönnun ok forrad stadarins, ok kvedz vilia lata gera ser kofa hia kirkiu Martini byskups ok i því husi vera, medan gud ynni honum lifs, ok þar  
 25 þiona gudi utan alla veralldar gledi; kvedz hann ok vita, at eigi var langt eptir lifstunda hans, at því sem enn helgi Benedictus spædi um alldr hans, ok þa mundi hann þria vetr hafa olifat. Þa voru þirtigir vetra ok atta vetr fra því er klaustrid var reist. Þa let hann kalla til munka alla ok lærda menn, ok spurdi, hvern  
 30 þeir villdi til abota kiosa. En allir mælltu ok sogduzt vilia, ath hann kiöri, ok kvadu hann giörst vita allra þeira skaplynde. «Þat synizt mer, sagði hann, ath Bertulphus se til abota tekinn med godu samþycki brædra ok settr i sæti Mauri.« En hann geck þa i kofa sinn ok .ii. munkar med honum, þeir sem honum  
 35 skylldu þiona, þeir hetu svo Primus ok Avianus.

20. En er heilagr Maurus hafde sva leingi lifat, halft fimta misseri, ok þiad likam sinn mörgum meinlætum, þa var eina nott, er hann geck til kirkiu Martini, sem hann var vænr, ok villdi inn ganga, sa hann dioful standa fyrir ser ok hafdi mikinn flokk

40 1 öndvördu *Cd.*

uhreinna anda; hann bannadi Mauro at ganga i kirkiuna ok mællti vit hann: »Heill sva Maure, þu er svo hefir oss opt i brott keyrt af worum sætum ok bygdum ok farit fra þinu heradi, kunnmonnum ok frændum til þessa okunnu<sup>1</sup> herada. Nu munum vær hefnaz vit þik ok hafa fram allan maett illzsku vorrar i gegn 5 þer, sva at vær munum koma ath ydr sott mikilli ok illri ok drepa svo nidr nær allt munkalid, ath fair einir munu eptir vera, ok mun ek nu wegga sigr a þinum monnum, þviat þeir hafa mart eptir mer lifat.« Maurus mællti: »Avita mun drottinn þic, andskoti, um mæl slik ok lygi þina, þviat þu ert sva sem fader 10 lyginnar.« Þa hvarf uhreinn andi fra aughum hans sva sem reykr. Eptir þat vard gnyr mikill ok ogurligr, sva at Mauro þotti skialfa allt klaustrid, ok vit þann gny wöknudu brædr ok woru lostnir myklum otta ok hræzslu, ok wissi eingi, hveriu sæta mundi, ok risu upp til ottusaungs. Heilagr Maurus vard hryggr 15 miög vit syn þessa ok wit þat, er hann hafde heyrt, ok geck inn i kirkiu ok bad drottin, at hann leti ser soma ath birta honum sannleik af þeim lutum. Þa vitradiz honum eingill guds ok mællti vit hann: »Hvi ertu svo hryggr, en kærsta sala guds, af þeim lutum, sem af sialfum gudi ero fyrirætladir? en diofull veit, 20 hve mart verda mun, þott hann se upphaf allrar illzku ok lyghe; þat skalltu vita, at hann hefir eigi þetta sagt af sinum vilia helldr ath guds bodordi, þviat þat er sumt satt, er þu heyrdir, þviat mestr luti munka þessarra munu saman samnaz til drottins æ skamri stundu, svo sem gud hefir fyrir hugat; en þat er eigi satt, at hann 25 sagdiz sigraz mundu a lyd þessum, þviat hann mun æ eingum þeira sigr vinna, þar sem þeir ero lærdir þinum aminningum ok þinum bænum, ok mun hvern bida andlatztidar sinnar; ok þa er þessir ero andadir, munt þu ok andazt.«

21. Eptir þessi ord hvarf syn sia fra honum. En um morg- 30 uninn eptir sagdi enn helgi Maurus brædrum þa luti, sem honum voru vitradir, ok talde leingi fyrir þeim af fodurligri ast ok sagdi sva, ath þat endimark hafde drottinn sett þessa lifs, sem eingi daudligra manna, þeira er bornir voru i þenna heim, matti um lida. Nu er oss þat eina til at færa oss vel i nyt þat, er drottinn 35 hefir skyrt gert fyrir óss, ath vær munum skamma eiga idranar stund, ok er þvi meiri naudsyn æ at vanrækia eigi þat, sem hann villdi vara oss vit adr, ok skylldum vær nu af þvo syndaflecka vora med idranar tarum ok aþian likama vors, þviat þa fituar



ondin, er likaminn megriz. Giorum vær, sem spæamadrinn mælti: ransokum ahyggjusamliga gotur vorar ok verk, ath vær komim med iatningum fyrir andlit drottins, ok vær megim innganga med ymnum ok odrum lofsöngum i hlid hatidligrar borgar, ok verdim  
 5 þess makligir at sia birti almattigs guds med ollum helgum ath eilifu. Nu vitum vær, brædr, at nær er su tid, er domr hefz upp af husi guds, en domar hans eru stundum leyndir, en allir rettir. Giorum nu, sem samir þrælum guds, ok færum verkkaup vor, verum vakrir ok varir um oss med ollu, ok gongum eigi i snorar  
 10 andskota, þær sem hann hefir a gotu fyrir oss, þviat nu er komin en elliða tid, þat er en efzta tid lifs vors.«

22. Af þessi aeggian ok aminningu guds manz tok sia oll munkasveit ath bua sig fyrir til ennar efzta tidar, svo ath allir stigu upp utan efa til himneskrar fôdurleifdar, þa er þeir lidu fram af  
 15 þessa heims lifi. Sidan kom sott med svo miklum haska ok akafa, at adr en .v. manadir eru lidnir, þa hófdu andazt .xiiii. munkar ok .c., en eptir voru .xxiiii. af þessum mikla safnadi. Þa tok enn helgi Maurus sott ok lagdiz nidr i kirkiu heilags Martini fyrir alltare ok hafdi harkædi eitt undir ser. Hann andáðizt  
 20 .xviii<sup>da</sup>. kal. Februarij manadar, þa er hann hafdi adr bergt holde ok blodi drottins vors Jesus Kristz, ok fór þegar til guds, ok var grafinn i þeiri somu kirkiu til hægra vegs alltaris. I þeim stad veitaz margir velgerningar fyrir verdleika ok bænir heilags Mauri til dyrdar gudi. Bertulfus aboti lifdi sidan tvo vetr. Eptir þat  
 25 var Florianus aboti son Harderadi leidtoga Mauri, ok hafdi Maurus hann lærðan. Svo teliaz lifðagar en(s) sæla Mauri, at hann var fornadr gudi ok selldr til læringar enum helga Benedicto, þa er hann var .xii. vetra, ok var med honum .xx. vetr; þa telzt alldr hans allr saman .lxxii. vetr ok dagar .xiiii. Per omnia benedictus  
 30 deus in secula seculorum. amen.

## MICHAELS SAGA.

(Cd. 657<sup>a</sup> qv., A; Cd. 657<sup>c</sup> qv., B; den sidste har kun Slutningen af Sagaen).

### (Prologus).

I nafni gręðara varss herra Jesu Kristi byriaz her litill bęk-  
lingr heilags Michaelis hofuđengils, til þess eina skrifađr ok saman- 5  
settr, at hann iafnlega lesiz æ messuđagh Michaelis kirkiusoknar  
monnum til skemtanar, einkanlega i þeim stęđum<sup>1</sup> sem hann er  
kirkiudrottenn yfir, at því ęllu sętari verđr hans minning i rett-  
latra manna hugrenning, sem firir þessa litlu ritning verđr ollum  
kunnari hans ægęta virđing. En því kunnur ver at skrifa skamt 10  
en eigi langt af þessum haleitum merkisberara Mikaele, at hans  
atferđ ok unađsemd er meirr i laynum himnanna firir æliti ok æ-  
synd eilifs ok osyniligs domara, en firir manna augum æ iardriki  
til langra eđa opinberra frasaghna. Liost verđr skynsaumum  
manni, at vorkynd letis vors er saunn, þo at stutt verđi fyrst, firir 15  
þa sauk at syndugr mađr ma taka morg orđ af engiligri natturu  
hręddari en af mannligri, þvíat hennar stetr ok astuđ er hreinni  
ok helgari en hvat annat; firir þa sauk ađra at þessa frasaugn ma  
eigi birta međ ættartęlum iarđneskra manna sem annarra heilagra  
manna, eigi nęfnum feđgena, eđa rikdomi fręnda, eigi upprunasęgu 20  
mannzins eđa frumvaxti(!) tįða, þvíat þvílikir hlutir allir geraz i  
heimi vęrum; en kynferđ Michaelis er eigi af dauđligum monnum  
helldr af eilifum guđi, eigi þessarrar veralldar helldr himneskrar.  
Þvi verđr skilianligt, at þat eina er oss efni gefit til frasagnar, er  
blezađr Michael kyndi sitt nafn heiminum međr drottens vilia ok 25  
dasamligum verkum firir þa miskunnar grein, at iarđneskir hlutir  
skilldu hialpazt mega firir hans arnađarorđ ok međalgongu viđr

<sup>1</sup> stęđum A.

guð firir þæ stundliga þionostu, er nu veitiz honum i kristninni, hver eigi mundi giorzst hafa, utan drottinn allra miskunsemda hefði hans nafn birt yfir iordina. Nu þat litit sem ver hofum saman lesit hefr i guðs nafni meðr þess hattar efni.

Her byriar upp sögu Michaels engils.

1. Eilifr guð drottinn, skapari himins ok iarðar, skapaði alla hluti i senn af engu efni ok greindi skepnu sina i sundr æ sex doghum, ok hvilldiz æ siaunda vikudegi af verki, er hann framit hafði; sem væltar hinn mikli laugmaðr Moises, þa er hann skrifar af skapan heims i upphafi þeirar bækr, er Genesis heitir. Oumræðilegr guð pryddi alla sina skepnu fögurum blomum bæði iarðneska ok himneska<sup>1</sup>, þviat aull handa verk hans voru miogh heilug. Himnariki pryddi hann oumræðilegri dyrð, sem engum er kunnikt utan honum einum. Til þeirar dyrþar skapaði hann dasamlega ok udaudliga natturu meðr uvirdanligri sælu, sem honum er þionandi bæði æ himni ok æ iorðu. Þessi vegsemdar nattura eru usyniligir flokkar ok fylkingar einglanna, þviat sva byriar æzsta konungi usyniligum guddomi at hafa usyniligar þionostur til lofs ok dyrþar sinu almattku guddoms velldi. Aullum engla fylkium skapaði drottinn einn engil fegra ok fraberlegra, sva at af sinni dyrð ok birti tok hann nafn i upphafi ok var kallaðr Lucifer, þat þyðiz æ norønu (liosberari), þviat hann var forpris allra engla i himiriki firir lios ok pryði. En þvilikan heidr ser veittan af gude kunni hann sva ugiptulega i hondum at hafa, at engva stund meiri ne minni stoð hann meðr þionkunar dygð firir sinum skapara, utan heldr i stað sem hann greindi ok sa sina fegrð, for hann til ok horaðiz gerandi ser dottur, er dramsemi heitir æ siðan, hver hann fysir þeirar ufæru, at firir sina fegrð ok frama [heriadi hann<sup>2</sup> til riki(s) i hendr hæsta guði ok (villdi) sitia honum iafnhatt i nordri yfir sitt valldzsæti. Til þessa hernaðar meðr Lucifero skiotaz margir i udygdir braut af hirdsvæitum himnakonungs firir iblæastr ok fortolur þeirar sømu dottur Luciferi, er fyrr var nefnd; þviat hon er nu þegar vorðen þeira lærimøder. Ok er enn hæsti keisari ser, i hvert oefni komit var, neytir hann sterkum<sup>3</sup> armlegg ok greiner lios fra myrkrum æ þann hatt, at biartir englar himirikis standa blezaðir ok sæliga profaðir i þeim ofriðar stormi, er Lucifer efldi

<sup>1</sup> iarðneskra ok himneskra **A.** <sup>2</sup> [ er hann heriadi **A.** <sup>3</sup> steirkum **A.**

moti guði, sva at síðan eilíflega voru þeir styrkir i goðu, ok all dri  
 mattu þeir annat girnaz en guðs vilia, ok engen er þeira sysla  
 qnnur utan standa medr astriki i guðdoms augliti at syngia honum  
 lof ok dyrþ æ nott ok æ degi. En Lucifer ok hans fylgiarar foru  
 leið adra, eigi þa er þeir hugðu, helldr þa sem guð dæmdi þa 5  
 vera makliga firir sina hofuðofdirfð. Þviat Lucifer hofuð allra þeira  
 lagði bæði senn<sup>1</sup> riki ok sæmdina, at all dri sidan var hann lios-  
 berari kallaðr utan til smanar ok brigzslis sinnar fordæmingar;  
 þviat hann fekk ser annat nafn maklig(r)a, ok var kallaðr nattberari,  
 sakir þess at hann glataði riki liossins en tok dauða nott ok myrkr 10  
 i moti. Þvilika framfærslu feck dramsemi feðr sinum, at hon  
 fletti hann or himnarikis fegrð<sup>2</sup> ok setti niðr i diupp helvitis til  
 endalausrar þislar i gnistanda loga elldz ok eilifra kvala. Sva for  
 Sathan or sæmdarhæð, sem hann verðskylldadi, ok þeim se lof  
 ok dyrð, er sva dæmdi, at sa er hann villdi gripa guðlikt valld 15  
 með hernaðar hendi, fell undir hann hit helvitzka forað til forraða,  
 sva at diupsettr i dauða, diofull vorðinn af englinum, var hann  
 ollum verri með ofmetnaði ok ofund (ok) með eitri i enu heitazsta  
 orvæntingar heraði.

2. Nu sem hinn hæsti konungr seer sinar hirdsveitir miog 20  
 skerðaz firir dirfð ok afdratt hins grimazsta vikings Noctiferi,  
 skipar hann i sinu velldi, at þat skarð, sem æ varð engla fylk-  
 iunum, skal apr (bæta), ok til þessarrar sæmdar, at fæ bræðra-  
 lagh englanna medr eilifð ok unaðsemd, skappar hann æ setta  
 degi annat kyn andlighrar natturu, þat er hann klædir miog 25  
 meistarliga af því likams formi, er aðr hafði hann skapat af iarðar  
 duppti, ok i samteinging andar ok likama varð hinn fyrsti madr  
 fadir varr Adam lifligr ok skynsamligr firir guðligan iblastr  
 skipadr af sinum skapara herra ok hofðingi allrar iarðneskrar skepnu.  
 Þar med eignaðiz hann samfelag englanna með eilifð ok odaudleik 30  
 paradisar sælu, ef hann<sup>3</sup> staðfestiz i dygd ok hlyðni sins drottins,  
 hvat er honum brast eigi litt; þviat i stað sem guðniðingrinn  
 Noctifer var viss vorðen af eingilegri smasmygli, at guð hefir skapat  
 duptligan mann til þeirar sømu fullsælu, er hann or velltiz med  
 bolgenni ugiptu, þa brennr hann nu með nyfundnu galli eitrfullrar 35  
 ofundar moti fyrsta manni fəður Adam, ok steytir hann meðr  
 hoggormligri prettvísi braut af boðorda palli skaparans niðr i dauð-  
 leik þessar veslu veralldar undir okk ok ænaud illgiarnra anda,  
 sem all dri gekk af kyni Adams, fyrri en sialfr gręðarinn leysti

<sup>1</sup> sæmd ok tilf. A.    <sup>2</sup> fegrðr A.    <sup>3</sup> hæn A.

þat meðr sinu banabloði, sem veroldin veit ok aull kristni truir. En þo at drottinn Jesus Kristr Mario son ynni fagran sigr æ herbuðum helvitis undir merki krossins, leggr fiandinn ei því heilðr sina grimð ok illzku brott af mannkyninu, heilðr svikr hann ok  
 5 um sitr æ nott ok dagh hvern, er hann ma, firir sina eyrendreka, er um loptið fluga ok enga hafa syslu adra en leiða mankindina meðr falsi ok prettum fra guði til eilífs dauða. Ok þa vyrði sem diofull villdi, ef<sup>r</sup> all(t) mankyn firirfæriz ok felli honum i munn. Þvi væri mannum hugleiðanda ok engum tima gleymanda,  
 10 hverssu stranga orrostu hann æ hevia við helvitzka anda, er alla vega knosa ok knyia ond ok likama hætt ok leynilega með tolum ok tilbunaði sinna flærða. Hverr ma standa i striði þessu, nema drottinn miskunni sinni skepnu ok sendi henni fulltingh ok lidsafla af sæti sinu sva herralega sem hofðingliga, at myklu fleiri  
 15 vernda kristnina af guðs hálfu en æ sækia firir uvinarins illzsku. Hvar oss syniz vel fallit at setia eina dæmisögu af.

3. Tveir heilagir feðr meðr abota naufrum bygðu i Egiptalandz eyðimorkum, annarr Moises en annarr Ysodorus aboti. Moises sat i þeim stað er Petra kallaz, var hann dagliga sem einn  
 20 einsetumaðr ok hvartveggi þeira, þo at aðrir bræðr (væri) i maurkinni uti undir þeira heilagleik ok faðerne; i sinum kofa var hvarr þeira, ok eigi allskamt i meðal. Nu berr sva til einn tima, at aboti Moises varð firir sva þungum æruna diofuls i horanar fystum ok saurlífs, at hann fær eigi sitiandi borit ok leitar undan ut af  
 25 kofanum fram æ fund Ysodori, seghiandi honum greinilega, hvat hann atti hræra moti saurlífs anda. En heilagr Ysodorus tiar honum faggurliq vitni heilagra ritninga, at því karllmanligar skili hann þetta strið ifir vinna, ok biðr hann oruggan aptr venda til sins kofa; hvat er Moyses aboti villdi eigi geyra sakir þess, at  
 30 hann þikkiz berr verða firir baratu sakir sinna uvina. Ok er Ysodorus skilde þat, at Moyses þikkiz afvani moti ovinum, ef hann sækir holmgöngu heim i kofa sinn, ganga þeir baðer samt upp i loptus nokkut, at herra bar en önnur herbergi. Þar voru gluggar a ofarlíga bædi til austrættar ok norðrættar. Ysodorus  
 35 leiðer þa Moysen at þeim glugga, er til norðrættar vissi, ok segir sva: »Sit her ok profa, hvat firir augu kann bera.« Ok er Moyses gerir sva, litr hann i loptinu daligan dioflaflokk akafliq til bardaga buna með æði ok reiði allt at hræra ok rifa ok særa, þat er firir varð. Sem Moyses hefir þetta seeð, snyr Ysodorus honum

til austrættar, ok biðr hann sia. Moyses litr þa otaululiga flokka ok fylkingar heilagra engla skinandi ifr solar geisla. Var þesse herferð himneskra krapta sva veglig, at eigi mæa orðum skyra, ok eptir þetta talar Ysodorus til Moysen: »Þa sem þu satt i norðri til bardaga buna, eru æstriðarar guðs heilagra manna; en þa er þu satt i austri biarta sem sol, eru þeir riddarar, er milldr drottinn sendir af himnum til fulltings sinum monnum voldum. Nu kennst við, minn kiæri broðir, segir Ysodorus, at fleiri ok matkari standa meðr oss en moti, sem vattar Heliseus spamaðr ok hinn sæli Jon postoli.« Ok at þessum hlutum senum ok heyrðum, varð aboti Moyses styrkr i drottni ok sneyri aprt til einsetu sinnar, þakkir gerandi ok dyrkanði varn herra Jesum Kristum, er sva margfalliga miskunn gerir mannkyninu bæði fyrr ok sidar, vinnanði þat med sinum dauða braut af kverkum helvitis ok leiðanði aprt i fyrra stett ok enn betra, en hafði fyrsti maðr faðir varr Adam, fullkomit sattmal gerandi milli guðs ok manna; ok her æ ofan sendir hann sterkar hirðsveitir af sinni haleitu borg Jerusalem, at æfnliga geymi ok halldi vörð yfir kristinni, at hun firirfariz eigi af varga sokn i diofla stridi, þviat allir af honum sendir eru hans hiarta miog skaplikir at elska ok viðrhialp at veita veralligu mannkyni þvi, er guðliga kenning hefir; sva sem i annarri grein hafa uhreinir andar gnoghligt hatr ok illzsku upp æ skaða kristninnar, sem nu mætti skommu heyra, er ver læsum af Moysi abota, hversu þeir skelva guðs valda menn i afli ok orrostu sinna unaða. Ok enn til provanar þeira greina, er ver settum her fram af elsku guðs engla en illzsku uhreinna anda, skulum ver syna hvara leið meðr liosri dæmisoghu; at þvi frammar elskizst himna valldit, en fordiz diofla grimð ok syndagialldit hvern, er þvilika hluti heyrir.

4. Þat er lesit af einum kaupmanni, at af sinum mikla auð, er hann hafði saman dregit, veitti hann alldri nokkura olmusu fataekum monnum. Nu berr sva til einn dagh, at saman komu margir fataekir menn. Syndi þa hvern odrum ok sagði, hvat hvergi goðr maðr hafði þeim firir guðs skyllð gefit, utan þesse kaupmadr, þo at hann væri allra þeira audgazstr, hafði þvi sidr nokkurum þeira olmusu gort, at honum var miog upokkat at sia fataeka menn. Nu sem þeir attu um þetta þinga, sagðiz einn þeira þa i stað mundu þiggia af honum, ef hann bæði þarfliga. En þeim odrum moti mælaundum, rann þessi skyndiliga i gærð auðga mannz ok innkominn i herbergit, þann tima sem þionostu-

menn settu fram vist æ bordit firir hinn auðga mann, æpti hann i akafa biðandi ser olmusu. Kaupmadrinn miog reiðr firir umfang hans ok unaðir, svifz um fast, ef hann fyndi firir ær stein nokkurn eða tre at sla með hinn fatæka mann; ok því at hann  
 5 fann ekki annat, greip hann upp hveitistump einn af borðinu ok fleygði til hans ætlandi at setia æ hans æpanda munn<sup>1</sup>. En hinn hafði hendr firir ser, greip þegar stumpinn ok skundaði ut med til kumpana, biðandi bonda hafa guðs ast firir gíofna. Syndi hann felaugum sinum, hverssu fagra olmusu hann hafði þegit af  
 10 þeim ríka manni, er aðrir kolluðu sva sinkan, at alldri villdi nokkurum manni gott gera. Ok litlu sidar en þesser hlutir gíorduz, tekr ríki maðr harða sott. Ok sem hann er kominn at dauða, ser hann fianda flokk mikinn þysia inn i husit at ser. Þeir tia ok tina með haði ok hoppi alla þa illa hluti firir honum,  
 15 er hann hafði guði i moti giort. Ok því næst koma til englar guðs af annarri halfu hafandi fram eptir vana miskunn ok elsku, at þeir megi hialpa mannzins sælu. Þvi leita þeir eptir smasmugliga vit varðhallözengil ríka mannz, hvat hann hafði til vernda moti ægangi ovina. En engillinn segir hann ekki ser  
 20 hlyðinn verit hafa eða eptirlatan, utan einn dagh hoti hellz, er hann kastaði ok þo reiðr æ einn fatækan mann þeim sama stump, er hann hellt æ. Verða helgir englar vit þessa sögu miogh gladir, þriva stumpinn ok briota sundr i smæsta mola, ganga síðan at fram firir sætum dioflanna, segianði at maðrinn hefir hialpat goðu  
